Stjórnartíðindi
2001 - C-deild

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skrifað inn á titilsíðu.
Minniháttar gallar á bls. 62 og 90.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Lögfrædiskrifet.

STJÓRNARTÍÐINDI 2001

C-DEILD

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
BÓKASAFN

REYKJAVÍK 2004
GUTENBERG

Útgefandi: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	2. feb.	Auglýsing um samning um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats milli Kanada og Íslands, Liechtenstein og Noregs	1-88
2	2. feb.	Auglýsing um fyrirkomulag milli Íslands og Lettlands varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir	88
3	14. mars	Auglýsing um samning milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi	89-99
4	14. mars	Auglýsing um valfrjálsa bókun við samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum	100-106
5	14. mars	Auglýsing um breytingu á alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis	107
6	14. mars	Auglýsing um breytingar á Norðurlandasamningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir tilteknar heilbrigðis- og hjúkrunarstéttir og dýralækna	108-113
7	10. apríl	Auglýsing um samning um viðurkenningu á menntun og hæfi á æðra skólastigi á Evrópusvæðinu	114-134
8	10. apríl	Auglýsing um samkomulag um viðauka við norræna vegabréfaskoðunarsamninginn	134-136
9	10. apríl	Auglýsing um samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á Norðurlandasamningi um innheimtu meðlaga	137-138
10	10. apríl	Auglýsing um samning um opinber innkaup	139-184
11	10. apríl	Auglýsing um samning milli Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum	185-187
12	10. apríl	Auglýsing um aðild Íslands að samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu milli landanna yfir landamærin til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á fólki, á eignum eða í umhverfinu af völdum slysa .	188-192
13	10. apríl	Auglýsing um samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð	192-193
14	10. apríl	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu mér sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	193-204
15	14. maí	Auglýsing um samning um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna	205-216

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
16	14. maí	Auglýsing um sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja	216-247
18	14. júní	Auglýsing um alþjóðasamning um stjórnun hvalveiða	277-285
20	14. júní	Auglýsing um bókun um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2001	309-313
21	14. júní	Auglýsing um samning við Færeyjar um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2001	313-315
22	14. júní	Auglýsing um samkomulag við Noreg um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2001	315-316
23	14. júní	Auglýsing um samkomulag við Rússland um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2001	316-317
24	14. júní	Auglýsing um samning við Færeyjar um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskar lögsögu á árinu 2001	318-320
17	20. júní	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	247-276
25	25. júlí	Auglýsing um V. viðauka við samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, um verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins, og 3. viðbæti við samninginn	321-323
26	25. júlí	Auglýsing um breytingar á samningi um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT)	324-336
27	25. júlí	Auglýsing um Genfargerð Haag-samnings um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar	337-366
28	25. júlí	Auglýsing um samning við Lettland um samstarf á sviði ferðaþjónustu	367-369
29	25. júlí	Auglýsing um valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám	370-380
30	25. júlí	Auglýsing um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Mexíkó	380
31	25. júlí	Auglýsing um gerðir sem fela í sér breytingar á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	380-392
19	19. sept.	Auglýsing um tvísköttunarsamning við Lúxemborg	286-308
32	19. sept.	Auglýsing um samning um stofnun Alþjóðasjóðs um þróun landbúnaðar	392-426
33	19. sept.	Auglýsing um samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á Norðurlanda-samningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð	426-428
34	3. okt.	Auglýsing um landbúnaðarsamning við Mexíkó	428
35	29. nóv.	Auglýsing um valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um þátttöku barna í vopnuðum átökum	429-435

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
36	29. nóv.	Auglýsing um samning milli Íslands og evrópsku lögreglu-skrifstofunnar	436-454
37	29. nóv.	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	454-459
38	31. des.	Auglýsing um samkomulag milli Norðurlandanna um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkis-starfsmanna	459-462
39	31. des.	Auglýsing um gildistöku samnings um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna	462
40	31. des.	Auglýsing um gildistöku samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim	462
41	31. des.	Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Eistlands	463
42	31. des.	Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lettlands	463
43	31. des.	Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Litháens	464
44	31. des.	Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu	464
45	31. des.	Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóveníu	465
46	31. des.	Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands	465
47	31. des.	Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tyrklands	466
48	31. des.	Auglýsing um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árinu 2000	466-493
49	31. des.	Auglýsing um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum sem teknar voru með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt 103. gr. samningsins á árinu 1999	494

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 – 2001

2. febrúar 2001 Nr. 1

AUGLÝSING

um samning um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats milli Kanada og Íslands, Liechtenstein og Noregs.

Samningur um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats milli Kanada og lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs, sem gerður var í Brussel 4. júlí 2000, öðlaðist gildi 1. janúar 2001.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. febrúar 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats milli Kanada og lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs.

Kanada annars vegar og *lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein* og *konungsríkið Noregur*, hér á eftir nefnd EFTA-ríkin innan EES þegar vísað er til þeirra sameiginlega, hins vegar („samningsaðilarnir"),

hafa í huga að Kanada og EFTA-ríkin innan EES hafa um langan aldur verið tengd vináttuböndum,

hafa í huga að samningsaðilunum er kappsmál að treysta reglur um frjáls og óhindruð milliríkjaviðskipti,

hafa í huga bætt skilyrði fyrir viðskiptum milli samningsaðilanna sem gagnkvæm viðurkenning prófana, vottorða og samræmismatsmerkja mun koma til leiðar,

viðurkenna mikilvægi þess að viðhalda háu gæðastigi hvers samningsaðila um sig á sviði heilsufars og öryggis,

hafa í huga stöðu sína sem aðilar að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og gera sér einkum grein fyrir skuldbind-

AGREEMENT
on Mutual Recognition in Relation to Conformity Assessment between Canada and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, and the Kingdom of Norway

Canada, on the one hand, and *the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, and the Kingdom of Norway*, hereafter when referred to collectively, to be known as the EEA EFTA States, on the other, ("the Parties"),

Considering the traditional links of friendship that exist between Canada and the EEA EFTA States,

Considering the Parties' interest in strengthening the rules governing free and unhindered international trade,

Considering the improved conditions for trade between the Parties which the mutual recognition of tests, certificates and marks of conformity will bring about,

Recognising the importance of maintaining their respective high standards of health and safety,

Bearing in mind their status as Parties to the Agreement Establishing the World Trade Organisation and conscious in particular of their

ingum sínum samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir,

veita athygli nánum tengslum milli Evrópubandalagsins og Íslands, Liechtenstein og Noregs með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem kalla á að hliðstæður samningur um gagnkvæma viðurkenningu verði gerður milli Kanada og þessara landa sem yrði jafngildur samningnum milli Kanada og Evrópubandalagsins um gagnkvæma viðurkenningu,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum og viðaukum við hann skal merking almennra hugtaka á sviði samræmismats vera sú sem þeim er gefin í skilgreiningum í 2. leiðbeiningabók (útgáfu frá 1996) Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og Alþjóðaraftækninefndarinnar (IEC), nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningi þessum og viðaukum við hann um einstök sérsvið. Að auki skal merking og skilgreining eftirfarandi hugtaka í samningi þessum vera sem hér greinir:

- „EFTA-ríkin innan EES" merkir þau aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. Ísland, Liechtenstein og Noregur. Í samningi þessum skal undantekningarlaust átt við ríkin þrjú sameiginlega.
- „Samningur" merkir rammasamninginn og alla viðauka við hann um einstök sérsvið.
- „Samræmismat" merkir kerfisbundna athugun sem er gerð í því skyni að komast að því að hvaða marki vara, vinnsluferli eða þjónusta fullnægir tilgreindum kröfum.
- „Samræmismatsstofa" merkir stofnun sem hefur með höndum starfsemi til að skera úr um hvort viðeigandi kröfum í tæknireglugerðum eða -stöðlum sé fullnægt.
- „Tilnefningaryfirvald" merkir stofnun sem hefur vald til þess að tilnefna samræmismatsstofu, hafa eftirlit með henni eða nema úr gildi tímabundið eða afturkalla tilnefningu samræmismatsstofu sem heyrir undir valdsvið hennar.
- „Tilnefning" merkir heimild sem tilnefningaryfirvald veitir samræmismatsstofu til að stunda starfsemi á sviði samræmismats.
- „Eftirlitsyfirvald" merkir stjórnarstofnun eða

obligations under the World Trade Organisation Agreement on Technical Barriers To Trade,

Noting the close relationship between the European Community and Iceland, Liechtenstein and Norway through the Agreement on the European Economic Area, which makes it appropriate to conclude a parallel mutual recognition agreement between Canada and these countries corresponding to the Mutual Recognition Agreement between Canada and the European Community,

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

General terms concerning conformity assessment used in this Agreement and its annexes shall have the meaning given in the definitions contained in Guide 2 (1996 edition) of the International Organisation for Standardisation (ISO) and the International Electrotechnical Commission (IEC), unless specifically defined otherwise in this Agreement and its Sectoral Annexes. In addition, the following terms and definitions shall apply to this Agreement:

- "EEA EFTA States" means those Members of the European Free Trade Association that participate in the European Economic Area, i.e., Iceland, Liechtenstein and Norway. When used in this Agreement, without exception, it refers to the three States collectively.
- "Agreement" means the Framework Agreement and all the Sectoral Annexes.
- "Conformity Assessment" means systematic examination to determine the extent to which a product, process or service fulfils specified requirements.
- "Conformity Assessment Body" means a body engaged in the performance of procedures for determining whether the relevant requirements in technical regulations or standards are fulfilled.
- "Designating Authority" means a body with power to designate, monitor, suspend designation or withdraw designation of Conformity Assessment Bodies under its jurisdiction.
- "Designation" means the authorization by a Designating Authority of a Conformity Assessment Body to perform conformity assessment activities.
- "Regulatory Authority" means a government

aðra stofnun sem fer með lagalegan rétt til þess að fylgjast með notkun eða sölu vara í lögsögu samningsaðila og hefur heimild til þess að grípa til aðgerða til að tryggja að vörur, sem eru markaðssettar í lögsögu hans, fullnægi lagaskilyrðum.

Komi fram ósamræmi milli 2. leiðbeiningabókar ISO/IEC og skilgreininga í samningi þessum skulu skilgreiningarnar í samningnum gilda.

2. gr.
Almennar skuldbindingar.

1. Viðaukar um einstök sérsvið við rammasamning þennan eru óaðskiljanlegir hlutar samnings þessa.
2. Kanada skal staðfesta niðurstöður samræmismats, meðal annars samkvæmnivottun eins og krafist er samkvæmt kanadískum lögum og reglum sem eru tilgreind í viðaukunum um einstök sérsvið, sem tilnefndar samræmismatsstofur eða -yfirvöld í hverju EFTA-ríki innan EES um sig leggja fram í samræmi við samning þennan.
3. EFTA-ríkin innan EES skulu hvert um sig staðfesta niðurstöður samræmismats, meðal annars samkvæmnivottun eins og krafist er samkvæmt lögum og reglum EFTA-ríkjanna innan EES sem eru tilgreind í viðaukunum um einstök sérsvið, sem tilnefndar samræmismatsstofur eða -yfirvöld í Kanada leggja fram í samræmi við samning þennan.
4. Hafi bráðabirgðareglur verið tilgreindar í viðaukunum um einstök sérsvið skulu reglurnar, sem að framan greinir, gilda eftir að aðlögunaráfanganum er farsællega lokið.
5. Eigi skal líta svo á að í samningi þessum felist gagnkvæm staðfesting á stöðlum eða tæknireglugerðum samningsaðilanna og í honum felst ekki gagnkvæm viðurkenning á jafngildi staðla eða tæknireglugerða, nema annað sé tilgreint í viðaukunum um einstök sérsvið.
6. Ákvæði samnings þessa gilda um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati milli Kanada annars vegar og einstakra EFTA-ríkja innan EES hins vegar en ekki um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati milli einstakra EFTA-ríkja innan EES, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

agency or other entity, that exercises a legal right to control the use or sale of products within a Party's jurisdiction, and may take enforcement action to ensure that products marketed within its jurisdiction comply with legal requirements.

In the event of an inconsistency between ISO/IEC Guide 2 and definitions in this Agreement, the definition in this Agreement shall prevail.

Article 2
General Obligations

1. The Sectoral Annexes to this Framework Agreement constitute integral parts of this Agreement.
2. Canada shall accept the results of conformity assessment procedures, including certifications of compliance, as required by the Canadian legislation and regulations identified in the Sectoral Annexes, produced by designated Conformity Assessment Bodies or Authorities in each EEA EFTA States in accordance with this Agreement.
3. Each EEA EFTA State shall accept the results of conformity assessment procedures, including certifications of compliance, as required by the legislation and regulations of the EEA EFTA States identified in the Sectoral Annexes, produced by designated Conformity Assessment Bodies or Authorities in Canada in accordance with this Agreement.
4. Where transitional rules have been specified in Sectoral Annexes, the above rules will apply following the successful completion of the transitional phase.
5. This Agreement shall not be construed to entail mutual acceptance of standards or technical regulations of the Parties and, unless otherwise specified in a Sectoral Annex, shall not entail the mutual recognition of the equivalence of standards or technical regulations.
6. The provisions of this Agreement apply to mutual recognition in relation to conformity assessment between Canada, on the one hand, and the individual EEA EFTA States, on the other, but not to mutual recognition in relation to conformity assessment between individual EEA EFTA States, except if otherwise provided for in this Agreement.

3. gr.
Almennt gildissvið samningsins.

1. Samningur þessi gildir um samræmismat vegna vara sem viðaukarnir við hann um einstök sérsvið fjalla um. Viðaukarnir um einstök sérsvið fjalla aðeins um vörur sem samningurinn um gagnkvæma viðurkenningu milli Kanada og Evrópubandalagsins nær til.
2. Eftirfarandi atriði komi fram í sérhverjum viðauka um einstök sérsvið, eftir því sem við á:
   1. yfirlýsing um gildissvið hans og umfang með tilliti til vara;
   2. lýsing laga- og stjórnsýslufyrirmæla sem gilda um samræmismatið og tæknireglugerðirnar;
   3. skrá um tilnefndar samræmismatsstofur eða -yfirvöld eða hvar megi fá slíka skrá;
   4. skrá um yfirvöld sem annast tilnefningu samræmismatsstofa og hvaðan verklagsreglur og viðmiðanir eru komnar;
   5. lýsing á skyldum er lúta að gagnkvæmri viðurkenningu;
   6. aðlögunaráætlun um einstök sérsvið;
   7. lýsing sameiginlegu sérsviðanefndarinnar;
   8. tengiliðir einstakra sviða á landsvæði hvers samningsaðila um sig;
   9. leiðbeiningar um úrbætur.
3. Að því er varðar tiltekna vöru eða svið skulu sértækar reglur í viðeigandi viðauka um einstök sérsvið ganga framar almennari ákvæðum rammasamningsins.

Article 3
General Coverage of the Agreement

1. This Agreement applies to conformity assessment procedures for products covered by its Sectoral Annexes. The Sectoral Annexes shall only cover products that are covered by the Mutual Recognition Agreement between Canada and the European Community.
2. Each Sectoral Annex shall contain the following items, as appropriate:
   1. a statement on the product scope and coverage;
   2. a description of the relevant legislative, regulatory and administrative provisions pertaining to the conformity assessment procedures and technical regulations;
   3. a list of designated Conformity Assessment Bodies or Authorities, or a source from which to obtain such a list;
   4. a list of authorities responsible for designating the Conformity Assessment Bodies and the source of the procedures and criteria;
   5. a description of the mutual recognition obligations;
   6. a Sectoral Transition Plan;
   7. a description of the Joint Sectoral Group;
   8. a sectoral contact point in each Party's territory;
   9. guidelines for corrective actions.
3. For a given product or sector, the specific rules contained in the relevant Sectoral Annex shall prevail over the more general provisions of the Framework Agreement.

4. gr.
Bráðabirgðatilhögun.

1. Samningsaðilarnir eru sammála um að standa við skuldbindingar á aðlögunartímabilinu, sem lúta að því að vekja tiltrú, þar sem kveðið er á um þær í viðaukunum um einstök sérsvið.
2. Samningsaðilarnir eru sammála um að í sérhverri aðlögunaráætlun um einstök sérsvið skuli tilgreina frest til að ljúka því ferli.
3. Samningsaðilarnir geta breytt hvaða aðlögunartímabili sem er með gagnkvæmu samkomulagi fyrir tilstilli sameiginlegu nefndarinnar, sem er komið á fót samkvæmt samningi þessum, að teknu tilliti til tilmæla hlutaðeigandi sameiginlegra sérsviðanefnda.
4. Umskipti frá aðlögunaráfanga til fullrar gagn-

Article 4
Transitional Arrangements

1. The Parties agree to implement the transition commitments on confidence building where included in the Sectoral Annexes.
2. The Parties agree that each Sectoral Transition Plan shall specify a time period for completion.
3. The Parties may amend any transition period by mutual agreement through the Joint Committee established under this Agreement, taking account of recommendations made by the relevant Joint Sectoral Groups.
4. Passage from the transitional phase to condi-

kvæmrar viðurkenningar skulu fara fram, nema fyrir liggi skjalfestar sannanir er sýni skort á tæknilegri færni í tengslum við samræmismat samningsaðila.

5. gr.
Einkaréttarleg ábyrgð.

1. Engu í samningi þessum er ætlað að breyta eða afmarka merkingu gildandi laga á landsvæði neins samningsaðila um einkaréttarlega ábyrgð framleiðenda, dreifenda, birgja, samræmismatsstofa, tilnefningaryfirvalda, eftirlitsyfirvalda eða stjórnvalda gagnvart neytendum eða hverjum öðrum, að því er varðar hönnun, framleiðslu, prófun, skoðun, dreifingu eða sölu vara sem hafa verið viðfang samræmismats samkvæmt samningi þessum.
2. Samningsaðilarnir eru sammála um að samræmismatsstofur hvors um sig skuli gera viðeigandi ráðstafanir vegna einkaréttarlegrar ábyrgðar sem kann að myndast vegna reksturs þeirra og starfsemi samkvæmt samningi þessum. Samningsaðilarnir skulu, öðru hverju og fyrir tilstilli sameiginlegu nefndarinnar, taka til umfjöllunar hvort samræmismatsstofur hvers um sig uppfylli áfram fyrrnefnda kröfu og hvort hagsmunir samningsaðilanna njóti nægilegrar verndar.
3. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar skal tilkynna hinum samningsaðilanum, er í hlut á, um hverja þá málshöfðun eða annan málarekstur sem er yfirvofandi eða hafinn á landsvæði þess og á upptök sín að rekja til eða tengist samræmismati sem samræmismatsstofa hins samningsaðilans, er í hlut á, framkvæmdi.
4. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar skal vinna með hinum samningsaðilanum, er í hlut á, að rannsókn og vörn í hverju máli sem er höfðað eða vegna málareksturs þar sem hagsmunir annars hvors samningsaðilans eru í húfi. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu einkum veita hæfilega aðstoð við að afla viðeigandi gagna og að fá aðgang að lykilvitnum sem eru nauðsynleg vegna rannsóknar og varnar þegar um slíka málshöfðun eða málarekstur er að ræða.

6. gr.
Tilnefningaryfirvöld.

1. Hver samningsaðili um sig skal tryggja að tilnefningaryfirvöld, sem annast tilnefningu

tions of full mutual recognition shall proceed unless there is documented evidence demonstrating a lack of technical competence in a Party's conformity assessment.

Article 5
Civil Liability

1. Nothing in this Agreement is intended to change or modify the law in the territory of any Party applicable to civil liability of manufacturers, distributors, suppliers, Conformity Assessment Bodies, Designating Bodies, Regulatory Authorities or governments, to consumers or among each other, in respect of the design, manufacture, testing, inspection, distribution or sale of products that have undergone conformity assessment pursuant to this Agreement.
2. The Parties agree that their respective Conformity Assessment Bodies are required to make adequate arrangements for liabilities arising from their operations and activities under this Agreement. The Parties, through the Joint Committee, shall from time to time consider whether their respective Conformity Assessment Bodies continue to meet that requirement and whether the interests of the Parties are adequately protected.
3. Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, shall promptly notify the other Party concerned of any suit or other proceedings threatened or commenced in its territory arising from or in connection with conformity assessment performed by a Conformity Assessment Body of the other Party concerned.
4. Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, shall cooperate with the other Party concerned in the investigation and defence of any suit or proceeding where the interests of either Party are at risk. In particular, the Parties concerned shall render reasonable assistance in obtaining relevant documents and access to material witnesses required in the investigation and defence of such suits or proceedings.

Article 6
Designating Authorities

1. Each Party shall ensure that the Designating Authorities responsible for designating the

samræmismatsstofanna sem eru tilgreindar í viðaukunum um einstök sérsvið, hafi það umboð sem þurfa þykir til þess að tilnefna slíkar stofnanir, hafa eftirlit með þeim, nema tilnefningu tímabundið úr gildi og afturkalla tilnefningu þeirra.

2. Sé tilnefning numin tímabundið úr gildi eða slíkri ógildingu aflétt skal tilnefningaryfirvald hlutaðeigandi samningsaðila tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það án tafar.
3. Samningsaðilarnir skulu skiptast á upplýsingum um þær verklagsreglur sem stuðst er við til þess að tryggja að tilnefndar samræmismatsstofur þeirra fari áfram að laga- og stjórnsýslufyrirmælum samnings þessa.

7. gr.
Samræmismatsstofur.

1. Samræmismatsstofur, sem eru tilnefndar á landsvæði samningsaðilans sem er útflytjandi, skulu starfa í samræmi við kröfur samningsaðilans sem er innflytjandi og fullnægja skilyrðum um hæfi til að meta samræmi með hliðsjón af þeim kröfum.
2. Tilnefningaryfirvöld skulu, þegar þau tilnefna slíkar stofnanir, tilgreina, í hverjum viðauka um sig, umfang þess samræmismats sem fyrrnefndar stofnanir hafa verið tilnefndar til að annast.
3. Í tilnefningu felst formlegur úrskurður hlutaðeigandi samningsaðila þess efnis að viðkomandi samræmismatsstofa hafi sýnt fram á viðunandi tæknilega færni til þess að veita þá þjónustu sem tilnefningin kveður á um og hafi enn fremur samþykkt að uppfylla kröfur hins samningsaðilans, er í hlut á, eins og sett er fram í viðauka um einstök sérsvið.
4. Hvert tilnefningaryfirvald um sig mun, í samræmi við skilmála viðaukanna um einstök sérsvið, láta í té, sé þess óskað, yfirlýsingu um tæknilega færni þeirra samræmismatsstofa sem það hefur tilnefnt.

8. gr.
Sannprófun og tímabundin ógilding samræmismatsstofa.

1. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar á rétt á að véfengja tæknilega færni og samkvæmni samræmismatsstofa sem heyra undir valdsvið hins samningsaðilans er í hlut á. Þessa réttar skal aðeins neytt við sérstakar aðstæður og

Conformity Assessment Bodies specified in the Sectoral Annexes shall have the necessary authority to designate, monitor, suspend and withdraw the designations of such Bodies.

2. In the case of suspension of a designation or removal of such a suspension, the Designating Authority of the Party concerned shall immediately inform the other Parties and the Joint Committee.
3. The Parties shall exchange information concerning the procedures used to ensure that their designated Conformity Assessment Bodies continue to comply with the legislative, regulatory and administrative provisions of this Agreement.

Article 7
Conformity Assessment Bodies

1. The Conformity Assessment Bodies designated in the territory of the exporting Party shall operate to the requirements of the importing Party and fulfil the conditions of eligibility for conformity in relation to those requirements.
2. In designating such bodies, the Designating Authorities shall specify, in each Annex, the scope of conformity assessment activities for which such Bodies have been designated.
3. The designation constitutes a formal judgement by the Party concerned that the Conformity Assessment Body has demonstrated an acceptable level of technical competence in providing services identified in the designation and further has agreed to comply with the requirements of the other Party concerned, as set out in a Sectoral Annex.
4. In accordance with the terms of the Sectoral Annexes, each Designating Authority will make available, if requested, a statement of technical competence of its designated Conformity Assessment Bodies.

Article 8
Verification and Suspension of Conformity Assessment Bodies

1. Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, has the right to challenge the technical competence and compliance of Conformity Assessment Bodies under the jurisdiction of the other Party concerned. This right will be exercised

skal færa rök fyrir því, á hlutlægan og rökstuddan hátt, í bréfi til sameiginlegu nefndarinnar. Sameiginlega nefndin fjallar um slíkar beiðnir.

2. Þegar sameiginlega nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að tilmælum viðkomandi sérsviðanefndar, að sannprófun tæknilegrar færni eða samkvæmni samræmismatsstofu, sem starfar á landsvæði samningsaðila, sé nauðsynleg skal samningsaðilinn, sem fer með yfirráð á því landsvæði þar sem umrædd samræmismatsstofa er staðsett, eða hlutaðeigandi samningsaðilar, í sameiningu sé samkomulag þar um, framkvæma slíka sannprófun í tæka tíð. Samningsaðilinn getur leitað aðstoðar tilnefningaryfirvalds síns við framkvæmd sannprófunarinnar.
3. Ákveði sameiginlega nefndin ekki annað skal til þess bært tilnefningaryfirvald leysa samræmismatsstofuna, sem er véfengd, tímabundið undan skyldum sínum frá því að ágreiningur um stöðu hennar kemur fram með formlegum hætti í sameiginlegu nefndinni. Umrædd stofnun skal leyst undan skyldum sínum tímabundið uns samkomulag hefur náðst innan sameiginlegu nefndarinnar um framtíðarstöðu stofnunarinnar.
4. Samræmisvottorð eða önnur upplýsingaskjöl um vöru, sem samræmismatsstofa, sem sameiginlega nefndin eða tilnefningaryfirvaldið víkur síðar til hliðar, gefur út, skulu halda gildi sínu nema viðkomandi eftirlitsyfirvald taki sérstaka ákvörðun, á grundvelli heilbrigðis- og öryggissjónarmiða, um að taka vöruna af markaði.

9. gr.
Gagnkvæm upplýsingaskipti.

1. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar skal láta hinu í té upplýsingar um framkvæmd laga- og stjórnsýslufyrirmælanna sem tilgreind eru í viðaukunum um einstök sérsvið.

2. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar skal tilkynna hinu um breytingar, sem tengjast viðfangsefni samnings þessa, og um nýju fyrirmælin minnst 60 dögum áður en þau öðlast gildi, nema í þeim tilvikum þegar öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisvernd kallar á brýnni aðgerðir.

under exceptional circumstances only and justified, in an objective and reasoned manner in writing, to the Joint Committee. The Joint Committee will discuss such requests.

2. Where the Joint Committee, either on its own initiative or on a recommendation from the relevant sectoral group, comes to the conclusion that verification of technical competence or compliance of a Conformity Assessment Body operating in the territory of any of the Parties is required, it will be carried out in a timely manner by the Party in whose territory the Body in question is located, or by the Parties concerned jointly if they agree. The Party may seek the assistance of its Designating Authority in carrying out the verification.

3. Unless decided otherwise by the Joint Committee, the contested Conformity Assessment Body will be suspended by the competent Designating Authority from the time that a disagreement over the status of that body has been confirmed in the Joint Committee. The body in question shall remain suspended until agreement has been reached in the Joint Committee on the future status of that Body.
4. A certificate of conformity or other documentation for a product issued by a Conformity Assessment Body, that is subsequently removed by the Joint Committee or Designating Authority, shall remain valid unless there is a specific decision by the appropriate Regulatory Authority based on health and safety considerations for the removal of the product from the market.

Article 9
Exchange of Information

1. Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, shall exchange information concerning the implementation of the legislative, regulatory and administrative provisions identified in the Sectoral Annexes.
2. Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, shall inform each other of changes related to the subject matter of this Agreement, and shall, except where considerations of safety, health and environmental protection require more urgent action, notify each other of the new provisions at least 60 days before their entry into force.

3. Hver samningsaðili um sig skal tilkynna hinum samningsaðilanum eða -aðilunum þegar í stað um allar breytingar á tilnefningaryfirvöldum sínum og samræmismatsstofum.

10. gr.
Eftirlit með samningnum.

1. Samningsaðilarnir geta haldið sérstaka samráðsfundi innan sameiginlegu nefndarinnar í því skyni að tryggja fullnægjandi framkvæmd samnings þessa.
2. Kanada getur annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar farið þess á leit við gagnaðila að hann geri, fyrir þess hönd, úttektir á og endurmeti samræmismatsstofur sem vinna í samræmi við kröfur samningsaðilans sem setur fram beiðni um slíkt. Fyrrnefndur samningsaðili skal kosta úttektina.
3. Tilnefndar samræmismatsstofur skulu, í því skyni að stuðla að einsleitri framkvæmd samræmismatsins, sem kveðið er á um í lögum og reglum samningsaðilanna, taka, eftir því sem við á, þátt í fundum til útskýringa sem eftirlitsyfirvöld hvers samningsaðila á viðeigandi sviðum, sem viðaukarnir við samning þennan um sérsvið fjalla um, halda.

11. gr.
Sameiginlega nefndin.

1. Koma skal á fót, samkvæmt samningi þessum, sameiginlegri nefnd sem skipuð er fulltrúum Kanada annars vegar og EFTA-ríkjanna innan EES hins vegar og skal nefndin bera ábyrgð á skilvirkri framkvæmd samningsins.
2. Sameiginlega nefndin tekur ákvarðanir og samþykkir tilmæli með samhljóða samþykki. Hún kemur saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári, nema hún ákveði annað. Nefndin setur sér starfsreglur. Hún getur komið á fót sameiginlegri sérsviðanefnd vegna viðauka um einstök sérsvið og getur falið slíkum nefndum sérstök verkefni. Hver samningsaðili um sig getur boðið fulltrúum sínum úr sameiginlegu sérsviðanefndunum að sækja fundi sameiginlegu nefndarinnar þegar hagsmunir hans, er varða einstök sérsvið, eru umfjöllunarefni dagskrárliðar.
3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að fjalla um hvert það mál er tengist framkvæmd samnings þessa. Hún skal einkum bera ábyrgð á eftirfarandi:

3. Each Party shall promptly notify the other Party or Parties of any changes of its Designating Authorities and Conformity Assessment Bodies.

Article 10
Monitoring of the Agreement

1. The Parties may hold ad hoc consultations within the Joint Committee to ensure the satisfactory functioning of this Agreement.
2. Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, may request each other to carry out, on its behalf, audits and re-evaluations of Conformity Assessment Bodies working to the requirements of the requesting Party. The requesting Party will bear the costs of the audit.
3. In the interests of promoting a uniform application of the conformity assessment procedures provided for in the laws and regulations of the Parties, the designated Conformity Assessment Bodies shall take part, as appropriate, in interpretation sessions conducted by the regulatory authorities in each Party in the relevant areas covered by the Sectoral Annexes to this Agreement.

Article 11
Joint Committee

1. There shall be established under this Agreement a Joint Committee composed of Canada, on the one hand, and the EEA EFTA States, on the other, which will be responsible for the effective functioning of the Agreement.
2. The Joint Committee shall take its decisions and adopt its recommendations by consensus. It will meet at least once a year unless it decides otherwise. It shall determine its own rules of procedure. It may establish a Joint Sectoral Group under a Sectoral Annex, and may delegate specific tasks to those Groups. Each of the Parties may invite its representatives from the Joint Sectoral Groups to attend meetings of the Joint Committee when its sectoral interests are the subject of an agenda item.
3. The Joint Committee may consider any matter related to the operation of this Agreement. In particular it shall be responsible for:

a) að breyta viðaukunum um einstök sérsvið;
b) að hrinda í framkvæmd ákvörðun um að tilnefna tiltekna samræmismatsstofu eða afturkalla tilnefningu hennar;
c) að skipst sé á upplýsingum um þær verklagsreglur sem hver samningsaðili beitir í því skyni að tryggja að samræmismatsstofurnar, sem eru tilgreindar í viðaukunum um einstök sérsvið, viðhaldi færni sinni í þeim mæli sem nauðsyn krefur;
d) að ákvarða stöðu samræmismatsstofa sem véfengt hefur verið að hafi nægilega tæknilega færni til að bera;
e) að skipst sé á upplýsingum og að samningsaðilunum sé tilkynnt um breytingar á laga- eða stjórnsýslufyrirmælum, sem um getur í starfsgreinatengdu viðaukunum; og
f) að leysa hvers kyns vafamál er tengjast framkvæmd samnings þessa og viðauka við hann um einstök sérsvið, meðal annars mál er varða heilbrigði og öryggi, markaðsaðgang og samsvörun réttinda og skuldbindinga samkvæmt samningnum.

4. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu ræða, sín á milli og utan sameiginlegu nefndarinnar, mál sem alfarið eru tvíhliða í eðli sínu.
5. Eftirfarandi málsmeðferð gildir um innfellingu eða brottfellingu samræmismatsstofu í eða úr viðauka um einstök sérsvið:
   1. samningsaðili, sem gerir tillögu um að tilnefna eða afturkalla tilnefningu samræmismatsstofu, skal senda hinum samningsaðilanum eða -aðilunum skriflega tillögu sína;
   2. samþykki hinn samningsaðilinn eða -aðilarnir, er í hlut eiga, tillöguna eða líði 60 dagar án þess að andmælum sé hreyft skal innfelling samræmismatsstofu í eða brottfelling úr viðauka um einstök sérsvið koma til framkvæmda; og
   3. véfengi hinn samningsaðilinn eða -aðilarnir, er í hlut eiga, tæknilega færni eða samkvæmni tilnefndrar samræmismatsstofu áður en framangreindur 60 daga frestur er út runninn getur sameiginlega nefndin farið þess á leit við samningsaðilann, er stóð að tilnefningunni, að hann sannprófi, meðal annars með hugsanlegri úttekt, hæfi hlutaðeigandi stofnunar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

a) amending Sectoral annexes;
b) giving effect to the decision to designate or withdraw the designation of a particular Conformity Assessment Body;
c) exchanging information concerning the procedures used by each Party to ensure that the Conformity Assessment Bodies specified in the Sectoral Annexes maintain the necessary level of competence;
d) determining the status of Conformity Assessment Bodies whose technical competence has been contested;
e) exchanging information and notifying the Parties of modifications of legislative, regulatory and administrative provisions referred to in the Sectoral Annexes; and
f) addressing any questions relating to the operation of this Agreement and its Sectoral Annexes, including questions related to health and safety, market access and the balance of rights and obligations under the Agreement.

4. Matters that are strictly bilateral in nature will be discussed between the Parties concerned outside the Joint Committee.
5. The following procedure shall apply to the inclusion in or withdrawal from a Sectoral Annex of a Conformity Assessment Body:
   1. Party designating or withdrawing designation of a Conformity Assessment Body shall forward its proposal in writing to the other Party or Parties;
   2. in the event that the other Party or Parties concerned consent to the proposal or upon the expiry of 60 days without an objection having been made, the inclusion in or withdrawal from the Sectoral Annex of the Conformity Assessment Body shall take effect; and
   3. in the event that the other Party or Parties concerned challenge the technical competence or compliance of a proposed Conformity Assessment Body within the said 60-day period, the Joint Committee may request the proposing Party to carry out a verification, which may include an audit, of the Body concerned, in accordance with the provisions of this Agreement.

6. Sameiginlega nefndin, sem komið er á fót samkvæmt samningi þessum, er óháð og aðskilin frá sameiginlegri nefnd sem kann að verða komið á fót samkvæmt síðari samningi Kanada og EFTA um fríverslun.

12. gr.
Sameiginlegar sérsviðanefndir.

1. Sameiginlega nefndin getur komið á fót sameiginlegum sérsviðanefndum vegna einstakra viðauka um einstök sérsvið sem samanstanda af viðkomandi tilnefningar- og eftirlitsyfirvöldum og sérfræðingum samningsaðilanna. Þessar nefndir munu fjalla um sértæk málefni samræmismats og eftirlits er varða tiltekið svið.
2. Viðfangsefni, sem sameiginlegar sérsviðanefndir bera ábyrgð á, geta meðal annars verið eftirfarandi:
   1. að kanna, að beiðni samningsaðila, sérstök mál sem upp koma við framkvæmd aðlögunaráætlana um gagnkvæma viðurkenningu og veita sameiginlegu nefndinni ráðgjöf um málefni er varða sameiginlega hagsmuni;
   2. að veita, að beiðni samningsaðila, upplýsingar og ráðgjöf um mál er varða framkvæmd og um reglur, verklag og samræmismatskerfi er varða tiltekinn viðauka;
   3. að endurskoða ýmsa þætti viðvíkjandi beitingu og framkvæmd hvers viðauka um einstök sérsvið um sig, meðal annars heilbrigðis- og öryggisþætti; og
   4. að fjalla um túlkunaratriði, er snerta kröfur sem eru settar fram í viðaukunum um einstök sérsvið, og beina, eftir því sem við á, tilmælum til sameiginlegu nefndarinnar.

13. gr.
Tengiliðir einstakra sviða, upplýsingastjórnun, aðstoð og neyðaraðgerðir.

1. Hver samningsaðili um sig skal tilnefna og staðfesta skriflega nöfn og heimilisföng tengiliða sem skulu ábyrgir fyrir starfsemi er fellur undir sérhvern viðauka um einstök sérsvið.
2. Tengiliðir einstakra sviða munu almennt og milliliðalaust sjá um orðsendingar um athafnir sem miða að því að vekja tiltrú, um neyðaraðgerðir og framkvæmd laga og reglna með tilliti til vara sem falla undir samning þennan.

6. The Joint Committee established under this Agreement is independent of and separate from the Joint Committee that may be established under a future Canada-EFTA free trade agreement.

Article 12
Joint Sectoral Groups

1. The Joint Committee may establish Joint Sectoral Groups for individual Sectoral Annexes comprising the appropriate designating and regulatory authorities and experts of the Parties. These groups will address the specific conformity assessment and regulatory issues related to a given sector.
2. The responsibility of the Joint Sectoral Groups may include the following:
   1. at the request of any Party, to examine specific problems arising in the implementation of any transitional plans for mutual recognition and to give advisory opinions to the Joint Committee on issues of mutual concern;
   2. furnish information and advice on any matters relating to implementation, and on the regulations, procedures and conformity assessment system related to a particular Annex, as may be requested by any Party;
   3. review various aspects of the implementation and operation of each Sectoral Annex, including health and safety aspects; and
   4. consider issues of interpretation of requirements in the Sectoral Annexes, and where appropriate, to make recommendations to the Joint Committee.

Article 13
Sectoral Contact Point, Management of Information, Assistance and Emergency Action

1. Each of the Parties shall appoint and confirm in writing the names and addresses of Contact Points to be responsible for activities under each Sectoral Annex.
2. Communications regarding confidence-building activities, emergency actions and regulatory enforcement for products subject to this Agreement will normally be handled directly by the Sectoral Contact Points.

14. gr.
Verndarskilmálar.

1. Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld hjá hverjum samningsaðila um sig hafa fullt umboð, samkvæmt gildandi lögum þess samningsaðila, til að túlka og, eins og sett er fram í 2. mgr. hér að aftan, framfylgja viðeigandi ákvæðum laga og reglna í landi samningsaðilans. Eftirlitsyfirvald þess samningsaðila sem er innflytjandi er ekki löglegur fulltrúi samningsaðilans sem er útflytjandi.
2. Hafi Kanada annars vegar eða eitthvert eitt EFTA-ríki innan EES hins vegar, eða eftirlitsyfirvald þess, ástæðu til að ætla að vara frá hlutaðeigandi samningsaðila, sem fellur undir viðauka um einstök sérsvið, geti stofnað heilsu eða öryggi manna á landsvæði þess í hættu, eða uppfylli ekki með öðrum hætti kröfu samkvæmt gildandi viðauka um einstök sérsvið, hefur samningsaðilinn, á landsvæði því þar sem tekið er við vörunni, fullt vald, samkvæmt gildandi innlendum lögum, til að gera tafarlaust viðeigandi ráðstafanir til að fjarlægja slíkar vörur af markaði, banna markaðssetningu þeirra, takmarka frjálsan flutning þeirra eða hefja innköllun þeirra. Eftirlitsyfirvaldið á landsvæði þar sem gripið hefur verið til aðgerða skal tilkynna mótaðilum sínum og sameiginlegu nefndinni um þær innan fimmtán daga frá því að gripið er til slíkra aðgerða og tilgreina ástæður sem það hefur fyrir þeim.
3. Samningsaðilar eru sammála um að ljúka beri landamæraeftirliti og athugunum á vörum, sem eru vottaðar í samræmi við kröfur samningsaðilans sem flytur þær inn, eins fljótt og auðið er. Samningsaðilar eru sammála um að ljúka beri hvers konar eftirliti, sem tengist flutningi innan landsvæða þeirra, á þann hátt sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem innlendar vörur hljóta.

Article 14
Safeguards

1. The appropriate Regulatory Authorities of each Party retain all authority under the applicable law of that Party, to interpret and, as set out in paragraph 2 below, enforce their respective legislative and regulatory provisions. A Regulatory Authority of the importing Party is not the legal representative of the exporting Party.

2. When Canada, on the one hand, or any one of the EEA EFTA States, on the other, or one of their Regulatory Authorities has reasons to believe that a product from the Party concerned, covered under a Sectoral Annex, may compromise the health or safety of persons in its territory, or otherwise fails to satisfy a requirement of the applicable sectoral Annex, the Party in the receiving territory retains all powers under its applicable domestic law to take all appropriate and immediate measures to withdraw such products from the market, prohibit their placement on the market, restrict their free movement, or initiate a product recall. The Regulatory Authority in whose territory the action has been taken shall inform its counterparts and the Joint Committee within fifteen days of taking such action, giving its reasons.

3. The Parties agree that border inspections and checks of products certified to the importing Party's requirements shall be completed as expeditiously as possible. With regard to any inspections related to internal movement within their respective territories, the Parties agree that these shall be completed in a manner no less favourable than for like domestic goods.

15. gr.
Markaðsaðgangur.

1. Skylda Kanada annars vegar og hvers EFTA-ríkis innan EES um sig hins vegar til að veita gagnkvæma viðurkenningu samkvæmt skilmálum viðauka við samning þennan um einstök sérsvið er bundin því skilyrði að hinn aðilinn, er í hlut á, haldi áfram að:
   1. veita markaðsaðgang fyrir vörur sem, að loknu samræmismati, er unnt að sýna fram á að uppfylli gildandi tæknikröfur; og

Article 15
Market Access

1. The obligation of Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, to accord mutual recognition within the terms of a Sectoral Annex to this Agreement is conditional upon the other Party concerned continuing to:
   1. provide access to its market for products that, having been subjected to conformity assessment procedures, can be demonstrated to meet the applicable technical requirements; and

2. viðhalda stjórnsýslustofnunum á sviði laga og eftirlitsyfirvöldum sem hafa getu til að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd.

4. Hvernig tilnefna ber samræmismatsstofur.

4.1. Hver samningsaðili um sig mun, að því er varðar þennan viðauka, tilnefna lögbærar samræmismatsstofur sem skulu framkvæma samræmismat og annast um samþykki með tilliti til krafna hins samningsaðilans er í hlut á. Tilnefningin fer fram í samræmi við verklagsreglurnar sem eru settar fram í rammasamningnum um gagnkvæma viðurkenningu. Í fylgiskjali 2 er að finna skrá um tilnefndar samræmismatsstofur, ásamt upplýsingum um þær vörur og aðferðir sem þær hafa verið tilnefndar vegna.

4.2. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES hins vegar mun samþykkja að samræmismatsstofurnar samræmist þeim kröfum sem hinn samningsaðilinn gerir vegna slíkra stofa.
Um er að ræða:

a) Að því er varðar EFTA-ríkin innan EES er litið svo á að stofur, sem eru tilkynntar stofur í samræmi við tilskipun 94/25/EB (1. liður XXXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn), samræmist kanadískum kröfum;
„tilkynnt stofa" er, að því er varðar EFTA-ríkin innan EES, þriðji aðili sem hefur umboð til þess að vinna verk á sviði samræmismats sem eru tilgreind í tilskipun 94/25/EB (1. liður XXXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn) og hlutaðeigandi EFTA-ríki innan EES hefur tilnefnt úr hópi stofa sem heyra undir lögsögu þess. Hin tilkynnta stofa er hæf, eins og tilskilið er, til þess að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 94/25/EB og hefur verið tilkynnt til viðkomandi yfirvalda EFTA-ríkjanna innan EES er í hlut eiga og til stjórnarskrifstofu EFTA.

b) Að því er varðar Kanada skulu verklagsreglur og viðmiðanir fyrir tilnefningu samræmismatsstofa samræmast viðeigandi ákvæðum tilskipunar 94/25/EB (1. liður XXXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn).

5. Bráðabirgðatilhögun.

5.1. Gert er ráð fyrir að bráðabirgðatilhögun gildi í 18 mánuði áður en viðauki þessi kemur til framkvæmda. Á þessu aðlögunartímabili mun Kanada annars vegar og EFTA-ríkin innan EES hins vegar:

4. Procedures for Designating Conformity Bodies

4.1 For the purpose of this Annex, each Party will designate competent Conformity Assessment Bodies to carry out conformity assessment and approvals to the requirements of the other Party concerned. Such designation will be carried out according to the procedures set out in the Mutual Recognition Framework Agreement. A list of designated Conformity Assessment Bodies, together with the products and procedures for which they have been designated, is in Attachment 2.

4.2 Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, will accept that the designated Conformity Assessment Bodies comply with the requirements for such bodies established by the other Party. These are:

a) For the EEA EFTA States, bodies which are Notified Bodies in accordance with Directive 94/25/EC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XXXI, point 1), are deemed to be in compliance with Canadian requirements;
A "Notified Body" for the EEA EFTA States is a third party authorized to perform the conformity assessment tasks specified in Directive 94/25/EC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XXXI, point 1), which has been appointed by the EEA EFTA State concerned from the bodies falling within its jurisdiction. The Notified Body has the necessary qualifications to meet the requirements laid down in Directive 94/25/EC and has been notified to the appropriate authorities of the EEA EFTA States concerned and to the EFTA Secretariat.

b) For Canada, the procedures and criteria for designation of Conformity Assessment Bodies shall comply with the relevant provisions of Directive 94/25/EC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XXXI, point 1).

5. Transitional Arrangement

5.1 There will be a transitional arrangement of 18 months prior to the operation of this Annex. During this transitional period, Canada, on the one hand, and the EEA EFTA States, on the other, will:

a) skiptast á upplýsingum um og stuðla að betri þekkingu á ákvæðum laga og reglna hvers og eins; og
b) hrinda í framkvæmd breytingum á sviði stefnumiða, löggjafar og stjórnsýslu sem eru nauðsynlegar vegna ákvæða þessa viðauka.

6. Viðbótarákvæði.

6.1. Samningsaðilar skulu tryggja, í samræmi við viðeigandi ákvæði rammasamningsins um gagnkvæma viðurkenningu, að nöfn tilkynntra stofnana eða samræmismatsstofa hvers og eins séu ávallt fyrirliggjandi og munu, með reglubundnum hætti, láta í té upplýsingar um útgefin vottorð í því skyni að greiða fyrir eftirliti að lokinni markaðssetningu.

6.2. Samningsaðilar vekja athygli á að ákvæði viðaukanna um rafföng og rafsegulsviðssamhæfi gilda, að því marki sem kröfur vegna rafmagnsöryggis eða rafsegulsviðssamhæfis gilda um vörur sem þessi viðauki um einstök sérsvið fjallar um.

a) exchange information on, and develop greater familiarity with, their respective regulatory requirements; and
b) carry out the policy, legislative and regulatory changes necessary for the provisions of this Annex.

6. Additional Provisions

6.1 In accordance with the relevant provisions of the Mutual Recognition Framework Agreement, the Parties shall ensure the continued availability of the names of their respective Notified Bodies or Conformity Assessment Bodies, and will regularly supply details of certifications issued in order to facilitate post-market surveillance.

6.2 The Parties note that, to the extent that requirements for electrical safety or electromagnetic compatibility apply to products covered by this Sectoral Annex, the provisions of the Sectoral Annexes on Electrical Equipment and Electromagnetic Compatibility shall apply.

Fylgiskjal 1.
Tilnefningaryfirvöld.

Í EFTA-ríkjunum innan EES: Stjórnsýslustofnanir aðildarríkjanna eða aðilar sem teknar verða ákvarðanir um.

Ísland:
Samgönguráðuneytið

Liechtenstein:
Ríkisstjórn Liechtenstein[5]

Noregur:
Ráðuneyti málefna barna og fjölskyldna

Í Kanada:
Kanadíska strandgæslan

Attachment 1
Designating Authorities

For the EEA EFTA States: Member States Administrations or entities to be determined.

Iceland:
Ministry of Transport

Liechtenstein:
The Government of Liechtenstein[5]

Norway:
Ministry of Children and Family Affairs

For Canada:
Canadian Coast Guard

5 Ríkisstjórn furstadæmisins Liechtenstein ber réttur til þess að útnefna viðeigandi sérstakar innlendar stjórnsýslustofnanir til þess að tilnefna samræmismatsstofur síðar meir.

5 The Government of the Principality of Liechtenstein is entitled to appoint appropriate specific national administration bodies as designators of conformity assessment bodies at a future date.

Fylgiskjal 2.
Tilnefndar samræmismatsstofur.

EFTA-ríkin innan EES:

Tilnefndar stofur, sem hvert EFTA-ríki innan EES um sig hefur tilkynnt um, en nöfn þeirra og tilvísunarnúmer hafa verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Kanada:
Verða ákveðnar síðar.

Attachment 2
Designated Conformity Assessment Bodies

EEA EFTA States:

Notified bodies which have been notified by each EEA EFTA State, and whose names and reference numbers have been published in the Official Journal of the European Communities.

Canada:
To be determined.

VIÐAUKI UM EINSTÖK SÉRSVIÐ sem fjallar um vottun þess að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir við framleiðslu lyfjavara/lyfja.

1. Tilgangur.

1.1. Kanada og EFTA-ríkin innan EES hafa þróað þennan viðauka um einstök sérsvið sem fjallar um vottun þess að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir við framleiðslu lyfjavara/lyfja og er viðauki við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu, í því skyni að:

a) efla tvíhliða samstarf á sviði eftirlits;

b) koma á gagnkvæmri viðurkenningu vottunar þess að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir og staðfestingu framleiðsluheimilda/-leyfa sem yfirvöld, sem tiltekið er að séu jafngild eftir að aðgerðum til þess að vekja tiltrú er farsællega lokið, gefa út;

c) þróa aðstöðu fyrir varanleg samskipti/samráð milli kanadískra eftirlitsyfirvalda og eftirlitsyfirvalda hvers EFTA-ríkis innan EES um sig í því skyni að gera fyrrnefndum yfirvöldum kleift að skera úr um og viðhalda jafngildi áætlana um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir.

2. Almenn atriði sem hafa ber í huga.

2.1. Sá grundvöllur, sem samningur um gagnkvæma viðurkenningu vottunar þess að

SECTORAL ANNEX
on Medicinal Products/Drug, Good Manufacturing Practices (GMP), Compliance Certification

1. Purpose

1.1 This Mutual Recognition Agreement (MRA) Sectoral Annex on Good Manufacturing Practices (GMP) Compliance Certification pertaining to medicinal products / drugs has been developed by Canada and the EEA EFTA States to:

a) enhance bilateral regulatory cooperation;

b) establish mutual recognition for GMP compliance certification and acceptance of Manufacturing Authorizations/Licences directly issued by the authorities designated equivalent after the successful completion of a confidence building exercise;

c) develop an infrastructure for on-going communications/consultations between the Regulatory Authorities of Canada and of each EEA EFTA State to enable regulators to determine and maintain the equivalency of their GMP compliance programmes.

2. General Considerations

2.1 The underlying premise behind a MRA for GMP compliance certification is that it can

góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir er reistur á, er að unnt sé að sýna fram á að Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar vinni eftir jafngildum áætlunum um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir og því sé útgáfa kanadísks yfirvalds eða yfirvalds hvaða EFTA-ríkis innan EES sem er á vottorði vegna framleiðsluheimildar/-leyfis, þar sem staðfest er að starfsstöð viðhafi góða framleiðsluhætti, sú nauðsynlega staðfesting sem hinn samningsaðilinn, er í hlut á, þarf til þess að samþykkja að starfsstöðin sé í samræmi með tilliti til framleiðslu/eftirlits með lyfjavörum/lyfjum eða gefa út hliðstætt vottorð um framleiðsluheimild/-leyfi. Sá skilningur skal ríkja að „jafngildur" merki ekki „eins" en merki sömu útkomu.

2.2. Staðfesting yfirvalds á vottorði um framleiðsluheimild/-leyfi, sem hitt yfirvaldið gefur út, er háð því að aðgerðum til þess að vekja tiltrú sé farsællega lokið og mati á árangri hennar. Aðeins er unnt að staðfesta vottun yfirvalda sem vinna eftir áætlunum um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir (nefna má stuðningsgrunnvirki ákvæða laga og reglna, staðla, vinnsluferli og gæðakerfi) sem viðurkennt er með gagnkvæmum hætti að séu jafngildar.

2.3. Viðaukinn um einstök sérsvið, sem fjallar um góða framleiðsluhætti lyfjavara/lyfja, hvílir á þremur stoðum:

a) hugmyndinni um áætlun um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir (viðbætir 4);

b) áætlun um gagnkvæma aðvörun (viðbætir 5);

c) aðlögunartímabili, þegar meðal annars er leitast við að vekja tiltrú (viðbætir 6).

3. Gildissvið og umfang.

3.1. Ákvæði þessa viðauka munu gilda um allar lyfjavörur/lyf sem hafa farið í gegnum framleiðsluferli, eitt eða fleiri hvert eftir annað, (t.d. tilbúning, endurpökkun, merkingu, prófun, heildsölu) í Kanada og EFTA-ríki innan EES og kröfur um góða framleiðsluhætti gilda um í lögsögu beggja. Viðurkenning takmarkast við framleiðsluferlið eða -ferlin sem varan fer í gegnum og er háð skoðun á viðkomandi landsvæðum samningsaðilanna.

3.2. Viðauki þessi um einstök sérsvið getur

be demonstrated that Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, have equivalent GMP compliance programmes, and therefore the issuance of a Certificate of Manufacturing Authorization/Licence by an authority of Canada or of any one of the EEA EFTA States certifying that a facility is in compliance with GMPs, would be all the evidence required by the other Party concerned to accept that facility as being in compliance for manufacturing/control of medicinal/drug products or to issue a similar Certificate of Manufacturing Authorization/Licence. It should be understood that equivalent does not mean identical but it does mean leading to the same result.

2.2 The acceptance by an authority of a Certificate of Manufacturing Authorisation/Licence issued by the other authority will depend on the successful completion of a confidence building exercise and on an evaluation of its results. Only certification by authorities with GMP compliance programmes (including the supporting infrastructure of regulatory requirements, standards, processes, and quality systems, etc.) mutually recognized as equivalent will be accepted.

2.3 The Sectoral Annex on Medicinal Products /Drug GMP is built on three pillars:

a) the concept of a GMP compliance programme (Appendix 4);

b) a "two-way" alert system (Appendix 5);

c) a transition period including a confidence building exercise (Appendix 6).

3. Scope and Coverage

3.1 The provisions of this Annex will cover all medicinal products/drugs which have undergone one or a series of manufacturing process(es) (e.g., fabrication, repackaging, labeling, testing, wholesaling activities) in Canada and in an EEA EFTA State, and to which GMP requirements apply in both jurisdictions. Recognition will be limited to the manufacturing process(es) carried out and subject to inspections in the respective territories of the Parties.

3.2 This Sectoral Annex may also apply, on a

einnig gilt, að eigin ákvörðun viðkomandi aðila, um vörur sem lög eins samningsaðila gilda um en ekki annars, samþykki hlutaðeigandi yfirvöld það.

3.3. Umfang með tilliti til vara skal vera það er lög hvers samningsaðila um sig kveða á um. Í 1. viðbæti eru lögin tilgreind og þar er einnig að finna viðmiðunarskrá um viðkomandi vörur.

3.4. Í góðum framleiðsluháttum felst, að því er varðar þennan viðauka, með hvaða hætti framleiðandinn fær í hendur forskriftir vörunnar og/eða vinnsluferli frá handhafa markaðssetningarheimildar/kenninúmers lyfs eða nytjaleyfis eða umsækjanda og í þeim felst trygging fyrir því að varan sé framleidd í samræmi við forskriftirnar (jafngildir vottun viðurkennds aðila í EFTA-ríkjunum innan EES).
Góðir framleiðsluhættir eru sá hluti gæðatryggingar sem gerir víst að vörur séu stöðugt framleiddar, og með því fylgst að þær séu, í samræmi við gæðastaðla:
a) sem eiga við um fyrirhugaða notkun þeirra; og
b) sem krafa er gerð um samkvæmt markaðssetningarheimildinni eða vöruforskriftunum og samkvæmt úthlutunaraðferð kenninúmers lyfs eða nytjaleyfisins.

3.5. Samningsaðili mun framkvæma vöru- og vinnsluskoðanir að beiðni annars samningsaðila. Að því er varðar skoðanir áður en samþykki er veitt fellst Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar á að þau skiptist á skýrslum um skoðun áður en samþykki er veitt að því marki sem nauðsyn krefur samkvæmt lögum og reglum samningsaðilans, sem er innflytjandi, að því er tekur til málsmeðferðar hvers um sig með tilliti til samþykkis vara.

3.6. Lokasamþykkt fyrir lífræn lyfefni frá einni framleiðslulotu til annarrar er útilokuð frá samningi þessum.

4. Trúnaðarkvaðir.

4.1. Hver samningsaðili um sig mun gæta þess að óopinberar trúnaðarupplýsingar um málefni tæknilegs, viðskiptalegs og vísindalegs eðlis séu ekki birtar opinberlega, meðal annars viðskiptaleyndarmál og einkamál viðkomandi aðila sem annar samningsaðili lætur í té.

voluntary basis, to products covered by the legislation of one Party but not of another if agreed to by the Authorities concerned.

3.3 The product coverage shall be as determined by the relevant legislation of each Party. The Appendix 1 names the legislation and contains an indicative list of products concerned.

3.4 For the purpose of this Annex, GMP includes the system whereby the manufacturer receives the specifications of the product and/or process from the Marketing Authorization (MA)/drug identification number (DIN) or licence holder or applicant and ensures the product is made in compliance with the specifications (equivalent to Qualified Person certification in the EEA EFTA States).
The GMP is that part of quality assurance which ensures that products are consistently produced and controlled to the quality standards:
a) appropriate to their intended use, and
b) required by the MA or product specifications and by assignment procedure of the DIN or the Licence.

3.5 Product or process oriented inspections will be carried out by one Party at the request of another Party. For pre-approval inspections, Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, agree to exchange pre-approval inspection reports to the extent required under the importing Party's laws and regulations, for the purpose of their respective product approval procedures.

3.6 Lot-to-lot release for biologicals is excluded from this Agreement.

4. Confidentiality

4.1 Each Party will protect from public disclosure any non-public confidential technical, commercial and scientific information, including trade secrets and proprietary information that is provided by another Party.

4.2. Hver samningsaðili um sig áskilur sér rétt til þess að birta opinberlega niðurstöður samræmismats, meðal annars niðurstöður skoðunarskýrslna sem annar samningsaðili lætur í té, þegar aðstæður skapast sem geta haft áhrif á öryggi almannaheilbrigðis.

5. Stjórnunaraðferðir.

5.1. Sameiginlegri sérsviðanefnd verður komið á fót í því skyni að annast framkvæmd þessa viðauka um einstök sérsvið. Sameiginlega sérsviðanefndin mun taka ákvörðun um eigin samsetningu og setja sér starfsreglur. Hlutverki nefndarinnar er lýst í viðbæti 3. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar sem starfa við áætlun heilbrigðismálaráðuneytis Kanada um lækningavörur og fulltrúar eftirlitsyfirvalda hlutaðeigandi EFTA-ríkis innan EES. Formennsku í nefndinni, sem er sameiginleg, gegnir fulltrúi Kanada annars vegar og fulltrúi EFTA-ríkjanna innan EES hins vegar.

6. Lausn ágreinings.

6.1. Ágreiningi, sem yfirvöldin hafa ekki leyst sín á milli, verður vísað til sameiginlegu sérsviðanefndarinnar til lausnar. Sé sameiginlega sérsviðanefndin ófær um að leysa fyrrnefndan ágreining getur Kanada eða eitthvert EFTA-ríkjanna innan EES lagt málið fyrir sameiginlegu nefndina.

7. Aðlögunartímabil.

7.1. Tímarammi.

Tímabil aðgerða til þess að vekja tiltrú hefst við undirritun samningsins um gagnkvæma viðurkenningu og þess er vænst að því ljúki innan 18 mánaða.

7.2. Áætlun um að vekja tiltrú.

Sameiginlega sérsviðanefndin mun, í upphafi aðlögunartímabilsins, semja sameiginlega áætlun um að vekja tiltrú. Þegar áætlunin kemur til framkvæmda verður unnt að skera úr um hæfi yfirvalds hvers samningsaðila um sig til þess að standa að vottun þess að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir (leiðbeiningar veittar í viðbæti 6).

7.3. Fjárhagsáætlun.

Sérhver aðili að samningnum um gagnkvæma viðurkenningu er ábyrgur fyrir kostnaði vegna þátttöku sinnar í athöfnum sem miða að því að vekja tiltrú.

4.2 Each Party reserves the right to make public the results of any conformity assessment, including the conclusions of inspection reports, provided by another Party, in situations in which public health safety may be affected.

5. Management Mechanisms

5.1 A Joint Sectoral Group will be established for the purposes of the management of this Sectoral Annex. The Joint Sectoral Group will establish its composition and determine its own rules and procedures. Its role is described in Appendix 3. The Group will include representatives of the Therapeutic Products Programme in Health Canada, and of the relevant EEA EFTA State Regulatory Authorities. It will be co-chaired by a representative of Canada, on the one hand, and a representative of the EEA EFTA States, on the other.

6. Resolution of Divergent Views

6.1 Divergent views which have not been resolved between the authorities will be referred to the Joint Sectoral Group for resolution. In the case of inability of the Joint Sectoral Group to resolve these divergent views, Canada or any one of the EEA EFTA States may bring the matter to the attention of the Joint Committee.

7. Transition Period

7.1 Time Frame

The confidence building period will commence upon the signing of the MRA and is expected to be completed within 18 months.

7.2 Confidence Building Programme

At the beginning of the transitional period, the Joint Sectoral Group will elaborate a Joint Confidence Building Programme. The implementation of this programme will permit the determination of the capability of each Party's Authority to perform GMP compliance certification (guidance provided in Appendix 6).

7.3 Budget

Each of the Parties to the MRA will be responsible for the costs of its participation in the confidence building activities.

7.4. Stjórnsýslufyrirmæli.

Lyfjavörur/lyf frá framleiðslustöðum, sem eru vel þekktir af því að uppfylla kröfur um samkvæmni í landi samningsaðilans sem er innflytjandi og hafa verið færðir í skrá um viðurkennda framleiðslustaði, verða undanþegin kröfum um að próf verði endurtekin. Sameiginlega sérsviðanefndin mun taka skrána saman.

7.5. Lok aðlögunartímabils.

7.5.1. Í lok aðlögunartímabilsins mun sameiginlega sérsviðanefndin gera sameiginlega úttekt á jafngildi og nothæfi samkvæmniáætlana þátttökuyfirvaldanna (viðbætir 2).

7.5.2. Þau yfirvöld, sem vinna samkvæmt áætlunum sem úrskurðað er að jafngildi ekki áætlun hins samningsaðilans, er í hlut á, um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir, verða ekki talin upp í viðbæti 2 í lok aðlögunartímabilsins. Tillögur um að takmarka viðurkenningu þess að yfirvald sé jafngilt eða um að útiloka skráningu þess í viðbæti 2 skulu byggðar á hlutlægum viðmiðunum og skjalfestum sönnunum.

7.5.3. Heimilt er að skrá yfirvöld í umræddan viðbæti með tilliti til framleiðsluferla í sérflokki (t.d. lífræn lyfefni, geislavirk lyf). Yfirvöld, sem hafa verið útilokuð (eða ekki skráð með tilliti til tiltekins framleiðsluferlis), geta sótt um að staða þeirra verði endurmetin eftir að úrbætur hafa verið gerðar.

8. Framkvæmdaáfangi.

8.1. Almenn ákvæði.

8.1.1. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar samþykkir að hver samningsaðili um sig muni, að því er varðar lyfjavörur/lyf sem þessi viðauki um einstök sérsvið fjallar um, viðurkenna lyktir áætlunarinnar um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir, sem hinn samningsaðilinn, er í hlut á, framkvæmir á landsvæði sínu, og viðeigandi vottorð vegna framleiðsluheimildar/-leyfis sem yfirvöld hins samningsaðilans, er í hlut á, sem eru talin upp í viðbæti 2 og metin jafngild, láta í té. Hinn samningsaðilinn, er í hlut á, mun auk þess við-

7.4 Administrative provision

Medicinal products/drugs from manufacturing sites with a good track record of compliance in the importing Party, and that have been placed on a list of qualified sites, will be exempted from retesting requirements. The list will be developed by the Joint Sectoral Group.

7.5 End of Transitional Period

7.5.1 At the end of the transitional period, the Joint Sectoral Group will proceed to a joint evaluation of the equivalency and capabilities of the compliance programmes of the participating Authorities (Appendix 2).

7.5.2 Those determined as not being equivalent to the GMP compliance programme of the other Party concerned will not be listed in Appendix 2 at the end of the transitional period. Proposals to limit the recognition of the equivalence of an authority or exclude it from Appendix 2 should be based on objective criteria and documented evidence.

7.5.3 Authorities may be placed in this Appendix for specific categories of manufacturing processes (e.g., biologicals, radiopharmaceuticals). Excluded Authorities (or not included for a given manufacturing process) may apply for re-consideration of their status once the necessary corrective measures have been taken.

8. Operational Phase

8.1 General provisions

8.1.1 Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, agree that, for medicinal products/drugs covered by this Sectoral Annex, each Party will recognize the conclusions of the GMP compliance programme carried out by the other Party concerned in its territory, and the relevant Certificates of Manufacturing Authorizations/Licences granted by the deemed equivalent authorities of the other Party concerned listed in Appendix 2. In addition, the certification by the manufacturer on the conformity of each batch will be recognized by the

urkenna vottun framleiðandans viðvíkjandi samræmi hverrar framleiðslueiningar án endurtekins eftirlits við innflutning.

8.1.2. Framleiðendur, sem eru staðsettir í Kanada eða í EFTA-ríki innan EES og heyra undir yfirvald sem er ekki skráð í viðbæti 2, geta óskað þess að eitthvert þeirra yfirvalda, sem eru talin upp í viðbæti 2, framkvæmi skoðun. Hinn aðilinn eða aðilarnir, er í hlut eiga, munu viðurkenna framleiðslueininguna og samkvæmnivottorðið, sem eru gefin út samkvæmt þessari aðferð, að því tilskildu að seinna sé unnt að tryggja jafngilda málsmeðferð við framfylgd gagnvart viðkomandi starfstöð ef um samkvæmni er ekki að ræða.

8.1.3. Staðbundin, lögbær skoðunarþjónusta, sem er reiðubúin til þess að skoða viðkomandi framleiðslustarfsemi, skal, að því er varðar lyfjavörur/lyf, sem lyfjalöggjöf samningsaðilans, sem er innflytjandi, fjallar um, framkvæma skoðun með tilliti til góðra framleiðsluhátta í eigin landi, ef við á, eða, sé ekki um sérstakar kröfur um góða framleiðsluhætti að ræða, með tilliti til góðra framleiðsluhátta sem í gildi eru hjá þeim samningsaðila sem er innflytjandi. Þetta á einnig við þegar talið er að góðir framleiðsluhættir, sem gilda á viðkomandi stað, jafngildi ekki góðum framleiðsluháttum samningsaðilans, sem er innflytjandi, með tilliti til gæðatryggingar fullunninna vara.
Ákvæði þetta getur einnig átt við um framleiðanda virkra lyfjafræðilegra innihaldsefna, lyfja á millistigi í framleiðslu og vara til notkunar í klínískum prófunum.

8.1.4. Þau yfirvöld, sem viðaukinn fjallar um, eru ábyrg fyrir því að tryggt sé að eftirlitsyfirvöldum hins samningsaðilans eða -aðilanna, sem í hlut eiga, sé tilkynnt án tafar þegar framleiðsluheimild er numin tímabundið úr gildi eða afturkölluð (að öllu leyti eða að hluta) sem gæti haft áhrif á vernd almannaheilbrigðis, samanber skilgreiningu í áætlun um gagnkvæma aðvörun.
Samningsaðilar munu gera samkomulag sín á milli um tengiliði sem geri yfirvöldum og framleiðendum kleift að upplýsa yfirvöld hins samningsaðilans eða

other Party concerned without re-control at import.

8.1.2 Manufacturers located in Canada or an EEA EFTA State whose relevant authority is not listed in Appendix 2 or is not included for the relevant category manufacturing processes may ask that an inspection be carried out by any of the authorities listed in Appendix 2. The batch and the compliance certificates issued according to this procedure will be recognized by the other Party or Parties concerned provided that equivalent enforcement procedures against that facility can be subsequently ensured in case of non-compliance.

8.1.3 With respect to medicinal products/drugs covered by the pharmaceutical legislation of the importing Party but not the exporting one, the locally competent inspection service willing to carry out an inspection of the relevant manufacturing operations shall inspect against its own GMPs if relevant, or, in the absence of specific GMP requirements, against the applicable GMPs of the importing Party. This will also be the case when the locally applicable GMPs are not considered equivalent, in terms of quality assurance of the finished products, to the GMPs of the importing Party.

This provision may also apply to the manufacturer of active pharmaceutical ingredients, intermediate products, and products intended for use in clinical trials.

8.1.4 It will be the responsibility of the authorities covered by the Annex to ensure that any suspension or withdrawal (total or partial) of a manufacturing authorization, which could affect the protection of public health, is communicated immediately to the Regulatory Authorities of the other Party or Parties concerned as defined in the "two-way" alert programme.

Contact points will be agreed between the Parties to permit authorities and manufacturers to inform the authorities of the other Party or Parties concerned with the

-aðilanna sem í hlut eiga, eins skjótt og tilefnið býður, þegar um er að ræða gæðaskort, afturköllun framleiðslueininga, sviknar vörur og önnur vandamál viðvíkjandi gæðum sem gætu kallað á viðbótareftirlit með þeirri vöru sem um ræðir eða tímabundna stöðvun dreifingar hennar.

8.1.5. Vottun framleiðenda.

Yfirvöld, sem annast útgáfu vottorða um framleiðsluheimildir/-leyfi og hafa yfirumsjón með framleiðslu lyfjavara/lyfja, munu, að beiðni útflytjanda, innflytjanda eða yfirvalds hins samningsaðilans er í hlut á, votta að þeir staðir, þar sem framleiðsla og/eða eftirlit fer fram:

a) hafi viðeigandi heimild til þess að framleiða viðkomandi lyfjavöru/lyf og/eða hafa eftirlit með henni/því og gera viðeigandi aðgerðir sem tilgreindar eru;
b) séu skoðaðir reglulega af yfirvöldum; og
c) séu í samræmi við kröfur um góða framleiðsluhætti sem Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar viðurkennir að séu jafngildar.

Framleiðslustaður eða -staðir verða einnig tilgreindir í vottorðum um framleiðsluheimildir/-leyfi. Dæmigert vottorð af þessu tagi er sýnt í viðbæti 7.

Gefa ber út vottorð um framleiðsluheimildir/-leyfi tafarlaust og skal slík útgáfa fara fram innan 30 almanaksdaga. Heimilt er að lengja þennan tíma í 60 almanaksdaga í tilvikum þegar nauðsynlegt er að framkvæma skoðun að nýju.

8.1.6. Vottun framleiðslueininga.

Hverri framleiðslueiningu um sig mun fylgja framleiðslueiningarvottorð sem framleiðandinn gefur út (framleiðandinn vottar sjálfur) að undangenginni þátt- og magnbundinni allsherjargreiningu allra virkra innihaldsefna í því skyni að tryggja að eiginleikar varanna samræmist kröfum sem eru gerðar vegna heimildar til markaðssetningar/samþykkis vöru.

Framleiðandinn mun, samfara útgáfu fyrrnefnds vottorðs, taka mið af ákvæðum gildandi áætlunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um vottun sem fjallar

appropriate speed in case of quality defect, batch recalls, counterfeiting and other problems concerning quality, which could necessitate additional controls or suspension of the distribution of the product.

8.1.5 Certification of manufacturers

At the request of an exporter, an importer or of an Authority of the other Party concerned, the authorities responsible for granting Certificates of Manufacturing Authorizations/Licences and for the supervision of the manufacture of medicinal products/drugs will certify that the sites used for manufacture and/or control:

a) are appropriately authorized to manufacture and/or control the relevant medicinal product/drug or to carry out the relevant specified operations,
b) are regularly inspected by the authorities, and
c) comply with the GMP requirements recognized as equivalent by Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other.

The Certificates of Manufacturing Authorization/Licence will also identify the site(s) of manufacture. An example of such a certificate is attached at Appendix 7 for illustrative purposes.

Certificates of Manufacturing Authorisations/Licences will be issued expeditiously, and the time taken should not exceed 30 calendar days. In cases when a new inspection has to be carried out, this period may be extended to 60 calendar days.

8.1.6 Batch certification

Each batch exported will be accompanied by a batch certificate issued by the manufacturer ("self certification") after a full qualitative and quantitative analysis of all active constituents to ensure that the quality of the products complies with the requirements of the Marketing Authorization/Product Approval.

When issuing this certificate, the manufacturer will take into account the provisions of the current WHO certification scheme on the quality of medicinal prod-

um eiginleika lyfjavara/lyfja sem verslað er með á alþjóðavettvangi. Vottorðið er til vitnis um að framleiðslueiningin sé í samræmi við forskriftirnar og hafi verið framleidd í samræmi við viðeigandi heimild til markaðssetningar/samþykki vöru og í því er gerð ítarleg grein fyrir forskriftum vörunnar, þeim greiningaraðferðum sem vísað er til, fengnum greiningarniðurstöðum, jafnframt því sem lýst er yfir því að skýrslur um vinnslu framleiðslueiningarinnar og pakkningu hafi verið yfirfarnar og reynst vera í samræmi við góða framleiðsluhætti.

Sá sem er ábyrgur fyrir því að setja framleiðslueininguna í sölu eða að útvega hana undirritar framleiðslueiningarvottorðið. Í EFTA-ríkjunum innan EES er vísað til viðurkennds/viðurkenndra aðila í 21. gr. tilskipunar 75/319/EBE (3. liður XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn) og í Kanada er útnefndur aðili, sem annast gæðaeftirlit við framleiðslu, sá sem tilgreindur er í lið C.02.014 (1) í 2. hluta reglugerðanna um matvæli og lyf.

8.1.7. Gjöld.

Fyrirkomulag vegna skoðunar-/leyfisgjalda fer eftir staðsetningu framleiðanda. Áætlanir um endurheimt kostnaðar og gjöld vegna útgáfu framleiðsluheimilda/-leyfa í hverri lögsögu um sig verða áfram á ábyrgð viðkomandi aðila í fyrrnefndri lögsögu.

Samningsaðilar skulu leitast við að tryggja að álögð gjöld vegna þjónustu verði kostnaðartengd og taka mið af viðeigandi kostnaðarþáttum. Láti einn samningsaðili enga þjónustu í té skulu engin gjöld álögð.

8.1.8. Hver samningsaðili um sig áskilur sér rétt til þess að framkvæma eigin skoðun af ástæðum sem hinum samningsaðilanum, er í hlut á, er gerð grein fyrir. Tilkynna ber hinum samningsaðilanum um slíka skoðun fyrirfram og á hann þess kost að taka þátt í skoðuninni. Aðeins skal skírskota til þessa verndarskilmála í undantekningartilvikum.

8.1.9. Ákvörðun þess efnis að nema leyfi tímabundið úr gildi eða afturkalla það er í höndum þess samningsaðila sem gefur það út.

ucts/drugs moving in international commerce. This certificate will attest that the batch meets the specifications and has been manufactured in accordance with the relevant Marketing Authorization/ Product Approval, detailing the specifications of the product, the analytical methods referenced, the analytical results obtained, and containing a statement that the batch processing and packaging records were reviewed and found in conformity with GMPs.

The batch certificate will be signed by the person responsible for releasing the batch for sale or supply. In the EEA EFTA States the "qualified person(s)" are referred to in article 21 of Directive 75/319/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 3), and in Canada, the nominated person responsible for manufacturing quality control is as specified in the Food and Drug Regulations, Division 2, Section C.02.014 (1).

8.1.7 Fees

The regime of inspection/establishment licence fees is determined by the location of the manufacturer. The cost recovery programmes and the fees pertaining to the issuance of Manufacturing Authorizations/Licences in each jurisdiction will remain the responsibility of that jurisdiction.

The Parties shall endeavour to ensure that any fees imposed for services will be cost-oriented and take into account relevant cost factors. If no services are rendered by one Party, fees should not be charged.

8.1.8 Each Party reserves the right to conduct its own inspection for reasons identified to the other Party concerned. Such inspections are to be notified in advance to the other Party, which has the option of joining the inspection. Recourse to this safeguard clause should be an exception.

8.1.9 The decision to suspend or revoke a licence will rest with the issuing Party.

8.2. Upplýsingamiðlun.

8.2.1. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar mun, í samræmi við almenn ákvæði viðaukans um einstök sérsvið, skiptast á öllum nauðsynlegum upplýsingum til þess að unnt sé að skera úr um og viðhalda jafngildi áætlana um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir. Hlutaðeigandi yfirvöld í Kanada og í hverju EFTA-ríkjanna innan EES um sig munu auk þess upplýsa hvert annað um nýjar tæknileiðbeiningar, skoðunaraðferðir eða breytingar á skipulagningu (nefna má: leiðbeiningarskjöl, útgáfur vísana til staðla, eyðublöð, skjöl viðvíkjandi beitingu lagaákvæða). Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar mun hafa samráð við hinn samningsaðilann eða -aðilana, áður en það samþykkir fyrirhugaðar breytingar, í því skyni að tryggja áframhaldandi jafngildi áætlana um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir. Mál verða tekin upp innan sameiginlegu sérsviðanefndarinnar.

8.2.2. Hlutaðeigandi skoðunarþjónusta (-þjónustur) skal, að framlagðri rökstuddri beiðni þar um, framsenda eintak af síðustu skýrslu um skoðun framleiðslu- eða eftirlitsstaðar sé um það að ræða að greiningarstarfsemi sé boðin út. Beiðnin getur varðað „heildarskoðunarskýrslu“ eða „sundurliðaða skýrslu“. „Heildarskoðunarskýrsla“ tekur til dagbókar framleiðslustaðar (sem framleiðandi heldur eða skoðunarstofa) og munnlegrar skýrslu skoðunarstofu. „Sundurliðuð skýrsla“ svarar tilteknum spurningum hins samningsaðilans, er í hlut á, um viðkomandi fyrirtæki. Samningsaðilar munu sjá til þess að slíkar sundurliðaðar skýrslur séu framsendar innan mest 30 almanaksdaga eða 60 almanaksdaga fari ný skoðun fram.

8.3. Gagnkvæmt aðvörunarkerfi.

8.3.1. Sameiginlega sérsviðanefndin mun tryggja að skilvirkt og gagnkvæmt aðvörunarkerfi sé ávallt tiltækt. Frumþáttum kerfisins er lýst í viðbæti 5.

8.3.2. Yfirvöldin, sem viðaukinn fjallar um, bera ábyrgð á því að tryggt sé að tímabundið afnám eða ógilding samkvæmni-

8.2 Information Sharing

8.2.1 In accordance with the general provisions of the Sectoral Annex, Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, will exchange all information necessary to determine and maintain the equivalence of GMP compliance programmes. In addition, the relevant authorities in Canada and in each of the EEA EFTA States will keep each other informed of all new technical guidance, inspection procedures, or changes in regulation (these include: guidance documents, publications of references to standards, forms, documents relating to the application of legal requirements). Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, will consult the other Party or Parties before adopting these changes to ensure the continued equivalency of the GMP compliance programmes. Concerns will be raised to the Joint Sectoral Group.

8.2.2 Upon reasoned request, the relevant inspection service(s) shall forward a copy of the last inspection report of the manufacturing or control site, in case analytical operations are contracted out. The request may concern a “full inspection report” or a “detailed report”. A “full inspection report” comprises a Site Master File (compiled by the manufacturer or by the inspectorate) and a narrative report by the inspectorate. A “detailed report” responds to specific queries about a firm by the other Party concerned. Parties will ensure that such inspection reports are forwarded in no more than 30 calendar days, this period being extended to 60 calendar days should a new inspection be carried out.

8.3 Two-way Alert System

8.3.1 The Joint Sectoral Group will ensure that an efficient and effective “two-way” alert system is in place at all times. Elements of such a system are described in Appendix 5.

8.3.2 It shall be the responsibility of the authorities covered by the Annex to ensure that any suspension or cancellation (total or

vottunar (að öllu leyti eða að hluta) sé tilkynnt hinum yfirvöldunum, er í hlut eiga, án tafar.

8.3.3. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar skal tilkynna hinum yfirvöldunum, er í hlut eiga, um sérhverja staðfesta skýrslu um vandkvæði, um úrbætur eða afturköllun sem tengist vörum sem falla undir gildissvið þessa viðauka um einstök sérsvið. Hver samningsaðili um sig mun svara sérstökum beiðnum um upplýsingar og mun sjá til þess að yfirvöld hafi handbærar viðeigandi upplýsingar sé eftir þeim leitað.

Ábendingu um tengiliði er að finna í viðbæti 5.

9. Eftirlit með framkvæmd samningsins.

9.1. Stöðugt eftirlit með áætlunum um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir, sem úrskurðað hefur verið að séu jafngildar í lok þess tímabils þegar aðgerðir til þess að vekja tiltrú stóðu yfir, og síðari ákvarðanir um jafngildi skal fara fram eða skulu teknar samkvæmt áætlun um að viðhalda jafngildi sem er þróuð og stjórnað í sameiningu. Sameiginlega sérsviðanefndin mun annast framkvæmd fyrrnefndrar áætlunar.

9.2. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að hafa reglulega samráð sín á milli, undir forsjá sameiginlegu sérsviðanefndarinnar sem er komið á fót samkvæmt þessum viðauka, í því skyni að tryggja áframhaldandi gildi og áreiðanleika þessa viðauka. Kanada og yfirvöld í EFTA-ríkjunum innan EES geta skipulagt fundi til þess að fjalla um sérstök vafaatriði og málefni.

9.3. Yfirvöld skulu taka þátt í viðhaldsaðgerðum, sem sameiginlega sérsviðanefndin tekur ákvörðun um, í því skyni að viðhalda stöðu sinni samanber upptalningu í viðbæti 2.

10. Viðbætar.

10.1. Viðbætar 1 og 2 eru óaðskiljanlegir hlutar þessa viðauka um einstök sérsvið.

10.2. Í viðbætum 3, 4, 5, 6 og 7 felast almennar leiðbeiningar.

partial) of certification of compliance is communicated immediately to the other relevant authorities.

8.3.3 Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, shall notify the other Party concerned of any confirmed problem reports, corrective actions, or recalls related to products covered under the scope of this Sectoral Annex. Each Party will respond to special requests for information and will ensure that authorities make available relevant information, as requested.

Contact points are identified in Appendix 5.

9. Monitoring of The Agreement

9.1 The continuous monitoring of the GMP compliance programmes determined to be equivalent at the conclusion of the confidence building period and any subsequent decisions concerning that equivalence must be made according to a mutually developed and managed equivalence maintenance programme. This programme will be managed by the Joint Sectoral Group.

9.2 The Parties undertake to hold regular consultations, under the auspices of the Joint Sectoral Group set up under this Annex, to ensure the continued relevancy and accuracy of this annex. Canada and any of the EEA EFTA State authorities may organize meetings to discuss specific questions and issues.

9.3 Authorities must participate in maintenance activities, as established under the Joint Sectoral Group, in order to maintain their status as listed in Appendix 2.

10. Appendices

10.1 Appendices 1 and 2 constitute integral parts of this Sectoral Annex.

10.2 Appendices 3, 4, 5, 6 and 7 are general guidelines.

Viðbætir 1.

1. Skrá um gildandi lög.

1.1. Í EFTA-ríkjunum innan EES:
tilskipun 65/65 EBE (1. liður XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum;
tilskipun 75/319 EBE (3. liður XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum;
tilskipun 81/851 EBE (5. liður XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum;
tilskipun 91/356 EBE (15. liður XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum;
tilskipun 91/412 EBE (liður 15a í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn, eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 7/94) með áorðnum breytingum;
reglugerð (EB) nr. 2309/93[6];
tilskipun 92/25/ EBE (liður 15b í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn, eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 7/94);
leiðbeiningar um góða starfshætti við dreifingu; og
gild útgáfa „Leiðbeininga um góða framleiðsluhætti", IV. bindi reglna um lyfjavörur í Evrópubandalaginu.

1.2. Í Kanada:
lög og reglugerðir um matvæli og lyf (Food and Drugs Act and Regulations);
lög um heilbrigði dýra og reglugerðir um útgáfu leyfa fyrir efnum úr dýraríkinu (Health of Animals Act and Regulations for the issuance of permits for materials of animal origin).

2. Viðmiðunarskrá um vörur.

Um leið og viðurkennt er að nákvæmar skilgreiningar á lyfjavörum og lyfjum er að finna í löggjöfinni, sem um getur hér að framan, er viðmiðunarskrá um vörur, sem samningurinn fjallar um, birt hér að aftan:

- lyf handa mönnum, þar með talin lyfseðilskyld lyf og lyf sem eru ekki lyfseðilskyld ásamt lyfjagasi;
- lífræn lyfefni handa mönnum, meðal annars bóluefni, stöðugar lyfjavörur fengnar úr blóði eða blóðvökva úr mönnum, lífræn lækningalyf og ónæmislyf;

6 Reglugerð þessi hefur verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/99.

Appendix 1

1. List of Applicable Legislation

1.1 For the EEA EFTA States:
Directive 65/65 EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 1) as modified;
Directive 75/319 EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 3) as modified;
Directive 81/851 EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 5) as modified;
Directive 91/356 EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 15) as modified;
Directive 91/412 EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 15a as inserted by Decision No 7/94) as modified;

Regulation No (EC) 2309/93[6];
Directive 92/25/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 15b as inserted by Decision No 7/94);
Guide to Good Distribution Practice; and

Current version of the "Guide To Good Manufacturing Practice", Volume IV of Rules Governing Medicinal Products in the European Community.

1.2 For Canada:
Food and Drugs Act and Regulations;

Health of Animals Act and Regulations for the issuance of permits for materials of animal origin.

2. Indicative list of Products

Recognizing that precise definitions of medicinal products and drugs are to be found in the legislation referred to above, an indicative list of products covered by the agreement is given below:

- human pharmaceuticals including prescription and non-prescription drugs, and medicinal gases;
- human biologicals including vaccines, stable medicinal products derived from human blood or human plasma, biotherapeutics, and immunologicals;

6 This Regulation has been incorporated into the EEA Agreement by EEA Joint Committee Decision No. 74/99.

- geislavirk lyf handa mönnum;
- dýralyf, þar með talin lyfseðilskyld lyf og lyf sem eru ekki lyfseðilskyld ásamt forblöndum fyrir gerð lyfjablandaðs dýrafóðurs;
- þar sem við á, vítamín, steinefni, lyf grasalækna og smáskammtalyf; og
- virk lyfjafræðileg innihaldsefni eða lyf í lausri vigt (Ath.: reglusetning með tilliti til góðra framleiðsluhátta virkra lyfjafræðilegra innihaldsefna hefur ekki farið fram í sumum EFTA-ríkjum innan EES og ekki enn af hálfu Kanada).

- human radiopharmaceuticals;
- veterinary pharmaceuticals, including prescription and non-prescription drugs, and pre-mixes for the preparation of veterinary medicated feeds;
- where appropriate, vitamins, minerals, herbal remedies and homeopathic medicinal products; and
- active pharmaceutical ingredients or bulk pharmaceuticals (Note: APIs are not GMP regulated for some EEA EFTA States and not yet by Canada).

Viðbætir 2.
Yfirvöld.

Í EFTA-ríkjunum innan EES:

Ísland:
Lyfjaeftirlit ríkisins
Eiðistorgi 15
IS-170 Seltjarnarnes
Sími: +354 520 21 00
Bréfasími: +354 520 21 70

Liechtenstein:
Amt für Lebensmittelkontrolle und Veterinärwesen
Kontrollstelle für Arzneimittel
Postplatz 2,
Postfach 37
FL-9494 Schaan
Liechtenstein
Sími: +423 236 73 25
Bréfasími: +423 236 73 10

Noregur:
Heilbrigðismálastjórn Noregs
Skrifstofa lyfjamála
(Norwegian Board of Health
Department of Pharmaceutical Services)
P.O. Box 8128 Dep.
N-0032 Oslo
Sími: +47 22 24 90 18
Bréfasími: +47 22 24 90 17

Appendix 2
Authorities

For the EEA EFTA States:

For Iceland:
The State Drug Inspectorate
Lyfjaeftirlit ríkisins
Eidistorg 15
IS-170 Seltjarnarnes
Tel.: +354.520.21.00
Fax.: +354.520.21.70

For Liechtenstein:
Amt für Lebensmittelkontrolle und Veterinärwesen
Kontrollstelle für Arzneimittel
Postplatz 2,
Postfach 37
FL-9494 Schaan
Liechtenstein
Tel.: +423 236 73 25
Fax.: +423 236 73 10

For Norway:
Norwegian Board of Health
Department of Pharmaceutical Services
P.O. Box 8128 Dep.
N-0032 Oslo
Tel.: +47.22.24.90.18
Fax.: +47.22.24.90.17

Í Kanada:
Áætlun um lækningavörur, heilbrigðismálaráðuneyti Kanada, Ottawa (Therapeutic Products Programme, Health Canada, Ottawa)
Dýralyfjastofnun, matvælaskrifstofa, heilbrigðismálaráðuneyti Kanada, Ottawa
(Bureau of Veterinary Drugs, Food Directorate, Health Canada, Ottawa)

For Canada:
Therapeutic Products Programme, Health Canada, Ottawa

Bureau of Veterinary Drugs, Food Directorate, Health Canada, Ottawa

Viðbætir 3.
Sameiginleg sérsviðanefnd.

Sameiginlegri sérsviðanefnd verður komið á fót sem skal annast framkvæmd aðgerða til þess að vekja tiltrú og að þeim loknum hafa eftirlit með rekstri samningsins um gagnkvæma viðurkenningu.

Formennsku í sameiginlegu sérsviðanefndinni, sem er sameiginleg, gegna fulltrúi Kanada og fulltrúi EFTA-ríkjanna innan EES og mun nefndin taka ákvörðun um eigin samsetningu um leið og reynt er að tryggja stöðugleika í aðild eftir því sem við verður komið. Hlutverk sameiginlegu sérsviðanefndarinnar er að ábyrgjast samskipti við sameiginlegu nefndina og hafa umsjón með aðlögunartímabilinu og fylgjast með áframhaldandi framkvæmd þessa viðauka, meðal annars en þó ekki einvörðungu:

- að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir til þess að unnt sé að skilgreina og koma á jafngildi samkvæmniáætlana og hinu gagnkvæma aðvörunarkerfi;
- að meta árangur aðgerða til þess að vekja tiltrú og skera úr um hvaða eftirlitsyfirvöld séu talin jafngild. Sameiginlega sérsviðanefndin mun taka saman skrá um jafngildar eftirlitsstofnanir og senda sameiginlegu nefndinni tilmæli sín;
- að veita sérfræðingum, sem munu stýra mati á þeim góðu framleiðsluháttum sem um ræðir, leiðbeiningar og standa að sameiginlegum verkefnum (t.d. skoðun, verkstofum); og
- að taka ákvarðanir um nauðsynlegt fyrirkomulag viðhaldsáætlunar samningsins um gagnkvæma viðurkenningu.

Fundir sameiginlegu sérsviðanefndarinnar eru haldnir eins oft og þurfa þykir í því skyni að samþykkja starfsáætlun um fyrirkomulag þess að vekja tiltrú, finna lausn á málum og fylgjast með

Appendix 3
Joint Sectoral Group

Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, shall notify the other Party concerned of any confirmed problem reports, corrective actions, or recalls related to products that it has evaluated under the terms of this Agreement. Each Party will respond to special requests for information on particular devices and will ensure that its Designated Authorities and Conformity Assessment Bodies make available relevant information on these devices, as requested.

It shall be the responsibility of the Regulatory Authorities covered by this Sectoral Annex to ensure that any suspension or cancellation (total or partial) of a certificate of compliance is immediately communicated to the Party or Parties concerned.

7.5 Fees

The regime of registration or conformity assessment fees is determined by the location of the manufacturer. The cost recovery programmes and the fees pertaining to the issuance of a certificate of compliance in each jurisdiction will remain the responsibility of that jurisdiction. Conformity assessment fees will not be charged by Canada or any of the EEA EFTA States to manufacturers located on the territory of the other Party concerned, where the conformity assessment was conducted by a Conformity Assessment Body located in concerned Party's territory.

7.6 Monitoring of the Agreement

The continuous monitoring of the equivalency of designation processes and conformity assessments for each Party's requirements that have been determined to be equivalent at the conclu-

þess að vekja tiltrú stóðu yfir, og síðari ákvarðanir um jafngildi skal fara fram eða skulu teknar í samræmi við aðgerðir sem eru þróaðar og stjórnað í sameiningu og snúast um að viðhalda jafngildi og koma því í framkvæmd. Sameiginlega sérsviðanefndin mun annast framkvæmd þessara aðgerða.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að hafa reglulega samráð sín á milli, innan sameiginlegu sérsviðanefndarinnar sem er komið á fót samkvæmt þessum viðauka um einstök sérsvið, í því skyni að tryggja áframhaldandi gildi og áreiðanleika þessa viðauka um einstök sérsvið. Eftirlits-/tilnefningaryfirvöldin og samræmismatsstofurnar munu skipuleggja fundi til þess að fjalla um sérstök vafaatriði og málefni.

Samræmismatsstofur og eftirlits-/tilnefningaryfirvöld skulu taka áfram þátt í viðhaldsaðgerðum, sem sameiginlega sérsviðanefndin tekur ákvörðun um og rúmast innan ramma þessa viðauka, í því skyni að viðhalda stöðu sinni samkvæmt þessum viðauka eins og fram kemur í fylgiskjali 2.

Samningsaðilar geta óskað eftir að eftirlits-/tilnefningaryfirvöldum eða samræmismatsstofum verði bætt við fylgiskjal 2. Málsmeðferð, þegar samþykkja á ný eftirlits-/tilnefningaryfirvöld, er eins og lýst verður í sameiginlegu áætluninni um að vekja tiltrú. Samræmismatsstofum verður bætt við fylgiskjal 2 að fram komnum tilmælum eftirlits-/tilnefningaryfirvalds og sameiginlegri ákvörðun sameiginlegu sérsviðanefndarinnar.

7.7. Tengiliðir.

Tengiliðir eru tilgreindir til þess að gera eftirlitsyfirvöldum og framleiðendum kleift að upplýsa eftirlitsyfirvöld hins samningsaðilans, er í hlut á, í tæka tíð um galla, afturkallanir og óæskileg tilvik sem gætu kallað á aukið eftirlit eða að dreifingu viðkomandi vöru verði hætt um stundarsakir eða að samkvæmnivottorð verði numið úr gildi tímabundið eða ógilt.

Tengiliðir eru, að því er varðar samning þennan, sem hér greinir:
í Kanada:
Stjórnarskrifstofa lækningavara, heilbrigðismálaráðuneyti Kanada (The Thereputic Products Directorate, Health Canada); og

í EFTA-ríkjunum innan EES:

sion of the confidence building program, and any subsequent decisions concerning that equivalence, must be made according to mutually developed and managed equivalence maintenance and implementation activities. This will be managed by the Joint Sectoral Group.

The Parties will undertake to hold regular consultations, within the Joint Sectoral Group set up under this Sectoral Annex to ensure the continued relevancy and accuracy of this Sectoral Annex. The Regulatory/Designating Authorities and Conformity Assessment Bodies will organize meetings to discuss specific questions and issues.

Conformity Assessment Bodies and Regulatory/Designating Authorities must continue participation in maintenance activities, as established by the Joint Sectoral Group, within the framework of this Annex in order to maintain their status under this Annex as indicated in Attachment 2.

Parties may request the addition of Regulatory/Designating Authorities or Conformity Assessment Bodies to Attachment 2. The procedure for the acceptance of new Regulatory/Designating Authorities will be as described in the confidence building programme. Conformity Assessment Bodies will be added to Attachment 2 upon recommendation from a Regulatory/Designating Authority and joint decision by the Joint Sectoral Group.

7.7 Contact Points

Contact points are identified in order to permit Regulatory Authorities and manufacturers to inform the Regulatory Authorities of the other Party concerned with the appropriate speed in case of quality defects, recalls, and adverse incidents, which could necessitate additional controls or, suspension of the distribution of the product or, suspension or cancellation of a certificate of compliance.

For the purpose of this agreement, the contact points will be:
for Canada:
The Thereputic Products Directorate, Health Canada; and

for the EEA EFTA States:

á Íslandi:
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Laugavegi 116
IS-150 Reykjavík
Sími: +354 560 97 00
Bréfasími: +354 551 91 65

í Liechtenstein:
Amt für Lebensmittelkontrolle und Veterinärwesen
Kontrollstelle für Arzneimittel
Postplatz 2,
Postfach 37
FL-94-94 Schaan
Liechtenstein
Sími: +423 236 73 25
Bréfasími: +423 236 73 10

í Noregi:
Heilbrigðismálastjórn Noregs
(Skrifstofa lyfjamála)
Norwegian Board of Health
(Medical Devices Section)
P.O. Box 8128 Dep.
N-0032 Oslo
Norway
Sími: +47 22 89 53/90 07
Bréfasími: +47 22 24 90 17

Iceland:
Ministry of Health and Social Security
Laugavegur 116
IS-150 Reykjavík
Tel.: +354.560.97.00
Fax.: +354.551.91.65

Liechtenstein:
Amt für Lebensmittelkontrolle und Veterinärwesen
Kontrollstelle für Arzneimittel
Postplatz 2,
Postfach 37
FL-94-94 Schaan
Liechtenstein
Tel.: +423 236 73 25
Fax.: +423 236 73 10

Norway:
Norwegian Board of Health
(Medical Devices Section)
P.O. Box 8128 Dep.
N-0032 Oslo
Norway
Tel.: +47.22.89.53/90.07
Fax.: +47.22.24.90.17

8. Fylgiskjöl.

Fylgiskjöl 1 og 2 eru óaðskiljanlegir hlutar þessa viðauka. Fylgiskjöl 3, 4 og 5 eru almennar leiðbeiningar.

8. Attachments

Attachments 1 and 2 constitute integral parts of this Annex. Attachments 3, 4 and 5 are general guidelines.

Fylgiskjal 1.
Eftirlits-/tilnefningaryfirvöld sem eru hæfir þátttakendur með tilliti til samnings þessa.

Að því er varðar samræmismatsstofur sem Kanada tilnefnir	Að því er varðar samræmismatsstofur sem EFTA-ríkin innan EES tilnefna
Kanada Áætlun um lækningavörur, heilbrigðismálaráðuneyti Kanada	Ísland Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið Liechtenstein Ríkisstjórn Liechtenstein[7] Noregur Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið

7 Ríkisstjórn furstadæmisins Liechtenstein ber réttur til þess að útnefna viðeigandi sérstakar innlendar stjórnsýslustofnanir til þess að tilnefna samræmismatsstofur síðar meir.

Attachment 1
Regulatory/ Designation Authorities Eligible to Participate in this Agreement

For the Conformity Assessment Bodies Designated by Canada	For the Conformity Assessment Bodies Designated by the EEA EFTA States
Canada Therapeutic Products Programme, Health Canada	Iceland Ministry of Health and Social Security Liechtenstein The Government of Liechtenstein[7] Norway Ministry of Health and Social Affairs

7 The Government of the Principality of Liechtenstein is entitled to appoint appropriate specific national administration bodies as designators of conformity assessment bodies at a future date.

Fylgiskjal 2.
Tilnefndar samræmismatsstofur og tilsvarandi tilnefningaryfirvöld.

Í Kanada	Í EFTA-ríkjunum innan EES
Verður frágengið eftir að sameiginlegri áætlun um að vekja tiltrú lýkur	Verður frágengið eftir að sameiginlegri áætlun um að vekja tiltrú lýkur

Attachment 2
Designated Conformity Assessment Bodies and their respective Designating Authorities

For Canada	For the EEA EFTA States
To be completed after the Confidence Building Programme	To be completed after the Confidence Building Programme

Fylgiskjal 3.
Áfangar og frumþættir áætlunar um að vekja tiltrú.

A. Endurskoðun og mat frumþátta samræmismats (skjalaskipti).

1. Ákvæði laga og reglna og gildissvið.
   - Löggjöf og reglugerðir sem veita umboð, meðal annars vald til þess að framfylgja lögum og reglum, umboð veitt matsmönnum og úttektarmönnum, vald til þess að fjarlægja vörur af markaði sem uppfylla ekki settar kröfur o.s.frv.
   - Hentug stjórntæki þegar hagsmunaárekstrar verða.
2. Stjórnsýslutilskipanir og -stefnumið.
   - Aðferðir við að ákvarða hæfi matsmanna/úttektarmanna.
   - Stefna/leiðbeiningar/málsmeðferð.
   - Starfsreglur/siðareglur.
   - Þjálfun/vottunarstefna/leiðbeiningar.
   - Stefna/málsmeðferð/leiðbeiningar viðvíkjandi stjórnun þegar um aðvörun er að ræða eða hættuástand skapast.
   - Stjórnskipulag, meðal annars hlutverk og ábyrgð og tengsl með tilliti til skýrslugjafar.
3. Stjórnun, aðferðir og starfsvenjur við gæðaskoðun.
   - Gildissvið/einstök atriði rekstrarstaðla o.s.frv.
   - Hæfi úttektarmanna, fjöldi, þjálfun, gæðatrygging, verktaka o.s.frv.
4. Aðferðir og starfsvenjur við vísinda- og tæknilegt mat.
   - Gildissvið/einstök atriði rekstrarstaðla o.s.frv.
   - Hæfi matsmanna, fjöldi, þjálfun, gæðatrygging, verktaka o.s.frv.
5. Mats- og úttektarskýrslur.
   - Gildissvið og framsetning skýrslna.
   - Kröfur um innihald.
   - Geymsla, endurheimt og aðgangur að skýrslum.
   - Gildissvið og framsetning skýrslna í styttu formi, niðurstöður samræmismats og vottorð.
6. Tilhögun úttektar og mats.
   - Skipulag úttektar og mats (gerð, umfang, tímaáætlanir, áhersluatriði, tilkynningar, áhætta).

Attachment 3
Phases and Elements of a Confidence Building Program

A. Review and Evaluation of Elements of Conformity Assessment (exchange of documentation).

1. Legislative and Regulatory Requirements and Scope
   - Empowering legislation and regulations including authority to enforce laws and regulations, powers given to evaluators and auditors, authority to remove violative products from the market, etc.
   - Suitable controls on conflict of interest
2. Regulatory Directives and Policies
   - Procedures for determining competency of evaluators/auditors
   - Enforcement policies/guidelines/procedures
   - Codes of conduct/ethics
   - Training/certification policies/guidelines
   - Alert/crisis management policies/procedures/guidelines
   - Organizational structure, including roles, responsibilities and reporting relationships
3. Quality Audit Management, Methodology and Practices
   - Scope/details of operating standards, etc.
   - Auditor qualifications, numbers, training, quality assurance, contracting, etc.
4. Scientific Technical Evaluation Methodology and Practices
   - Scope/details of operating standards, etc.
   - Evaluator qualifications, numbers, training, quality assurance, contracting, etc.
5. Evaluation and Auditing Reports
   - Scope and format of reports
   - Content requirements
   - Storage, retrieval and access to reports
   - Scope and format of abbreviated reports, conclusions of conformity assessment and certificates
6. Auditing and Evaluation Procedures
   - Audit and Evaluation strategy (type, scope, scheduling, focus, notification, risk)

- Undirbúningur/kröfur sem ber að sinna áður en úttekt eða mat fer fram.
- Aðferðir (aðgangur að og endurskoðun skjala og gagnasafna fyrirtækis, söfnun sönnunargagna, endurskoðun gagna, söfnun sýna, viðtöl).
- Aðgerðir að úttekt og mati loknu (verklag við útgáfu skýrslna, eftirfylgd, ákvörðunartaka).
- Söfnun/geymsla gagna og aðgangur að þeim.

7. Kröfur um framgang úttektar og mats.
   - Tíðni/fjöldi, gæði og rétt tímasetning skýrslna, viðmiðunarreglur/tíðni/verklag með tilliti til endurtekinnar úttektar eða mats og úrbætur.
8. Fullnustuvald og -aðferðir.
   - Fyrirtækjum tilkynnt skriflega um vanefndir.
   - Stjórnunaraðferðir/-fyrirkomulag þegar um samkvæmni er ekki að ræða (afturköllun, tímabundin ógilding, svæling vara, afturköllun leyfa, haldlagning, lögsókn).
   - Áfrýjunarleiðir.
   - Aðrar ráðstafanir til þess að stuðla að því að fyrirtæki uppfylli settar kröfur að fúsum og frjálsum vilja.
9. Fyrirkomulag þegar um aðvörun er að ræða eða hættuástand skapast.
   - Aðferðum beitt þegar um aðvörun er að ræða.
   - Stjórnunaraðferðir þegar hættuástand skapast.
   - Kröfur um framgang þegar um aðvörun er að ræða (viðeiganleiki og rétt tímasetning aðvörunar).
10. Greiningargeta.
    - Aðgangur að rannsóknarstofum sem hafa aðstöðu til þess að annast nauðsynlega greiningu.
    - Staðlaðar verklagsreglur sem er ætlað að treysta grundvöll greiningar.
    - Gildingarferli greiningaraðferða.

11. Áætlun/ráðstafanir vegna eftirlits (sem framleiðendur og eftirlitsyfirvöld gera).
    - Aðferðir við úrtöku og úttekt.
    - Eftirlit með tilliti til afturköllunar (m.a. könnun skilvirkni og sannprófun verklagsreglna).
    - Skipulag/málsmeðferð vegna kvartana neytenda.

- Pre-audit or evaluation preparation/ requirements
- Methodology (access to and review of firm's files and databases, collection of evidence, data review, sample collection, interviews)
- Post audit and evaluation activities (procedures for report issuance, follow-up, decision making)
- Collection/storage of and access to data

7. Auditing and Evaluation Performance Standards
   - Frequency/number, quality and timeliness of reports, norms/frequency/ procedures for reaudit or re-evaluation and corrective action
8. Enforcement Powers and Procedures
   - Provision of written notices of violations to firms
   - Non-compliance management procedures/mechanisms (recall, suspension, quarantine of products, certificate revocation, seizure, prosecution)
   - Appeal mechanisms
   - Other measures to promote voluntary compliance by firm
9. Alert and Crisis Systems
   - Alert mechanisms
   - Crisis management mechanisms
   - Alert performance standards (appropriateness and timeliness of alert)
10. Analytical Capability
    - Access to laboratories with capacity to handle necessary analysis
    - Standard Operating Procedures for analytical support
    - Processes for validation of analytical methods
11. Surveillance Programme/Measures (used by manufacturers and by regulatory authorities)
    - Sampling and audit procedures
    - Recall monitoring (including effectiveness controls and verifications of procedures)
    - Consumer complaint systems/procedures

- Skipulag/málsmeðferð vegna tilkynninga um aukaverkanir.

12. Gæðastjórnunarkerfi
- Gæðastjórnun/tryggingakerfi/verklagsreglur til þess að tryggja viðvarandi nothæfi og skilvirkni stefnumiða, aðferða, leiðbeininga og skipulags sem er beitt til þess að ná fram markmiðum samræmismatsáætlunarinnar, þ. m. t. samþykki staðla og árlegar úttektir og endurskoðun.

B. Innri samanburður.
- Úttekt á fyrirkomulagi og verklagi.
- Framkvæmd samhliða mats (tvöfalt mat af handahófi).
- Viðmiðanir fyrir gögn úr klínískum prófunum.
- Skipti/mat á skýrslum.
- Eftirlit með aðvörunarkerfum, meðal annars meðferð afturkallana.
- Sameiginlegar úttektir á framleiðendum í því skyni að skera úr um jafngildi úttektaraðferða.
- Skipti á matsmönnum/úttektarmönnum eða skipulag sameiginlegra verkstofa (valfrjálst).

C. Ákvörðunartaka um árangur af könnun á innri samanburði.
- Mat á niðurstöðum.
- Aðgerðir sem ber að grípa til, þróun valkosta og lausna í tengslum við mál sem eru til umfjöllunar.
- Ákvörðun um hvaða þar til bærar stofnanir fullnægi matsviðmiðunum.
- Ákvörðun skilyrða og aðferða sem gilda um varanlegt viðhald samningsins um gagnkvæma viðurkenningu (þróa gæðastjórnunarkerfi, úttektaraðferð og samráðsferli/viðvarandi skoðanaskipti).

- Adverse incident reporting systems/ procedures

12. Quality Management Systems
- Quality management/assurance systems/ procedures to ensure the ongoing suitability and effectiveness of policies, procedures, guidelines and systems used to achieve the objectives of the conformity assessment programme, including establishment of standards and annual audit and review.

B. Inter-Comparison Exercise
- Audit of Systems and Procedures.
- Conduct of Parallel Evaluations (double blind)
- Criteria for Clinical Trial Data
- Exchange/evaluation of reports
- Monitoring of alert systems including handling of recalls
- Joint audits of manufacturers to determine equivalency of audit methods
- Exchange of evaluators/auditors or organization of joint workshops (optional)

C. Decision Making on the Success of the Inter-Comparison Study
- Evaluation of results
- Action to take, development of options and solutions to address issues
- Determination of competent Conformity Assessment Bodies that meet evaluation criteria
- Establishment of the conditions and mechanisms for on-going maintenance of the MRA (develop quality management system, audit mechanism and a consultation/on-going dialogue process)

Fylgiskjal 4.
Þættir áætlunar um gagnkvæma aðvörun.

1. Skjöl.
   - Skilgreining á því hvað telst vera hættu-/neyðarástand og við hvaða aðstæður er nauðsynlegt að senda út aðvörun.
   - Staðlaðar verklagsreglur.
   - Aðferðir við að meta og flokka heilsufarshættu.
   - Tungumál boðskipta og upplýsingamiðlunar.
2. Stjórnskipan þegar hættuástand skapast.
   - Greining hættuástands og boðskiptaleiðir.
   - Aðgangur að sendum gögnum framleiðanda, skýrslum um óæskileg tilvik og skýrslum samræmismatsstofa.
   - Stofnsetning tengiliða.
   - Aðferðir við skýrslugjöf.
3. Framfylgd.
   - Aðferðir við eftirfylgd.
   - Aðferðir við úrbætur.
4. Gæðatryggingarkerfi.
   - Áætlun um árvekni.
   - Eftirlit/fylgst með því að úrbætur séu gerðar.

Attachment 4
Components of a "Two-way" Alert Programme

1. Documentation
   - Definition of a crisis/emergency and under what circumstances an alert is required
   - Standard Operating Procedures (SOPSs)
   - Mechanism of health hazards evaluation and classification
   - Language of communication and transmission of information
2. Crisis Management System
   - Crisis analysis and communication mechanisms
   - Access to manufacturer's submissions, adverse incident reports and Conformity Assessment Body reports
   - Establishment of contact points
   - Reporting mechanisms
3. Enforcement Procedures
   - Follow-up mechanisms
   - Corrective action procedures
4. Quality Assurance System
   - Vigilance programme
   - Surveillance/monitoring of implementation of corrective action

Fylgiskjal 5.
Leiðbeiningar: Verklag við tilnefningu og eftirlit með samræmismatsstofum.

A. Almennar kröfur og skilyrði.

1. Tilnefningaryfirvöld skulu einungis tilnefna samræmismatsstofur sem unnt er að skilgreina á lagalega hátt.
2. Tilnefningaryfirvöld skulu einungis tilnefna samræmismatsstofur sem geta sýnt fram á að þær skilji, hafi reynslu viðvíkjandi og séu hæfar til þess að beita samræmismatskröfum og -aðferðum samkvæmt laga- og stjórnsýslufyrirmælum annars samningsaðila sem þær eru tilnefndar vegna.
3. Þegar viðkomandi aðili sýnir fram á tæknilega getu sína skal miða við eftirfarandi:
   - tæknilega þekkingu á þeim vörum, vinnsluferlum eða þjónustu sem um ræðir;

Attachment 5
Guidelines: Procedures for the Designation and Monitoring of Conformity Assessment Bodies

A. General requirements and conditions

1. Designating Authorities shall only designate legally identifiable entities as Conformity Assessment Bodies.
2. Designating Authorities shall only designate Conformity Assessment Bodies able to demonstrate that they understand, have experience relevant to, and are competent to apply the conformity assessment requirements and procedures of the legislative, regulatory and administrative provisions of another Party for which they are designated.
3. Demonstration of technical capabilities shall be based on:
   - technological knowledge of the relevant products, processes or services;

- skilning á tæknistöðlum og almennum kröfum um vernd gegn áhættu sem sóst er eftir tilnefningu vegna;
- reynslu á sviði gildandi laga- og stjórnsýslufyrirmæla;
- raunverulega getu til þess að framkvæma það samræmismat sem um ræðir;
- fullnægjandi stjórn á þeirri starfsemi á sviði samræmismats sem um ræðir; og
- allar aðrar aðstæður sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja að samræmismatið verði ævinlega framkvæmt á fullnægjandi hátt.

4. Viðmiðanir um tæknilega getu skulu byggðar á alþjóðlega viðurkenndum skjölum að viðbættum sérstökum túlkunargögnum sem eru tekin saman öðru hverju.

5. Samningsaðilar skulu stuðla að því að tilnefningar- og samræmismatsaðferðir verði samhæfðar með samvinnu tilnefningaryfirvalda og samræmismatsstofa sem fer fram á samræmingarfundum, með þátttöku í gagnkvæmu viðurkenningarfyrirkomulagi og á fundum vinnuhópa. Eigi faggildingarstofur aðild að tilnefningarferlinu skal hvetja þær til þátttöku í gagnkvæmu viðurkenningarfyrirkomulagi.

B. Tilhögun úrskurðar um hæfni samræmismatsstofa.

6. Tilnefningaryfirvöld geta beitt eftirtöldum aðferðum til þess að skera úr um tæknilega getu samræmismatsstofa. Samningsaðili mun, ef nauðsyn krefur, benda viðkomandi tilnefningaryfirvaldi á hugsanlegar leiðir til þess að sýna fram á hæfni.
   a) Faggilding
      Með faggildingu skal gengið út frá tæknilegri getu með tilliti til krafna annars samningsaðila þegar:
      i) faggilding fer fram í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar gerðir (EN 45000 staðlana eða ISO/IEC-leiðbeiningarnar); og annaðhvort
      ii) faggildingarstofan tekur þátt í gagnkvæmu viðurkenningarfyrirkomulagi, þar sem hún undirgengst jafningjamat sem er fólgið í mati einstaklinga, sem

- understanding of the technical standards and the general risk protection requirements for which designation is sought;
- the experience relevant to the applicable legislative, regulatory and administrative provisions;
- the physical capability to perform the relevant conformity assessment activity;
- an adequate management of the conformity assessment activities concerned; and
- any other circumstance necessary to give assurance that the conformity assessment activity will be adequately performed on a continuous basis.

4. The technical capability criteria shall be based on internationally accepted documents supplemented by specific interpretative documents developed as appropriate from time to time.

5. The Parties shall encourage harmonization of designation and conformity assessment procedures through cooperation between Designating Authorities and Conformity Assessment Bodies by means of coordination meetings, participation in mutual recognition arrangements, and working group meetings. Where accreditation bodies participate in the designation process they should be encouraged to participate in mutual recognition arrangements.

B. System to Determine Conformity Assessment Bodies' Capabilities

6. The Designating Authorities may apply the following processes to determine the technical capabilities of Conformity Assessment Bodies. If necessary, a Party will indicate to the Designating Authority the possible ways to demonstrate capabilities.
   (a) Accreditation
      Accreditation shall constitute a presumption of technical capability in relation to the requirements of an other Party when:
      (i) the accreditation process is conducted in conformance with the relevant international documentation (EN 45000 series or ISO/IEC guides); and either,
      (ii) the accreditation body participates in mutual recognition arrangements where it is subject to peer evaluation which involves evaluation by

eru viðurkenndir sérfræðingar á sviði þeirrar vinnu sem er verið að meta, á hæfni faggildingarstofa og samræmismatsstofa sem þær faggilda; eða

iii) faggildingarstofan, sem starfar samkvæmt umboði tilnefningaryfirvalds, tekur þátt, samkvæmt málsmeðferð sem verður ákveðin, í samanburðaráætlunum og gagnkvæmum skiptum á tæknilegri reynslu í því skyni að tryggja viðvarandi traust að því er varðar tæknilega færni viðkomandi faggildingarstofa og samræmismatsstofa. Slíkar áætlanir geta náð yfir sameiginlegt mat, séráætlanir um samvinnu eða jafningjamat.

Þegar faggilding samræmismatsstofu veitir einvörðungu rétt til þess að meta hvort vörur, vinnsluferli eða þjónusta sé í samræmi við tilteknar tækniforskriftir skal takmarka tilnefningu við slíkar tækniforskriftir.
Þegar samræmismatsstofa leitar eftir tilnefningu til þess að meta hvort tiltekin vara, vinnsluferli eða þjónusta sé í samræmi við grunnkröfur skal faggildingarferlið ná til grunnþátta sem munu gera kleift að meta hæfni (tæknilega þekkingu og skilning á almennt framsettum kröfum um vernd gegn áhættu að því er varðar þá vöru, vinnsluferli eða þjónustu sem um ræðir eða notkun hennar) viðkomandi samræmismatsstofu til þess að meta hvort fyrrnefndum grunnkröfum sé hlítt.

b) Önnur úrræði.
Þegar viðeigandi faggildingarfyrirkomulag er ekki fyrir hendi, eða sérstakar aðstæður ríkja, skulu viðkomandi tilnefningaryfirvöld gera kröfu um að samræmismatsstofurnar sýni fram á hæfni sína með öðrum hætti, til dæmis:
- með þátttöku í svæðisbundnu/alþjóðlegu viðurkenningarfyrirkomulagi eða vottunarkerfum;
- með reglubundnu jafningjamati;
- með hæfnisprófunum; og
- samanburði á samræmismatsstofum.

individuals with recognised expertise in the field of the work being evaluated, of the capabilities of accreditation bodies and Conformity Assessment Bodies accredited by them, or

(iii) the accreditation body, operating under the authority of a Designating Authority, takes part, in accordance with procedures to be agreed, in comparison programmes and exchanges of technical experience in order to ensure the continued confidence in the technical competence of the accreditation bodies and Conformity Assessment Bodies. Such programmes may include joint assessments, special cooperation programmes or peer evaluation.

When a Conformity Assessment Body is only accredited to evaluate a product, process or service for compliance with particular technical specifications, designation shall be limited to those technical specifications.
When a Conformity Assessment Body seeks designation to evaluate a particular product, process or service for compliance with essential requirements, the accreditation process shall incorporate elements which will permit assessment of the capability (technological knowledge and understanding of the generally stated risk protection requirements of the product, process or service or their use) of the Conformity Assessment Body to evaluate compliance with those essential requirements.

(b) Other means
When appropriate accreditation is not available or when special circumstances apply, the Designating Authorities shall require the Conformity Assessment Bodies to demonstrate their capabilities through other means such as:
- participation in regional/international mutual recognition arrangements or certification systems;
- regular peer evaluations;
- proficiency testing; and
- comparisons between Conformity Assessment Bodies.

C. Mat á tilnefningarfyrirkomulagi.

7. Þegar hver samningsaðili um sig hefur skilgreint tilnefningarfyrirkomulag til þess að meta hæfni samræmismatsstofa er öðrum samningsaðila heimilt, að höfðu samráði við tilnefningaryfirvöldin, að ganga úr skugga um að fyrirkomulagið tryggi með fullnægjandi hætti að tilnefning samræmismatsstofa sé í samræmi við kröfur hans.

D. Formleg tilnefning.

8. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð við samræmismatsstofur innan þeirra eigin lögsögu til þess að komast að vilja þeirra til þess að verða tilnefndar samkvæmt skilmálum þessa samnings. Fyrrnefnt samráð skal ná til samræmismatsstofa sem starfa ekki samkvæmt viðeigandi laga- og stjórnsýslufyrirmælum sinna eigin samningsaðila en kunna, engu að síður, að hafa hug á og getu til að starfa í samræmi við laga- og stjórnsýslufyrirmæli annars samningsaðila.

9. Tilnefningaryfirvöld skulu tilkynna fulltrúum samningsaðila sinna í sameiginlegu sérsviðanefndinni, sem er komið á fót samkvæmt samningi þessum, um samræmismatsstofur sem til stendur að færa í eða fella brott úr 2. fylgiskjali viðaukans um einstök sérsvið. Tilnefning, tímabundin ógilding eða afturköllun tilnefningar samræmismatsstofa skal fara fram í samræmi við ákvæði samnings þessa og starfsreglur sameiginlegu sérsviðanefndarinnar.

10. Tilnefningaryfirvald skal, þegar það gefur fulltrúa samningsaðila síns í sameiginlegu sérsviðanefndinni, sem er komið á fót samkvæmt samningi þessum, leiðbeiningar um þær samræmismatsstofur sem ber að fella inn í viðaukann um einstök sérsvið, leggja fram eftirfarandi upplýsingar um hverja samræmismatsstofu:
    a) nafn;
    b) póstfang;
    c) símbréfanúmer;
    d) það svið vara, vinnsluferla og þjónustu sem hún hefur heimild til að meta;
    e) þær samræmismatsaðferðir sem henni er heimilt að nota; og
    f) þá tilnefningaraðferð sem er notuð til þess að skera úr um hæfni viðkomandi samræmismatsstofu.

C. Evaluation of the Designation System

7. Once the designation systems to evaluate the capabilities of Conformity Assessment Bodies have been defined by each Party, another Party may, in consultation with the Designating Authorities, check that the systems give sufficient assurance that the designation of the Conformity Assessment Bodies satisfies its requirements.

D. Formal Designation

8. Designating Authorities shall consult the Conformity Assessment Bodies within their jurisdiction in order to determine their willingness to be designated under the terms of this Agreement. Such consultation should include those Conformity Assessment Bodies who do not operate under the respective legislative, regulatory, and administrative requirements of their own Party, but which may, nevertheless, be interested and capable of working to the legislative, regulatory, and administrative requirements of another Party.

9. Designating Authorities shall inform their Party's representatives on the Joint Sectoral Group, established under this Agreement, of the Conformity Assessment Bodies to be included in or withdrawn from Attachment 2 of the Sectoral Annex. Designation, suspension or withdrawal of designation of Conformity Assessment Bodies shall take place in accordance with the provisions of this Agreement and the rules of procedure of the Joint Sectoral Group.

10. When advising their Party's representative on the Joint Sectoral Group established under this Agreement, of the Conformity Assessment Bodies to be included in the Sectoral Annexes, the Designating Authority shall provide the following details in respect of each Conformity Assessment Body:
    (a) the name;
    (b) the postal address;
    (c) the facsimile (fax) number;
    (d) the range of products, processes, standards or services it is authorized to assess;
    (e) the conformity assessment procedures it is authorized to carry out; and
    (f) the designation procedure used to determine capabilities.

E. Eftirlit.

11. Tilnefningaryfirvöld skulu viðhalda viðvarandi eftirliti með tilnefndum samræmismatsstofum, eða sjá til þess að það sé gert, með reglubundnum úttektum eða mati. Tíðni og eðli slíkra aðgerða skulu vera í samræmi við bestu starfsvenjur, sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar, eða eins og sameiginlega sérsviðanefndin samþykkir.
12. Tilnefningaryfirvöld skulu gera kröfu um að tilnefndar samræmismatsstofur taki þátt í hæfnisprófunum eða öðrum viðeigandi samanburði sé unnt að framkvæma slíkar aðgerðir tæknilega innan eðlilegra kostnaðarmarka.
13. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð við mótaðila sína, eftir þörfum, í því skyni að tryggja að tiltrú á samræmismatsferli og -aðferðum sé viðhaldið. Samráðið getur falist í sameiginlegri þátttöku í úttektum, sem tengjast samræmismati eða öðru mati á samræmismatsstofum, þar sem slík þátttaka er viðeigandi og tæknilega framkvæmanlegar innan eðlilegra kostnaðarmarka.
14. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð við hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld annars samningsaðila, eftir þörfum, í því skyni að tryggja að engum ákvæðum laga og reglna sé sleppt og um þau sé fjallað á tilhlýðilegan hátt.

E. Monitoring

11. Designating Authorities shall maintain, or cause to maintain, ongoing surveillance over designated Conformity Assessment Bodies by means of regular audit or assessment. The frequency and nature of such activities shall be consistent with international best practices or as agreed by the Joint Sectoral Group.
12. Designating Authorities shall require designated Conformity Assessment Bodies to participate in proficiency testing or other appropriate comparison exercises where such exercises are technically possible within reasonable cost.
13. Designating Authorities shall consult as necessary with their counterparts, to ensure the maintenance of confidence in conformity assessment processes and procedures. This consultation may include joint participation in audits related to conformity assessment activities or other assessments of designated Conformity Assessment Bodies, where such participation is appropriate and technically possible within reasonable cost.
14. Designating Authorities shall consult, as necessary, with the relevant regulatory authorities of another Party to ensure that all regulatory requirements are identified and are satisfactorily addressed.

Nr. 2 2. febrúar 2001

AUGLÝSING

um fyrirkomulag milli Íslands og Lettlands varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Fyrirkomulag milli Íslands og Lettlands varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir, sem gert var í Reykjavík 18. september 1996, öðlaðist gildi 1. febrúar 2001.

Fyrirkomulagið liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að því.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. febrúar 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um samning milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.

Hinn 28. febrúar 2001 var framkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi sem gerður var í Brussel 19. janúar 2001. Alþingi hafði með ályktun 26. febrúar 2001 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Samningurinn öðlast gildi 1. apríl 2001.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. mars 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.

EVRÓPUBANDALAGIÐ og LÝÐVELDIÐ ÍSLAND og KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,

hér á eftir nefnd „samningsaðilarnir“,

HAFA Í HUGA að aðildarríki Evrópusambandsins hafa gert með sér Dyflinnarsamninginn um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna[1], sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990 (hér á eftir nefndur „Dyflinnarsamningurinn“),

MINNAST ÞESS að í 7. gr. samningsins frá 18. maí 1999, sem ráð Evrópusambandsins (hér á eftir nefnt „ráðið“) og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og

1 OJ C 254, 19.8.1997, bls. 1.

AGREEMENT
between the European Community and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the Criteria and Mechanisms for establishing the State responsible for examining a Request for Asylum lodged in a Member State or in Iceland or Norway

THE EUROPEAN COMMUNITY and the REPUBLIC OF ICELAND and the KINGDOM OF NORWAY,

hereinafter referred to as "the Contracting Parties",

CONSIDERING that the Member States of the European Union have concluded the Dublin Convention determining the State responsible for examining applications for asylum lodged in one of the Member States of the European Communities[1], signed in Dublin on 15 June 1990 (hereinafter referred to as "the Dublin Convention"),

RECALLING that Article 7 of the Agreement of 18 May 1999 concluded by the Council of the European Union (hereinafter referred to as "the Council") and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latters'

1 OJ C 254, 19.8.1997, p. 1.

þróun Schengen-gerðanna[2], er kveðið á um gerð viðeigandi samkomulags um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkjanna eða á Íslandi eða í Noregi,

ÁLÍTA að það sé viðeigandi að ákvæði Dyflinnarsamningsins og viðkomandi ákvæði sem nefndin, sem komið var á fót skv. 18. gr. þess samnings, hefur þegar samþykkt, skuli felld inn í samning þennan, sbr. þó þau tengsl sem komið hefur verið á samkvæmt Dyflinnarsamningnum milli ríkjanna sem eru aðilar að þeim samningi,

ÁLÍTA að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga[3] (hér á eftir nefnd „tilskipunin um vernd persónuupplýsinga") skuli beitt á Íslandi og í Noregi með sama hætti og í aðildarríkjum Evrópubandalagsins við vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi sem fjallað er um í samningi þessum,

VIÐURKENNA, engu að síður, að ákvæðin, sem felld eru inn í samning þennan, verði, ef við á, að aðlaga þannig að tekið sé mið af stöðu Íslands og Noregs sem eru ekki aðildarríki,

ERU SANNFÆRÐ UM að það sé nauðsynlegt að samningur þessi feli í sér ferli þar sem kveðið er á um samræmi við þróun bandalagsgerða, einkum í tengslum við málefnin sem um getur í a-lið 1. mgr. 63. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

ERU SANNFÆRÐ UM að það sé nauðsynlegt að skipuleggja samstarfið við Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noreg á öllum stigum með tilliti til framkvæmdar Dyflinnarsamningsins, beitingar hans í reynd og frekari þróunar hans,

ÁLÍTA að í þeim tilgangi sé nauðsynlegt að mynda skipulagseiningu sem tryggi þátttöku Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs í starfi á þessum sviðum og geri þeim kleift að taka þátt í þessu starfi í nefnd,

HAFA Í HUGA að ráðið samþykkti 11. desember 2000 reglugerð (EB) nr. 2725/2000 um stofnun „Eurodac" til að bera saman fingraför í

2 OJ L 176, 10.7.1999, bls. 36.
3 OJ L 281, 23.11.1995, bls. 31.

association with the implementation, application and development of the Schengen acquis[2] calls for the conclusion of an appropriate arrangement on the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged in any of the Member States or in Iceland or Norway,

CONSIDERING that it is therefore appropriate that this Agreement shall incorporate the provisions of the Dublin Convention and the relevant provisions which have already been adopted by the Committee established pursuant to Article 18 of that Convention, without prejudice to the relations established by the Dublin Convention between the Contracting Parties of that Convention,

CONSIDERING that Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data[3] (hereinafter referred to as the "Data-protection Directive") shall be applied by Iceland and Norway as it is applied by the Member States of the European Community when processing data for the purpose covered by this Agreement,

RECOGNISING, however, that the provisions incorporated into this Agreement must, where necessary, be adapted to take account of the position of Iceland and Norway as non-member States,

CONVINCED that it is necessary to include a mechanism in this Agreement that provides for consistency with the development of Community acquis, in particular in relation to the matters referred to in Article 63(1)(a) of the Treaty establishing the European Community,

CONVINCED that it is necessary to organise the cooperation with the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway at all levels with regard to the implementation, the practical application and the further development of the Dublin Convention,

CONSIDERING that for this purpose it is necessary to set up an organisational structure, ensuring the association of the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway with the activities in these fields and enabling their participation in these activities through a Committee,

CONSIDERING that on 11 December 2000 the Council adopted Regulation (EC) No 2725/2000 concerning the establishment of

2 OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
3 OJ L 281, 23.11.1995, p. 31.

því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins[4] í því augnamiði að auðvelda ákvörðun um hvaða samningsaðili beri ábyrgð á meðferð beiðni um hæli samkvæmt Dyflinnarsamningnum (hér á eftir nefnd „Eurodac-reglugerðin“),

ÁLÍTA að víkka skuli út samning þennan þannig að hann nái yfir það viðfangsefni sem fjallað er um í Eurodac-reglugerðinni með það í huga að framkvæmd reglugerðarinnar verði hliðstæð á Íslandi, í Noregi og í Evrópubandalögunum,

HAFA Í HUGA að ákvæði IV. bálks stofnsáttmálans um Evrópubandalagið og gerðir, sem samþykktar hafa verið á grundvelli þess bálks, gilda ekki um Konungsríkið Danmörku en Danmörk skuli fá tækifæri til að taka þátt í samningi þessum ef ríkið óskar þess,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Ákvæði Dyflinnarsamningsins, sem tilgreind eru í 1. hluta viðaukans við þennan samning, og ákvarðanir nefndarinnar, sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins, sem tilgreindar eru í 2. hluta téðs viðauka, skulu koma til framkvæmda á Íslandi og í Noregi og beitt í gagnkvæmum samskiptum þeirra og í samskiptum þeirra við aðildarríkin, sbr. þó 4. mgr.
2. Aðildarríki skulu beita reglunum, sem um getur í 1. mgr., að því er varðar Ísland og Noreg, sbr. þó 4. mgr.
3. Ákvæði tilskipunarinnar um vernd persónuupplýsinga, eins og þeim er beitt í aðildarríkjunum að því er varðar persónuupplýsingar sem unnar eru til þess að framkvæma og beita ákvæðunum sem skilgreind eru í viðaukanum, skulu koma til framkvæmda og beitt að breyttu breytanda á Íslandi og í Noregi.
4. Að því er varðar 1. og 2. mgr. ber að skilja tilvísanir í ákvæðin, sem fjallað er um í viðaukanum og ná til „aðildarríkja“, þannig að þær taki einnig til Íslands og Noregs.
5. Þessi samningur skal gilda um Eurodac-reglugerðina að teknu tilliti til sérstakrar stöðu Noregs og Íslands utan Evrópusambandsins með það í huga að framkvæmd þeirrar reglugerðar verði hliðstæð á Íslandi, í Noregi og í Evrópubandalaginu.

4 OJ L 316, 15.12.2000, bls. 1.

"Eurodac" for the comparison of fingerprints for the effective application of the Dublin Convention[4] in order to assist in determining which Contracting Party is to be responsible for examining an application for asylum pursuant to the Dublin Convention (hereinafter referred to as the "Eurodac Regulation"),

CONSIDERING that this Agreement should extend to the subject matter covered by the Eurodac Regulation with a view to a parallel implementation of that Regulation in Iceland, Norway and the European Communities,

CONSIDERING that the provisions of Title IV of the Treaty establishing the European Community and acts adopted on the basis of that title do not apply to the Kingdom of Denmark, but that Denmark should be given the opportunity to participate in this Agreement should it so wish,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

1. The provisions of the Dublin Convention, listed in Part 1 of the Annex to this Agreement and the decisions of the Committee set up by Article 18 of the Dublin Convention listed in Part 2 of the said Annex shall be implemented by Iceland and Norway and applied in their mutual relations and in their relations with the Member States, subject to paragraph 4.
2. Member States shall apply the rules referred to in paragraph 1, subject to paragraph 4, in relation to Iceland and Norway.
3. The provisions of the Data-protection Directive as they apply to the Member States in relation to the data processed for the purpose of the implementation and application of the provisions as defined in the Annex shall be implemented and applied mutatis mutandis by Iceland and Norway.
4. For the purposes of paragraphs 1 and 2, references in the provisions covered by the Annex to "Member States" shall be understood to include Iceland and Norway.
5. This Agreement shall apply to the Eurodac Regulation taking into account the particular situation of Norway and Iceland outside the European Union with a view to a parallel implementation of that Regulation in Iceland, Norway and the European Community.

4 OJ L 316, 15.12.2000, p. 1.

2. gr.

1. Þegar unnið er að drögum að nýrri löggjöf á grundvelli a-liðar 1. mgr. 63. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins á sviði sem fellur undir viðfangsefni viðaukans við þennan samning eða 5. mgr. 1. gr. skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin“) óformlega leita ráða hjá sérfræðingum Íslands og Noregs á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkjanna við gerð tillagna sinna.

2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir Evrópuþinginu og ráðinu tillögur sínar sem skipta máli varðandi þennan samning skal hún senda Íslandi og Noregi afrit af þeim.

   Fyrstu skoðanaskipti geta farið fram í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót skv. 3. gr. óski einhver samningsaðila þess.

3. Á þeim tíma sem líður fram að samþykkt löggjafar skulu samningsaðilarnir, í samfelldu ferli upplýsingaskipta og samráðs, ráðgast hver við annan á ný í sameiginlegu nefndinni á öllum tímamótum að beiðni einhvers þeirra. Þegar löggjöf hefur verið samþykkt skal beitt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2.–7. mgr. 4. gr.
4. Samningsaðilarnir skulu starfa saman af heilum hug á upplýsinga- og samráðstímabilinu með það fyrir augum að auðvelda starf sameiginlegu nefndarinnar samkvæmt þessum samningi í lok meðferðar málsins.

5. Fulltrúar ríkisstjórna Íslands og Noregs skulu hafa rétt til að leggja fram tillögur í sameiginlegu nefndinni varðandi málefni sem um getur í 1. mgr.
6. Framkvæmdastjórnin skal tryggja sérfræðingum Noregs og Íslands eins víðtæka þátttöku og unnt er á viðkomandi sviðum við undirbúning á drögum að tillögum að ráðstöfunum er síðar eiga að fara fyrir þær nefndir sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdarvaldi sínu. Í þessum málum skal framkvæmdastjórnin, þegar hún gengur frá tillögum að ráðstöfunum, ráðgast við sérfræðinga Íslands og Noregs á sama grundvelli og hún ráðgast við sérfræðinga aðildarríkjanna.
7. Í tilvikum þegar mál er til meðferðar hjá ráðinu í samræmi við málsmeðferð sem gildir um viðkomandi nefnd skal framkvæmda-

Article 2

1. When drafting new legislation based on Article 63(1)(a) of the Treaty establishing the European Community in a field which is covered by the subject matter of the Annex to this Agreement or by Article 1(5), the Commission of the European Communities (hereinafter referred to as "the Commission") shall informally seek advice from experts of Iceland and Norway in the same way it seeks advice from experts of the Member States for drawing up its proposals.
2. When forwarding its proposals, which are relevant for this Agreement, to the European Parliament and to the Council, the Commission shall forward copies thereof to Iceland and Norway.
   At the request of one of the Contracting Parties, a preliminary exchange of views may take place in the Joint Committee established under Article 3.
3. During the phase preceding the adoption of legislation, in a continuous information and consultation process, the Contracting Parties shall consult each other again in the Joint Committee at significant moments at the request of one of them. After the adoption of legislation, the procedure as laid down in Article 4(2) to (7) shall apply.
4. The Contracting Parties shall cooperate in good faith during the information and consultation phase with a view to facilitating, at the end of the process, the functions of the Joint Committee according to this Agreement.
5. The representatives of the Governments of Iceland and Norway shall have the right to make suggestions in the Joint Committee relating to matters mentioned in paragraph 1.
6. The Commission shall ensure experts of Norway and Iceland as wide a participation as possible according to the areas concerned, in the preparatory stage of draft measures to be submitted subsequently to the committees which assist the Commission in the exercise of its executive powers. In this regard, when drawing up measures the Commission shall refer to experts of Iceland and Norway on the same basis as it refers to experts of Member States.

7. In the cases where the Council is seized in accordance with the procedure applicable to the type of committee involved, the

stjórnin koma áliti sérfræðinga Íslands og Noregs á framfæri við ráðið.

3. gr.

1. Hér með er komið á fót sameiginlegri nefnd sem skipuð er fulltrúum samningsaðilanna.

2. Sameiginlega nefndin skal samþykkja samhljóða reglur um málsmeðferð.
3. Sameiginlega nefndin skal halda fundi að frumkvæði forseta hennar eða að ósk einhvers nefndarmanna.
4. Sameiginlega nefndin skal koma saman á viðeigandi vettvangi, eftir því sem aðstæður krefjast, í þeim tilgangi að endurskoða eiginlega framkvæmd og beitingu ákvæðanna sem fjallað er um í viðaukanum, þar með taldar nýjar gerðir eða ráðstafanir sem um getur í 1. gr. og nefndin, sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins, hefur samþykkt, og til að skiptast á skoðunum um mótun nýrrar löggjafar á grundvelli a-liðar 1. mgr. 63. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins þar sem fjallað er um viðfangsefni viðaukans eða 5. mgr. 1. gr.
   Miða skal við að öll upplýsingaskipti, sem varða þennan samning, fari fram innan valdsviðs sameiginlegu nefndarinnar.

5. Embætti forseta sameiginlegu nefndarinnar skal skipa til skiptis, til sex mánaða í senn, fulltrúi Evrópubandalagsins og fulltrúi ríkisstjórnar Íslands eða Noregs, eftir stafrófsröð.

4. gr.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal nýjum gerðum eða ráðstöfunum, sem varða málefni sem um getur í 1. gr., og nefndin, sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins, samþykkir, nema í þeim sé skýrt kveðið á um annað, beitt frá og með sama tíma í aðildarríkjunum annars vegar og á Íslandi og í Noregi hins vegar.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Íslandi og Noregi tafarlaust um samþykkt gerða eða ráðstafana sem um getur í 1. mgr. Ísland og Noregur skulu ákveða, hvort í sínu lagi, hvort þau samþykkja efni þeirra og taka þær upp í landsrétt sinn. Þessar ákvarðanir skulu tilkynntar aðalskrifstofu ráðsins og fram-

Commission shall forward to the Council the views of the experts of Iceland and Norway.

Article 3

1. A Joint Committee is hereby established, consisting of representatives of the Contracting Parties.
2. The Joint Committee shall adopt its Rules of Procedure by consensus.
3. The Joint Committee shall meet at the initiative of its President or at the request of any of its members.
4. The Joint Committee shall meet at the appropriate level, as circumstances require, in order to review the practical implementation and application of the provisions covered by the Annex, including new acts or measures referred to in Article 1 adopted by the Committee established by Article 18 of the Dublin Convention and to exchange views on the elaboration of new legislation based on Article 63(1)(a) of the Treaty establishing the European Community and covering the substance matter of Article 1(5) or of the Annex.

   All exchange of information pertaining to this Agreement shall be considered to take place within the remit of the Joint Committee.
5. The office of President of the Joint Committee shall be held, alternately for a period of six months, by the representative of the European Community and by the representative of the Government of Iceland or Norway, following the alphabetical order.

Article 4

1. Subject to paragraph 2, when new acts or measures related to matters referred to in Article 1 are adopted by the Committee established by Article 18 of the Dublin Convention they shall, unless they explicitly state otherwise, be applied from the same time on by the Member States, on the one hand, and by Iceland and Norway on the other.
2. The adoption of the acts or measures referred to in paragraph 1 shall be notified immediately by the Commission to Iceland and Norway. Iceland and Norway shall decide independently whether to accept their content and to implement them into their internal legal order. These decisions shall be notified

kvæmdastjórninni innan þrjátíu daga frá samþykkt viðkomandi gerða eða ráðstafana.

3. Ef efni slíkrar gerðar eða ráðstöfunar getur ekki orðið bindandi fyrir Ísland fyrr en stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Ísland gera aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni grein fyrir því þegar Ísland sendir tilkynningu sína. Þegar öll stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Ísland þegar í stað gera aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni skriflega grein fyrir því og upplýsa þetta eins fljótt og unnt er fyrir daginn sem mælt er fyrir um að gerðin eða ráðstöfunin öðlist gildi að því er Ísland varðar, í samræmi við 1. mgr.
4. Ef efni slíkrar gerðar eða ráðstöfunar getur ekki orðið bindandi fyrir Noreg fyrr en stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Noregur gera aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni grein fyrir því þegar Noregur sendir tilkynningu sína. Þegar öll stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Noregur þegar í stað gera aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórninni skriflega grein fyrir því og eigi síðar en sex mánuðum frá því að tilkynning þar til bærrar stofnunar Evrópusambandsins berst. Frá þeim degi sem mælt er fyrir um að gerðin eða ráðstöfunin öðlist gildi að því er Noreg varðar og þar til upplýst hefur verið að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt skal Noregur, eftir því sem unnt er, beita efni gerðarinnar eða ráðstöfunarinnar til bráðabirgða.
5. Við samþykki Íslands og Noregs á efni gerða og ráðstafana, sem um getur í 1. mgr., skapast réttindi og skyldur milli Íslands og Noregs svo og milli Íslands og Noregs annars vegar og aðildarríkja Evrópusambandsins hins vegar.

6. Í þeim tilvikum þegar:
   a) annaðhvort Ísland eða Noregur tilkynnir þá ákvörðun sína að samþykkja ekki efni gerðar eða ráðstöfunar sem um getur í 1. mgr. og farið hefur verið með samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem settar eru í þessum samningi; eða
   b) annaðhvort Ísland eða Noregur sendir ekki tilkynningu innan þeirra þrjátíu daga tímamarka sem sett eru í 2. mgr.; eða
   c) Ísland sendir ekki tilkynningu fyrir þann dag sem mælt er fyrir um að viðkomandi gerð eða ráðstöfun öðlist gildi að því er Ísland varðar; eða

to the General Secretariat of the Council and to the Commission within 30 days of the adoption of the acts or measures concerned.

3. If the content of such an act or measure can be binding on Iceland only after fulfilment of constitutional requirements, Iceland shall inform the General Secretariat of the Council and the Commission thereof at the time of its notification. Iceland shall promptly inform the General Secretariat of the Council and the Commission in writing upon fulfilment of all constitutional requirements, and shall provide such information as soon as possible before the date laid down for the entry into force of the act or measure for Iceland according to paragraph 1.
4. If the content of such an act or measure can be binding on Norway only after fulfilment of constitutional requirements, Norway shall inform the General Secretariat of the Council and the Commission thereof at the time of its notification. Norway shall promptly, and at the latest six months from notification by the competent institution of the European Union, inform the General Secretariat of the Council and the Commission in writing upon fulfilment of all constitutional requirements. From the date laid down for the entry into force of the act or measure for Norway and until the information upon fulfilment of constitutional requirements, Norway shall provisionally apply, where possible, the content of such act or measure.

5. The acceptance by Iceland and Norway of the acts and measures referred to in paragraph 1 shall create rights and obligations between Iceland and Norway, and between Iceland and Norway on the one hand, and the Member States of the European Union on the other.
6. Where:
   (a) either Iceland or Norway notifies its decision not to accept the content of an act or measure referred to in paragraph 1 and to which the procedures set out in this Agreement have been applied; or

   (b) either Iceland or Norway does not make a notification within the 30 days' time limit set out in paragraph 2; or
   (c) Iceland does not make a notification prior to the date laid down for the entry into force of the act or measure concerned for it; or

d) Noregur sendir ekki tilkynningu innan þeirra sex mánaða tímamarka sem sett eru í 4. mgr. eða gerir ekki ráðstafanir til beitingar til bráðabirgða, eins og gert er ráð fyrir í sömu málsgrein, frá þeim degi að telja sem mælt er fyrir um að viðkomandi gerð eða ráðstöfun öðlist gildi að því er Noreg varðar;

telst samningi þessum frestað að því er Ísland eða Noreg varðar, eftir því sem við á.

7. Sameiginlega nefndin skal kanna málið sem leiddi til frestunar og tekur að sér að ráða bót, innan níutíu daga, á þeim atriðum sem leiddu til þess að samþykki eða fullgildingu var hafnað. Þegar allir frekari möguleikar til þess að viðhalda góðri framkvæmd þessa samnings hafa verið kannaðir, þar á meðal sá möguleiki að taka tillit til jafngildrar löggjafar, getur nefndin ákveðið með samhljóða samþykki að koma samningnum aftur á. Ef frestun þessa samnings er enn í gildi níutíu dögum síðar telst honum slitið að því er Ísland eða Noreg varðar, eftir því sem við á.

5. gr.

Þangað til ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., öðlast gildi og koma í stað ákvæðanna, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., í samræmi við 3. og 4. mgr. 4. gr., getur samningsaðili, sem lendir í miklum erfiðleikum vegna verulega breyttra aðstæðna frá því sem var við gerð þessa samnings, lagt málið fyrir sameiginlegu nefndina sem komið var á fót skv. 3. gr. og getur hún lagt fyrir samningsaðilana tillögur um ráðstafanir til að taka á málinu. Sameiginlega nefndin skal taka ákvörðun um þessar ráðstafanir með samhljóða samþykki. Náist ekki samhljóða samþykki skal 8. gr. beitt.

6. gr.

1. Til að ná því markmiði samningsaðilanna að ná fram eins samræmdri beitingu og túlkun og unnt er á ákvæðunum sem um getur í 1. gr. skal sameiginlega nefndin fylgjast stöðugt með þróun dómaframkvæmdar dómstóls Evrópubandalaganna (hér á eftir nefndur „dómstóllinn“) og einnig þróun dómaframkvæmdar þar til bærra dómstóla Íslands og Noregs varðandi slík ákvæði. Í þessu augnamiði samþykkja samningsaðilarnir að tryggja tafarlausa og gagnkvæma miðlun þessarar dómaframkvæmdar.

(d) Norway does not make a notification within the six months' time limit set out in paragraph 4 or does not provide for provisional application as envisaged in the same paragraph from the date laid down for the entry into force of the act or measure concerned for it;

this Agreement shall be considered suspended with respect to Iceland or Norway, as the case may be.

7. The Joint Committee shall examine the matter that led to the suspension and undertake to remedy the causes for the non-acceptance or the non-ratification within a period of 90 days. Having examined all further possibilities of maintaining the good functioning of this Agreement, including the possibility of taking notice of the equivalence of legislation, it may decide by unanimity to reinstate the Agreement. Should this Agreement continue to be suspended after 90 days, it shall be considered terminated with respect to Iceland or Norway, as the case may be.

Article 5

Pending the entry into force of the measures referred to in Article 2(1) and replacing the provisions referred to in Article 1(1), in conformity with Article 4(3) and (4), if a Contracting Party experiences major difficulties as a result of a substantial change in the circumstances obtaining on conclusion of this Agreement, it may bring the matter before the Joint Committee established by Article 3 so that the latter may put to the Contracting Parties measures to deal with the situation. The Joint Committee shall decide unanimously on these measures. Where unanimity cannot be reached, Article 8 shall apply.

Article 6

1. In order to achieve the objective of the Contracting Parties to arrive at as uniform an application and interpretation as possible of the provisions referred to in Article 1, the Joint Committee shall keep under constant review the development of the case-law of the Court of Justice of the European Communities (hereinafter referred to as the "Court of Justice") as well as the development of the case-law of the competent courts of Iceland and Norway relating to such provisions. To this end the Contracting Parties agree to ensure mutual transmission of such case law without delay.

2. Með fyrirvara um samþykkt nauðsynlegra breytinga á samþykktum dómstólsins skulu Ísland og Noregur eiga rétt á að leggja greinargerð eða skriflegar athugasemdir fyrir dómstólinn í málum sem dómstóll aðildarríkis hefur vísað til hans til að fá forúrskurð um túlkun ákvæðis sem um getur í 5. mgr. 1. gr. eða 1. mgr. 2. gr.

2. Subject to the adoption of the necessary modifications to the Rules of Procedure of the Court of Justice, Iceland and Norway shall be entitled to submit statements of case or written observations to the Court of Justice in cases where a question has been referred to it by a court or tribunal of a Member State for a preliminary ruling concerning the interpretation of any provision referred to in Article 1(5) and in Article 2(1).

7. gr.

1. Ísland og Noregur skulu árlega gefa sameiginlegu nefndinni skýrslu þar sem fram kemur hvernig stjórnvöld þeirra og dómstólar hafa beitt og túlkað ákvæðin sem um getur í 1. gr. og, ef við á, eins og dómstóllinn hefur túlkað þau.

2. Ef sameiginlega nefndin hefur ekki getað tryggt samræmda beitingu og túlkun innan tveggja mánaða frá því að athygli hennar er vakin á verulegum mun á dómaframkvæmd dómstólsins og dómstóla Íslands eða Noregs eða verulegum mun á beitingu yfirvalda viðkomandi aðildarríkja annars vegar og Íslands eða Noregs hins vegar, að því er varðar ákvæðin sem um getur í 1. gr., skal málsmeðferð skv. 8. gr. koma til framkvæmda.

Article 7

1. Iceland and Norway shall submit reports annually to the Joint Committee on the way in which their administrative authorities and their courts have applied and interpreted the provisions referred to in Article 1, as interpreted by the Court of Justice, as the case may be.
2. If the Joint Committee, within two months after a substantial difference in the case-law of the Court of Justice and the courts of Iceland and Norway or a substantial difference in application between the authorities of the Member States concerned and those of Iceland and Norway in respect of the provisions referred to in Article 1 has been brought before it, has not been able to ensure the preservation of a uniform application and interpretation, the procedure in Article 8 shall apply.

8. gr.

1. Rísi ágreiningur um beitingu eða túlkun þessa samnings, eða komi upp þær aðstæður sem kveðið er á um í 5. gr. eða 2. mgr. 7. gr., skal setja málið opinberlega á dagskrá fundar sameiginlegu nefndarinnar sem ágreiningsmál.
2. Sameiginlega nefndin skal hafa níutíu daga til að leysa ágreininginn frá þeim degi að telja sem dagskráin, sem ágreiningsmálið hefur verið sett á, er samþykkt.
3. Geti sameiginlega nefndin ekki leyst ágreininginn á því níutíu daga tímabili sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. skal bætt við níutíu dögum til að finna endanlega lausn. Hafi sameiginlega nefndin ekki tekið ákvörðun við lok þess tímabils telst samningnum slitið að því er Ísland eða Noreg varðar, eftir því sem við á, þegar síðasti dagur þess tímabils er liðinn.

Article 8

1. In the case of a dispute concerning the application or interpretation of this Agreement or where the situation provided for in Articles 5 or 7(2) occurs, the matter shall be officially entered as a matter of dispute on the agenda of the Joint Committee.
2. The Joint Committee shall have 90 days from the date of the adoption of the agenda on which the dispute has been entered within which to settle the dispute.
3. In a case where the dispute cannot be settled by the Joint Committee within the period of 90 days envisaged in paragraph 2, a further period of 90 days shall be observed for reaching a final settlement. If the Joint Committee has not taken a decision at the end of that period, this Agreement shall be considered terminated with respect to Iceland and Norway, as the case may be, at the end of the last day of that period.

9. gr.

1. Ísland og Noregur skulu á hverju ári leggja til fjárlaga Evrópusambandsins, vegna stjórnsýslu- og rekstrarkostnaðar við uppsetningu og rekstur miðlægrar einingar fyrir Eurodac, fjárhæð sem nemur:

   – 0,1% fyrir Ísland
   – 4,995% fyrir Noreg
   af viðmiðunarfjárhæð, sem í upphafi var 9.575.000 evrur í heildarskuldbindingum og 5.000.000 evrur í greiðsluskuldbindingum, og, frá og með fjárhagsárinu 2002, af viðeigandi fjárveitingum á fjárlögum fyrir viðkomandi fjárlagaár.
   Að því er varðar annan stjórnsýslu- eða rekstrarkostnað í tengslum við beitingu þessa samnings skal hlutur Íslands og Noregs í honum greiðast með árlegum framlögum inn á fjárlög Evrópusambandsins í samræmi við hundraðshluta vergrar þjóðarframleiðslu þessara landa af vergri þjóðarframleiðslu allra þátttökuríkjanna.

2. Ísland og Noregur skulu eiga rétt á að fá afhent skjöl sem varða þennan samning og fá túlkun á fundum sameiginlegu nefndarinnar á opinbert tungumál stofnana Evrópubandalaganna að eigin vali. Ísland eða Noregur skal þó bera kostnað við þýðingu og túlkun úr og á íslensku eða norsku, eftir því sem við á.

Article 9

1. As far as administrative and operational costs linked to the installation and operation of the central unit of Eurodac are concerned, Iceland and Norway shall contribute to the general budget of the European Union an annual sum of
   – for Iceland 0,1 %,
   – for Norway 4,995 %
   of an initial reference amount of EUR 9575000 in commitment appropriations and of EUR 5000000 in payment appropriations and from the budgetary year 2002 onwards the relevant budget appropriations for the budgetary year concerned.
   As far as other administrative or operational costs involved in the application of this Agreement are concerned, Iceland and Norway shall share in these costs by contributing to the general budget of the European Union an annual sum in accordance with the percentage of the gross national product of their countries in relation to the gross national product of all participating States.
2. Iceland and Norway shall have the right to receive documents pertaining to this Agreement and, at meetings of the Joint Committee, to request interpretation into an official language of the institutions of the European Communities of their choice. However, any costs of translation or interpretation into or from Icelandic or Norwegian shall be borne by Iceland or Norway, as the case may be.

10. gr.

Yfirvöld á Íslandi og í Noregi, sem hafa eftirlit með vernd persónuupplýsinga innanlands, og óháða eftirlitsstofnunin, sem komið er á fót skv. 2. mgr. 286. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins, skulu hafa með sér samstarf, eftir því sem þörf er á, við skyldustörf sín, ekki síst með því að skiptast á öllum þeim upplýsingum sem að gagni geta komið. Gera skal samkomulag um hvernig slíku samstarfi verður háttað um leið og þessari stofnun hefur verið komið á fót.

Article 10

The national data-protection supervisory authorities of Iceland and Norway and the independent supervisory body established by virtue of Article 286(2) of the Treaty establishing the European Community shall cooperate to the extent necessary for the performance of their duties and in particular by exchanging all useful information. The modalities of such cooperation shall be agreed upon as soon as this body has been established.

11. gr.

1. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða aðra samninga sem Evrópubandalagið og Ísland og/eða Noregur eða ráðið og Ísland og/eða Noregur hafa gert með sér.

Article 11

1. This Agreement shall not affect in any way the Agreement on the European Economic Area or any other agreement concluded between the European Community and Iceland and/or Norway or the Council and Iceland and/or Norway.

2. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samninga sem gerðir verða milli Íslands og/eða Noregs og Evrópubandalagsins.

3. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samstarfið innan ramma Norræna vegabréfasambandsins að því marki sem samstarfið er ekki andstætt eða til fyrirstöðu þessum samningi og þeim gerðum og ráðstöfunum sem byggjast á honum.

12. gr.

Konungsríkið Danmörk getur farið þess á leit að taka þátt í samningi þessum. Skilyrði fyrir þeirri þátttöku skulu samningsaðilarnir ákveða og skal það gert með samþykki Konungsríkisins Danmerkur í bókun við samning þennan.

13. gr.

1. Með fyrirvara um 2.–5. mgr. tekur samningur þessi til þess yfirráðasvæðis, sem stofnsáttmáli Evrópubandalagsins gildir á, og til Íslands og Noregs.
2. Samningur þessi tekur ekki til Svalbarða (Spitzbergen).
3. Samningur þessi tekur aðeins til yfirráðasvæðis Konungsríkisins Danmerkur í samræmi við ákvæði 12. gr. og því aðeins til Færeyja og Grænlands að Dyflinnarsamningurinn verði rýmkaður þannig að hann nái til þessara yfirráðasvæða.
4. Samningur þessi tekur ekki til frönsku umdæmanna handan hafsins.
5. Samningur þessi öðlast því aðeins gildi á Gíbraltar að Dyflinnarsamningurinn, eða bandalagsráðstöfun sem kemur í stað þess samnings, taki til Gíbraltar.

14. gr.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu eða samþykki samningsaðilanna. Skjöl um fullgildingu eða samþykki verða afhent framkvæmdastjóra ráðsins til vörslu en hann skal vera vörsluaðili.
2. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að vörsluaðili hans tilkynnir samningsaðilunum að síðasta skjalið um fullgildingu eða samþykki hafi verið afhent til vörslu.

15. gr.

Hver samningsaðili getur slitið samningi þessum með skriflegri yfirlýsingu til vörsluaðila.

2. This Agreement shall not affect in any way future agreements to be concluded with Iceland and/or Norway by the European Community.
3. This Agreement shall not affect the cooperation in the framework of the Nordic passport union, to the extent that such cooperation is not contrary to, and does not hinder, this Agreement and the acts and measures based on this Agreement.

Article 12

The Kingdom of Denmark may request to participate in this Agreement. The condition for such participation shall be determined by the Contracting Parties, acting with the consent of the Kingdom of Denmark, in a Protocol to this Agreement.

Article 13

1. Subject to paragraphs 2 to 5, this Agreement shall apply to the territory in which the Treaty establishing the European Community is applicable, and to Iceland and Norway.
2. This Agreement shall not apply to Svalbard (Spitzbergen).
3. This Agreement shall only apply to the territory of the Kingdom of Denmark in accordance with the provisions of Article 12 and to the Faroe Islands and Greenland only on extension of the Dublin Convention to these territories.
4. This Agreement shall not apply to the French overseas departments.
5. This Agreement shall take effect in Gibraltar only on the application of the Dublin Convention, or any Community measure which replaces that Convention, to Gibraltar.

Article 14

1. This Agreement is subject to ratification or approval by the Contracting Parties. Instruments of ratification or approval shall be deposited with the Secretary-General of the Council who shall act as depositary.
2. This Agreement shall enter into force on the first day of the month following the communication by the depositary to the Contracting Parties that the last Instrument of ratification or approval has been deposited.

Article 15

Each Contracting Party may terminate this Agreement by written declaration to the deposi-

Slík yfirlýsing öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún er afhent til vörslu. Samningurinn fellur úr gildi ef annaðhvort Evrópubandalagið eða bæði Ísland og Noregur hafa sagt honum upp.

Gjört í Brussel 19. janúar 2001 í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, þýsku, íslensku og norsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið er varðveitt í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins.

tary. Such declaration shall take effect six months after its deposition. The Agreement shall cease to be effective if either the European Community or both Iceland and Norway have denounced it.

Done at Brussels on the nineteenth day of January in the year two thousand and one in a single original in the Danish, Dutch, English, Finnish, French, German, Greek, Italian, Portuguese, Spanish, Swedish, Icelandic and Norwegian languages, each text being equally authentic, such original remaining deposited in the archives of the General Secretariat of the Council of the European Union.

VIÐAUKI
Ákvæði varðandi Dyflinnarsamninginn og ákvarðanir nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. hans.

1. hluti: Dyflinnarsamningurinn.

Öll ákvæði samningsins, sem var undirritaður í Dyflinni 15. júní 1990, um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkjanna, nema 16.–22. gr.

2. hluti: Ákvarðanir nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins.

Ákvörðun nefndarinnar, sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990, nr. 1/97 frá 9. september 1997 varðandi ákvæði um framkvæmd samningsins.

Ákvörðun nefndarinnar, sem komið var á fót skv. 18. gr. Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990, nr. 1/98 frá 30. júní 1998 varðandi ákvæði um framkvæmd samningsins.

ANNEX
PROVISIONS RELATED TO THE DUBLIN CONVENTION AND DECISIONS OF THE COMMITTEE SET UP BY ARTICLE 18 OF THE DUBLIN CONVENTION

Part 1: Dublin Convention

All provisions of the Convention, signed in Dublin on 15 June 1990, determining the State responsible for examining applications for asylum lodged in one of the Member States, with the exception of Articles 16 to 22.

Part 2: Decisions of the Committee set up by Article 18 of the Dublin Convention

Decision No 1/97 of 9 September 1997 of the Committee set up by Article 18 of the Dublin Convention of 15 June 1990, concerning provisions for the implementation of the Convention.

Decision No 1/98 of 30 June 1998 of the Committee set up by Article 18 of the Dublin Convention of 15 June 1990, concerning provisions for the implementation of the Convention.

AUGLÝSING

um valfrjálsa bókun við samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum.

Hinn 6. mars 2001 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna valfrjálsrar bókunar við samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 18. desember 1979 sem gerð var í New York 6. október 1999, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1985 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin öðlast gildi að því er Ísland varðar 6. júní 2001.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. mars 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

VALFRJÁLS BÓKUN við samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum.

Ríki þau sem aðilar eru að bókun þessari,

með tilliti til þess að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna staðfestir trú á grundvallarmannréttindi, mannvirðingu og manngildi og á jafnan rétt karla og kvenna,

og með tilliti til þess að mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna lýsir því yfir að allir menn séu frjálsbornir og jafnir að virðingu og réttindum og að öllum beri þar til greind réttindi og frelsi, án nokkurrar mismununar, þ. á m. á grundvelli kynferðis,

minna á að milliríkjasamningar um mannréttindi og aðrir alþjóðlegir mannréttindagerningar banna mismunun vegna kynferðis,

minna einnig á samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum (samninginn), þar sem aðildarríkin fordæma mismunun gagnvart konum í hvaða mynd sem er og eru ásátt um að framfylgja, með öllum viðeigandi ráðum og án tafar, stefnu sem miðar að afnámi mismununar gagnvart konum,

staðfesta þann ásetning sinn að tryggja að konur geti á grundvelli jafnréttis notið fullra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að grípa til árangursríkra aðgerða til þess að koma í veg fyrir brot á þessum réttindum og skerðingu á þessu frelsi,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

OPTIONAL PROTOCOL to the Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women

The States Parties to the present Protocol,

Noting that the Charter of the United Nations reaffirms faith in fundamental human rights, in the dignity and worth of the human person and in the equal rights of men and women,

Also noting that the Universal Declaration of Human Rights proclaims that all human beings are born free and equal in dignity and rights and that everyone is entitled to all the rights and freedoms set forth therein, without distinction of any kind, including distinction based on sex,

Recalling that the International Covenants on Human Rights and other international human rights instruments prohibit discrimination on the basis of sex,

Also recalling the Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women ("the Convention"), in which the States Parties thereto condemn discrimination against women in all its forms and agree to pursue by all appropriate means and without delay a policy of eliminating discrimination against women,

Reaffirming their determination to ensure the full and equal enjoyment by women of all human rights and fundamental freedoms and to take effective action to prevent violations of these rights and freedoms,

Have agreed as follows:

1. gr.

Ríki, sem er aðili að þessari bókun (aðildarríki), viðurkennir valdbærni nefndarinnar um afnám mismununar gagnvart konum (nefndarinnar) til þess að taka við og fjalla um erindi sem eru lögð fram í samræmi við 2. gr.

2. gr.

Einstaklingum eða hópum einstaklinga, sem heyra undir lögsögu aðildarríkis og staðhæfa að aðildarríkið hafi brotið gegn þeim að því er varðar einhver þau réttindi sem eru tilgreind í samningnum, er heimilt að leggja fram erindi eða leggja má þau fram fyrir þeirra hönd. Sé erindi lagt fram fyrir hönd einstaklinga eða hópa einstaklinga skal það gert með samþykki þeirra nema sá sem samdi erindið geti fært rök fyrir því að hann komi fram fyrir þeirra hönd án slíks samþykkis.

3. gr.

Erindi skulu vera skrifleg og ekki nafnlaus. Nefndin skal ekki taka við erindi sem varðar aðildarríki sem er aðili að samningnum en ekki að þessari bókun.

4. gr.

1. Nefndin skal ekki fjalla um erindi fyrr en hún hefur gengið úr skugga um að öll tiltæk innlend réttarúrræði séu fullreynd nema dregist hafi óhóflega á langinn að beita slíkum réttarúrræðum eða ólíklegt sé að beiting þeirra leiði til gagnlegrar lausnar.
2. Nefndin skal lýsa því yfir að erindi sé ekki tækt til meðferðar, ef:
   a) nefndin hefur þegar skoðað sama mál eða það hefur verið eða er í skoðun samkvæmt annarri málsmeðferð við alþjóðlega rannsókn eða sáttagerð;
   b) það samræmist ekki ákvæðum samningsins;
   c) augljóst er að grundvöllur þess er ótraustur eða það sé ekki rökstutt á fullnægjandi hátt;
   d) með því sé verið að misnota réttinn til þess að leggja fram erindi;
   e) þau málsatvik sem erindið fjallar um hafa átt sér stað áður en þessi bókun öðlaðist gildi að því er hlutaðeigandi aðildarríki varðar nema fyrrnefnd málsatvik hafi haldið áfram eftir þann dag.

Article 1

A State Party to the present Protocol ("State Party") recognizes the competence of the Committee on the Elimination of Discrimination against Women ("the Committee") to receive and consider communications submitted in accordance with article 2.

Article 2

Communications may be submitted by or on behalf of individuals or groups of individuals, under the jurisdiction of a State Party, claiming to be victims of a violation of any of the rights set forth in the Convention by that State Party. Where a communication is submitted on behalf of individuals or groups of individuals, this shall be with their consent unless the author can justify acting on their behalf without such consent.

Article 3

Communications shall be in writing and shall not be anonymous. No communication shall be received by the Committee if it concerns a State Party to the Convention that is not a party to the present Protocol.

Article 4

1. The Committee shall not consider a communication unless it has ascertained that all available domestic remedies have been exhausted unless the application of such remedies is unreasonably prolonged or unlikely to bring effective relief.
2. The Committee shall declare a communication inadmissible where:
   (a) The same matter has already been examined by the Committee or has been or is being examined under another procedure of international investigation or settlement;
   (b) It is incompatible with the provisions of the Convention;
   (c) It is manifestly ill-founded or not sufficiently substantiated;
   (d) It is an abuse of the right to submit a communication;
   (e) The facts that are the subject of the communication occurred prior to the entry into force of the present Protocol for the State Party concerned unless those facts continued after that date.

5. gr.

1. Nefndinni er heimilt, hvenær sem er eftir viðtöku erindis og áður en efnisákvörðun er tekin, að senda hlutaðeigandi aðildarríki beiðni til skjótrar umfjöllunar þess efnis að aðildarríkið geri bráðabirgðaráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir að meintur brotaþoli eða brotaþolar verði hugsanlega fyrir óbætanlegu tjóni.

2. Nýti nefndin sér heimild sína samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar merkir það ekki að ákvörðun hafi verið tekin um meðferðarhæfi erindisins eða um efni þess.

6. gr.

1. Nefndin skal gæta trúnaðar er hún tilkynnir hlutaðeigandi aðildarríki um erindi er berast henni nema að hún telji erindi ekki tækt til meðferðar án tillits til hlutaðeigandi aðildarríkis svo framarlega sem einstaklingurinn eða einstaklingarnir samþykki að aðildarríkið fái upplýsingar um hverjir þeir séu.

2. Innan sex mánaða skal viðtökuaðildarríkið leggja fyrir nefndina skriflegar útskýringar eða yfirlýsingar til þess að varpa ljósi á málið og, ef við á, til hvaða úrræða kann að hafa verið gripið af hálfu þess aðildarríkis.

7. gr.

1. Nefndin skal fjalla um erindi sem er tekið við samkvæmt þessari bókun með hliðsjón af öllum upplýsingum sem einstaklingar eða hópar einstaklinga láta henni í té, eða komið er á framfæri við hana fyrir þeirra hönd, og sem hlutaðeigandi aðildarríki lætur í té, að því tilskildu að upplýsingarnar séu lagðar fyrir hlutaðeigandi aðila.
2. Nefndin skal halda fundi fyrir luktum dyrum þegar hún kannar erindi samkvæmt þessari bókun.
3. Eftir að hafa kannað erindi skal nefndin senda álit sitt á erindinu ásamt tilmælum sínum, ef um þau er að ræða, til hlutaðeigandi aðila.

4. Aðildarríkið skal taka eðlilegt tillit til álits nefndarinnar ásamt tilmælum hennar, ef um þau er að ræða, og skal leggja fyrir nefndina innan sex mánaða skriflegt svar þar sem koma fram upplýsingar um aðgerðir sem gripið hefur verið til með hliðsjón af áliti og tilmælum nefndarinnar.

Article 5

1. At any time after the receipt of a communication and before a determination on the merits has been reached, the Committee may transmit to the State Party concerned for its urgent consideration a request that the State Party take such interim measures as may be necessary to avoid possible irreparable damage to the victim or victims of the alleged violation.
2. Where the Committee exercises its discretion under paragraph 1 of the present article, this does not imply a determination on admissibility or on the merits of the communication.

Article 6

1. Unless the Committee considers a communication inadmissible without reference to the State Party concerned, and provided that the individual or individuals consent to the disclosure of their identity to that State Party, the Committee shall bring any communication submitted to it under the present Protocol confidentially to the attention of the State Party concerned.
2. Within six months, the receiving State Party shall submit to the Committee written explanations or statements clarifying the matter and the remedy, if any, that may have been provided by that State Party.

Article 7

1. The Committee shall consider communications received under the present Protocol in the light of all information made available to it by or on behalf of individuals or groups of individuals and by the State Party concerned, provided that this information is transmitted to the parties concerned.

2. The Committee shall hold closed meetings when examining communications under the present Protocol.
3. After examining a communication, the Committee shall transmit its views on the communication, together with its recommendations, if any, to the parties concerned.
4. The State Party shall give due consideration to the views of the Committee, together with its recommendations, if any, and shall submit to the Committee, within six months, a written response, including information on any action taken in the light of the views and recommendations of the Committee.

5. Nefndin getur boðið aðildarríkinu að leggja fram frekari upplýsingar um ráðstafanir sem aðildarríkið hefur gripið til sem viðbrögð við áliti hennar eða tilmælum, ef um þau er að ræða, þar á meðal í síðari skýrslum aðildarríkisins sem viðeigandi getur talist samkvæmt 18. gr. samningsins.

8. gr.

1. Berist nefndinni áreiðanlegar upplýsingar sem benda til að um sé að ræða alvarleg eða kerfisbundin brot af hálfu aðildarríkis á réttindum sem eru tilgreind í samningnum skal nefndin fara þess á leit við aðildarríkið að það hafi samstarf um könnun upplýsinganna og leggi fram í því augnamiði athugasemdir um umræddar upplýsingar.
2. Að teknu tilliti til athugasemda sem hlutaðeigandi aðildarríki kann að hafa lagt fram og annarra áreiðanlegra upplýsinga sem hún hefur aðgang að er nefndinni heimilt að tilnefna einn eða fleiri nefndarmenn til þess að annast rannsókn og gefa nefndinni skýrslu hið fyrsta. Liður í rannsókninni gæti verið ferð inn á landsvæði aðildarríkisins sé hún réttlætanleg og farin með samþykki þess.
3. Að lokinni athugun á niðurstöðum rannsóknarinnar skal nefndin senda þær hlutaðeigandi aðildarríki ásamt umsögn og tilmælum.
4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal, innan sex mánaða frá móttöku niðurstaðna, umsagnar og tilmæla sem nefndin sendir, leggja athugasemdir sínar fyrir nefndina.
5. Við rannsóknina skal gæta trúnaðar og leita skal eftir samstarfi við aðildarríkið á öllum stigum málsmeðferðarinnar.

9. gr.

1. Nefndin getur farið þess á leit við hlutaðeigandi aðildarríki að það felli inn í þá skýrslu sem um getur í 18. gr. samningsins nákvæmar upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið sem viðbrögð við rannsókn sem fer fram samkvæmt 8. gr. þessarar bókunar.
2. Nefndin getur ef nauðsynlegt þykir, eftir að sex mánaða frestur sem vísað er til í 4. mgr. 8. gr. er liðinn, farið þess á leit við hlutaðeigandi aðildarríki að það upplýsi hana um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið sem viðbrögð við fyrrnefndri rannsókn.

5. The Committee may invite the State Party to submit further information about any measures the State Party has taken in response to its views or recommendations, if any, including as deemed appropriate by the Committee, in the State Party's subsequent reports under article 18 of the Convention.

Article 8

1. If the Committee receives reliable information indicating grave or systematic violations by a State Party of rights set forth in the Convention, the Committee shall invite that State Party to cooperate in the examination of the information and to this end to submit observations with regard to the information concerned.
2. Taking into account any observations that may have been submitted by the State Party concerned as well as any other reliable information available to it, the Committee may designate one or more of its members to conduct an inquiry and to report urgently to the Committee. Where warranted and with the consent of the State Party, the inquiry may include a visit to its territory.
3. After examining the findings of such an inquiry, the Committee shall transmit these findings to the State Party concerned together with any comments and recommendations.
4. The State Party concerned shall, within six months of receiving the findings, comments and recommendations transmitted by the Committee, submit its observations to the Committee.
5. Such an inquiry shall be conducted confidentially and the cooperation of the State Party shall be sought at all stages of the proceedings.

Article 9

1. The Committee may invite the State Party concerned to include in its report under article 18 of the Convention details of any measures taken in response to an inquiry conducted under article 8 of the present Protocol.
2. The Committee may, if necessary, after the end of the period of six months referred to in article 8.4, invite the State Party concerned to inform it of the measures taken in response to such an inquiry.

10. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt við undirritun eða fullgildingu þessarar bókunar eða samhliða aðild að henni að lýsa því yfir að það viðurkenni ekki valdheimildir nefndarinnar sem kveðið er á um í 8. og 9. gr.
2. Sérhverju aðildarríki, sem gefið hefur út yfirlýsingu í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla yfirlýsinguna með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans.

11. gr.

Aðildarríki skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingar innan lögsögu þess sæti ekki illri meðferð eða sé ógnað vegna samskipta þeirra við nefndina samkvæmt þessari bókun.

12. gr.

Nefndin skal fella inn í ársskýrslu sína samkvæmt 21. gr. samningsins samantekt um starfsemi sína samkvæmt þessari bókun.

13. gr.

Hvert aðildarríki skuldbindur sig til þess að standa að víðtækri kynningu og vekja athygli á samningnum og þessari bókun og veita greiðan aðgang að upplýsingum um álit nefndarinnar og tilmæli hennar, einkum um málefni sem varða viðkomandi aðildarríki.

14. gr.

Nefndin skal setja sér málsmeðferðarreglur sem henni ber að fylgja þegar hún gegnir því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt þessari bókun.

15. gr.

1. Bókun þessi skal lögð fram til undirritunar fyrir sérhvert það ríki sem hefur undirritað, fullgilt eða gerst aðili að samningnum.
2. Bókun þessi skal háð fullgildingu af hálfu sérhvers ríkis sem hefur fullgilt eða gerst aðili að samningnum. Fullgildingarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
3. Bókun þessi skal vera opin til aðildar af hálfu sérhvers ríkis sem hefur fullgilt eða gerst aðili að samningnum.
4. Aðild skal öðlast gildi þegar aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Article 10

1. Each State Party may, at the time of signature or ratification of the present Protocol or accession thereto, declare that it does not recognize the competence of the Committee provided for in articles 8 and 9.
2. Any State Party having made a declaration in accordance with paragraph 1 of the present article may, at any time, withdraw this declaration by notification to the Secretary-General.

Article 11

A State Party shall take all appropriate steps to ensure that individuals under its jurisdiction are not subjected to ill treatment or intimidation as a consequence of communicating with the Committee pursuant to the present Protocol.

Article 12

The Committee shall include in its annual report under article 21 of the Convention a summary of its activities under the present Protocol.

Article 13

Each State Party undertakes to make widely known and to give publicity to the Convention and the present Protocol and to facilitate access to information about the views and recommendations of the Committee, in particular, on matters involving that State Party.

Article 14

The Committee shall develop its own rules of procedure to be followed when exercising the functions conferred on it by the present Protocol.

Article 15

1. The present Protocol shall be open for signature by any State that has signed, ratified or acceded to the Convention.
2. The present Protocol shall be subject to ratification by any State that has ratified or acceded to the Convention. Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.
3. The present Protocol shall be open to accession by any State that has ratified or acceded to the Convention.
4. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

16. gr.

1. Bókun þessi skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir daginn sem tíunda fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún öðlast gildi skal bókun þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir daginn sem fullgildingar- eða aðildarskjal þess ríkis er afhent til vörslu.

Article 16

1. The present Protocol shall enter into force three months after the date of the deposit with the Secretary-General of the United Nations of the tenth instrument of ratification or accession.
2. For each State ratifying the present Protocol or acceding to it after its entry into force, the present Protocol shall enter into force three months after the date of the deposit of its own instrument of ratification or accession.

17. gr.

Óheimilt skal að gera fyrirvara við bókun þessa.

Article 17

No reservations to the present Protocol shall be permitted.

18. gr.

1. Sérhverju aðildarríki er heimilt að gera tillögu að breytingu á bókun þessari og leggja hana fram hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal að svo búnu koma breytingartillögu á framfæri við aðildarríkin ásamt beiðni um að þau tilkynni honum hvort þau séu hlynnt því að aðildarríkin komi saman til ráðstefnu í því skyni að fjalla um og greiða atkvæði um tillöguna. Í því tilviki þegar að minnsta kosti þriðjungur aðildarríkjanna er hlynntur slíkri ráðstefnu skal aðalframkvæmdastjórinn boða til slíkrar ráðstefnu undir forystu Sameinuðu þjóðanna. Allar breytingar sem meirihluti aðildarríkja sem eiga fulltrúa á ráðstefnunni og greiða atkvæði samþykkir skal leggja fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til samþykkis.
2. Breytingar skulu öðlast gildi þegar þær hafa hlotið samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og samþykktar með tveimur þriðju hlutum atkvæða ríkja sem eru aðilar að bókun þessari í samræmi við stjórnskipulega meðferð hvers aðildarríkis.
3. Þegar breytingar öðlast gildi skulu þær vera bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa samþykkt þær en önnur aðildarríki eru eftir sem áður skuldbundin af ákvæðum bókunar þessarar og fyrri breytingum sem þau hafa samþykkt.

Article 18

1. Any State Party may propose an amendment to the present Protocol and file it with the Secretary-General of the United Nations. The Secretary-General shall thereupon communicate any proposed amendments to the States Parties with a request that they notify her or him whether they favour a conference of States Parties for the purpose of considering and voting on the proposal. In the event that at least one third of the States Parties favour such a conference, the Secretary-General shall convene the conference under the auspices of the United Nations. Any amendment adopted by a majority of the States Parties present and voting at the conference shall be submitted to the General Assembly of the United Nations for approval.
2. Amendments shall come into force when they have been approved by the General Assembly of the United Nations and accepted by a two-thirds majority of the States Parties to the present Protocol in accordance with their respective constitutional processes.
3. When amendments come into force, they shall be binding on those States Parties that have accepted them, other States Parties still being bound by the provisions of the present Protocol and any earlier amendments that they have accepted.

19. gr.

1. Sérhverju aðildarríki er hvenær sem er heimilt að segja upp aðild sinni að bókun þessari með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Upp-

Article 19

1. Any State Party may denounce the present Protocol at any time by written notification addressed to the Secretary-General of the United Nations. Denunciation shall take

sögn skal öðlast gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin.

2. Uppsögn skal ekki hafa áhrif á áframhaldandi gildi ákvæða bókunar þessarar að því er varðar erindi sem lögð eru fram samkvæmt 2. gr. eða rannsóknir sem eru hafnar samkvæmt 8. gr. fyrir þann dag sem uppsögnin kemur til framkvæmda.

effect six months after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.

2. Denunciation shall be without prejudice to the continued application of the provisions of the present Protocol to any communication submitted under article 2 or any inquiry initiated under article 8 before the effective date of denunciation.

20. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum um:

a) undirritun, fullgildingu og aðild samkvæmt bókun þessari;
b) þann dag sem bókun þessi öðlast gildi og um allar breytingar samkvæmt 18. gr.;
c) sérhverja uppsögn samkvæmt 19. gr.

Article 20

The Secretary-General of the United Nations shall inform all States of:

(a) Signatures, ratifications and accessions under the present Protocol;
(b) The date of entry into force of the present Protocol and of any amendment under article 18;
(c) Any denunciation under article 19.

21. gr.

1. Bókun þessi, en textar hennar á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru allir jafngildir, skal varðveitt í skjalasafni Sameinuðu þjóðanna.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda staðfest afrit af bókun þessari til allra ríkja sem um getur í 25. gr. samningsins.

Article 21

1. The present Protocol, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the United Nations.
2. The Secretary-General of the United Nations shall transmit certified copies of the present Protocol to all States referred to in article 25 of the Convention.

AUGLÝSING

um breytingu á alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis.

Hinn 6. mars 2001 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytingar á alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis frá 7. mars 1966, sem gerð var í New York 15. janúar 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1968, þar sem samningurinn er birtur, 17/1969, 20/1981 og 24/1982. Tilkynnt verður um gildistöku breytingarinnar síðar.

Breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. mars 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

BREYTING
á alþjóðasamningi um afnám alls kynjaþáttamisréttis sem samþykkt var á ráðstefnu aðildarríkjanna 15. janúar 1992.

Í stað 6. mgr. 8. gr. samningsins komi: „Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal sjá nefndinni samkvæmt samningnum fyrir nauðsynlegu starfsfólki og aðbúnaði til þess að hún geti innt störf sín af hendi á skilvirkan hátt."

Ný málsgrein, 7. mgr., bætist við 8. gr.: „Meðlimir nefndarinnar, sem samningur þessi kemur á fót, skulu, að fengnu samþykki allsherjarþingsins, fá greiðslur úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem allsherjarþingið getur sett."

AMENDMENT
to the Convention on the Elimination of All Forms of Racial Discrimination adopted at the Conference of the States Parties on 15 January 1992

Replace paragraph 6 of article 8 of the Convention with the paragraph "The Secretary-General of the United Nations shall provide the necessary staff and facilites for the effective performance of the functions of the Committee under the Convention."

Add a new paragraph, as article 8, paragraph 7, "The members of the Committee established under the present Convention shall, with the approval of the General Assembly, receive emouluments from United Nations resources on such terms and conditions as the General Assembly may decide."

AUGLÝSING

um breytingar á Norðurlandasamningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir tilteknar heilbrigðis- og hjúkrunarstéttir og dýralækna.

Hinn 12. mars 2001 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings um breytingar á Norðurlandasamningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir tilteknar heilbrigðis- og hjúkrunarstéttir og dýralækna frá 14. júní 1993, sem gerður var í Ósló 11. nóvember 1998, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 36/1993 þar sem samningurinn er birtur. Samningurinn öðlast gildi 1. apríl 2001.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. mars 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi frá 14. júní 1993 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir tilteknar heilbrigðis- og hjúkrunarstéttir og dýralækna.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar óska eftir að breyta samningi um sameiginlegan vinnumarkað fyrir tilteknar heilbrigðis- og hjúkrunarstéttir og dýralækna frá 14. júní 1993 og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

1. gr. breytist og hljóðar þannig:

Samningur þessi gildir um starfsmenn sem eru ríkisborgarar Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs eða Svíþjóðar, hér á eftir nefnd samningsríkin, og sem tilheyra einhverjum þeim starfsgreinum sem upp eru taldar í 1. viðauka.

2. gr.

2. gr. breytist og hljóðar þannig:

Sá sem hefur í einhverju samningsríkjanna fengið sambærilega, löglega viðurkenningu sem starfsmaður í starfsgrein skv. 1. gr., sbr. 1. viðauka, skal með þeim skilyrðum sem sett eru í þessum samningi eiga rétt á að fá slíka viðurkenningu í sérhverju hinna ríkjanna þar sem í gildi eru ákvæði um viðurkenningu af þessu tagi.

Það sem segir í 1. mgr. um viðurkenningu skal gilda á tilsvarandi hátt, annars vegar um þann sem starfar eða hefur rétt til að starfa sem lyfjafræðingur í einhverju ríkjanna og hins vegar um þann sem má, þótt hann sé ekki lyfjafræðingur, afgreiða lyf samkvæmt lyfseðlum í lyfjabúð (farmaceut í Finnlandi, aðstoðarlyfjafræðingur á Íslandi, receptar í Noregi og receptarie í Svíþjóð).

Starfsmenn sem hlotið hafa menntun í samningsríki þar sem ekki eru í gildi ákvæði um viðurkenningu á því starfi sem um ræðir skulu í þeim tilvikum sem um ræðir í 5.-12. gr. eiga rétt á að fá viðurkenningu í þeim samningsríkjanna sem hafa ákvæði um slíka viðurkenningu.

Í 2. viðauka greinir í hvaða ríkjum og fyrir hvaða starfsgreinar ákvæði um viðurkenningu gilda við gildistöku samningsins.

3. gr.

4. gr. breytist og hljóðar þannig:

Danmörk getur sett skilyrði fyrir ótakmarkaðri löggildingu sem tandplejer að umsækjandi vinni ákveðinn tíma til reynslu eða gangist undir hæfnispróf. Umsækjandi getur valið um hvort hann vinnur í ákveðinn tíma til reynslu eða gengst undir hæfnispróf.

4. gr.

6. gr. breytist og hljóðar þannig:

Sá sem fengið hefur viðurkenningu á Íslandi sem sjóntækjafræðingur á rétt á að fá viðurkenningu sem optiker í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð að því tilskildu að hann hafi lokið námi í einhverju hinna samningsríkjanna sem hægt er að leggja til grundvallar löggildingu hans sem optiker í því landi.

5. gr.

7. gr. samningsins fellur niður.

6. gr.

9. gr. breytist og hljóðar þannig:

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem mentalvärdare eða närvärdare í Finnlandi, sjúkraliði á sviði geðhjúkrunar á Íslandi, og hjelpepleier á sviðinu psykiatrisk sykepleie í Noregi

a) sem hefur aflað sér skilríkja í Danmörku sem social- og sundhedsassistent (SOSU-assistent) eða sem plejer í samræmi við reglur settar af Sundhedsstyrelsen á árinu 1977 eða síðar eða
b) sem hefur í Svíþjóð uppfyllt gildandi kröfur um menntun og starfsreynslu skötare i psykiatrisk värd eða hlotið eldri menntun, viðurkennda af til þess bærum yfirvöldum, fyrir skötare i psykiatrisk värd.

7. gr.

10. gr. breytist og hljóðar þannig:

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem tandskötare eða rärvärdare í Finnlandi, tannlæknir á Íslandi og tandsköterska í Svíþjóð

a) sem hefur lokið reglulegu námi sem tandklinikassistent í Danmörku eða
b) sem hefur lokið reglulegu námi sem tannlegesekretær í Noregi.

8. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem tandtekniker í Finnlandi og Svíþjóð sem

a) hefur lokið í Danmörku fjögurra til fimm ára námi sem laboratorietandtekniker við starfsmenntaskóla eða lokið eldra námi, viðurkenndu af til þess bærum yfirvöldum, fyrir laboratorietandtekniker eða
b) hefur fengið sveinsbréf í Noregi í tannsmíði.

9. gr.

12. gr. breytist og hljóðar þannig:

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem primärskötare eða närvärdare í Finnlandi, sjúkraliði á Íslandi eða hjelpepleier í Noregi sem

a) hefur aflað sér skilríkja í Danmörku sem sygehjælper eða social- og sundhedsassistent (SOSU-assistent) eða
b) uppfyllir þær kröfur sem gilda í Svíþjóð um menntun og starfsreynslu fyrir undersköterska eða hefur aflað sér sambærilegrar eldri menntunar sem viðurkennd er af til þess bærum yfirvöldum.

10. gr.

12. gr. a er ný og hljóðar þannig:

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem laboratorieskötare í Finnlandi, meinatæknir á Íslandi og bioingenjør í Noregi sem

a) lokið hefur reglulegu námi í Danmörku sem hospitalslaborant eða
b) lokið hefur námi í æðri skóla í Svíþjóð sem biomedicinsk analytiker eða hlotið sambærilega eldri menntun sem viðurkennd er af til þess bærum yfirvöldum.

11. gr.

12. gr. b er ný og hljóðar þannig:

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem fodterapeut í Danmörku, fotvärdare í Finnlandi, fótaaðgerðafræðingur á Íslandi og fotterapeut í Noregi sem lokið hefur námi í Svíþjóð í fótaaðgerðum sem viðbótarnámi í fullorðinsfræðslu á vegum bæjar- eða sveitarfélags, eða hefur áður lokið námi fótaaðgerðarsérfræðings (sérnámskeiði í fjölbrautaskóla).

12. gr.

12. gr. c er ný og hljóðar þannig:

Sá á rétt að fá viðurkenningu sem talterapeut í Finnlandi og logoped í Svíþjóð sem
a) hefur fengið viðurkenningu á Íslandi sem talmeinafræðingur að því tilskildu að hann hafi lokið námi í Finnlandi eða Svíþjóð sem hægt er að leggja til grundvallar löggildingu hans sem talmeinafræðings í þeim löndum eða
b) hefur lokið háskólaprófi í spesialpedagogikk við háskóla, með logopedi sem sérgrein.

13. gr.

16. gr. breytist og hljóðar þannig:

Hafi sjóntækjafræðingur aflað sér starfsréttinda sem kontaktlinsoptiker í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð fær hann staðfestingu á sömu réttindum í hinum ríkjunum.

Réttur til staðfestingar á starfsréttindum sem kontaktlinsoptiker í öðru samningsríki skv. 1. mgr. er bundinn því skilyrði að sjóntækjafræðingurinn hafi fengið viðurkenningu sem sjóntækjafræðingur í því ríki og hafi hana enn.

14. gr.

Samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að öll samningsríki hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að samningurinn hafi verið staðfestur.

Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsríkjunum að það hafi fengið í hendur umræddar tilkynningar og hvenær samningurinn öðlast gildi.

Samningur þessi skal gilda meðan samningurinn frá 14. júní 1993 er í gildi.

15. gr.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu sem skal senda hinum aðilunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Ósló hinn 11. nóvember 1998 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textarnir jafngildir.

Viðauki 1.
Heiti starfsgreina.

	í Svíþjóð	*í Danmörku*	*í Finnlandi*	*á Íslandi*	*í Noregi*
1.	läkare	læger	lääkärit/läkare	læknar	leger
2.	tandläkare	tandlæger	hammaslääkärit/ tandläkare	tannlæknar	tannleger
3	sjuksköterskor	sygeplejersker[1]	sairaanhoitajat/ sjukskötare	hjúkrunarfræðingar	sykepleiere
4.	apotekare	provisorer	proviisorit/ provisorer	lyfjafræðingar	provisorer
5.	sjukgymnaster	fysioterapeuter	fysioterapeutit/ fysioterapeuter	sjúkraþjálfarar	fysioterapeuter
6.	arbetsterapeuter	ergoterapeuter	toimintaterapeutit/ ergoterapeuter	iðjuþjálfar	ergoterapeuter
7.	barnmorskor	jordemödre	kätilöt/barnmorskor	ljósmæður	jordmödre
8.	distriktssköterskor	sundhedsplejersker	terveydenhoitajat/ hälsovärdare	[starfsgreinin er ekki til í landinu]	helsesöstre
9.	optiker	optikere	optikot/optiker	sjóntækjafræðingar	optikere
10.	psykologer	psykologer	psykologit/ psykologer	sálfræðingar	psykologer
11.	receptarier	[starfsgreinin er ekki til í landinu]	farmaceutit/ farmaceuter	aðstoðar-lyfjafræðingar	reseptarer
12.	röntgenassistenter	radiografer	röntgenhoitajat/ röntgenskötare	röntgentæknar	radiografer
13.	skötare i psykiatrisk värd	plejere/social- og sundheds-assistenter	mielenterveyshoi-tajat/mentalvärdare og lähihoitajat/närvärdare	sjúkraliðar	hjelpepleiere i psykiatrisk sykepleie
14.	tandhygienister	tandplejere	hamashuoltajat/ tandhygienister	tannfræðingar	tannpleiere
15.	tandsköterskor	tandklinikassistenter	hammashoitajat/ tandskötare og lähihoitajat/närvärdare	tanntæknar	tannhelsesekretærer og tannlegesekretærer
16.	tandtekniker	laboratorie-tandteknikere	hammasteknikot/ tändtekniker	tannsmiðir	tannteknikere
17.	undersköterskor	sygehjælpere/ social- og sundheds-assistenter	perushoitajat/ primärskötare og lähihoitajat/närvärdare	sjúkraliðar	hjelpepleiere
18.	veterinärer	dyrlæger	eläinlääkärit/veterinärer	dýralæknar	veterinærer
19.	kiropraktorer	kiropraktorer	kiropraktikot/kiropraktorer	hnykkjarar	kiropraktorer
20.	biomedicinska	hospitalslaboranter	laboratoriohoitajat/ laboratorieskötare	meinatæknar	bioingenjører
21.	logopeder	[starfsgreinin er ekki til í landinu]	puheterapeutit/ talterapeuter	talmeinafræðingar	logopeder
22.	fotterapeuter	fodterapeuter	jalkojenhoitajat/ fotvärdare	fótaaðgerða-fræðingar	fotterapeuter

1) Grænlenskir hjúkrunarfræðingar með autorisationsbevis þar sem fram kemur að menntun þeirra sé sambærileg danskri menntun í greininni eiga rétt á viðurkenningu í samningsríkjunum í samræmi við ákvæði samningsins. Heimastjórn Grænlands, stjórnardeild fyrir heilbrigði, umhverfismál og rannsóknir (Grönlands Hjemmestyre, Direktoratet for Sundhed, Miljö og Forskning) hefur lýst yfir að sá sem hefur hlotið viðurkenningu sem hjúkrunarfræðingur í einhverju samningsríkjanna muni fá viðurkenningu sem hjúkrunarfræðingur í Grænlandi.

Viðauki 2.

x = í gildi eru reglur um starfsgreinina í þessu landi
- = ekki eru í gildi reglur um starfsemina í þessu landi
* = starfsgreinin er ekki til í þessu landi, hvorki sem starfsgrein er reglur gilda um né sem starfsgrein er reglur gilda ekki um.

Starfsgrein	*R í k i*				
	DK	SF	ÍS	N	S
1. læger/lääkärit, läkare/læknar leger/läkare	X	X	X	X	X
2. tandlæger/hammaslääkarit tandläkare/tannlæknar/tannleger/ tandläkare	X	X	X	X	X
3. sygeplejersker[1]/sairanhoitajat, sjukskötare/hjúkrunarfræðingar/ sykepleiere/sjuksköterskor	X	X	X	X	X
4. provisorer/proviisorit, provisorer/ lyfjafræðingar/provisorer/ apotekare	X	X	X	X	X
5. fysioterapeuter/fysioterapeutit, fysioterapeuter/sjúkraþjálfarar/ fysioterapeuter/sjukgymnaster	X	X	X	X	X
6. ergeterapeuter/toimintaterapeutit/ ergoterapeuter/iðjuþjálfar/ ergoterapeuter, arbetsterapeuter	X	X	X	X	X
7. jordemödre/kätilöt barnmorskor/ ljósmæður/jordmödre/barnmorskor	X	X	X	X	X
8. sundhedsplejersker/terveydenhoitajat/ hälsovärdare/*/helsesøstre/ distriktssköterskor	X	X	*	X	X
9. optikere/optikot, optiker[2]/ sjóntækjafræðingar[3]/optikere/optiker	X	X	X	X	X
10. psykologer/psykologit/psykologer/ sálfræðingar/psykologer/psykologer	X	X	X	X	X
11. */farmaceutit, farmaceuter/ aðstoðarlyfjafræðingar/ reseptarer/receptarier	*	X	X	X	X
12. radiografer/röntgenhoitajat, röntgenskötare/röntgentæknar/ radiografer/röntgenassistenter	-	X	X	X	-

1) Grænlenskir hjúkrunarfræðingar með autorisationsbevis þar sem fram kemur að menntun þeirra sé sambærileg danskri menntun í greininni eiga rétt á viðurkenningu í samningsríkjunum í samræmi við ákvæði samningsins. Heimastjórn Grænlands, stjórndeild fyrir heilbrigði, umhverfismál og rannsóknir, (Grænlands Hjemmestyre, Direktoratet for Sundhed, Miljö og Forskning) hefur lýst yfir að sá sem hefur hlotið viðurkenningu sem hjúkrunarfræðingur í einhverju samningsríkjanna muni fá viðurkenningu sem hjúkrunarfræðingur í Grænlandi.
2) Frá og með 1. janúar 1998 er í gildi nýtt prófheiti: optometristi; optometrist.
3) Einungis sá, sem hlotið hefur viðurkenningu á Íslandi sem sjóntækjafræðingur eftir að hafa lokið námi í einhverju hinna samningsríkjanna sem hægt er að leggja til grundvallar löggildingu í því landi, skal eiga rétt á að fá viðurkenningu sem optiker í hinum samningsríkjunum.

Starfsgrein	*R í k i*				
	DK	SF	ÍS	N	S
13. plejere, social- og sundhedsassistenter/ mielenterveyshoitajat, mentalvärdare lähihoitajat, närvärdare/sjúkraliðar hjelpepleiere i psykiatrisk sykepleie/ skötere i psykiatrisk värd	-	X	-	X	-
14. tandplejere/hammashuoltajat, tandhygenister[4]/tannfræðingar/ tannpleiere/tandhygieniser	X	X	X	X	X
15. tandklinikassistenter/hammashoitajat, tandskötare, lähihoitajat, närvärdare/ tanntæknar/tannlegeassistenter, tannlegesekretærer/tandsköterskor	-	X	X	-	X
16. laboratorietandtekniker/hammasteknikot, tandtekniker[5]/tannsmiðir/tannteknikere/tandtekniker	-	X	-	X	X
17. sygehjælpere; social- og sundheds-assistenter/perushoitajat, primärskötare, lähihoitajat, närvärdare, sjúkraliðar/ hjelpepleiere/undersköterskor	-	X	X	X	-
18. dyrlæger/eläinlääkärit,veterinärer/ dýralæknar/veterinærer/veterinärer	X	X	X	X	X
19. kiropraktorer/kiropraktikor, kiropraktorer/hnykkjarar/ kiropraktorer/kiropraktorer	X	X	X	X	X
20. hospitalslaboranter/laboratoriohoitajat, laboratorieskötare[6]/meinatæknar/ bioingenjörer/biomedicinska analytiker	-	X	X	X	-
21. */puheterapeutit, talterapeuter/ talmeinafræðingar[7]/logopeder/logopeder	*	X	X	-	X
22. fodterapeuter/jaklojenhoitajat; forvärdare/fótaaðgerðafræðingar/ fotterapeuter/fotterapeuter	X	X	X	X	-

4) Frá og með 1. janúar 1998 er í gildi nýtt prófheiti: suuhygienisti; tandhygienist.
5) Frá og með 1. janúar 1998 er í gildi nýtt prófheiti: hammasteknikko; dentonom.
6) Frá og með 1. janúar 1998 er í gildi nýtt prófheiti: bioanalyytikko; bioanalytiker.
7) Einungis sá sem hlotið hefur viðurkenningu á Íslandi sem talmeinafræðingur eftir að hafa lokið námi í einhverju hinna samningsríkjanna, sem hægt er að leggja til grundvallar löggildingu í því landi, skal eiga rétt á að fá viðurkenningu sem talmeinafræðingur í hinum samningsríkjunum.

AUGLÝSING

um samning um viðurkenningu á menntun og hæfi á æðra skólastigi á Evrópusvæðinu.

Hinn 21. mars 2001 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um viðurkenningu á menntun og hæfi á æðra skólastigi á Evrópusvæðinu sem gerður var í Lissabon 11. apríl 1997. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. maí 2001.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 10. apríl 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um viðurkenningu á menntun og hæfi á æðra skólastigi á Evrópusvæðinu.

Samningsaðilar,

gera sér grein fyrir að rétturinn til náms eru mannréttindi og að æðri menntun, sem er veigamikill þáttur fyrir framgang þekkingar, felur í sér einstaklega rík menningarleg og vísindaleg verðmæti til ávinnings fyrir bæði einstaklinga og þjóðfélag;

hafa í huga að æðri menntun eigi að gegna veigamiklu hlutverki við að stuðla að friði, gagnkvæmum skilningi og umburðarlyndi og eigi að skapa gagnkvæmt trúnaðartraust meðal þjóða;

hafa í huga að hinn mikli fjölbreytileiki menntakerfa á Evrópusvæðinu endurspeglar fjölbreytileika í menningarmálum, félagsmálum, stjórnmálum, heimspeki, trúmálum og efnahagsmálum á svæðinu sem sé einstakur ávinningur sem meta eigi að verðleikum;

æskja þess að gera öllu fólki af svæðinu kleift að njóta til fulls ávinnings af þessari ríkulegu fjölbreytni með því að greiða fyrir aðgangi íbúa hvers ríkis og nemenda í menntastofnunum hvers samningsaðila að menntunarmöguleikum hjá öðrum samningsaðilum, einkum með því að auðvelda þeim að halda áfram að mennta sig eða að ljúka námsþáttum í æðri menntastofnunum í löndum annarra samningsaðila;

hafa í huga að viðurkenning á námi, vottorðum, prófskírteinum og prófgráðum í öðru

CONVENTION
on the Recognition of Qualifications concerning Higher Education in the European Region

The Parties to this Convention,

Conscious of the fact that the right to education is a human right, and that higher education, which is instrumental in the pursuit and advancement of knowledge, constitutes an exceptionally rich cultural and scientific asset for both individuals and society;

Considering that higher education should play a vital role in promoting peace, mutual understanding and tolerance, and in creating mutual confidence among peoples and nations;

Considering that the great diversity of education systems in the European region reflects its cultural, social, political, philosophical, religious and economic diversity, an exceptional asset which should be fully respected;

Desiring to enable all people of the region to benefit fully from this rich asset of diversity by facilitating access by the inhabitants of each State and by the students of each Party's educational institutions to the educational resources of the other Parties, more specifically by facilitating their efforts to continue their education or to complete a period of studies in higher education institutions in those other Parties;

Considering that the recognition of studies, certificates, diplomas and degrees obtained in

landi á Evrópusvæðinu sé mikilvæg til að stuðla að hreyfanleika háskólastúdenta milli samningsaðila;

leggja mikla áherslu á mikilvægi sjálfstæðis stofnana og gera sér grein fyrir nauðsyn þess að verja og gæta þess sjálfstæðis;

eru sannfærðir um að sanngjörn viðurkenning á menntun og hæfi sé lykilatriði í rétti til náms og sé á ábyrgð samfélagsins;

með tilliti til samninga Evrópuráðsins og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um viðurkenningu á háskólamenntun í Evrópu:

samnings Evrópuríkja um jafngildi prófskírteina til aðgangs að háskólum (1953, ETS 15) og bókunar við hann (1964, ETS 49);

samnings Evrópuríkja um jafngildi námsdvalar í háskólum (1956, ETS 21);

samnings Evrópuríkja um viðurkenningu á háskólaprófum (1959, ETS 32);

samnings um viðurkenningu á námi, prófskírteinum og prófgráðum að því er varðar æðri menntun í ríkjum sem tilheyra Evrópusvæðinu (1979);

samnings Evrópuríkja um almennt jafngildi námstímabila í háskóla (1990, ETS 138);

einnig með tilliti til alþjóðasamnings um viðurkenningu á námi, prófskírteinum og prófgráðum á æðra skólastigi í Araba- og Evrópuríkjum sem liggja að Miðjarðarhafinu (1976) sem samþykktur var innan ramma Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og fjallar að hluta til um viðurkenningu á háskólanámi í Evrópu;

álíta að jafnframt ætti að skoða þennan samning með hliðsjón af samningum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegum tilmælum sem taka til annarra landsvæða í heiminum og þeirrar nauðsynjar að bæta upplýsingaskipti milli þessara svæða;

gera sér grein fyrir að þær víðtæku breytingar sem orðið hafa á æðri menntun á Evrópusvæðinu frá því að þessir samningar voru samþykktir hafa leitt til verulega aukinnar fjölbreytni í æðri menntakerfum innanlands og á milli landa og að nauðsynlegt er að samræma lög og lagaframkvæmd til að endurspegla þessa þróun;

gera sér grein fyrir þörfinni á að finna sameiginlegar lausnir á vandamálum sem tengjast viðurkenningu á menntun á Evrópusvæðinu;

gera sér grein fyrir að þörf er á að bæta núver-

another country of the European region represents an important measure for promoting academic mobility between the Parties;

Attaching great importance to the principle of institutional autonomy, and conscious of the need to uphold and protect this principle;

Convinced that a fair recognition of qualifications is a key element of the right to education and a responsibility of society;

Having regard to the Council of Europe and UNESCO Conventions covering academic recognition in Europe:

European Convention on the Equivalence of Diplomas leading to Admission to Universities (1953, ETS No. 15), and its Protocol (1964, ETS No. 49);

European Convention on the Equivalence of Periods of University Study (1956, ETS No. 21);

European Convention on the Academic Recognition of University Qualifications (1959, ETS No. 32);

Convention on the Recognition of Studies, Diplomas and Degrees concerning Higher Education in the States belonging to the Europe Region (1979);

European Convention on the General Equivalence of Periods of University Study (1990, ETS No. 138);

Having regard also to the International Convention on the Recognition of Studies, Diplomas and Degrees in Higher Education in the Arab and European States bordering on the Mediterranean (1976), adopted within the framework of UNESCO and partially covering academic recognition in Europe;

Mindful that this Convention should also be considered in the context of the UNESCO conventions and the International Recommendation covering other Regions of the world, and of the need for an improved exchange of information between these Regions;

Conscious of the wide ranging changes in higher education in the European region since these Conventions were adopted, resulting in considerably increased diversification within and between national higher education systems, and of the need to adapt the legal instruments and practice to reflect these developments;

Conscious of the need to find common solutions to practical recognition problems in the European region;

Conscious of the need to improve current

andi aðferðir við viðurkenningu menntunar, gera þær gagnsærri og í betra samræmi við núverandi ástand æðri menntunar á Evrópusvæðinu;

eru sannfærðir um mikilvægi þess að þróa og samþykkja samning undir sameiginlegri forystu Evrópuráðsins og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna er myndi ramma utan um frekari þróun á viðurkenningaraðferðum á Evrópusvæðinu;

og gera sér grein fyrir mikilvægi þess að sjá fyrir varanlegum aðferðum til að koma meginreglum og ákvæðum þessa samnings til framkvæmda,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. kafli.
Skilgreiningar.

Grein I.

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Aðgangur (að æðri menntun)

Réttur hæfra umsækjanda til að sækja um og koma til álita við inntöku í æðri menntastofnanir.

Inntaka (í æðri menntastofnanir og námsleiðir)

Sú aðgerð eða kerfi fyrir að heimila hæfum umsækjendum að stunda æðra nám í tiltekinni stofnun og/eða í tiltekinni námsleið.

Mat (á stofnunum eða námsleiðum)

Koma á aðferð til að taka afstöðu til gæða æðri menntastofnunar eða námsleiðar.

Mat (á staðfestingum um menntun og hæfi einstaklinga)

Skriflegt mat þar til bærs aðila á erlendum staðfestingum um menntun og hæfi einstaklings.

Þar til bært viðurkenningarstjórnvald

Aðili sem opinberlega er falið að taka bindandi ákvarðanir um viðurkenningu á menntun og hæfi einstaklings sem fengin er í öðru landi.

Æðri menntun

Hvers konar nám eða námskeið, verkleg þjálfun eða rannsóknarþjálfun, að loknu framhaldsskólanámi, sem viðurkennt er af viðeigandi stjórnvöldum samningsaðila að tilheyri æðra menntakerfi sínu.

recognition practice and to make it more transparent and better adapted to the current situation of higher education in the European region;

Confident of the positive significance of a Convention elaborated and adopted under the joint auspices of the Council of Europe and UNESCO providing a framework for the further development of recognition practices in the European region;

Conscious of the importance of providing permanent implementation mechanisms in order to put the principles and provisions of the current Convention into practice,

Have agreed as follows:

Section I
Definitions

Article I

For the purposes of this Convention, the following terms shall have the following meaning:

Access (to higher education)

The right of qualified candidates to apply and to be considered for admission to higher education.

Admission (to higher education institutions and programmes)

The act of, or system for, allowing qualified applicants to pursue studies in higher education at a given institution and/or a given programme.

Assessment (of institutions or programmes)

The process for establishing the educational quality of a higher education institution or programme.

Assessment (of individual qualifications)

The written appraisal or evaluation of an individual's foreign qualifications by a competent body.

Competent recognition authority

A body officially charged with making binding decisions on the recognition of foreign qualifications.

Higher education

All types of courses of study, or sets of courses of study, training or training for research at the post secondary level which are recognized by the relevant authorities of a Party as belonging to its higher education system.

Æðri menntastofnun
Stofnun sem býður upp á æðra nám og fengið hefur viðurkenningu þar til bærs stjórnvalds samningsaðila að tilheyri æðra menntakerfi sínu.

Higher education institution
An establishment providing higher education and recognized by the competent authority of a Party as belonging to its system of higher education.

Nám á æðra skólastigi
Nám sem þar til bært stjórnvald samningsaðila viðurkennir að tilheyri æðra menntakerfi sínu og lýkur með því að nemandinn fær skírteini því til staðfestingar.

Higher education programme
A course of study recognized by the competent authority of a Party as belonging to its system of higher education, and the completion of which provides the student with a higher education qualification.

Námsþáttur
Hver sá hluti náms á æðra skólastigi sem hefur verið metinn og skráður og í felst mikilvæg menntun, kunnátta eða hæfi þótt ekki sé um að ræða heildstætt nám.

Period of study
Any component of a higher education programme which has been evaluated and documented and, while not a complete programme of study in itself, represents a significant acquisition of knowledge or skill.

Staðfesting á menntun og hæfi
A. Staðfesting á menntun og hæfi að loknu námi á æðra skólastigi
Sérhver sú prófgráða, prófskírteini eða annað vottorð, útgefið af þar til bæru stjórnvaldi sem staðfestir að námi á æðra skólastigi hafi verið lokið með fullnægjandi hætti.

Qualification
A. Higher education qualification
Any degree, diploma or other certificate issued by a competent authority attesting the successful completion of a higher education programme.

B. Staðfesting á menntun og hæfi sem veitir aðgang að námi á æðra skólastigi
Sérhvert það prófskírteini eða annað vottorð, útgefið af þar til bæru stjórnvaldi sem staðfestir að námi er veitir handhafa staðfestingarinnar rétt til að koma til álita við inntöku í æðri menntastofnanir hafi verið lokið með fullnægjandi hætti (sbr. skilgreiningu á aðgangi).

B. Qualification giving access to higher education
Any diploma or other certificate issued by a competent authority attesting the successful completion of an education programme and giving the holder of the qualification the right to be considered for admission to higher education (cf. the definition of access).

Viðurkenning
Formleg viðurkenning þar til bærs stjórnvalds á gildi erlendrar staðfestingar á menntun og hæfi með hliðsjón af aðgangi að námi og/eða starfi.

Recognition
A formal acknowledgement by a competent authority of the value of a foreign educational qualification with a view to access to educational and/or employment activities.

Kröfur
A. Almennar kröfur
Skilyrði sem verður að uppfylla í öllum tilvikum til þess að fá aðgang að námi á æðra skólastigi eða tilteknu námsstigi eða til þess að fá úrskurð um staðfestingu á menntun og hæfi á tilteknu stigi.

Requirement
A. General requirements
Conditions that must in all cases be fulfilled for access to higher education, or to a given level thereof, or for the award of a higher education qualification at a given level.

B. Sérstakar kröfur
Skilyrði sem verður að uppfylla, til viðbótar almennum kröfum, til þess að fá aðgang að tilteknu námi á æðra skólastigi eða til að fá úrskurð

B. Specific requirements
Conditions that must be fulfilled, in addition to the general requirements, in order to gain admission to a particular higher education programme,

um staðfestingu á sérstakri menntun og hæfi á tilteknu námssviði.

II. kafli.
Valdbærni stjórnvalda.

Grein II.1.

1. Í þeim tilvikum þar sem stjórnvöld samningsaðila eru til þess bær að taka ákvarðanir í málum er varða viðurkenningu er sá samningsaðili þegar í stað bundinn af ákvæðum þessa samnings og skal hann gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd ákvæða hans á yfirráðasvæði sínu.
   Í þeim tilvikum þar sem valdbærni samningsaðila til þess að taka ákvarðanir í málum er varða viðurkenningu heyrir undir ákveðna einingu hjá samningsaðila skal sá samningsaðili láta öðrum vörsluaðila í té stutta yfirlýsingu um stjórnskipulegar aðstæður sínar eða skipulag um leið og undirritun fer fram eða þegar fullgildingar-, samþykktar-, staðfestingar- eða aðildarskjali er komið í vörslu, eða síðar. Í slíkum tilvikum skulu þar til bær stjórnvöld einstakra eininga hjá samningsaðila, sem hafa verið tilnefnd í þessu skyni, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd ákvæða þessa samnings á yfirráðasvæði sínu.
2. Í þeim tilvikum þar sem valdbærni til þess að taka ákvarðanir í málum er varða viðurkenningu heyrir undir einstakar æðri menntastofnanir eða aðra aðila skal hver samningsaðili, í samræmi við stjórnskipulegar aðstæður sínar eða skipulag, senda texta þessa samnings til þessara stofnana eða aðila og skal gera það sem unnt er til þess að hvetja til að ákvæði samningsins verði skoðuð af velvilja og þeim beitt.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu að breyttu breytanda eiga við um skuldbindingar samningsaðilanna samkvæmt þeim greinum samningsins sem fara hér á eftir.

Grein II.2.

Ríki, Páfagarður eða Evrópubandalagið skal, þegar það undirritar eða kemur fullgildingar-, samþykktar-, staðfestingar- eða aðilarskjali sínu í vörslu eða síðar, tilkynna öðrum hvorum vörsluaðilanum um hvaða yfirvöld eru til þess bær að taka ákvarðanir í hverjum málaflokki er varða viðurkenningu.

or for the award of a specific higher education qualification in a particular field of study.

Section II
The competence of authorities

Article II.1

1. Where central authorities of a Party are competent to make decisions in recognition cases, that Party shall be immediately bound by the provisions of this Convention and shall take the necessary measures to ensure the implementation of its provisions on its territory.

   Where the competence to make decisions in recognition matters lies with components of the Party, the Party shall furnish one of the depositories with a brief statement of its constitutional situation or structure at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, or any time thereafter. In such cases, the competent authorities of the components of the Parties so designated shall take the necessary measures to ensure implementation of the provisions of this Convention on their territory.

2. Where the competence to make decisions in recognition matters lies with individual higher education institutions or other entities, each Party according to its constitutional situation or structure shall transmit the text of this convention to these institutions or entities and shall take all possible steps to encourage the favourable consideration and application of its provisions.

3. The provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article shall apply, mutatis mutandis, to the obligations of the Parties under subsequent articles of this Convention.

Article II.2

At the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, or at any time thereafter, each State, the Holy See or the European Community shall inform either depository of the present Convention of the authorities which are competent to make different categories of decisions in recognition cases.

Grein II.3.

Ekkert í þessum samningi skal talið rýra gildi hagstæðari ákvæða um viðurkenningu á staðfestingum um menntun og hæfi, sem eru gefnar út í landi samningsaðila og koma frá eða eiga rætur í gildandi eða síðari samningum sem aðili að þessum samningi er eða verður aðili að.

Article II.3

Nothing in this Convention shall be deemed to derogate from any more favourable provisions concerning the recognition of qualifications issued in one of the Parties contained in or stemming from an existing or a future treaty to which a Party to this Convention may be or may become a party.

III. kafli.
Meginreglur um mat á staðfestingum um menntun og hæfi.

Section III
Basic principles related to the assessment of qualificiations

Grein III.l.

1. Handhafar staðfestinga um menntun og hæfi sem gefnar hafa verið út af samningsaðila skulu hafa fullnægjandi aðgang til þess að fá staðfestingu sína um menntun og hæfi metna fari þeir fram á það við viðeigandi aðila.
2. Í þessu tilliti skal óheimilt að mismuna á grundvelli kynferðis umsækjanda, kynþáttar, litarháttar, fötlunar, tungumáls, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis- eða félagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihlutahópa, eigna, uppruna eða annarrar stöðu, eða á grundvelli annarra kringumstæðna sem ekki varða efnislegt gildi staðfestingar um menntun og hæfi sem sótt er um viðurkenningu á. Til þess að tryggja þennan rétt gengst samningsaðili undir að koma á viðeigandi tilhögun til að meta umsókn um viðurkenningu á staðfestingu um menntun og hæfi einungis á grundvelli þekkingar og kunnáttu sem aflað hefur verið.

Article III.1

1. Holders of qualifications issued in one of the Parties shall have adequate access, upon request to the appropriate body, to an assessment of these qualifications.

2. No discrimination shall be made in this respect on any ground such as the applicant's gender, race, colour, disability, language, religion, political or other opinion, national, ethnic or social origin, association with a national minority, property, birth or other status, or on the grounds of any other circumstance not related to the merits of the qualification for which recognition is sought. In order to assure this right, each Party undertakes to make appropriate arrangements for the assessment of an application for recognition of qualifications solely on the basis of the knowledge and skills achieved.

Grein III.2.

Hver samningsaðili skal tryggja að sú málsmeðferð og þær viðmiðanir sem beitt er við mat og viðurkenningu á staðfestingum um menntun og hæfi séu gagnsæjar, sjálfum sér samkvæmar og áreiðanlegar.

Article III.2

Each Party shall ensure that the procedures and criteria used in the assessment and recognition of qualifications are transparent, coherent and reliable.

Grein III.3.

1. Ákvarðanir um viðurkenningu skulu teknar á grundvelli viðeigandi upplýsinga um menntun og hæfi sem sótt er um viðurkenningu á.

2. Framlagning fullnægjandi upplýsinga er fyrst og fremst á ábyrgð umsækjanda sem skal leggja þær fram í góðri trú.

3. Þrátt fyrir ábyrgð umsækjanda skulu þær stofnanir, sem gefið hafa út umræddar staðfestingar um menntun og hæfi, láta handhafa

Article III.3

1. Decisions on recognition shall be made on the basis of appropriate information on the qualifications for which recognition is sought.
2. In the first instance, the responsibility for providing adequate information rests with the applicant, who shall provide such information in good faith.
3. Notwithstanding the responsibility of the applicant, the institutions having issued the qualifications in question shall have a duty to

þeirra, stofnunina eða þar til bært stjórnvald í landinu þar sem sótt er um viðurkenningu í té viðeigandi upplýsingar innan hæfilegs tímafrests fari umsækjandi fram á það.

4. Samningsaðilar skulu gefa öllum menntastofnunum innan menntakerfis síns fyrirmæli um eða hvetja þær til, eftir því sem viðeigandi er, að sinna sérhverri sanngjarnri beiðni um upplýsingar sem nota á við mat á staðfestingum um menntun og hæfi sem fengnar eru frá þessum stofnunum.
5. Ef umsókn uppfyllir ekki viðeigandi kröfur er sá aðili sem annast matið ábyrgur fyrir því að sýna fram á slíkt.

Grein III.4.

Hver samningsaðili skal, í því skyni að greiða fyrir viðurkenningu á staðfestingum um menntun og hæfi, tryggja að veittar séu fullnægjandi og skýrar upplýsingar um menntakerfi hans.

Grein III.5.

Ákvarðanir um viðurkenningu skulu teknar innan hæfilegs tímafrests sem tilgreindur er fyrirfram af þar til bæru stjórnvaldi er annast viðurkenningar og hefst þegar allar nauðsynlegar upplýsingar í málinu hafa verið lagðar fram. Ef viðurkenning er ekki veitt skal tilgreina ástæður fyrir synjun hennar og gefa upplýsingar um til hvaða ráðstafana umsækjandi getur mögulega gripið til þess að öðlast viðurkenningu síðar. Ef viðurkenning er ekki veitt eða engin ákvörðun er tekin ber að gera umsækjanda kleift að áfrýja innan hæfilegs tímafrests.

IV. kafli.
Viðurkenning á staðfestingum um menntun og hæfi sem veitir aðgang að námi á æðra skólastigi.

Grein IV.1.

Hver samningsaðili skal viðurkenna að staðfestingar um menntun og hæfi, sem aðrir samningsaðilar hafa gefið út og fullnægja almennum kröfum til aðgangs að æðri menntun í landi þeirra, veiti aðgang að námi á æðra skólastigi hjá þeim samningsaðila, nema unnt sé að sýna fram á verulegan mun á almennum kröfum til aðgangs í landi samningsaðila þar sem staðfesting um menntun og hæfi fékkst og í landi samningsaðila þar sem sótt er um viðurkenningu á slíkri staðfestingu um menntun og hæfi.

provide, upon request of the applicant and within reasonable limits, relevant information to the holder of the qualification, to the institution, or to the competent authorities of the country in which recognition is sought.

4. The Parties shall instruct or encourage, as appropriate, all education institutions belonging to their education systems to comply with any reasonable request for information for the purpose of assessing qualifications earned at the said institutions.
5. The responsibility to demonstrate that an application does not fulfil the relevant requirements lies with the body undertaking the assessment.

Article III.4

Each Party shall ensure, in order to facilitate the recognition of qualifications, that adequate and clear information on its education system is provided.

Article III.5

Decisions on recognition shall be made within a reasonable time limit specified beforehand by the competent recognition authority and calculated from the time all necessary information in the case has been provided. If recognition is withheld, the reasons for the refusal to grant recognition shall be stated, and information shall be given concerning possible measures the applicant may take in order to obtain recognition at a later stage. If recognition is withheld, or if no decision is taken, the applicant shall be able to make an appeal within a reasonable time limit.

Section IV
Recognition of qualifications giving access to higher education

Article IV.1

Each Party shall recognize the qualifications issued by other Parties meeting the general requirements for access to higher education in those Parties for the purpose of access to programmes belonging to its higher education system, unless a substantial difference can be shown between the general requirements for access in the Party in which the qualification was obtained and in the Party in which recognition of the qualification is sought.

Grein IV.2.

Að öðrum kosti skal vera nægjanlegt fyrir samningsaðila að gera handhafa staðfestingar á menntun og hæfi sem er gefin út í landi annars samningsaðila kleift að fá þessa staðfestingu metna, fari handhafi fram á það, og skulu ákvæði greinar IV.1 gilda að breyttu breytanda í slíku tilviki.

Grein IV.3.

Þar sem staðfesting um menntun og hæfi veitir einungis aðgang að tilteknum tegundum æðri menntastofnana eða náms á æðra skólastigi í landi samningsaðilans þar sem staðfesting um menntun og hæfi fékkst skal hver annarra samningsaðila veita handhöfum slíkra staðfestinga aðgang að tilteknu námi af svipuðum toga í stofnunum sem tilheyra æðra menntakerfi hans, nema unnt sé að sýna fram á verulegan mun á kröfum til aðgangs í landi samningsaðila þar sem staðfesting um menntun og hæfi fékkst og í landi samningsaðila þar sem sótt er um viðurkenningu á slíkri staðfestingu.

Grein IV.4.

Þar sem inntaka í tiltekið nám á æðra skólastigi er háð því að sérstakar kröfur hafi verið uppfylltar til viðbótar almennum kröfum til aðgangs er þar til bæru stjórnvaldi viðeigandi samningsaðila heimilt að gera jafngildar viðbótarkröfur til handhafa staðfestinga um menntun og hæfi, sem fengust í löndum annarra samningsaðila, eða meta hvort umsækjendur með staðfestingar um menntun og hæfi, sem fengust í löndum annarra samningsaðila, uppfylli sambærilegar kröfur.

Grein IV.5.

Þar sem tiltekið prófskírteini sem aflað er í landi samningsaðila veitir ekki aðgangsrétt þar nema að undangengnum viðbótarhæfnisprófum er öðrum samningsaðilum heimilt að setja sömu kröfur fyrir aðgangi eða bjóða upp á annan valkost til að uppfylla slíkar viðbótarkröfur innan sinna menntakerfa. Sérhverju ríki, Páfagarði eða Evrópubandalaginu er heimilt við undirritun eða þegar fullgildingar-, samþykktar-, staðfestingar- eða aðildarskjali þess er komið í vörslu, eða síðar, að tilkynna öðrum vörsluaðila að það hyggist færa sér í nyt ákvæði þessarar greinar og tilgreina gagnvart hvaða samningsaðilum til stendur að beita henni og ástæður þess.

Article IV.2

Alternatively, it shall be sufficient for a Party to enable the holder of a qualification issued in one of the other Parties to obtain an assessment of that qualification, upon request by the holder, and the provisions of Article IV.1 shall apply mutatis mutandis to such a case.

Article IV.3

Where a qualification gives access only to specific types of institutions or programmes of higher education in the Party in which the qualification was obtained, each other Party shall grant holders of such qualifications access to similar specific programmes in institutions belonging to its higher education system, unless a substantial difference can be demonstrated between the requirements for access in the Party in which the qualification was obtained and the Party in which recognition of the qualification is sought.

Article IV.4

Where admission to particular higher education programmes is dependent on the fulfilment of specific requirements in addition to the general requirements for access, the competent authorities of the Party concerned may impose the additional requirements equally on holders of qualifications obtained in the other Parties or assess whether applicants with qualifications obtained in other Parties fulfil equivalent requirements.

Article IV.5

Where, in the Party in which they have been obtained, school leaving certificates give access to higher education only in combination with additional qualifying examinations as a prerequisite for access, the other Parties may make access conditional on these requirements or offer an alternative for satisfying such additional requirements within their own educational systems. Any State, the Holy See or the European Community may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, or at any time thereafter, notify one of the depositories that it avails itself of the provisions of this Article, specifying the Parties in regard to which it intends to apply this Article as well as the reasons therefor.

Grein IV.6.

Með fyrirvara um ákvæði greina IV.I, IV.2, IV.3, IV.4 og IV.5 er heimilt að takmarka eða byggja á vali inntöku í tiltekna æðri menntastofnun eða tiltekið nám í slíkri stofnun. Í tilvikum þar sem inntaka í æðri menntastofnun og/eða nám er byggð á vali skulu reglur um inntöku settar með það í huga að tryggja að meðferð mats á erlendum staðfestingum um menntun og hæfi fari fram í samræmi við þær meginreglur um sanngirni og meðferð án mismununar sem lýst er í III. kafla.

Article IV.6

Without prejudice to the provisions of Articles IV.1, IV.2, IV.3, IV.4 and IV.5, admission to a given higher education institution, or to a given programme within such an institution, may be restricted or selective. In cases in which admission to a higher education institution and/or programme is selective, admission procedures should be designed with a view to ensuring that the assessment of foreign qualifications is carried out according to the principles of fairness and non-discrimination described in Section III.

Grein IV.7.

Með fyrirvara um ákvæði greina IV.l, IV.2, IV.3, IV.4 og IV.5 er heimilt að takmarka inntöku í tiltekna æðri menntastofnun við að umsækjandi sýni fram á fullnægjandi hæfni í því tungumáli eða þeim tungumálum sem kennt er á við viðkomandi stofnun eða í öðrum tilgreindum tungumálum.

Article IV.7

Without prejudice to the provisions of Articles IV.1, IV.2, IV.3, IV.4 and IV.5, admission to a given higher education institution may be made conditional on demonstration by the applicant of sufficient competence in the language or languages of instruction of the institution concerned, or in other specified languages.

Grein IV.8.

Í löndum þeirra samningsaðila þar sem unnt er að fá aðgang að æðri menntastofnun á grundvelli óhefðbundinna staðfestinga um menntun og hæfi skal meta sambærilegar staðfestingar um menntun og hæfi, sem fengust í löndum annarra samningsaðila, á sambærilegan hátt og óhefðbundnar staðfestingar um menntun og hæfi eru metnar í landi samningsaðilans þar sem sótt eru um viðurkenningu.

Article IV.8

In the Parties in which access to higher education may be obtained on the basis of non-traditional qualifications, similar qualifications obtained in other Parties shall be assessed in a similar manner as non-traditional qualifications earned in the Party in which recognition is sought.

Grein IV.9.

Vegna inntöku í nám á æðra skólastigi er hverjum samningsaðila heimilt, þegar um ræðir staðfestingu um menntun og hæfi sem erlendar menntastofnanir hafa gefið út, að beita sérstökum skilyrðum í landslögum eða sérsamningum sem gerðir hafa verið við samningsaðila í upprunalandi þessara erlendu menntastofnana er starfa á yfirráðasvæði hans við viðurkenningu á slíkri staðfestingu.

Article IV.9

For the purpose of admission to programmes of higher education, each Party may make the recognition of qualifications issued by foreign educational institutions operating in its territory contingent upon specific requirements of national legislation or specific agreements concluded with the Party of origin of such institutions.

V. kafli.
Viðurkenning á námsþáttum.

Section V
Recognition of periods of study

Grein V.l.

Hver samningsaðili skal viðurkenna námsþætti sem lokið er sem hluta af æðra námi í landi annars samningsaðila. Þetta skal fela í sér viðurkenningu á námsþáttum sem unnt er að nota til þess að ljúka námi á æðra skólastigi í landi þess samningsaðila sem sótt er um viðurkenningu í, nema

Article V.1

Each Party shall recognize periods of study completed within the framework of a higher education programme in another Party. This recognition shall comprise such periods of study towards the completion of a higher education programme in the Party in which recognition is

unnt sé að sýna fram á verulegan mun á þeim námsþáttum sem lokið var í landi annars samningsaðila og á þeim hluta æðra náms sem þeir kæmu í staðinn fyrir í landi þess samningsaðila þar sem sótt eru um viðurkenningu.

Grein V.2.

Að öðrum kosti skal vera nægjanlegt fyrir samningsaðila að gera þeim sem hefur lokið námsþætti sem hluta af námi í landi annars samningsaðila kleift að fá mat á þeim námsþætti, fari viðkomandi fram á það, og skulu ákvæði greinar V.1 gilda að breyttu breytanda í því tilviki.

Grein V.3.

Hver samningsaðili skal sérstaklega greiða fyrir viðurkenningu á námsþáttum ef:

a) áður hefur verið gerður samningur á milli annars vegar æðri menntastofnunar eða þar til bærs stjórnvalds sem ber ábyrgð á viðkomandi námsþætti og hins vegar æðri menntastofnunar eða þar til bærs stjórnvalds sem annast þá viðurkenningu sem sótt er um; og

b) æðri menntastofnun þar sem námsþætti var lokið hefur gefið út vottorð eða afrit af ferilskrá úr háskóla sem staðfestir að nemandinn hafi fullnægt tilskildum kröfum fyrir þennan námsþátt.

VI. kafli.
Viðurkenning á staðfestingum um menntun og hæfi á æðra skólastigi.

Grein VI.1.

Að því marki sem ákvörðun um viðurkenningu grundvallast á þeirri þekkingu og kunnáttu sem staðfesting um menntun og hæfi á æðra skólastigi vottar skal hver samningsaðili viðurkenna staðfestingar um menntun og hæfi á æðra skólastigi sem veittar eru í landi samningsaðila, nema unnt sé að sýna fram á verulegan mun á þeirri menntun og hæfi sem sótt eru um viðurkenningu á og samsvarandi menntun og hæfi í landi samningsaðila þar sem sótt eru um viðurkenningu.

Grein VI.2.

Að öðrum kosti skal vera nægjanlegt fyrir samningsaðila að gera handhafa staðfestingar um menntun og hæfi, sem er gefin út í landi annars

sought, unless substantial differences can be shown between the periods of study completed in another Party and the part of the higher education programme which they would replace in the Party in which recognition is sought.

Article V.2

Alternatively, it shall be sufficient for a Party to enable a person who has completed a period of study within the framework of a higher education programme in another Party to obtain an assessment of that period of study, upon request by the person concerned, and the provisions of Article V.1 shall apply mutatis mutandis to such a case.

Article V.3

In particular, each Party shall facilitate recognition of periods of study when:

a there has been a previous agreement between, on the one hand, the higher education institution or the competent authority responsible for the relevant period of study and, on the other hand, the higher education institution or the competent recognition authority responsible for the recognition that is sought; and

b the higher education institution in which the period of study has been completed has issued a certificate or transcript of academic records attesting that the student has successfully completed the stipulated requirements for the said period of study.

Section VI
Recognition of higher education qualifications

Article VI.1

To the extent that a recognition decision is based on the knowledge and skills certified by the higher education qualification, each Party shall recognize the higher education qualifications conferred in another Party, unless a substantial difference can be shown between the qualification for which recognition is sought and the corresponding qualification in the Party in which recognition is sought.

Article VI.2

Alternatively, it shall be sufficient for a Party to enable the holder of a higher education qualification issued in one of the other Parties to

samningsaðila, kleift að fá mat á þeirri staðfestingu, fari handhafi fram á það, og skulu ákvæði greinar VI.1 gilda að breyttu breytanda í slíku tilviki.

Grein VI.3.

Viðurkenning í landi samningsaðila á staðfestingu um menntun og hæfi á æðra skólastigi sem er gefin út í landi annars samningsaðila skal heimila eftirfarandi, annað eða hvort tveggja:

a) aðgang að frekara námi á æðra skólastigi, þar með talið að viðeigandi prófum, og/eða undirbúningi fyrir doktorspróf, með sömu skilyrðum og gilda um handhafa staðfestinga um menntun og hæfi í landi samningsaðila þar sem sótt er um viðurkenningu;
b) notkun lærdómstitils af æðra skólastigi sem er háður lögum og reglugerðum í landi samningsaðila þar sem sótt er um viðurkenningu eða lögsögu þeirra.

Að auki getur viðurkenningin greitt fyrir aðgangi að vinnumarkaði sem er háður lögum og reglugerðum í landi samningsaðila þar sem sótt eru um viðurkenningu eða lögsögu þess.

Grein VI.4.

Mat í landi samningsaðila á staðfestingu um menntun og hæfi á æðra skólastigi sem er gefin út í landi annars samningsaðila getur miðast við:

a) ráðgjöf um atvinnu;
b) ráðgjöf til menntastofnunar vegna inntöku í nám þar;
c) ráðgjöf til hvaða annars þar til bærs viðurkenningarstjórnvalds sem er.

Grein VI.5.

Hverjum samningsaðila er heimilt að vísa til sérstakra skilyrða í landslögum eða til sérsamninga sem gerðir hafa verið við samningsaðila í upprunalandi erlendra menntastofnana er starfa á yfirráðasvæði hans þegar um ræðir viðurkenningu á staðfestingum um menntun og hæfi sem þessar erlendu menntastofnanir hafa gefið út.

VII. kafli.
Viðurkenning á menntun og hæfi flóttamanna, uppflosnaðra manna og manna sem eru í aðstöðu sem líkja má við ástand flóttamanna.

Grein VII.

Hver samningsaðili skal gera allar mögulegar og réttmætar ráðstafanir innan ramma menntakerfis síns og í samræmi við stjórnskipunarlög og

obtain an assessment of that qualification, upon request by the holder, and the provisions of Article VI.1 shall apply mutatis mutandis to such a case.

Article VI.3

Recognition in a Party of a higher education qualification issued in another Party shall have one or both of the following consequences:

a access to further higher education studies, including relevant examinations, and/or to preparations for the doctorate, on the same conditions as those applicable to holders of qualifications of the Party in which recognition is sought;
b the use of an academic title, subject to the laws and regulations of the Party or a jurisdiction thereof, in which recognition is sought.

In addition, recognition may facilitate access to the labour market subject to laws and regulations of the Party, or a jurisdiction thereof, in which recognition is sought.

Article VI.4

An assessment in a Party of a higher education qualification issued in another Party may take the form of:

a advice for general employment purposes;
b advice to an educational institution for the purpose of admission into its programmes;
c advice to any other competent recognition authority.

Article VI.5

Each Party may make the recognition of higher education qualifications issued by foreign educational institutions operating in its territory contingent upon specific requirements of national legislation or specific agreements concluded with the Party of origin of such institutions.

Section VII
Recognition of qualifications held by refugees, displaced persons and persons in a refugee-like situation

Article VII

Each Party shall take all feasible and reasonable steps within the framework of its education system and in conformity with its constitutional,

ákvæði laga og reglugerða til að móta aðferðir í því skyni að meta skjótt og af sanngirni hvort flóttamenn, uppflosnaðir menn og menn sem eru í aðstöðu sem líkja má við ástand flóttamanna uppfylli viðeigandi kröfur er varða aðgang að æðri menntun, til að halda áfram námi á æðra skólastigi eða til að gegna starfi, jafnvel í þeim tilvikum þar sem ekki er unnt að staðfesta menntun og hæfi sem viðkomandi hefur öðlast í landi eins samningsaðila með skjalfestum vitnisburði.

legal, and regulatory provisions to develop procedures designed to assess fairly and expeditiously whether refugees, displaced persons and persons in a refugee-like situation fulfil the relevant requirements for access to higher education, to further higher education programmes or to employment activities, even in cases in which the qualifications obtained in one of the Parties cannot be proven through documentary evidence.

VIII. kafli.
Upplýsingar um mat á æðri menntastofnunum og námi í þeim.

Grein VIII.1.

Hver samningsaðili skal veita fullnægjandi upplýsingar um hverja þá stofnun sem tilheyrir æðra menntakerfi hans og um hvert það nám sem þessar stofnanir bjóða upp á í því skyni að gera þar til bærum stjórnvöldum í löndum annarra samningsaðila kleift að fullvissa sig um hvort gæði þeirra staðfestinga um menntun og hæfi sem þessarar stofnanir gefa út réttlæti að viðurkenning sé veitt í landi samningsaðila þar sem sótt er um viðurkenningu. Slíkar upplýsingar skulu vera í eftirfarandi mynd:

a) í því tilviki þegar samningsaðilar hafa komið á formlegu mati á æðri menntastofnunum og námi á æðra skólastigi: upplýsingar um aðferðir við og niðurstöður mats og um þá gæðastaðla sem eiga við hverja tegund æðri menntastofnana og námsleiðir innan þeirra sem veita staðfestingar um menntun og hæfi á æðra skólastigi;
b) í því tilviki þegar samningsaðilar hafa ekki komið á formlegu mati á æðri menntastofnunum og námi á æðra skólastigi: upplýsingar um viðurkenningu á ýmiss konar staðfestingum um menntun og hæfi sem fengist hefur í æðri menntastofnun eða í námi á æðra skólastigi sem tilheyrir æðra menntakerfi þeirra.

Grein VIII.2.

Hver samningsaðili skal gera fullnægjandi ráðstafanir í því skyni að þróa, viðhalda og láta í té:

a) yfirlit yfir margvíslegar tegundir æðri menntastofnana sem tilheyra æðra menntakerfi hans ásamt því sem telst vera einkennandi fyrir hverja tegund stofnunar;
b) skrá yfir viðurkenndar stofnanir (opinberar og einkareknar) sem tilheyra æðra mennta-

Section VIII
Information on the assessment of higher education institutions and programmes

Article VIII.1

Each Party shall provide adequate information on any institution belonging to its higher education system, and on any programme operated by these institutions, with a view to enabling the competent authorities of other Parties to ascertain whether the quality of the qualifications issued by these institutions justifies recognition in the Party in which recognition is sought. Such information shall take the following form:

a in the case of Parties having established a system of formal assessment of higher education institutions and programmes: information on the methods and results of this assessment, and of the standards of quality specific to each type of higher education institution granting, and to programmes leading to, higher education qualifications;
b in the case of Parties which have not established a system of formal assessment of higher education institutions and programmes: information on the recognition of the various qualifications obtained at any higher education institution, or within any higher education programme, belonging to their higher education systems.

Article VIII.2

Each Party shall make adequate provisions for the development, maintenance and provision of:

a an overview of the different types of higher education institutions belonging to its higher education system, with the typical characteristics of each type of institution;
b a list of recognized institutions (public and private) belonging to its higher education

kerfi hans sem veita upplýsingar um valdsvið þeirra til að gefa út margvíslegar staðfestingar um menntun og hæfi og um þær kröfur er varða aðgang að hverri tegund stofnunar og náms;

c) lýsingu á námi á æðra skólastigi;

d) skrá yfir menntastofnanir sem eru staðsettar utan yfirráðasvæðis samningsaðila en hann telur tilheyra menntakerfi sínu.

system, indicating their powers to award different types of qualifications and the requirements for gaining access to each type of institution and programme;

c a description of higher education programmes;

d a list of educational institutions located outside its territory which the Party considers as belonging to its education system.

IX. kafli.
Upplýsingar um mál er varða viðurkenningu.

Grein IX.1.

Til að greiða fyrir viðurkenningu staðfestinga um menntun og hæfi á æðra skólastigi gangast samningsaðilar undir að koma á gagnsæju kerfi sem lýsir fullkomlega veittum staðfestingum um menntun og hæfi.

Grein IX.2.

1. Með því að viðurkennt er að þörf er á viðeigandi, nákvæmum og dagréttum upplýsingum skal hver samningsaðili koma á fót eða viðhalda innlendri upplýsingamiðstöð og skal hann tilkynna öðrum vörsluaðilanum um slíkt eða um hvers kyns breytingar sem hafa áhrif þar á.
2. Í landi hvers samningsaðila skal hin innlenda upplýsingamiðstöð:
   a) greiða fyrir aðgangi að áreiðanlegum og nákvæmum upplýsingum um æðra menntakerfi og staðfestingar um menntun og hæfi í því landi sem hún er staðsett í;
   b) greiða fyrir aðgangi að upplýsingum um æðri menntakerfi og staðfestingar um menntun og hæfi í löndum annarra samningsaðila;
   c) veita ráðgjöf eða upplýsingar um mál er varða viðurkenningu og mat á staðfestingum um menntun og hæfi í samræmi við innlend lög og reglugerðir.
3. Sérhverri innlendri upplýsingamiðstöð skal gert kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gegna hlutverki sínu.

Grein IX.3.

Samningsaðilar skulu stuðla að því, í gegnum innlendar upplýsingamiðstöðvar eða með öðrum hætti, að æðri menntastofnanir samningsaðila noti viðbótarprófskírteini Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna/Evrópuráðsins eða annað sambærilegt skjal.

Section IX
Information on recognition matters

Article IX.1

In order to facilitate the recognition of qualifications concerning higher education, the Parties undertake to establish transparent systems for the complete description of the qualifications obtained.

Article IX.2

1. Acknowledging the need for relevant, accurate and up-to-date information, each Party shall establish or maintain a national information centre and shall notify one of the depositories of its establishment, or of any changes affecting it.

2. In each Party, the national information centre shall:
   a facilitate access to authoritative and accurate information on the higher education system and qualifications in the country in which it is located;
   b facilitate access to information on the higher education systems and qualifications of the other Parties;
   c give advice or information on recognition matters and assessment of qualifications, in accordance with national laws and regulations.
3. Every national information centre shall have at its disposal the necessary means to enable it to fulfil its functions.

Article IX.3

The Parties shall promote, through the national information centres or otherwise, the use of the UNESCO/Council of Europe Diploma Supplement or any other comparable document by the higher education institutions of the Parties.

X. kafli.
Tilhögun framkvæmdar.

Grein X.1.

Eftirtaldir aðilar skulu hafa umsjón með, stuðla að og greiða fyrir framkvæmd samningsins:

a) nefnd samningsins um viðurkenningu á menntun og hæfi að því er varðar æðra skólastig á Evrópusvæðinu;
b) Evrópunet innlendra upplýsingamiðstöðva um hreyfanleika háskólastúdenta og viðurkenningu háskólaprófa (ENIC) sem var komið á fót samkvæmt ákvörðun ráðherranefndar Evrópuráðsins 9. júní 1994 og svæðisnefndar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu 18. júní 1994.

Grein X.2.

1. Nefnd samningsins um viðurkenningu á menntun og hæfi á æðra skólastigi á Evrópusvæðinu (hér eftir vísað til sem „nefndin“) er hér með komið á fót. Í henni skulu eiga sæti einn fulltrúi frá hverjum samningsaðila.

2. Í grein X.2 skal hugtakið „samningsaðili“ ekki eiga við um Evrópubandalagið.

3. Þeim ríkjum sem nefnd eru í grein XI.1.1 og Páfagarði, ef þau eru ekki aðilar að þessum samningi, Evrópubandalaginu og forseta ENIC er heimilt að sitja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar. Einnig er heimilt að bjóða fulltrúum opinberra og óopinberra samtaka, sem taka virkan þátt í starfi á sviði viðurkenningar á svæðinu, að sitja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

4. Formanni svæðisnefndar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um beitingu samnings um viðurkenningu á námi, prófskírteinum og prófgráðum að því er varðar æðri menntun í ríkjum sem tilheyra Evrópusvæðinu skal einnig boðið að sitja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

5. Nefndin skal stuðla að beitingu þessa samnings og hafa umsjón með framkvæmd hans. Í þessu skyni er henni heimilt að samþykkja, með stuðningi meirihluta samningsaðila, tilmæli, yfirlýsingar, bókanir og fyrirmyndir að góðri venju, til leiðbeiningar fyrir þar til bær stjórnvöld samningsaðila um framkvæmd þeirra á samningnum og athugun þeirra á

Section X
Implementation mechanisms

Article X.1

The following bodies shall oversee, promote and facilitate the implementation of the Convention:

a the Committee of the Convention on the Recognition of Qualifications concerning Higher Education in the European Region;
b the European Network of National Information Centres on academic mobility and recognition (the ENIC Network), established by decision of the Committee of Ministers of the Council of Europe on 9 June 1994 and the UNESCO Regional Committee for Europe on 18 June 1994.

Article X.2

1. The Committee of the Convention on the Recognition of Qualifications concerning Higher Education in the European Region (hereafter referred to as "the Committee") is hereby established. It shall be composed of one representative of each Party.
2. For the purposes of Article X.2, the term "Party" shall not apply to the European Community.
3. The States mentioned in Article XI.1.1 and the Holy See, if they are not Parties to this Convention, the European Community and the President of the ENIC Network may participate in the meetings of the Committee as observers. Representatives of governmental and non-governmental organizations active in the field of recognition in the Region may also be invited to attend meetings of the Committee as observers.
4. The President of the UNESCO Regional Committee for the Application of the Convention on the Recognition of Studies, Diplomas and Degrees concerning Higher Education in the States belonging to the Europe Region shall also be invited to participate in the meetings of the Committee as an observer.
5. The Committee shall promote the application of this Convention and shall oversee its implementation. To this end it may adopt, by a majority of the Parties, recommendations, declarations, protocols and models of good practice to guide the competent authorities of the Parties in their implementation of the Convention and in their consideration of

umsóknum um viðurkenningu staðfestinga um æðri menntun og hæfi. Þótt samningsaðilar séu ekki bundnir af slíkum textum skulu þeir gera sitt ítrasta til að nota þá, vekja athygli þar til bærra stjórnvalda á þeim og hvetja til notkunar þeirra. Nefndin skal leita álits ENIC áður en hún tekur ákvarðanir.

6. Nefndin skal gefa skýrslu til viðeigandi aðila Evrópuráðsins og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.
7. Nefndin skal halda tengslum við svæðisnefndir Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna að því er varðar beitingu samninga um viðurkenningu á námi, prófskírteinum og prófgráðum að því er varðar æðri menntun sem komið var á undir forystu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.
8. Fundir nefndarinnar eru ályktunarhæfir ef meirihluti samningsaðila greiðir atkvæði.
9. Nefndin skal setja sér starfsreglur. Hún kemur saman til almenns fundar á að minnsta kosti þriggja ára fresti. Nefndin skal koma saman í fyrsta sinn innan árs frá því að þessi samningur öðlast gildi.
10. Skrifstofa nefndarinnar er í sameiginlegri umsjón framkvæmdastjóra Evrópuráðsins og aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Grein X.3.

1. Hver samningsaðili skal tilnefna fulltrúa frá innlendu upplýsingamiðstöðinni, sem er komið á fót eða starfrækt samkvæmt grein IX.2, í Evrópunet innlendra upplýsingamiðstöðva um hreyfanleika háskólastúdenta og viðurkenningu háskólaprófa (ENIC). Ef fleiri en einni upplýsingamiðstöð er komið á fót eða er starfrækt í landi samningsaðila samkvæmt grein IX.2 skulu þær allar hafa fulltrúa sem fara með eitt atkvæði sameiginlega.

2. Innan ENIC starfa einungis innlendar upplýsingamiðstöðvar aðila að þessum samningi og skal það styðja og aðstoða við verklega framkvæmd samningsins sem þar til bær innlend stjórnvöld annast. ENIC skal halda allsherjarfund að minnsta kosti einu sinni á ári. ENIC skal velja sér formann og stjórnarnefnd í samræmi við starfsskilmála sína.

3. Skrifstofa ENIC er í sameiginlegri umsjón framkvæmdastjóra Evrópuráðsins og aðal-

applications for the recognition of higher education qualifications. While they shall not be bound by such texts, the Parties shall use their best endeavours to apply them, to bring the texts to the attention of the competent authorities and to encourage their application.The Committee shall seek the opinion of the ENIC Network before making its decisions.

6. The Committee shall report to the relevant bodies of the Council of Europe and UNESCO.
7. The Committee shall maintain links to the UNESCO Regional Committees for the Application of Conventions on the Recognition of Studies, Diplomas and Degrees in Higher Education adopted under the auspices of UNESCO.
8. A majority of the Parties shall constitute a quorum.
9. The Committee shall adopt its Rules of Procedure. It shall meet in ordinary session at least every three years. The Committee shall meet for the first time within a year of the entry into force of this Convention.
10. The Secretariat of the Committee shall be entrusted jointly to the Secretary General of the Council of Europe and to the Director-General of UNESCO.

Article X.3

1. Each Party shall appoint as a member of the European network of national information centres on academic mobility and recognition (the ENIC Network) the national information centre established or maintained under Article IX.2. In cases in which more than one national information centre is established or maintained in a Party under Article IX.2, all these shall be members of the Network, but the national information centres concerned shall dispose of only one vote.
2. The ENIC Network shall, in its composition restricted to national information centres of the Parties to this Convention, uphold and assist the practical implementation of the Convention by the competent national authorities. The Network shall meet at least once a year in plenary session. It shall elect its President and Bureau in accordance with its terms of reference.
3. The Secretariat of the ENIC Network shall be entrusted jointly to the Secretary General of

framkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

4. Samningsaðilar skulu starfa með innlendum upplýsingamiðstöðvum annarra samningsaðila í gegnum ENIC, einkum með því að gera þeim kleift að safna öllum upplýsingum sem geta komið að gagni fyrir slíkar miðstöðvar að því er varðar hreyfanleika háskólastúdenta og viðurkenningu háskólaprófa.

XI. KAFLI.
Lokaákvæði.

Grein XI.1.

1. Eftirtöldum aðilum skal heimilt að undirrita þennan samning:
   a) aðildarríkjum Evrópuráðsins;
   b) aðildarríkjum á Evrópusvæði Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna;
   c) hverjum öðrum undirritunaraðila, samningsríki eða samningsaðila menningarsáttmála Evrópuráðsins og/eða samnings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um viðurkenningu á námi, prófskírteinum og prófgráðum að því er varðar æðri menntun í ríkjum sem tilheyra Evrópusvæðinu, sem hefur verið boðið á ráðstefnu stjórnarerindreka er hefur umboð til að samþykkja þennan samning.
2. Þessi ríki og Páfagarður geta samþykkt að þau séu bundin af samningnum með:
   a) undirritun, án fyrirvara um fullgildingu, samþykki eða staðfestingu; eða
   b) undirritun, með fyrirvara um fullgildingu, samþykki eða staðfestingu, með eftirfarandi fullgildingu, samþykki eða staðfestingu; eða
   c) aðild.
3. Undirritun skal fara fram hjá öðrum hvorum vörsluaðilanum. Fullgildingar-, samþykktar-, staðfestingar- eða aðildarskjölum skal komið í vörslu annars hvors vörsluaðilans.

Grein XI.2.

Samningur þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar á eftir þeim mánuði sem líður frá þeim degi er fimm ríki, þar með talin að minnsta kosti þrjú aðildarríki Evrópuráðsins og/eða Evrópusvæðis Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, hafa samþykkt að vera bundin af samningnum. Hann skal öðlast gildi að því er varðar sérhvert annað ríki á fyrsta degi næsta

the Council of Europe and to the Director-General of UNESCO.

4. The Parties shall cooperate, through the ENIC Network, with the national information centres of other Parties, especially by enabling them to collect all information of use to the national information centres in their activities relating to academic recognition and mobility.

Section XI
Final clauses

Article XI.1

1. This Convention shall be open for signature by:
   a the member States of the Council of Europe;
   b the member States of the UNESCO Europe Region;
   c any other signatory, contracting State or party to the European Cultural Convention of the Council of Europe and/or to the UNESCO Convention on the Recognition of Studies, Diplomas and Degrees concerning Higher Education in the States belonging to the Europe Region, which have been invited to the Diplomatic Conference entrusted with the adoption of this Convention.
2. These States and the Holy See may express their consent to be bound by:
   a signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
   b signature, subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or
   c accession.
3. Signatures shall be made with one of the depositories. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with one of the depositories.

Article XI.2

This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of the period of one month after five States, including at least three member States of the Council of Europe and/or the UNESCO Europe Region, have expressed their consent to be bound by the Convention. It shall enter into force for each other State on the first day of the month follow-

mánaðar á eftir þeim mánuði sem líður frá þeim degi er það samþykkir að vera bundið af samningnum.

Grein XI.3.

1. Eftir gildistöku þessa samnings er sérhverju öðru ríki en þeim sem falla undir einhvern þeirra flokka sem eru tíundaðir í grein XI.1 heimilt að fara fram á að fá aðild að þessum samningi. Beiðni um slíkt skal beint til annars hvors vörsluaðilans sem skal senda hana áfram til samningsaðila að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir fund nefndar samningsins um viðurkenningu á menntun og hæfi á æðra skólastigi á Evrópusvæðinu. Vörsluaðilinn skal einnig skýra ráðherranefnd Evrópuráðsins og framkvæmdaráði Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá því.

2. Ákvörðun um að bjóða ríki sem fer fram á það aðild að þessum samningi skal tekin með tveimur þriðju hlutum atkvæða samningsaðila.

3. Eftir gildistöku þessa samnings getur Evrópubandalagið fengið aðild að honum ef aðildarríki þess leggja fram beiðni þar um sem skal send til annars hvors vörsluaðilans. Í því tilviki skal grein XI.3.2 ekki gilda.

4. Gerist önnur ríki eða Evrópubandalagið aðili að samningnum skal hann öðlast að því er þau varðar á fyrsta degi næsta mánaðar á eftir þeim mánuði sem líður frá þeim degi er aðildarskjölunum er komið í vörslu annars hvors vörsluaðilans.

Grein XI.4.

1. Aðilar að þessum samningi, sem eru jafnframt aðilar að einum eða fleiri af eftirtöldum samningum:

   samningi Evrópuríkja um jafngildi prófskírteina til aðgangs að háskólum (1953, ETS 15) og bókun við hann (1964, ETS 49);

   samningi Evrópuríkja um jafngildi námsdvalar í háskólum (1956, ETS 21);

   samningi Evrópuríkja um viðurkenningu á háskólaprófum (1959, ETS 32);

   alþjóðasamningi um viðurkenningu á námi, prófskírteinum og prófgráðum á æðra skólastigi í Arabaríkjum og Evrópuríkjum sem liggja að Miðjarðarhafinu (1976);

ing the expiration of the period of one month after the date of expression of its consent to be bound by the Convention.

Article XI.3

1. After the entry into force of this Convention, any State other than those falling into one of the categories listed under Article XI.1 may request accession to this Convention. Any request to this effect shall be addressed to one of the depositories, who shall transmit it to the Parties at least three months before the meeting of the Committee of the Convention on the Recognition of Qualifications concerning Higher Education in the European Region. The depository shall also inform the Committee of Ministers of the Council of Europe and the Executive Board of UNESCO.
2. The decision to invite a State which so requests to accede to this Convention shall be taken by a two-thirds majority of the Parties.

3. After the entry into force of this Convention the European Community may accede to it following a request by its member States, which shall be addressed to one of the depositories. In this case, Article XI.3.2 shall not apply.
4. In respect of any acceding States or the European Community, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of the period of one month after the deposit of the instrument of accession with one of the depositories.

Article XI.4

1. Parties to this Convention which are at the same time parties to one or more of the following Conventions:

   European Convention on the Equivalence of Diplomas leading to Admission to Universities (1953, ETS No. 15), and its Protocol (1964, ETS No. 49);

   European Convention on the Equivalence of Periods of University Study (1956, ETS No. 21);

   European Convention on the Academic Recognition of University Qualifications (1959, ETS No. 32);

   International Convention on the Recognition of Studies, Dipomas and Degrees in Higher Education in the Arab and European States bordering on the Mediterranean (1976);

samningi um viðurkenningu á námi, prófskírteinum og prófgráðum að því er varðar æðri menntun í ríkjum sem tilheyra Evrópusvæðinu (1979);
samningi Evrópuríkja um almennt jafngildi námstímabila í háskóla (1990, ETS 138),

a) skulu beita ákvæðum þessa samnings í gagnkvæmum samskiptum sínum;
b) skulu halda áfram að beita framangreindum samningum sem þeir eru aðilar að í samskiptum sínum við önnur ríki sem eru aðilar að þeim samningum en ekki að þessum samningi.

2. Aðilar að þessum samningi gangast undir að gerast ekki aðilar að þeim samningum sem getið er í 1. mgr. sem þeir eru ekki þegar aðilar að, að frátöldum alþjóðasamningi um viðurkenningu á námi, prófskírteinum og prófgráðum á æðra skólastigi í Arabaríkjum og Evrópuríkjum sem liggja að Miðjarðarhafinu.

Grein XI.5.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða þegar það kemur fullgildingar-, samþykktar-, staðfestingar- eða aðildarskjali sínu í vörslu að tilgreina eitt eða fleiri yfirráðasvæði sín sem samningurinn skal ná til.
2. Sérhverju ríki er heimilt síðar með því að gefa út yfirlýsingu til annars hvors vörsluaðila að rýmka beitingu þessa samnings og láta hann taka til annarra yfirráðasvæða sem eru tilgreind í yfirlýsingunni. Samningurinn skal öðlast gildi að því er það yfirráðasvæði varðar á fyrsta degi næsta mánaðar á eftir þeim mánuði sem líður frá þeim degi er vörsluaðilinn veitir slíkri yfirlýsingu viðtöku.
3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er út samkvæmt framangreindum tveimur málsgreinum, að því er tekur til sérhvers yfirráðasvæðis sem tilgreint er í slíkri yfirlýsingu, er heimilt að afturkalla með tilkynningu til annars hvors vörsluaðilans. Afturköllunin skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar á eftir þeim mánuði sem líður frá þeim degi er vörsluaðilinn veitir slíkri tilkynningu viðtöku.

Grein XI.6.

1. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er sagt þessum samningi upp með því að senda tilkynningu til annars hvors vörsluaðilans.

Convention on the Recognition of Studies, Diplomas and Degrees concerning Higher Education in the States belonging to the Europe Region (1979);
European Convention on the General Equivalence of Periods of University Study (1990, ETS 138),

a shall apply the provisions of the present Convention in their mutual relations;
b shall continue to apply the above mentioned Conventions to which they are a party in their relations with other States party to those Conventions but not to the present Convention.

2. The Parties to this Convention undertake to abstain from becoming a party to any of the Conventions mentioned in paragraph 1, to which they are not already a party, with the exception of the International Convention on the Recognition of Studies, Diplomas and Degrees in Higher Education in the Arab and European States bordering on the Mediterranean.

Article XI.5

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.
2. Any State may, at any later date, by a declaration addressed to one of the depositories, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date of receipt of such declaration by the depository.
3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to one of the depositories. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date of receipt of such notification by the depository.

Article XI.6

1. Any Party may, at any time, denounce this Convention by means of a notification addressed to one of the depositories.

2. Slík uppsögn skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar á eftir því tólf mánaða tímabili sem líður frá deginum er vörsluaðilinn veitir tilkynningunni viðtöku. Slík uppsögn skal hins vegar ekki hafa nein áhrif á ákvarðanir um viðurkenningu sem voru teknar áður samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

3. Fara skal með lok eða frestun á beitingu þessa samnings, sem leiðir af broti samningsaðila á ákvæði sem er ómissandi til að markmið eða tilgangur samningsins náist, í samræmi við þjóðarétt.

Grein XI.7.

1. Sérhverju ríki, Páfagarði eða Evrópubandalaginu er heimilt við undirritun, eða þegar fullgildingar-, samþykktar-, staðfestingar- eða aðildarskjali þess er komið í vörslu, að lýsa því yfir að það áskilji sér rétt til að beita ekki, að fullu eða að hluta, einni eða fleirum af eftirfarandi greinum þessa samnings:

   Grein IV.8

   Grein V.3

   Grein VI.3

   Grein VIII.2

   Grein IX.3

   Óheimilt er að gera aðra fyrirvara.
2. Sérhverjum samningsaðila sem gert hefur fyrirvara samkvæmt fyrri málsgrein er heimilt að afturkalla hann, í heild eða að hluta, með því að senda tilkynningu til annars hvors vörsluaðilans. Afturköllunin skal öðlast gildi daginn sem vörsluaðilinn veitir slíkri tilkynningu viðtöku.
3. Samningsaðila sem gert hefur fyrirvara við ákvæði þessa samnings er óheimilt að krefjast þess að aðrir samningsaðilar beiti ákvæðinu; honum er þó heimilt að krefjast þess að ákvæðinu sé beitt ef fyrirvari hans varðar einungis hluta ákvæðisins eða er skilyrtur að svo miklu leyti sem hann hefur sjálfur samþykkt slíka beitingu.

Grein XI.8.

1. Nefnd samningsins um viðurkenningu á menntun og hæfi á æðra skólastigi á Evrópu-

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of twelve months after the date of receipt of the notification by the depository. However, such denunciation shall not affect recognition decisions taken previously under the provisions of this Convention.
3. Termination or suspension of the operation of this Convention as a consequence of a violation by a Party of a provision essential to the accomplishment of the object or purpose of this Convention shall be addressed in accordance with international law.

Article XI.7

1. Any State, the Holy See or the European Community may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval or accession, declare that it reserves the right not to apply, in whole or in part, one or more of the following Articles of this Convention:

   Article IV.8

   Article V.3

   Article VI.3

   Article VIII.2

   Article IX.3

   No other reservation may be made.
2. Any Party which has made a reservation under the preceding paragraph may wholly or partly withdraw it by means of a notification addressed to one of the depositories. The withdrawal shall take effect on the date of receipt of such notification by the depository.

3. A Party which has made a reservation in respect of a provision of this Convention may not claim the application of that provision by any other Party; it may, however, if its reservation is partial or conditional, claim the application of that provision in so far as it has itself accepted it.

Article XI.8

1. Draft amendments to this Convention may be adopted by the Committee of the Convention

svæðinu er heimilt að samþykkja drög að breytingum á þessum samningi með tveimur þriðju hlutum atkvæða samningsaðila. Sérhver drög að breytingum sem eru samþykkt með þessum hætti skal fella inn í bókun við þennan samning. Í bókuninni skal tilgreina með hvaða hætti gildistakan skal vera en þess skal þó ávallt krafist að samningsaðilar samþykki að vera bundnir af henni.

2. Óheimilt er að gera breytingar á III. kafla þessa samnings samkvæmt málsmeðferð 1. mgr. hér að framan.
3. Sérhverri tillögu að breytingum skal koma til annars hvors vörsluaðilans sem skal senda hana áfram til samningsaðilanna að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir fund nefndarinnar. Vörsluaðilinn skal einnig tilkynna ráðherranefnd Evrópuráðsins og framkvæmdaráði Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um slíkt.

Grein XI.9.

1. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins og aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna skulu vera vörsluaðilar þessa samnings.

2. Vörsluaðili sem fær gerð, tilkynningu eða orðsendingu í sína vörslu skal tilkynna aðilum þessa samnings svo og öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins og/eða á Evrópusvæði Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um:
   a) sérhverja undirritun;
   b) fullgildingar-, samþykktar,- staðfestingareða aðildarskjöl sem er komið til vörslu;
   c) sérhvern gildistökudag þessa samnings í samræmi við ákvæði greina XI.2 og XI.3.4;
   d) sérhvern fyrirvara sem er gerður samkvæmt ákvæðum greinar XI.7 og afturköllun slíks fyrirvara samkvæmt ákvæðum greinar XI.7;
   e) sérhverja uppsögn þessa samnings samkvæmt grein XI.6;
   f) sérhverja yfirlýsingu sem er gefin í samræmi við ákvæði greinar II.l eða greinar II.2;
   g) sérhverja yfirlýsingu sem er gefin í samræmi við ákvæði greinar IV.5;
   h) sérhverja beiðni um aðild sem er lögð fram í samræmi við ákvæði greinar XI.3;
   i) sérhverja tillögu sem er gerð í samræmi við ákvæði greinar XI.8;

on the Recognition of Qualifications concerning Higher Education in the European Region by a two-thirds majority of the Parties. Any draft amendment so adopted shall be incorporated into a Protocol to this Convention. The Protocol shall specify the modalities for its entry into force which, in any event, shall require the expression of consent by the Parties to be bound by it.

2. No amendment may be made to Section III of this Convention under the procedure of paragraph 1 above.
3. Any proposal for amendments shall be communicated to one of the depositaries, who shall transmit it to the Parties at least three months before the meeting of the Committee. The depository shall also inform the Committee of Ministers of the Council of Europe and the Executive Board of UNESCO.

Article XI.9

1. The Secretary General of the Council of Europe and the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization shall be the depositories of this Convention.
2. The depository with whom an act, notification or communication has been deposited shall notify the Parties to this Convention, as well as the other member States of the Council of Europe and/or of the UNESCO Europe Region of:
   a any signature;
   b the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval, or accession;
   c any date of entry into force of this Convention in accordance with the provisions of Articles XI.2 and XI.3.4;
   d any reservation made in pursuance of the provisions of Article XI.7 and the withdrawal of any reservations made in pursuance of the provisions of Article XI.7;
   e any denunciation of this Convention in pursuance of Article XI.6;
   f any declarations made in accordance with the provisions of Article II.1, or of Article II.2;
   g any declarations made in accordance with the provisions of Article IV.5;
   h any request for accession made in accordance with the provisions of Article XI.3;
   i any proposal made in accordance with the provisions of Article XI.8;

j) sérhverja aðra gerð, tilkynningu eða boð er varðar þennan samning.

3. Vörsluaðili sem fær boð eða sendir frá sér tilkynningu samkvæmt ákvæðum þessa samnings skal þegar upplýsa hinn vörsluaðilann um slíkt.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Lissabon 11. apríl 1997, á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir fjórir textarnir jafngildir, í tveimur eintökum og skal annað þeirra geymt í skjalasafni Evrópuráðsins og hitt í skjalasafni Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Staðfest endurrit skal senda til allra ríkja sem um getur í grein XI.1, til Páfagarðs og Evrópubandalagsins og aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

j any other act, notification or communication relating to this Convention.

3. The depository receiving a communication or making a notification in pursuance of the provisions of this Convention shall immediately inform the other depository thereof.

In witness thereof the undersigned representatives, being duly authorized, have signed this Convention.

Done at Lisbon on 11 April 1997, in the English, French, Russian and Spanish languages, the four texts being equally authoritative, in two copies, one of which shall be deposited in the archives of the Council of Europe and the other in the archives of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization. A certified copy shall be sent to all the States referred to in Article XI.1, to the Holy See and to the European Community and to the Secretariat of the United Nations.

Nr. 8 10. apríl 2001

AUGLÝSING

um samkomulag um viðauka við norræna vegabréfaskoðunarsamninginn.

Hinn 23. mars 2001 var danska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samkomulags milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um viðauka við norræna vegabréfaskoðunarsamninginn frá 12. júlí 1957, sem breytt var með samkomulagi frá 27. júlí 1979 og með viðaukasamkomulagi frá 2. apríl 1973, sem gert var í Kaupmannahöfn 18. september 2000, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1965, þar sem samningurinn er birtur, 9/1973 og 9/1979. Samkomulagið öðlaðist gildi 1. apríl 2001.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 10. apríl 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
frá 18. september 2000 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um viðauka við norræna vegabréfaskoðunarsamninginn frá 12. júlí 1957 sem breytt var með samkomulagi frá 27. júlí 1979 og með viðaukasamkomulagi frá 2. apríl 1973.

Samningsríkin,
sem með samkomulagi frá 12. júlí 1957 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa afnumið vegabréfaskoðun við samnorrænu landamærin (hér á eftir nefnt vegabréfaskoðunarsamningurinn), sem Ísland gerðist aðili að 24. september 1965, og sem breytt var með samkomulagi frá 27. júlí 1979 og samkomulagi frá 2. apríl 1973 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um viðauka við vegabréfaskoðunarsamninginn frá 12. júlí 1957,
sem samkvæmt bókun um samþættingu Schengen-gerðanna innan Evrópusambandsins við Amsterdam-sáttmálann, sem undirrituð var 2. október 1997, eiga að taka upp nánara samstarf innan ramma Evrópusambandsins eða sem 18. maí 1999 undirrituðu samning um þátttöku í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna við Evrópusambandið,
sem telja að þörf sé á að kveða nánar á um beitingu einstakra ákvæða í vegabréfaskoðunarsamningnum með hliðsjón af þátttöku Norðurlandanna í Schengen-samstarfinu,
hafa orðið sammála um eftirfarandi viðauka við vegabréfaskoðunarsamninginn:

1. gr.

Við vegabréfaskoðunarsamninginn skulu enn fremur gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Skilgreiningar:

Schengen-ríki	*Ríki sem samkvæmt bókun um samþættingu Schengen-gerðanna innan Evrópusambandsins á að taka upp nánara samstarf innan Evrópusambandsins eða sem gerst hefur aðili að samningnum um Schengen-samstarf, sem undirritaður var 18. maí 1999 við Evrópusambandið, og sem tekur þátt í hinu raunverulega samstarfi innan Schengen.*
Schengen-ríki sem ekki er norrænt	*Schengen-ríki, annað en Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð.*
Schengen-upplýsingakerfið (SIS)	*Sameiginlega upplýsingakerfið sem komið var á fót samkvæmt samningnum frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985.*
Útlendingur	*Maður sem hvorki er ríkisborgari í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna né á Íslandi eða í Noregi.*

2. gr.

Að því leyti sem það er nauðsynlegt til að fullnægja skuldbindingum sem hvíla á samningsríkjunum samkvæmt Schengen-samningnum gilda eftirfarandi frávik frá vegabréfaskoðunarsamningnum:

a) Ákvæði vegabréfaskoðunarsamningsins um vegabréfaskoðun eiga ekki við ef norræn útmörk eru landamæri að Schengen-ríki sem ekki er norrænt.
b) Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. (3. mgr. í norska textanum) 2. gr. og 3. gr. getur samningsríki látið hjá líða að nota komuspjöld.
c) Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. getur samningsríki leyft útlendingi, sem hefur dvalarleyfi í eða vegabréfsáritun til annars samningsríkis eða Schengen-ríkis sem ekki er norrænt, að ferðast inn á svæði samningsríkisins án sérstaks leyfis í því skyni að halda för áfram til útgáfulandsins.

d) Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. getur samningsríki við útreikning á því tímabili, sem dvalarleyfis er ekki krafist fyrir, talið það sem eitt dvalartímabil, ef hvorki lengd samfelldrar dvalar né heildarlengd fleiri dvalartímabila sem koma hvert á eftir öðru fer fram úr 3 mánuðum á 6 mánaða skeiði, talið frá fyrsta komudegi til samningsríkis eða Schengen-ríkis sem ekki er norrænt.

e) Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. má leyfa útlendingi, sem hefur dvalarleyfi í samningsríki eða í Schengen-ríki sem ekki er norrænt, innan þess tímabils sem dvalarleyfið gildir, að dvelja á landsvæði hinna samningsríkjanna í allt að 3 mánuði.

f) Þrátt fyrir ákvæði f-liðar 1. mgr. 6. gr. getur samningsríki því aðeins vísað burt útlendingi, sem færður er á skrá annars samningsríkis yfir útlendinga sem vísað hefur verið úr landi, að útlendingurinn hafi jafnframt verið tilkynntur sem óæskilegur í Schengen-upplýsingakerfinu.

g) Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 6. gr. skal ekki vísa burt samkvæmt a-lið 1. mgr. 6. gr.

h) Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 6. gr. getur samningsríki þó vísað burt útlendingi ef útlendingurinn er færður á skrá samningsríkisins yfir útlendinga sem vísað hefur verið úr landi.

i) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. getur samningsríki einungis tímabundið framkvæmt vegabréfaskoðun við innri norræn landamæri þegar tillit til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis krefst þess, sbr. 2. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins.

j) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. getur samningsríki því aðeins meinað útlendingi, sem annað samningsríki hefur vísað úr landi, að koma án sérstaks leyfis, að útlendingurinn hafi verið tilkynntur sem óæskilegur í Schengen-upplýsingakerfinu.

k) 11. gr. fellur brott.

l) Ákvæði vegabréfaskoðunarsamningsins ber að túlka í samræmi við viðeigandi reglur sem settar hafa verið á grundvelli Schengen-samningsins og frekari þróun þeirra.

3. gr.

Nú er innan ramma þátttöku samningsríkjanna í Schengen-samstarfinu lögð fram tillaga um ákvæði sem ekki samrýmast vegabréfaskoðunarsamningnum og skulu þá eftir kröfu eins samningsríkis fara fram viðræður milli samningsríkjanna. Viðræður skulu fara fram áður en ákvörðun er tekin um tillöguna, nema brýnar ástæður geri það nauðsynlegt að taka slíka ákvörðun strax. Í síðastnefndu tilviki skulu viðræðurnar fara fram svo fljótt sem unnt er eftir að ákvörðunin er tekin.

Í viðræðunum skulu samningsríkin leitast við að skýra hver áhrif hin nýju ákvæði muni hafa á hið norræna samstarf um vegabréfaskoðun og íhuga hverjar breytingar muni þurfa að gera á vegabréfaskoðunarsamningnum.

4. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag þegar öll samningsríki hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu um staðfestingu þeirra á samkomulaginu. Samkomulagið getur þó í fyrsta falli öðlast gildi frá þeim degi sem ráð Evrópusambandsins hefur tekið ákvörðun um hina raunverulegu framkvæmd Schengen-samstarfsins á Norðurlöndunum.

Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsríkjunum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samkomulagið öðlast gildi.

5. gr.

Samkomulagið heldur gildi fyrir samningsríki meðan vegabréfaskoðunarsamningurinn er í gildi fyrir viðkomandi ríki.

6. gr.

Samkomulagið skal geyma í danska utanríkisráðuneytinu, og staðfest afrit þess skulu látin ríkisstjórnum hinna samningsríkjanna í té.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar samningsríkjanna undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Kaupmannahöfn 18. september 2000 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

AUGLÝSING

um samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á Norðurlandasamningi um innheimtu meðlaga.

(2) Opinion delivered on 13 March 2001 (not yet published in the Official Journal).

samþykkja ráðstafanir varðandi stefnu í málefnum innflytjenda á sviðum er varða komu- og dvalarskilyrði sem og ólöglegan innflutning fólks og ólöglega búsetu.

2) Á fundi sínum í Tampere 15. og 16. október 1999 áréttaði leiðtogaráðið þann ásetning sinn að skapa svæði þar sem ríkir frelsi, öryggi og réttlæti. Til að svo megi verða þarf sameiginleg, evrópsk stefna um hælisveitingar og fólksflutninga bæði að miða að sanngjarnri meðferð ríkisborgara þriðju landa og betri stjórn á straumi innflytjenda.

3) Forsendan fyrir því að unnt sé að tryggja að ákvörðunum um brottvísun sé framfylgt með skilvirkari hætti og að komið verði á betra samstarfi milli aðildarríkjanna er gagnkvæm viðurkenning á ákvörðunum um brottvísun.

4) Ákvarðanir um brottvísun ríkisborgara þriðju landa skulu teknar í samræmi við grundvallarréttindin, sem tryggð eru í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, einkum 3. og 8. gr., og Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og eins og þau leiðir af sameiginlegum, stjórnskipulegum meginreglum aðildarríkjanna.

5) Í samræmi við dreifræðisregluna geta aðildarríkin ekki náð nægilega vel markmiðinu með fyrirhugaðri aðgerð, þ.e. samstarfi milli aðildarríkjanna um brottvísun ríkisborgara þriðju landa, og það er því, vegna þess hve fyrirhuguð aðgerð hefur mikil áhrif, frekar á færi bandalagsins. Með þessari tilskipun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.

6) Í bréfi, dagsettu 18. október 2000, tilkynnti Breska konungsríkið, í samræmi við 3. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, að það óskaði eftir því að taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar tilskipunar.

7) Danmörk tekur ekki þátt í samþykkt þessarar tilskipunar í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og er því ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessari tilskipun er ætlað að þróa Schengen-réttarreglurnar, samkvæmt ákvæðum IV. bálks stofnsáttmála Evrópu-

adopt measures on immigration policy within areas comprising conditions of entry and residence as well as illegal immigration and illegal residence.

(2) The Tampere European Council on 15 and 16 October 1999 reaffirmed its resolve to create an area of freedom, security and justice. For that purpose, a common European policy on asylum and migration should aim both at fair treatment of third country nationals and better management of migration flows.

(3) The need to ensure greater effectiveness in enforcing expulsion decisions and better cooperation between Member States entails mutual recognition of expulsion decisions.

(4) Decisions on the expulsion of third country nationals have to be adopted in accordance with fundamental rights, as safeguarded by the European Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms of 4 November 1950, in particular Articles 3 and 8 thereof, and the Geneva Convention relating to the Status of Refugees of 28 July 1951 and as they result from the constitutional principles common to the Member States.

(5) In accordance with the principle of subsidiarity, the objective of the proposed action, namely cooperation between Member States on expulsion of third country nationals, cannot be sufficiently achieved by the Member States and can therefore, by reason of the effects of the envisaged action, be better achieved by the Community. This Directive does not go beyond what is necessary to achieve that objective

(6) In accordance with Article 3 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, the United Kingdom has given notice by letter of 18 October 2000 of its wish to take part in the adoption and application of this Directive.

(7) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, Denmark is not participating in the adoption of this Directive, and is therefore not bound by it or subject to its application. Given that this Directive aims to build upon the Schengen acquis under the provisions of

bandalagsins, í samræmi við 5. gr. framangreindrar bókunar, ber Danmörku að ákveða, innan sex mánaða frá því að ráðið hefur samþykkt tilskipun þessa, hvort hún verði tekin upp í landslög.

8) Að því er varðar lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg telst þessi tilskipun vera þróun á Schengen-réttarreglunum í skilningi samkomulags ráðs Evrópusambandsins og þessara tveggja ríkja frá 18. maí 1999. Samkvæmt málsmeðferðinni, sem kveðið er á um í samkomulaginu, gilda þau réttindi og skyldur, sem leiðir af þessari tilskipun, einnig að því er þessi tvö ríki varðar, og í samskiptum þessara tveggja ríkja og þeirra aðildarríkja Evrópubandalagsins sem þessari tilskipun er beint til.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að viðurkenna megi ákvörðun um brottvísun, sem lögbært yfirvald í einu aðildarríki, hér á eftir nefnt „ákvörðunaraðildarríki“, gefur út vegna ríkisborgara þriðja lands sem er staddur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, hér á eftir nefnt „fullnustuaðildarríki“, án þess að það hafi áhrif á þær skyldur sem leiðir af 23. gr. og á beitingu 96. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985, sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990, hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn“.

2. Sérhverri ákvörðun, sem tekin er skv. 1. mgr., skal framfylgt samkvæmt gildandi lögum í fullnustuaðildarríkinu.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um aðstandendur ríkisborgara í Evrópusambandinu sem hafa nýtt sér rétt sinn til frjálsrar farar.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ríkisborgari þriðja lands“: hver sá sem ekki er ríkisborgari í aðildarríki;

b) „ákvörðun um brottvísun“: sérhver ákvörðun lögbærs stjórnvalds ákvörðunaraðildarríkis um brottvísun;

Title IV of the Treaty establishing the European Community, in accordance with Article 5 of the abovementioned Protocol, Denmark will decide within a period of six months after the Council has adopted this Directive whether it will transpose this decision into its national law.

(8) As regards the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, this Directive constitutes a development of the Schengen acquis within the meaning of the agreement concluded on 18 May 1999 between the Council of the European Union and those two States. As a result of the procedures laid down in the agreement, the rights and obligations arising from this Directive should also apply to those two States and in relations between those two States and the Member States of the European Community to which this Directive is addressed,

HAS ADOPTED THIS DIRECTIVE:

Article 1

1. Without prejudice to the obligations arising from Article 23 and to the application of Article 96 of the Convention implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985, signed at Schengen on 19 June 1990, hereinafter referred to as the "Schengen Convention", the purpose of this Directive is to make possible the recognition of an expulsion decision issued by a competent authority in one Member State, hereinafter referred to as the "issuing Member State", against a third country national present within the territory of another Member State, hereinafter referred to as the "enforcing Member State".
2. Any decision taken pursuant to paragraph 1 shall be implemented according to the applicable legislation of the enforcing Member State.
3. This Directive shall not apply to family members of citizens of the Union who have exercised their right of free movement.

Article 2

For the purposes of this Directive,

(a) "third country national" shall mean anyone who is not a national of any of the Member States;

(b) "expulsion decision" shall mean any decision which orders an expulsion taken by a competent administrative authority of an issuing Member State;

c) „fullnusturáðstöfun“: hver sú ráðstöfun sem fullnustuaðildarríki grípur til í því skyni að framfylgja ákvörðun um brottvísun.

3. gr.

1. Brottvísunin, sem um getur í 1. gr., gildir í eftirfarandi tilvikum:
   a) ákvörðun er tekin um brottvísun ríkisborgara þriðja lands, vegna þess að af honum stafar alvarleg ógnun við allsherjarreglu eða þjóðaröryggi, í eftirfarandi tilvikum:
      - ákvörðunaraðildarríki hefur sakfellt ríkisborgara þriðja lands fyrir afbrot sem varðar a.m.k. eins árs frjálsræðissviptingu,
      - rökstuddur grunur er um það að ríkisborgari þriðja lands hafi framið alvarlegan, refsiverðan verknað eða fyrir liggja sterkar sannanir fyrir ásetningi hans um að fremja slíkan verknað á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

      Hafi viðkomandi einstaklingur dvalarleyfi, útgefið af fullnustuaðildarríkinu eða öðru aðildarríki, skal fullnusturíkið, með fyrirvara um 2. mgr. 25. gr. Schengensamningsins, hafa samráð við ákvörðunarríkið og ríkið sem gaf út leyfið. Sé tekin ákvörðun um brottvísun samkvæmt þessum lið er heimilt að afturkalla dvalarleyfi ef landslög ríkisins, sem gaf út leyfið, heimila það;

   b) ákvörðun er tekin um brottvísun ríkisborgara þriðja lands vegna þess að hann uppfyllir ekki innlendar reglur um komu eða búsetu útlendinga.

   Í tilvikunum tveimur, sem um getur í a- og b-liðum, má ákvörðunaraðildarríkið ekki hafa frestað ákvörðuninni um brottvísun eða afturkallað hana.
2. Aðildarríkin skulu virða á tilhlýðilegan hátt mannréttindi og grundvallarréttindi við beitingu þessarar tilskipunar.
3. Beiting þessarar tilskipunar skal ekki hafa áhrif á ákvæði samningsins um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli sem lagðar eru fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna og samninga milli aðildarríkja um endurviðtöku.

(c) "enforcement measure" shall mean any measure taken by the enforcing Member State with a view to implementing an expulsion decision.

Article 3

1. The expulsion referred to in Article 1 shall apply to the following cases:
   (a) a third country national is the subject of an expulsion decision based on a serious and present threat to public order or to national security and safety, taken in the following cases:
      - conviction of a third country national by the issuing Member State for an offence punishable by a penalty involving deprivation of liberty of at least one year,
      - the existence of serious grounds for believing that a third country national has committed serious criminal offences or the existence of solid evidence of his intention to commit such offences within the territory of a Member State.

      Without prejudice to Article 25(2) of the Schengen Convention, if the person concerned holds a residence permit issued by the enforcing Member State or by another Member State, the enforcing State shall consult the issuing State and the State which issued the permit. The existence of an expulsion decision taken under this point shall allow for the residence permit to be withdrawn if this is authorised by the national legislation of the State which issued the permit;
   (b) a third country national is the subject of an expulsion decision based on failure to comply with national rules on the entry or residence of aliens.

   In the two cases referred to in (a) and (b), the expulsion decision must not have been rescinded or suspended by the issuing Member State.
2. Member States shall apply this Directive with due respect for human rights and fundamental freedoms.
3. This Directive shall be applied without prejudice to the provisions of the Convention Determining the State Responsible for Examining Applications for Asylum Lodged in one of the Member States of the European Communities and readmission agreements between Member States.

4. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að viðkomandi ríkisborgari þriðja lands geti, í samræmi við löggjöf fullnustuaðildarríkisins, áfrýjað hverri ráðstöfun sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

5. gr.

Tryggja ber verndun persónuupplýsinga og gagnaöryggi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([3]).

Skrár með persónuupplýsingum skulu, án þess að það hafi áhrif á 101. og 102. gr. Schengen-samningsins, eingöngu notaðar innan ramma þessarar tilskipunar í þeim tilgangi sem hér er tilgreindur.

6. gr.

Yfirvöld ákvörðunaraðildarríkisins og fullnustuaðildarríkisins skulu nýta allar viðeigandi leiðir til samstarfs og upplýsingaskipta við framkvæmd þessarar tilskipunar.

Ákvörðunaraðildarríkið skal láta fullnustuaðildarríkinu í té öll skjöl sem þörf er á til að votta að áfram megi framfylgja ákvörðun, eins skjótt og mögulegt er, eftir því sem við á í samræmi við viðeigandi ákvæði SIRENE-handbókarinnar.

Fullnustuaðildarríkið skal byrja á því að rannsaka aðstæður viðkomandi einstaklings til að tryggja að framkvæmd ákvörðunarinnar um brottvísun brjóti hvorki í bága við viðkomandi alþjóðasamninga né gildandi, innlendar reglur.

Eftir að fullnusturáðstöfun hefur verið framkvæmd skal fullnustuaðildarríkið tilkynna ákvörðunaraðildarríki um það.

7. gr.

Aðildarríkin skulu jafna sín á milli þann mismun á kostnaði sem getur leitt af beitingu þessarar tilskipunar ef brottvísun getur ekki farið fram á kostnað viðkomandi ríkisborgara þriðja lands.

Til að unnt sé að framkvæma þessa grein skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja viðeigandi viðmiðanir og tilhögun fyrir 2. desember 2002. Þessar viðmiðanir og tilhögun skulu einnig gilda um framkvæmd 24. gr. Schengen-samningsins.

(3) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

Article 4

The Member States shall ensure that the third country national concerned may, in accordance with the enforcing Member State's legislation, bring proceedings for a remedy against any measure referred to in Article 1(2).

Article 5

Protection of personal data and data security shall be ensured in accordance with Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data([3]).

Without prejudice to Articles 101 and 102 of the Schengen Convention, personal data files shall be used in the context of this Directive only for the purposes laid down therein.

Article 6

The authorities of the issuing Member State and of the enforcing Member State shall make use of all appropriate means of cooperation and of exchanging information to implement this Directive.

The issuing Member State shall provide the enforcing Member State with all documents needed to certify the continued enforceability of the decision by the fastest appropriate means, where appropriate in accordance with the relevant provisions of the SIRENE Manual.

The enforcing Member State shall first examine the situation of the person concerned to ensure that neither the relevant international instruments nor the national rules applicable conflict with the enforcement of the expulsion decision.

After implementation of the enforcement measure, the enforcing Member State shall inform the issuing Member State.

Article 7

Member States shall compensate each other for any financial imbalances which may result from application of this Directive where expulsion cannot be effected at the expense of the national(s) of the third country concerned.

In order to enable this Article to be implemented, the Council, acting on a proposal from the Commission, shall adopt appropriate criteria and practical arrangements before 2 December 2002. These criteria and practical arrangements shall also apply to the implementation of Article 24 of the Schengen Convention.

(3) OJ L 281, 23.11.1995, p. 31.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 2. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
   Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

9. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. maí 2001.

Fyrir hönd ráðsins,
T. BODSTRÖM
forseti.

Article 8

1. Member States shall bring into force the laws, regulations and administrative provisions necessary to comply with this Directive not later than 2 December 2002. They shall forthwith inform the Commission thereof.
   When Member States adopt these measures, they shall contain a reference to this Directive or shall be accompanied by such reference on the occasion of their official publication. The methods of making such reference shall be laid down by Member States.
2. Member States shall communicate to the Commission the text of the main provisions of domestic law which they adopt in the field governed by this Directive.

Article 9

This Directive shall enter into force the day of its publication in *the Official Journal of the European Communities.*

Article 10

This Directive is addressed to the Member States, in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 28 May 2001.

For the Council
The President
T. Bodström

Nr. 32 19. september 2001

AUGLÝSING

um samning um stofnun Alþjóðasjóðs um þróun landbúnaðar.

Hinn 8. ágúst 2001 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um stofnun Alþjóðasjóðs um þróun landbúnaðar sem gerður var í Róm 13. júní 1976. Samningurinn öðlaðist gildi 8. ágúst 2001.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 19. september 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um stofnun Alþjóðasjóðs um þróun landbúnaðar.

Inngangsorð.

Samningsaðilar, sem **viðurkenna** að viðvarandi fæðuvandi í heiminum veldur miklum fjölda fólks í þróunarlöndunum þjáningum og stofnar í hættu grundvallarreglum og gildum sem tengjast réttinum til lífs og mannlegrar reisnar;

hafa í huga þörfina á að bæta lífsskilyrði í þróunarlöndunum og að stuðla að félagslegri og efnahagslegri þróun innan ramma forgangsröðunar og markmiða þróunarlandanna, með viðeigandi tilliti til bæði efnahagslegs og félagslegs ávinnings;

hafa í huga þá ábyrgð sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna ber, innan kerfis Sameinuðu þjóðanna, á að styðja við viðleitni þróunarlandanna til að auka fæðu- og landbúnaðarframleiðslu, sem og sérfræðiþekkingu stofnunarinnar og reynslu á þessu sviði;

gera sér grein fyrir takmarki og markmiðum Alþjóðlegu þróunaráætlunarinnar fyrir annan þróunaráratug Sameinuðu þjóðanna, einkum þörfinni á að koma ávinningi af aðstoðinni í hendur allra;

hafa í huga f-lið 2. hluta („Fæða") í 1. þætti ályktunar allsherjarþingsins nr. 3202 (S-VI) um aðgerðaáætlun um að koma á nýju alþjóðlegu efnahagsskipulagi;

hafa í huga að einnig er nauðsynlegt fyrir þróun í fæðuframleiðslu og landbúnaði að miðla tækniþekkingu og V. þátt („Fæða og landbúnaður") í ályktun allsherjarþingsins nr. 3362 (S-VII) um þróun og alþjóðlega samvinnu í efnahagsmálum, með sérstakri tilvísun til 6. liðar hennar um stofnun Alþjóðasjóðs um þróun landbúnaðar;

minna á 13. lið ályktunar allsherjarþingsins nr. 3348 (XXIX) og I. og II. ályktun Alþjóðafæðuráðstefnunnar um markmið og áætlanir í fæðuframleiðslu og um forgangsatriði í þróun landbúnaðar og byggðaþróun í dreifbýli;

minna á XIII. ályktun Alþjóðafæðuráðstefnunnar sem viðurkenndi:

i) þörfina á verulega aukinni fjárfestingu í landbúnaði til þess að auka fæðu- og

AGREEMENT
establishing the International Fund for Agricultural Development (IFAD)

Preamble

Recognizing that the continuing food problem of the world is afflicting a large segment of the people of the developing countries and is jeopardizing the most fundamental principles and values associated with the right to life and human dignity;

Considering the need to improve the conditions of life in the developing countries and to promote socio-economic development within the context of the priorities and objectives of the developing countries, giving due regard to both economic and social benefits;

Bearing in mind the responsibility of the Food and Agriculture Organization of the United Nations within the United Nations system, to assist the efforts of developing countries to increase food and agricultural production, as well as that organization's technical competence and experience in this field;

Conscious of the goals and objectives of the International Development Strategy for the Second United Nations Development Decade and especially the need to spread the benefits of assistance to all;

Bearing in mind paragraph (f) of part 2 ("Food") of Section 1 of General Assembly resolution 3202 (S-VI) on the Programme of Action on the Establishment of a New International Economic Order;

Bearing in mind also the need for effecting transfer of technology for food and agricultural development and Section V ("Food and Agriculture") of General Assembly resolution 3362 (S-VII) on development and international economic cooperation, with particular reference to paragraph 6 thereof regarding the establishment of an International Fund for Agricultural Development;

Recalling paragraph 13 of General Assembly resolution 3348 (XXIX) and resolutions I and II of the World Food Conference on the objectives and strategies of food production and on the priorities for agricultural and rural development;

Recalling resolution XIII of the World Food Conference which recognized:

(i) the need for a substantial increase in investment in agriculture for increasing

landbúnaðarframleiðslu í þróunarlöndunum;

ii) sameiginlega ábyrgð alls hins alþjóðlega samfélags á því að sjá fyrir nægum fæðubirgðum og viðeigandi nýtingu á þeim; og

iii) að horfur varðandi fæðuástand í heiminum kalli á tafarlausar og samræmdar ráðstafanir allra landa;

og sem ályktaði:

að þegar í stað skuli stofnaður Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar til að fjármagna þróunarverkefni í landbúnaði er fyrst og fremst miði að fæðuframleiðslu í þróunarlöndunum;

hafa orðið ásáttir um að stofna Alþjóðasjóð um þróun landbúnaðar og skal fara um hann samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í þessum samningi skal merking eftirfarandi hugtaka vera sem hér segir, nema samhengið krefjist annars:

a) „sjóðurinn“: Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar;

b) „fæðuframleiðsla“: framleiðsla á fæðu, þar með talin þróun í fiskveiðum og búpeningi;

c) „ríki“: sérhvert ríki, eða hópur ríkja, sem uppfyllir skilyrði um aðild að sjóðnum í samræmi við b-lið 1. þáttar 3. gr.;

d) „auðskiptanlegur gjaldmiðill“:

i) gjaldmiðill aðila sem sjóðurinn ákvarðar, að höfðu samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, að sé skiptanlegur á viðunandi hátt yfir í gjaldmiðla hinna aðilanna í þágu starfsemi sjóðsins; eða

ii) gjaldmiðill aðila sem samþykkir, með skilmálum sem sjóðurinn telur viðunandi, að skipta yfir í gjaldmiðla annarra aðila í þágu starfsemi sjóðsins.

„Gjaldmiðill aðila“ skal merkja að því er varðar aðila sem samanstendur af ríkjahópi gjaldmiðil hvaða ríkis í slíkum hópi sem er;

e) „fulltrúi í ráðinu“: einstaklingur sem aðili hefur tilnefnt aðalfulltrúa sinn á fundi ráðsins;

f) „greidd atkvæði“: atkvæði með og á móti.

food and agricultural production in the developing countries;

(ii) that provision of an adequate supply and proper utilization of food are the common responsibility of all members of the international community; and

(iii) that the prospects of the world food situation call for urgent and coordinated measures by all countries;

and which resolved:

that an International Fund for Agricultural Development should be established immediately to finance agricultural development projects primarily for food production in the developing countries;

The Contracting Parties have agreed to establish the International Fund for Agricultural Development, which shall be governed by the following provisions:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Agreement the terms set out below shall have the following meaning, unless the context otherwise requires:

(a) "Fund" shall mean the International Fund for Agricultural Development;

(b) "food production" shall mean the production of food including the development of fisheries and livestock;

(c) "State" shall mean any State, or any grouping of States eligible for membership of the Fund in accordance with Section 1(b) of Article 3;

(d) "freely convertible currency" shall mean:

(i) currency of a Member which the Fund determines, after consultation with the International Monetary Fund, is adequately convertible into the currencies of other Members for the purposes of the Fund's operations; or

(ii) currency of a Member which such Member agrees, on terms satisfactory to the Fund, to exchange for the currencies of other Members for the purposes of the Fund's operations.

"Currency of a Member" shall, in respect of a Member that is a grouping of States, mean the currency of any member of such grouping;

(e) "Governor" shall mean a person whom a Member has designated as its principal representative at a session of the Governing Council;

(f) "votes cast" shall mean affirmative and negative votes.

2. gr.
Markmið og starfsemi.

Markmið sjóðsins skal vera öflun viðbótarfjármagns til þróunar landbúnaðar í þróunarlöndum meðal aðildarríkja er standi til boða með sérskilmálum. Til að þetta markmið nái fram að ganga skal sjóðurinn fyrst og fremst fjármagna verkefni og áætlanir sem eru sérstaklega hönnuð til að hefja, auka eða bæta kerfi fyrir fæðuframleiðslu og styrkja tengda stefnumörkun og stofnanir innan ramma forgangsröðunar og áætlana í hverju landi fyrir sig, með tilliti til: að þörf er á að auka fæðuframleiðslu í fátækustu löndunum þar sem fæðuskortur er mestur; möguleika á að auka fæðuframleiðslu í öðrum þróunarlöndum; og mikilvægis þess að hækka næringarstig meðal fátækustu íbúanna í þróunarlöndunum og bæta lífsskilyrði þeirra.

Article 2
Objective and Functions

The objective of the Fund shall be to mobilize additional resources to be made available on concessional terms for agricultural development in developing Member States. In fulfilling this objective the Fund shall provide financing primarily for projects and programmes specifically designed to introduce, expand or improve food production systems and to strengthen related policies and institutions within the framework of national priorities and strategies, taking into consideration: the need to increase food production in the poorest food deficit countries; the potential for increasing food production in other developing countries; and the importance of improving the nutritional level of the poorest populations in developing countries and the conditions of their lives.

3. gr.
Aðild.

1. þáttur - Skilyrði fyrir aðild.

a) Aðild að sjóðnum skal vera opin fyrir sérhvert ríki sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum eða að einhverri af sérstofnunum þeirra eða að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni.

b) Aðild skal einnig vera opin sérhverjum ríkjahópi sem ríkin í hópnum hafa veitt umboð á þeim sviðum sem heyra undir verksvið sjóðsins og getur staðið undir öllum þeim skuldbindingum sem aðild að sjóðnum felur í sér.

2. þáttur - Stofnaðilar og aðrir aðilar.

a) Stofnaðilar sjóðsins eru þau ríki sem eru talin upp í skrá I, sem er órjúfanlegur hluti þessa samnings, og gerast aðilar að þessum samningi í samræmi við b-lið 1. þáttar 13. gr.

b) Aðrir aðilar að sjóðnum eru önnur ríki sem gerast aðilar að þessum samningi í samræmi við c-lið 1. þáttar 13. gr. eftir að ráðið hefur samþykkt aðild þeirra.

3. þáttur - Takmörkun skaðabótaábyrgðar.

Enginn aðili skal bera skaðabótaábyrgð vegna aðgerða eða skuldbindinga sjóðsins á grundvelli aðildar sinnar.

Article 3
Membership

Section 1 - Eligibility for Membership

(a) Membership of the Fund shall be open to any State member of the United Nations or of any of its specialized agencies, or of the International Atomic Energy Agency.

(b) Membership shall also be open to any grouping of States whose members have delegated to it powers in fields falling within the competence of the Fund, and which is able to fulfil all the obligations of a Member of the Fund.

Section 2 - Original Members and Non-Original Members

(a) Original Members of the Fund shall be those States listed in Schedule I, which forms an integral part of this Agreement, that become parties to this Agreement in accordance with Section 1(b) of Article 13.

(b) Non-original Members of the Fund shall be those other States that, after approval of their membership by the Governing Council, become parties to this Agreement in accordance with Section 1(c) of Article 13.

Section 3 - Limitation of Liability

No Member shall be liable, by reason of its membership, for acts or obligations of the Fund.

4. gr.

Fjármunir.

1. þáttur - Fjármunir sjóðsins.

Fjármunir sjóðsins skulu samanstanda af:

i) stofnframlögum;
ii) viðbótarframlögum;
iii) sérstökum framlögum frá ríkjum sem ekki eru aðilar og öðrum framlögum;
iv) fjármunum sem fást af eða munu fást af starfseminni eða sem bætast við sjóðinn á annan hátt.

2. þáttur - Stofnframlög.

a) Stofnframlag stofnaðila og annarra aðila skal nema þeirri fjárhæð og vera í þeim gjaldmiðli sem aðilinn tilgreinir í fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjali sínu, sem hann afhendir til vörslu samkvæmt b- og c-liðum 1. þáttar 13. gr. þessa samnings.

b) Stofnframlag hvers aðila skal koma til greiðslu og greiðast með þeim hætti sem settur er fram í b- og c-liðum 5. þáttar þessarar greinar, annaðhvort í einni greiðslu eða, að vali aðilans, í þremur jafnháum árlegum greiðslum. Eingreiðslan eða fyrsta árlega greiðslan skal koma til greiðslu á þrítugasta degi eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er varðar þann aðila; önnur og þriðja greiðsla ef um þær er að ræða skulu koma til greiðslu þegar ár og tvö ár eru liðin frá þeim degi þegar fyrsta greiðslan kom til greiðslu.

3. þáttur - Viðbótarframlög.

Til að tryggja stöðuga framvindu í starfsemi sjóðsins skal ráðið öðru hverju, með því millibili sem það telur viðeigandi, endurskoða hversu langt það fjármagn nær sem sjóðurinn hefur til afnota; fyrsta endurskoðunin skal fara fram eigi síðar en þremur árum eftir að sjóðurinn hefur starfsemi. Telji ráðið nauðsynlegt eða æskilegt, í kjölfar slíkrar endurskoðunar, getur það boðið aðilum að inna af hendi viðbótarframlög til sjóðsins samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem samrýmast 5. þætti þessarar greinar. Ákvarðanir sem byggja á þessum þætti skulu samþykktar með tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða.

4. þáttur - Hækkun framlaga.

Ráðið getur hvenær sem er heimilað aðila að hækka hvert framlaga sinna sem er.

Article 4

Resources

Section 1 - Resources of the Fund

The resources of the Fund shall consist of:

(i) initial contributions;
(ii) additional contributions;
(iii) special contributions from non-member States and from other sources;
(iv) funds derived or to be derived from operations or otherwise accruing to the Fund.

Section 2 - Initial Contributions

(a) The amount of an initial contribution of an original and a non-original Member shall be the amount and in the currency of such contribution specified by the Member in its instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited by that Member pursuant to Section 1(b) and (c) of Article 13 of this Agreement.

(b) The initial contribution of each Member shall be due and payable in the forms set forth in Section 5(b) and (c) of this Article, either in a single sum or, at the option of the Member, in three equal annual instalments. The single sum or the first annual instalment shall be due on the thirtieth day after this Agreement enters into force with respect to that Member; any second and third instalments shall be due on the first and on the second anniversary of the date on which the first instalment was due.

Section 3 - Additional Contributions

In order to assure continuity in the operations of the Fund, the Governing Council shall periodically, at such intervals as it deems appropriate, review the adequacy of the resources available to the Fund; the first such review shall take place not later than three years after the Fund commences operations. If the Governing Council, as a result of such a review, deems it necessary or desirable, it may invite Members to make additional contributions to the resources of the Fund on terms and conditions consistent with Section 5 of this Article. Decisions under this Section shall be taken by a two-thirds majority of the total number of votes.

Section 4 - Increases in Contributions

The Governing Council may authorize, at any time, a Member to increase the amount of any of its contributions.

5. þáttur - Skilyrði varðandi framlög.

a) Framlög skulu innt af hendi án takmarkana á notkun þeirra og skulu einungis endurgreidd aðilum í samræmi við 4. þátt 9. gr.

b) Framlög skulu innt af hendi í auðskiptanlegum gjaldmiðli.

c) Framlög til sjóðsins skulu innt af hendi í reiðufé eða, að því marki að einhvers hluta slíkra framlaga sé ekki þörf þegar í stað til starfsemi sjóðsins, í formi óframseljanlegra, óafturkræfra, vaxtalausra skuldaviðurkenninga eða -ábyrgða sem greiðast við kröfu. Til þess að fjármagna starfsemi sína skal sjóðurinn ganga á öll framlög (án tillits til þess með hvaða hætti þau eru reidd af hendi) á eftirfarandi hátt:

i) gengið skal hlutfallslega á framlögin á sanngjörnum tíma eftir ákvörðun framkvæmdastjórnar;

ii) þegar framlag er greitt í reiðufé að hluta til skal fyrst gengið á þann hluta, í samræmi við i-lið, áður en gengið er á afgang framlagsins. Að undanskildum þeim hluta sem greiddur var í reiðufé og gengið hefur verið á getur sjóðurinn geymt framlagið eða fjárfest með því til að fá af því tekjur upp í stjórnunarkostnað og annan kostnað;

iii) gengið skal á öll stofnframlög og sérhverjar hækkanir á þeim áður en gengið er á viðbótarframlög. Sama regla skal gilda um frekari viðbótarframlög.

6. þáttur - Sérstök framlög.

Auka má fjármagn sjóðsins með sérstökum framlögum, frá löndum sem ekki eru aðilar, eða með öðrum hætti samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem samrýmast 5. þætti þessarar greinar, sem samþykkt eru af ráðinu að tillögu framkvæmdastjórnar.

5. gr.

Gjaldmiðlar.

1. þáttur - Notkun gjaldmiðla.

a) Aðilar skulu ekki viðhalda eða setja neinar takmarkanir á eign sjóðsins eða notkun á auðskiptanlegum gjaldmiðlum.

b) Framlög aðila í gjaldmiðlum sem ekki er hægt að skipta í aðra gjaldmiðla, sem innt voru af hendi til sjóðsins sem stofnframlög

Section 5 - Conditions Governing Contributions

(a) Contributions shall be made without restriction as to use and shall be refunded to contributing Members only in accordance with Section 4 of Article 9.

(b) Contributions shall be made in freely convertible currencies.

(c) Contributions to the Fund shall be made in cash or, to the extent that any part of such contributions is not needed immediately by the Fund in its operations, such part may be paid in the form of non-negotiable, irrevocable, non-interest bearing promissory notes or obligations payable on demand. In order to finance its operations, the Fund shall draw down all contributions (regardless of the form in which they are made) as follows:

(i) contributions shall be drawn down on a pro rata basis over reasonable periods of time as determined by the Executive Board;

(ii) where a contribution is paid partly in cash, the part so paid shall be drawn down, in accordance with paragraph (i), before the rest of the contribution. Except to the extent that the part paid in cash is thus drawn down, it may be deposited or invested by the Fund to produce income to help defray its administrative and other expenditures;

(iii) all initial contributions, as well as any increases in them, shall be drawn down before any additional contributions are drawn down. The same rule shall apply to further additional contributions.

Section 6 - Special Contributions

The resources of the Fund may be increased by special contributions from non-member States or other sources on such terms and conditions, consistent with Section 5 of this Article, as shall be approved by the Governing Council on the recommendation of the Executive Board.

Article 5

Currencies

Section 1 - Use of Currencies

(a) Members shall not maintain or impose any restriction on the holding or use by the Fund of freely convertible currencies.

(b) The non-convertible currency contributions of a Member made to the Fund on account of that Member's initial or additional contribu-

eða viðbótarframlög þess aðila fyrir 26. janúar 1995, getur sjóðurinn notað, í samráði við viðkomandi aðila, til greiðslu á stjórnunarkostnaði og öðrum kostnaði sjóðsins á yfirráðasvæði þess aðila eða, með samþykki aðilans, til greiðslu á vörum og þjónustu sem framleiddar eru á yfirráðasvæðum hans og sem þörf er á til starfsemi sem sjóðurinn fjármagnar í öðrum ríkjum.

2. þáttur - Mat á gjaldmiðlum.

a) Reiknieining sjóðsins skal vera sérstök dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

b) Að því er varðar þennan samning skal virði gjaldmiðils í sérstökum dráttarréttindum reiknað í samræmi við matsaðferð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að því tilskildu að:

i) þegar um er að ræða gjaldmiðil aðila að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þar sem slíkt virði liggur að jafnaði ekki fyrir, skal það reiknað að höfðu samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn;

ii) þegar um er að ræða gjaldmiðil ríkis, sem er ekki aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, skal sjóðurinn reikna virði gjaldmiðilsins í sérstökum dráttarréttindum, miðað við hvert viðeigandi hlutfall gengis er milli þess gjaldmiðils og gjaldmiðils ríkis, sem er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem virðið hefur verið reiknað fyrir eins og að framan greinir.

6. gr.

Skipulag og stjórnun.

1. þáttur - Skipulag sjóðsins.

Sjóðurinn skal hafa:

a) ráð;
b) framkvæmdastjórn;
c) framkvæmdastjóra og það starfsfólk sem nauðsynlegt er fyrir starfsemi sjóðsins.

2. þáttur - Ráðið.

a) Hver aðili skal eiga fulltrúa í ráðinu og skal tilnefna einn fulltrúa og varamann í ráðið. Varamaður má aðeins greiða atkvæði í fjarveru aðalmanns.
b) Allt vald sjóðsins skal falið ráðinu.

tions prior to 26 January 1995 may be used by the Fund, in consultation with the Member concerned, for the payment of administrative expenditures and other costs of the Fund in the territories of that Member, or, with the consent of that Member, for the payment of goods or services produced in its territories and required for activities financed by the Fund in other States.

Section 2 - Valuation of Currencies

(a) The unit of account of the Fund shall be the Special Drawing Right of the International Monetary Fund.
(b) For the purposes of this Agreement, the value of a currency in terms of the Special Drawing Right shall be calculated in accordance with the method of valuation applied by the International Monetary Fund, provided that:
  (i) in the case of the currency of a member of the International Monetary Fund for which such value is not available on a current basis, the value shall be calculated after consultation with the International Monetary Fund;
  (ii) in the case of the currency of a non-member of the International Monetary Fund, the value of the currency in terms of the Special Drawing Right shall be calculated by the Fund on the basis of an appropriate exchange rate relationship between that currency and the currency of a member of the International Monetary Fund for which a value is calculated as specified above.

Article 6

Organization and Management

Section 1 - Structure of the Fund

The Fund shall have:

(a) a Governing Council;
(b) an Executive Board;
(c) a President and such staff as shall be necessary for the Fund to carry out its functions.

Section 2 - The Governing Council

(a) Each Member shall be represented on the Governing Council and shall appoint one Governor and an alternate. An alternate may vote only in the absence of his principal.
(b) All the powers of the Fund shall be vested in the Governing Council.

c) Ráðinu er heimilt að fela framkvæmdastjórninni hluta af valdi sínu, að undanskildu valdi til að:
   i) samþykkja breytingar á þessum samningi;
   ii) samþykkja aðild;
   iii) víkja aðila úr sjóðnum;
   iv) fella niður starfsemi sjóðsins og ráðstafa eignum hans;
   v) ákveða áfrýjanir á ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar er varða túlkun eða beitingu þessa samnings;

   vi) ákvarða launakjör framkvæmdastjóra.

d) Ráðið skal halda árlegan aðalfund auk þeirra aukafunda sem það ákveður eða farið er fram á af aðilum sem hafa á hendi að minnsta kosti fjórðung heildarfjölda atkvæða í ráðinu eða að beiðni framkvæmdastjórnar samkvæmt tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða hennar.
e) Ráðið getur, með reglugerð, komið á málsmeðferð sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að fá atkvæðagreiðslu ráðsins um ákveðið málefni án þess að kallaður sé saman fundur í ráðinu.
f) Ráðið getur, með tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða, samþykkt reglugerðir og samþykktir sem ekki brjóta í bága við samning þennan eins og þörf er á við stjórnun starfsemi sjóðsins.
g) Ákvörðunarbær meirihluti á sérhverjum fundi ráðsins skal vera fulltrúar í ráðinu sem fara með atkvæðisrétt sem nemur tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða allra aðila þess.

3. þáttur - Atkvæðagreiðsla innan ráðsins.

a) Heildarfjöldi atkvæða innan ráðsins skal samanstanda af stofnatkvæðum og endurnýjunaratkvæðum. Allir aðilar skulu hafa jafnan aðgang að þessum atkvæðum á grundvelli eftirfarandi:
   i) stofnatkvæði skulu alls vera eittþúsund og áttahundruð (1800) atkvæði sem samanstanda af aðildaratkvæðum annars vegar og framlagaatkvæðum hins vegar:
      A) aðildaratkvæði skulu skiptast jafnt milli allra aðila; og
      B) framlagaatkvæði skulu skiptast milli allra aðila í samræmi við hlutfall samanlagðra greiddra fjárframlaga hvers aðila til sjóðsins, sem ráðið heimilaði fyrir 26. janúar 1995 og innt voru af hendi af aðilum í samræmi við

(c) The Governing Council may delegate any of its powers to the Executive Board with the exception of the power to:
   (i) adopt amendments to this Agreement;
   (ii) approve membership;
   (iii) suspend a Member;
   (iv) terminate the operations of the Fund and distribute its assets;
   (v) decide appeals from decisions made by the Executive Board concerning the interpretation or application of this Agreement;
   (vi) determine the remuneration of the President.
(d) The Governing Council shall hold an annual session, and such special sessions as it may decide, or as are called by Members having at least one-fourth of the total number of votes in the Governing Council, or as requested by the Executive Board by a two-thirds majority of the votes cast.
(e) The Governing Council may by regulation establish a procedure whereby the Executive Board may obtain a vote of the Council on a specific question without calling a meeting of the Council.
(f) The Governing Council may, by a two-thirds majority of the total number of votes, adopt such regulations and by-laws not inconsistent with this Agreement as may be appropriate to conduct the business of the Fund.
(g) A quorum for any meeting of the Governing Council shall be constituted by Governors exercising two-thirds of the total votes of all its members.

Section 3 - Voting in the Governing Council

(a) The total number of votes in the Governing Council shall be comprised of Original Votes and Replenishment Votes. All Members shall have equal access to those votes on the following basis:
   (i) Original Votes shall consist of a total of one thousand eight hundred (1 800) votes made up of membership votes and contribution votes:
      (A) membership votes shall be distributed equally among all Members; and
      (B) contribution votes shall be distributed among all Members in the proportion that each Member's cumulative paid contributions to the resources of the Fund, authorized by the Governing Council prior to 26 January 1995 and

2., 3. og 4. þátt 4. gr. þessa samnings, af samtölu téðra framlaga sem greidd eru af öllum aðilum;

ii) endurnýjunaratkvæði skulu samanstanda af heildarfjölda aðildar- og framlagaatkvæða, sem ráðið ákveður í hvert skipti sem það óskar eftir viðbótarframlögum samkvæmt 3. þætti 4. gr. þessa samnings („endurnýjun“) og hefjast við fjórðu slíka endurnýjun. Nema ráðið ákveði annað með tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða sinna skulu atkvæði fyrir hverja endurnýjun vera í hlutfallinu eitthundrað (100) atkvæði fyrir hverjar eitthundrað fimmtíu og átta milljónir bandaríkjadollara (USD 158 000 000), sem inntar eru af hendi sem heildarendurnýjunarframlag eða hluti þess:

A) aðildaratkvæði skulu skiptast jafnt milli allra aðila á sömu forsendum og mælt er fyrir um í A-lið i-liðar hér að framan; og

B) framlagaatkvæði skulu skiptast milli allra aðila í samræmi við hlutfall greidds fjárframlags hvers aðila til sjóðsins af heildarframlögum sem greidd eru af öllum aðilum til téðrar endurnýjunar; og

iii) ráðið skal ákveða heildarfjölda atkvæða sem úthlutað skal sem aðildar- og framlagaatkvæðum samkvæmt i- og ii-liðum þessa þáttar. Verði breyting á fjölda aðila að sjóðnum skal endurúthluta aðildar- og framlagaatkvæðunum, sem úthlutað var samkvæmt i- og ii-liðum þessa hluta, í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í téðum liðum. Við úthlutun atkvæðanna skal ráðið tryggja að þeir aðilar, sem flokkaðir voru í III. flokk fyrir 26. janúar 1995, fái einn þriðja hluta heildarfjölda atkvæða sem aðildaratkvæði.

b) Ákvarðanir ráðsins skulu teknar með einföldum meirihluta heildarfjölda atkvæða nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

made by Members in accordance with Sections 2, 3 and 4 of Article 4 of this Agreement, bear to the aggregate of the total of the said contributions paid by all Members;

(ii) Replenishment Votes shall be made up of membership votes and contribution votes in a total amount of votes to be decided by the Governing Council upon each occasion that it calls for additional contributions under Section 3 of Article 4 of this Agreement (a "replenishment") commencing with the fourth such replenishment. Except as the Governing Council shall by a two-thirds majority of the total number of votes otherwise decide, the votes for each replenishment shall be established in the ratio of one hundred (100) votes for the equivalent of each one hundred and fifty eight million United States dollars (USD 158 000 000) contributed to the total amount of that replenishment, or a fraction thereof:

(A) membership votes shall be distributed equally among all Members on the same basis as that set forth in provision (i)(A) above; and

(B) contribution votes shall be distributed among all Members in the proportion that each Member's paid contribution to the resources contributed to the Fund by Members for each replenishment bears to the aggregate of the total contributions paid by all Members to the said replenishment; and

(iii) The Governing Council shall decide the total number of votes to be allocated as membership votes and contribution votes under paragraphs (i) and (ii) of this Section. Upon any change in the number of Members of the Fund, the membership votes and contribution votes distributed under paragraphs (i) and (ii) of this Section shall be redistributed in accordance with the principles laid down in the said paragraphs. In the allocation of votes, the Governing Council shall ensure that those Members classified as members of Category III before 26 January 1995 receive one-third of the total votes as membership votes.

(b) Except as otherwise specified in this Agreement, decisions of the Governing Council shall be taken by a simple majority of the total number of votes.

4. þáttur - Forseti ráðsins.

Ráðið skal kjósa sér forseta meðal fulltrúa í ráðinu sem skal sitja til tveggja ára.

Section 4 - Chairman of the Governing Council

The Governing Council shall elect a Chairman from among the Governors, who shall serve for two years.

5. þáttur - Framkvæmdastjórn.

a) Í framkvæmdastjórn skulu sitja 18 stjórnarmenn og allt að 18 varamenn sem kosnir eru meðal aðila sjóðsins á árlegum aðalfundi ráðsins. Sætum í framkvæmdastjórn skal úthlutað af ráðinu öðru hverju eins og tilgreint er í skrá II við þennan samning. Stjórnarmenn í framkvæmdastjórn og varamenn þeirra, sem einungis mega greiða atkvæði í fjarveru stjórnarmanns, skulu kosnir og skipaðir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í skrá II við þennan samning sem er órjúfanlegur hluti samningsins.

b) Stjórnarmenn í framkvæmdastjórn skulu kosnir til þriggja ára í senn.

c) Framkvæmdastjórn skal bera ábyrgð á almennum rekstri sjóðsins og skal í því skyni beita þeim völdum sem henni eru falin með þessum samningi eða sem ráðið hefur falið henni.

d) Framkvæmdastjórn skal koma saman svo oft sem starfsemi sjóðsins krefur.

e) Fulltrúar stjórnar- eða varamanns í framkvæmdastjórn skulu ekki þiggja laun frá sjóðnum fyrir störf sín. Ráðið getur hins vegar ákveðið fyrirkomulag til að hægt sé að greiða sanngjarnan ferða- og uppihaldskostnað fyrir einn slíkan fulltrúa vegna hvers stjórnarmanns og varamanns.

f) Ákvörðunarbær meirihluti á sérhverjum framkvæmdastjórnarfundi skal vera stjórnarmenn sem fara með tvo þriðju hluta af heildaratkvæðafjölda allra stjórnarmanna.

Section 5 - Executive Board

(a) The Executive Board shall be composed of 18 members and up to 18 alternate members, elected from the Members of the Fund at the annual session of the Governing Council. The seats in the Executive Board shall be distributed by the Governing Council from time to time as specified in Schedule II to this Agreement. The members of the Executive Board and their alternates, who may vote only in the absence of a member, shall be elected and appointed in accordance with the procedures set forth in Schedule II hereto, which forms an integral part of this Agreement.

(b) Members of the Executive Board shall serve for a term of three years.

(c) The Executive Board shall be responsible for the conduct of the general operations of the Fund, and for this purpose shall exercise the powers given to it by this Agreement or delegated to it by the Governing Council.

(d) The Executive Board shall meet as often as the business of the Fund may require.

(e) The representatives of a member or of an alternate member of the Executive Board shall serve without remuneration from the Fund. However, the Governing Council may decide the basis on which reasonable travel and subsistence expenses may be granted to one such representative of each member and of each alternate member.

(f) A quorum for any meeting of the Executive Board shall be constituted by members exercising two-thirds of the total votes of all its members.

6. þáttur - Atkvæðagreiðsla framkvæmdastjórnar.

a) Ráðið skal öðru hverju ákveða endurúthlutun atkvæða meðal stjórnarmanna í framkvæmdastjórn í samræmi við meginreglurnar í a-lið 3. þáttar 6. gr. þessa samnings.

b) Nema kveðið sé á um annað í þessum samningi skulu ákvarðanir framkvæmdastjórnar teknar með þremur fimmtu hlutum greiddra atkvæða, að því tilskildu að slíkur

Section 6 - Voting in the Executive Board

(a) The Governing Council shall, from time to time, decide the distribution of votes among the members of the Executive Board in accordance with the principles established in Section 3(a) of Article 6 of this Agreement.

(b) Except as otherwise specified in this Agreement, decisions of the Executive Board shall be taken by a majority of three-fifths of the votes cast, provided that such majority is

meirihluti nemi meira en helmingi heildarfjölda atkvæða allra stjórnarmanna framkvæmdastjórnar.

7. þáttur - Formaður framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjóri sjóðsins skal vera formaður framkvæmdastjórnar og skal sitja fundi hennar án atkvæðisréttar.

8. þáttur - Framkvæmdastjóri og starfsfólk.

a) Ráðið skal skipa framkvæmdastjóra með tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða. Hann skal skipaður til fjögurra ára í senn og má einungis endurskipa hann til eins tímabils til viðbótar. Ráðið getur bundið enda á skipun framkvæmdastjóra með tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða.

b) Þrátt fyrir að skipunartími framkvæmdastjóra takmarkist við fjögur ár, eins og fram kemur í a-lið þessa þáttar, getur ráðið undir sérstökum kringumstæðum og að tillögu framkvæmdastjórnar, framlengt skipunartíma framkvæmdastjóra fram yfir það tímabil sem mælt er fyrir um í a-lið hér að ofan. Sérhver framlenging skal þó ekki vera lengri en til sex mánaða.

c) Framkvæmdastjóri má tilnefna varaframkvæmdastjóra sem skal sinna þeim skyldum sem framkvæmdastjóri felur honum.

d) Framkvæmdastjóri skal vera yfirmaður starfsliðs og bera ábyrgð á stjórn starfsemi sjóðsins, undir stjórn og umsjón ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjóri skal skipuleggja starfslið og skal skipa og segja upp starfsfólki í samræmi við reglur sem framkvæmdastjórn samþykkir.

e) Við ráðningu starfsfólks og ákvörðun kjara þess skal taka tillit til þess að nauðsynlegt er að tryggja hámarksskilvirkni, -hæfni og -áreiðanleika auk þess sem hafa ber í huga mikilvægi forsendunnar um sanngjarna landfræðilega dreifingu.

f) Í störfum sínum er hollusta framkvæmdastjóra og starfsfólks eingöngu við sjóðinn og skulu þau hvorki leita eftir né fara að leiðbeiningum um hvernig þeim störfum skuli sinnt frá neinu yfirvaldi utan sjóðsins. Hverjum aðila að sjóðnum ber að virða alþjóðlegt eðli þessarar hollustu og ekki reyna að hafa áhrif á þau við störf sín.

more than one-half of the total number of votes of all members of the Executive Board.

Section 7 - Chairman of the Executive Board

The President of the Fund shall be the Chairman of the Executive Board and shall participate in its meetings without the right to vote.

Section 8 - President and Staff

(a) The Governing Council shall appoint the President by a two-thirds majority of the total number of votes. He shall be appointed for a term of four years and shall be eligible for reappointment for only one further term. The appointment of the President may be terminated by the Governing Council by a two-thirds majority of the total number of votes.

(b) Notwithstanding the restriction on the term of office of the President of four years, contained in paragraph (a) of this Section, the Governing Council may, under special circumstances, on the recommendation of the Executive Board, extend the term of office of the President beyond the duration prescribed in paragraph (a) above. Any such extension shall be for no more than six months.

(c) The President may appoint a Vice-President, who shall perform such duties as shall be assigned to him by the President.

(d) The President shall head the staff and, under the control and direction of the Governing Council and the Executive Board, shall be responsible for conducting the business of the Fund. The President shall organize the staff and shall appoint and dismiss members of the staff in accordance with regulations adopted by the Executive Board.

(e) In the employment of the staff and in the determination of the conditions of service, consideration shall be given to the necessity of securing the highest standards of efficiency, competence and integrity as well as to the importance of observing the criterion of equitable geographical distribution.

(f) The President and the staff, in the discharge of their functions, owe their duty exclusively to the Fund and shall neither seek nor receive instructions in regard to the discharge thereof from any authority external to the Fund. Each Member of the Fund shall respect the international character of this duty and shall refrain from any attempt to influence them in the discharge of their duties.

g) Framkvæmdastjórinn og starfsfólkið skal ekki hafa afskipti af stjórnmálum í ríki neins aðila. Þau skulu einungis hafa í huga atriði er snerta stefnu í þróunarmálum við ákvarðanir sínar og þessi atriði skulu vegin og metin af hlutleysi til að markmiðið með stofnun sjóðsins nái fram að ganga.
h) Framkvæmdastjórinn skal vera lagalegur fulltrúi sjóðsins.
i) Framkvæmdastjórinn eða fulltrúi sem hann tilnefnir má sitja alla fundi ráðsins án atkvæðisréttar.

9. þáttur - Aðsetur sjóðsins.

Ráðið skal ákvarða varanlegt aðsetur sjóðsins með tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða. Bráðabirgðaaðsetur sjóðsins skal vera í Róm.

10. þáttur - Fjárhagsáætlun vegna stjórnsýslu.

Framkvæmdastjórinn skal árlega útbúa fjárhagsáætlun vegna stjórnsýslu og leggja fyrir framkvæmdastjórn sem skal senda hana áfram til ráðsins til samþykkis með tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða.

11. þáttur - Útgáfa skýrslna og upplýsingar.

Sjóðurinn skal gefa út ársskýrslu með reikningsskilum hans með áritun endurskoðanda og, með viðeigandi millibili, samantekt á fjárhagsstöðu hans og rekstrarafkomu. Afritum af slíkum skýrslum, uppgjörum og öðrum tengdum útgáfum skal dreift til allra aðila.

7. gr.
Starfsemi.
1. þáttur - Notkun fjármuna og skilyrði fyrir fjármögnun.

a) Notkun fjármuna sjóðsins skal miða að því að markmiðið sem tilgreint er í 2. gr. nái fram að ganga.
b) Fjármögnun úr sjóðnum skal einungis veitt þróunarríkjum sem eru aðilar að sjóðnum eða milliríkjastofnunum sem slíkir aðilar eiga aðild að. Þegar um er að ræða lán til milliríkjastofnunar getur sjóðurinn krafist viðeigandi ríkisábyrgðar eða annarrar tryggingar.

c) Sjóðurinn skal gera ráðstafanir til að tryggja að ágóði af sérhverri fjármögnun sé einungis notaður í þeim tilgangi sem fjármögnunin var veitt til, með viðeigandi tilliti til atriða er

(g) The President and the staff shall not interfere in the political affairs of any Member. Only development policy considerations shall be relevant to their decisions and these considerations shall be weighed impartially in order to achieve the objective for which the Fund was established.
(h) The President shall be the legal representative of the Fund.
(i) The President, or a representative designated by him, may participate, without the right to vote, in all meetings of the Governing Council.

Section 9 - Seat of the Fund

The Governing Council shall determine the permanent seat of the Fund by a two-thirds majority of the total number of votes. The provisional seat of the Fund shall be in Rome.

Section 10 - Administrative Budget

The President shall prepare an annual administrative budget which he shall submit to the Executive Board for transmission to the Governing Council for approval by a two-thirds majority of the total number of votes.

Section 11 - Publication of Reports and Provision of Information

The Fund shall publish an annual report containing an audited statement of its accounts and, at appropriate intervals, a summary statement of its financial position and of the results of its operations. Copies of such reports, statements and other publications connected therewith shall be distributed to all Members.

Article 7
Operations
Section 1 - Use of Resources and Conditions of Financing

(a) The resources of the Fund shall be used to achieve the objective specified in Article 2.

(b) Financing by the Fund shall be provided only to developing States that are Members of the Fund or to intergovernmental organizations in which such Members participate. In the case of a loan to an intergovernmental organization, the Fund may require suitable governmental or other guarantees.
(c) The Fund shall make arrangements to ensure that the proceeds of any financing are used only for the purposes for which the financing was provided, with due attention to con-

snerta efnahag, skilvirkni og félagslegan jöfnuð.

d) Við úthlutun úr sjóðnum skulu eftirtalin forgangsatriði höfð að leiðarljósi:
   i) þörfin á að auka fæðuframleiðslu og bæta næringarstig meðal fátækustu íbúa í löndum sem búa við mesta fátækt og mestan fæðuskort;
   ii) möguleg aukning fæðuframleiðslu í öðrum þróunarlöndum. Á sama hátt skal leggja áherslu á að hækka næringarstig meðal fátækustu íbúa þessara landa og bæta lífsskilyrði þeirra.

   Innan ramma framangreindra forgangsatriða skulu skilyrði fyrir aðstoð byggjast á hlutlægum efnahagslegum og félagslegum viðmiðunum og sérstök áhersla lögð á þörf tekjulágra landa og möguleika þeirra á að auka fæðuframleiðslu auk þess sem tekið verður viðeigandi tillit til sanngjarnrar landfræðilegrar dreifingar við notkun slíkra fjármuna.

e) Með fyrirvara um ákvæði þessa samnings skal fjármögnun úr sjóðnum stjórnast af almennum stefnum, viðmiðunum og reglum sem ráðið mælir öðru hverju fyrir um með tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða.

2. þáttur - Fjármögnunaraðferðir og -skilmálar.

a) Fjármögnun úr sjóðnum skal vera í formi lána og styrkja, sem látin eru í té með þeim skilmálum sem sjóðurinn telur við hæfi, með hliðsjón af efnahagsstöðu og framtíðarhorfum aðilans og eðli og kröfum starfseminnar sem um ræðir.

b) Framkvæmdastjórnin ákveður öðru hverju það hlutfall af fjármagni sjóðsins sem notað er á hverju fjárhagsári til fjármögnunarstarfsemi með öðrum hvorum þeim hætti sem um getur í a-lið, að teknu viðeigandi tilliti til lífvænleika sjóðsins til frambúðar og þess að starfsemi hans þarf að vera stöðug. Hlutfall styrkja skal að jafnaði ekki vera hærra en einn áttundi hluti af því fjármagni sem veitt er á einu fjárhagsári. Stór hluti lánanna skal veittur á mjög hagstæðum kjörum.

c) Framkvæmdastjóri skal leggja verkefni og áætlanir fyrir framkvæmdastjórnina til umfjöllunar og samþykkis.

d) Framkvæmdastjórn tekur ákvarðanir varðandi val á verkefnum og áætlunum og samsiderations of economy, efficiency and social equity.

(d) In allocating its resources the Fund shall be guided by the following priorities:
   (i) the need to increase food production and to improve the nutritional level of the poorest populations in the poorest food deficit countries;
   (ii) the potential for increasing food production in other developing countries. Likewise, emphasis shall be placed on improving the nutritional level of the poorest populations in these countries and the conditions of their lives.

   Within the framework of the above-mentioned priorities, eligibility for assistance shall be on the basis of objective economic and social criteria with special emphasis on the needs of the low income countries and their potential for increasing food production, as well as due regard to a fair geographic distribution in the use of such resources.

(e) Subject to the provisions of this Agreement, financing by the Fund shall be governed by broad policies, criteria and regulations laid down, from time to time, by the Governing Council by a two-thirds majority of the total number of votes.

Section 2 - Forms and Terms of Financing

(a) Financing by the Fund shall take the form of loans and grants, which shall be provided on such terms as the Fund deems appropriate, having regard to the economic situation and prospects of the Member and to the nature and requirements of the activity concerned.

(b) The proportion of the Fund's resources to be committed in any financial year for financing operations in either of the forms referred to in subsection (a) shall be decided from time to time by the Executive Board with due regard to the long-term viability of the Fund and the need for continuity in its operations. The proportion of grants shall not normally exceed one-eighth of the resources committed in any financial year. A large proportion of the loans shall be provided on highly concessional terms.

(c) The President shall submit projects and programmes to the Executive Board for consideration and approval.

(d) Decisions with regard to the selection and approval of projects and programmes shall be

þykki þeirra. Slíkar ákvarðanir skulu teknar á grundvelli almennra stefna, viðmiðana og reglna sem settar eru af ráðinu.

e) Við mat á verkefnum og áætlunum sem farið er fram á fjármögnun til skal sjóðurinn að meginreglu nota þjónustu alþjóðastofnana og getur, þar sem viðeigandi er, notað þjónustu annarra þar til bærra stofnana sem eru sérhæfðar á þessu sviði. Framkvæmdastjórnin velur slíkar stofnanir að höfðu samráði við viðkomandi lántaka og skulu þær bera beina ábyrgð gagnvart sjóðnum við mat sitt.

f) Lánssamningur skal gerður í hverju tilviki milli sjóðsins og lántaka sem skal bera ábyrgð á framkvæmd viðkomandi verkefnis eða áætlunar.

g) Sjóðurinn skal fela lögbærum alþjóðastofnunum lánaumsýslu hvað varðar greiðslu andvirðis lána og eftirlit með framkvæmd viðkomandi verkefnis eða áætlunar. Slíkar stofnanir skulu vera á heimsvísu eða svæðisbundnar og skulu valdar í hverju tilviki með samþykki lántaka. Áður en sjóðurinn fer fram á samþykki framkvæmdastjórnar fyrir láni skal hann ganga úr skugga um að stofnunin sem fela á eftirlitið sé samþykk niðurstöðum mats á viðkomandi verkefni eða áætlun. Séð skal um þetta milli sjóðsins og stofnunarinnar, sem sér um matið, auk stofnunarinnar sem fela á eftirlitið.

h) Að því er varðar f- og g-liði hér að framan skal þegar vísað er til „lána“ sú tilvísun einnig talin fela í sér „styrki“.

i) Sjóðurinn getur einnig veitt lánsheimild til handa innlendri þróunarstofnun sem veitir og hefur umsjón með endurlánum til fjármögnunar á verkefnum og áætlunum innan þeirra skilmála sem lánssamningurinn setur og þess ramma sem sjóðurinn samþykkir. Áður en framkvæmdastjórn samþykkir að veita slíka lánsheimild skal viðkomandi innlend þróunarstofnun og áætlun hennar metnar í samræmi við ákvæði e-liðar. Framkvæmd téðrar áætlunar skal háð eftirliti stofnana sem valdar eru í samræmi við ákvæði g-liðar.

made by the Executive Board. Such decisions shall be made on the basis of the broad policies, criteria and regulations established by the Governing Council.

(e) For the appraisal of projects and programmes presented to it for financing, the Fund shall, as a general rule, use the services of international institutions and may, where appropriate, use the services of other competent agencies specialized in this field. Such institutions and agencies shall be selected by the Executive Board after consultation with the recipient concerned and shall be directly responsible to the Fund in performing the appraisal.

(f) The loan agreement shall be concluded in each case by the Fund and the recipient, which shall be responsible for the execution of the project or programme concerned.

(g) The Fund shall entrust the administration of loans, for the purposes of the disbursement of the proceeds of the loan and the supervision of the implementation of the project or programme concerned, to competent international institutions. Such institutions shall be of a world-wide or regional character and shall be selected in each case with the approval of the recipient. Before submitting the loan to the Executive Board for approval, the Fund shall assure itself that the institution to be entrusted with the supervision agrees with the results of the appraisal of the project or programme concerned. This shall be arranged between the Fund and the institution or agency in charge of the appraisal, as well as with the institution to be entrusted with the supervision.

(h) For the purposes of subsections (f) and (g) above, reference to "loans" shall be deemed to include "grants".

(i) The Fund may extend a line of credit to a national development agency to provide and administer subloans for the financing of projects and programmes within the terms of the loan agreement and the framework agreed to by the Fund. Before the Executive Board approves the extension of such a line of credit, the national development agency concerned and its programme shall be appraised in accordance with the provisions of subsection (e). Implementation of the said programme shall be subject to supervision by the institutions selected in accordance with the provisions of subsection (g).

j) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja viðeigandi reglur um fjármögnun sjóðsins til kaupa á vörum og þjónustu. Slíkar reglur skulu yfirleitt vera í samræmi við meginregluna um alþjóðlega samkeppnishæf tilboð og þar skal sérfræðingum, tæknimönnum og birgjum frá þróunarlöndunum veittur viðeigandi forgangur.

3. þáttur - Ýmis starfsemi.

Auk starfseminnar sem tilgreind er annars staðar í þessum samningi getur sjóðurinn tekist á hendur aðstoðarstarfsemi og beitt því valdi sem fellur innan ramma starfsemi hans sem nauðsynlegt reynist til að markmið hans nái fram að ganga.

8. gr.

Tengsl við Sameinuðu þjóðirnar og aðrar stofnanir og samtök.

1. þáttur - Tengsl við Sameinuðu þjóðirnar.

Sjóðurinn skal taka upp samningaviðræður við Sameinuðu þjóðirnar með það að markmiði að ná samningi um tengsl við Sameinuðu þjóðirnar sem ein af sérstofnunum sem um getur í 57. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Allir samningar sem gerðir eru í samræmi við 63. gr. sáttmálans skulu, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykktir af ráðinu með tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða.

2. þáttur - Tengsl við aðrar stofnanir og samtök.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og aðrar stofnanir innan kerfis Sameinuðu þjóðanna. Hann skal einnig vinna náið með öðrum milliríkjastofnunum, alþjóðlegum fjármálastofnunum, frjálsum félagasamtökum og opinberum stofnunum sem tengjast þróun landbúnaðar. Í því skyni skal sjóðurinn leita eftir samvinnu um starfsemi sína við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og hina aðilana sem um getur hér að framan og getur gert samninga eða komið á samstarfsráðstöfunum við slíka aðila eins og framkvæmdastjórnin kann að ákveða.

(j) The Executive Board shall adopt suitable regulations for procuring goods and services to be financed from the resources of the Fund. Such regulations shall, as a general rule, conform to the principles of international competitive bidding and shall give appropriate preference to experts, technicians and supplies from developing countries.

Section 3 - Miscellaneous Operations

In addition to the operations specified elsewhere in this Agreement, the Fund may undertake such ancillary activities and exercise such powers incidental to its operations as shall be necessary in furtherance of its objective.

Article 8

Relations with the United Nations and with other Organizations, Institutions and Agencies

Section 1 - Relations with the United Nations

The Fund shall enter into negotiations with the United Nations with a view to concluding an agreement to bring it into relationship with the United Nations as one of the specialized agencies referred to in Article 57 of the Charter of the United Nations. Any agreements concluded in accordance with Article 63 of the Charter shall require the approval of the Governing Council, by a two-thirds majority of the total number of votes, upon the recommendation of the Executive Board.

Section 2 - Relations with other Organizations, Institutions and Agencies

The Fund shall cooperate closely with the Food and Agriculture Organization of the United Nations and other organizations of the United Nations system. It shall also cooperate closely with other intergovernmental organizations, international financial institutions, non-governmental organizations and governmental agencies concerned with agricultural development. To this end, the Fund will seek the collaboration in its activities of the Food and Agriculture Organization of the United Nations and the other bodies referred to above, and may enter into agreements or establish working arrangements with such bodies, as may be decided by the Executive Board.

9. gr.
Afturköllun, svipting aðildar, lok starfsemi.

1. þáttur - Afturköllun.

a) Aðildarríki getur afturkallað aðild sína að sjóðnum með því að leggja skjal um uppsögn þessa samnings til vörsluaðila nema kveðið sé á um annað í a-lið 4. þáttar þessarar greinar.

b) Afturköllun aðila skal öðlast gildi á þeim degi sem tilgreindur er í uppsagnarskjalinu, þó eigi fyrr en sex mánuðum eftir að slíkt skjal er afhent til vörslu.

2. þáttur - Svipting aðildar.

a) Ef aðildarríki bregst einhverri skyldu sinni við sjóðinn getur ráðið með þremur fjórðu hlutum af heildarfjölda atkvæða svipt það aðild sinni. Aðildarríkið sem þannig er svipt aðild skal sjálfkrafa hætta að vera aðili einu ári eftir sviptinguna nema ráðið ákveði með sama meirihluta heildarfjölda atkvæða að veita aðilanum stöðu sína að nýju.

b) Meðan á sviptingartímanum stendur skal aðilinn ekki hafa rétt til að neyta neinna réttinda samkvæmt þessum samningi nema réttinum til afturköllunar en skal gert að hlíta öllum skuldbindingum hans.

3. þáttur - Réttindi og skyldur ríkja sem hætta að vera aðilar.

Þegar ríki hættir að vera aðili, hvort sem um er að ræða afturköllun eða samkvæmt því sem um getur í 2. þætti þessarar greinar, skal það ekki njóta neinna réttinda samkvæmt þessum samningi að undanskildum þeim sem kveðið er á um í þessum þætti eða í 2. þætti 11. gr., en skal áfram bera ábyrgð á öllum fjárhagsskuldbindingum við sjóðinn sem það hefur tekist á hendur, hvort sem er sem aðili, lántaki eða á annan hátt.

4. þáttur - Lok starfsemi og ráðstöfun eigna þrotabús.

a) Ráðið getur bundið enda á starfsemi sjóðsins með þremur fjórðu hlutum heildarfjölda atkvæða. Eftir slík lok starfsemi skal sjóðurinn þegar í stað hætta allri starfsemi, að undanskilinni þeirri sem lýtur að skipulegri innlausn og varðveislu eigna hans og uppgjörs skuldbindinga hans. Uns lokauppgjör slíkra skuldbindinga og skipting eigna hefur farið fram skal sjóðurinn vera til og öll

Article 9
Withdrawal, Suspension of Membership, Termination of Operations

Section 1 - Withdrawal

(a) Except as provided in Section 4(a) of this Article, a Member may withdraw from the Fund by depositing an instrument of denunciation of this Agreement with the Depository.

(b) Withdrawal of a Member shall take effect on the date specified in its instrument of denunciation, but in no event less than six months after deposit of such instrument.

Section 2 - Suspension of Membership

(a) If a Member fails to fulfil any of its obligations to the Fund, the Governing Council may, by a three-fourths majority of the total number of votes, suspend its membership. The Member so suspended shall automatically cease to be a Member one year from the date of its suspension, unless the Council decides by the same majority of the total number of votes to restore the Member to good standing.

(b) While under suspension, a Member shall not be entitled to exercise any rights under this Agreement except the right of withdrawal, but shall remain subject to all of its obligations.

Section 3 - Rights and Duties of States Ceasing to be Members

Whenever a State ceases to be a Member, whether by withdrawal or through the operation of Section 2 of this Article, it shall have no rights under this Agreement except as provided in this Section or in Section 2 of Article 11, but it shall remain liable for all financial obligations undertaken by it to the Fund, whether as Member, borrower or otherwise.

Section 4 - Termination of Operations and Distribution of Assets

(a) The Governing Council may terminate the Fund's operations by a three-fourths majority of the total number of votes. After such termination of operations the Fund shall forthwith cease all activities, except those incidental to the orderly realization and conservation of its assets and the settlement of its obligations. Until final settlement of such obligations and the distribution of such

réttindi og skyldur sjóðsins og aðila hans samkvæmt þessum samningi skulu haldast óskert, nema hvað ekki má svipta neinn aðila aðild né má hann afturkalla aðild sína.

b) Engum eignum skal ráðstafað til aðila fyrr en gert hefur verið upp við lánardrottna að fullu. Sjóðurinn skal skipta eignum sínum milli aðila sem lagt hafa fram fé í hlutfalli við framlög hvers aðila til sjóðsins. Slík skipting skal ákveðin af ráðinu með þremur fjórðu hlutum heildarfjölda atkvæða og skal fara fram á þeim tíma og í þeim gjaldmiðli eða öðrum eignum sem ráðið telur sanngjarnt og rétt.

assets, the Fund shall remain in existence and all rights and obligations of the Fund and its Members under this Agreement shall continue unimpaired, except that no Member may be suspended or may withdraw.

(b) No distribution of assets shall be made to Members until all liabilities to creditors have been discharged or provided for. The Fund shall distribute its assets to contributing Members pro rata to the contributions that each Member has made to the resources of the Fund. Such distribution shall be decided by the Governing Council by a three-fourths majority of the total number of votes and shall be effected at such times, and in such currencies or other assets as the Governing Council shall deem fair and equitable.

10. gr.
Réttarstaða, forréttindi og friðhelgi.
1. þáttur - Réttarstaða.

Sjóðurinn skal hafa réttarstöðu alþjóðlegrar lögpersónu.

Article 10
Legal Status, Privileges and Immunities
Section 1 - Legal Status

The Fund shall possess international legal personality.

2. þáttur - Forréttindi og friðhelgi.

a) Sjóðurinn skal njóta þeirra forréttinda og þeirrar friðhelgi á yfirráðasvæði hvers aðila síns sem nauðsynleg er starfsemi hans og til að markmið hans nái fram að ganga. Fulltrúar aðila, framkvæmdastjóri og starfsfólk sjóðsins skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem nauðsynleg er til að þau geti óháð sinnt störfum sínum er tengjast sjóðnum.

b) Forréttindin og friðhelgin, sem um getur í a-lið, skulu:

i) á yfirráðasvæði sérhvers aðila, sem hefur gerst aðili að samningnum um forréttindi og friðhelgi sérstofnana að því er varðar sjóðinn, vera eins og skilgreint er í staðalákvæðum þess samnings, eins og honum var breytt með viðauka við hann sem samþykktur var af ráðinu;

ii) á yfirráðasvæði sérhvers aðila, sem hefur gerst aðili að samningnum um forréttindi og friðhelgi sérstofnana eingöngu að því er varðar aðrar stofnanir en sjóðinn, vera eins og skilgreint er í staðalákvæðum þess samnings, nema ef slíkur aðili tilkynnir vörsluaðila að slík ákvæði skulu ekki gilda um sjóðinn eða gildi með fyrirvara um breytingar sem kunna að vera tilgreindar í tilkynningunni;

Section 2 - Privileges and Immunities

(a) The Fund shall enjoy in the territory of each of its Members such privileges and immunities as are necessary for the exercise of its functions and for the fulfilment of its objective. Representatives of Members, the President and the staff of the Fund shall enjoy such privileges and immunities as are necessary for the independent exercise of their functions in connection with the Fund.

(b) The privileges and immunities referred to in paragraph (a) shall:

(i) in the territory of any Member that has acceded to the Convention on the Privileges and Immunities of the Specialized Agencies in respect of the Fund, be as defined in the standard clauses of that Convention as modified by an annex thereto approved by the Governing Council;

(ii) in the territory of any Member that has acceded to the Convention on the Privileges and Immunities of the Specialized Agencies only in respect of agencies other than the Fund, be as defined in the standard clauses of that Convention, except if such Member notifies the Depositary that such clauses shall not apply to the Fund or shall apply subject to such modifications as may be specified in the notification;

iii) vera eins og skilgreint er í öðrum samningum sem sjóðurinn gerir.

c) Ef um er að ræða aðila sem samanstendur af ríkjahópi skal hann tryggja að forréttindin og friðhelgin, sem um getur í þessari grein, gildi á yfirráðasvæði allra ríkja í hópnum.

11. gr.

Túlkun og gerðardómur.

1. þáttur - Túlkun.

a) Sérhver spurning um túlkun eða beitingu á ákvæðum þessa samnings, sem upp kemur milli einhvers aðila og sjóðsins eða milli aðila sjóðsins, skal lögð til framkvæmdastjórnar til úrskurðar. Ef spurningin snertir sérstaklega einhvern af aðilunum að sjóðnum sem ekki á fulltrúa í framkvæmdastjórn skal sá aðili eiga rétt á fyrirsvari í samræmi við reglur sem ráðið skal samþykkja.

b) Ef framkvæmdastjórnin hefur úrskurðað samkvæmt a-lið getur sérhver aðili krafist þess að spurningunni sé skotið til ráðsins og skal úrskurður þess vera endanlegur. Þar til ráðið hefur úrskurðað í málinu getur sjóðurinn, að því marki sem hann telur nauðsynlegt, starfað á grundvelli úrskurðar framkvæmdastjórnarinnar.

2. þáttur - Gerðardómur.

Ef upp koma deilur milli sjóðsins og ríkis, sem ekki er lengur aðili, eða milli sjóðsins og einhvers aðila við lok starfsemi sjóðsins skal slíkum deilum vísað til gerðardóms sem í skulu sitja þrír gerðardómarar. Einn gerðardómaranna skal skipaður af sjóðnum, annar af viðkomandi aðila eða fyrrverandi aðila og þriðja gerðardómarann skulu deiluaðilarnir tveir tilnefna í sameiningu og skal hann vera formaður gerðardómsins. Ef annar aðilinn hefur ekki skipað gerðardómara innan 45 daga frá því að beiðni um gerðardóm var móttekin eða ef þriðji gerðardómari hefur ekki verið tilnefndur innan 30 daga frá því að hinir gerðardómararnir tveir voru skipaðir getur hvor aðili um sig farið fram á að forseti alþjóðadómstólsins eða annað yfirvald, sem kann að hafa verið tekið fram í reglum samþykktum af ráðinu, skipi gerðardómara. Gerðardómararnir skulu ákveða starfsreglur dómsins en formaðurinn skal hafa fullt vald til að skera úr um vafamál er varða starfsreglur ef upp koma deilur þar að lútandi. Atkvæði meirihluta

(iii) be as defined in other agreements entered into by the Fund.

(c) In respect of a Member that is a grouping of States, it shall ensure that the privileges and immunities referred to in this Article are applied in the territories of all members of the grouping.

Article 11

Interpretation and Arbitration

Section 1 - Interpretation

(a) Any question of interpretation or application of the provisions of this Agreement arising between any Member and the Fund or between Members of the Fund, shall be submitted to the Executive Board for decision. If the question particularly affects any Member of the Fund not represented on the Executive Board, that Member shall be entitled to be represented in accordance with regulations to be adopted by the Governing Council.

(b) Where the Executive Board has given a decision pursuant to subsection (a), any Member may require that the question be referred to the Governing Council, whose decision shall be final. Pending the decision of the Governing Council, the Fund may, so far as it deems necessary, act on the basis of the decision of the Executive Board.

Section 2 - Arbitration

In the case of a dispute between the Fund and a State that has ceased to be a Member, or between the Fund and any Member upon the termination of the operations of the Fund, such dispute shall be submitted to arbitration by a tribunal of three arbitrators. One of the arbitrators shall be appointed by the Fund, another by the Member or former Member concerned and the two parties shall appoint the third arbitrator, who shall be the Chairman. If within 45 days of receipt of the request for arbitration, either party has not appointed an arbitrator, or if within 30 days of the appointment of two arbitrators, the third arbitrator has not been appointed, either party may request the President of the International Court of Justice, or such other authority as may have been prescribed by regulations adopted by the Governing Council, to appoint an arbitrator. The procedure of the arbitration shall be fixed by the arbitrators, but the Chairman shall have full power to settle all questions of procedure in any case of disagreement

gerðardómara skal nægja til úrskurðar sem skal vera endanlegur og bindandi fyrir deiluaðilana.

12. gr.
Breytingar.

a) Nema að því er varðar skrá II:
   i) skal sérhver breytingartillaga aðila eða framkvæmdastjórnar á þessum samningi tilkynnt framkvæmdastjóra sem tilkynnir öllum aðilum um hana. Framkvæmdastjórinn skal vísa breytingartillögum aðila á þessum samningi til framkvæmdastjórnar sem skal leggja fram tillögur þar að lútandi til ráðsins;

   ii) skulu breytingar samþykktar af ráðinu með fjórum fimmtu hlutum heildarfjölda atkvæða. Breytingar skulu öðlast gildi þremur mánuðum eftir að þær hafa verið samþykktar, nema ráðið ákveði annað, nema að sérhverjar breytingar á:

      A) réttinum til að afturkalla aðild að sjóðnum;
      B) kröfunum um meirihluta í atkvæðagreiðslum sem kveðið er á um í þessum samningi;
      C) takmörkun bótaábyrgðar sem kveðið er á um í 3. þætti 3. gr.;
      D) málsmeðferðinni við breytingar á þessum samningi;

   skulu ekki öðlast gildi fyrr en framkvæmdastjóri hefur móttekið skriflegt samþykki fyrir slíkri breytingu frá öllum aðilum.
b) Að því er varðar nokkra hluta skrár II skulu tillögur um breytingar og samþykki þeirra vera eins og kveðið er á um í þeim hlutum.
c) Framkvæmdastjóri skal þegar í stað tilkynna öllum aðilum og vörsluaðila um allar breytingar sem samþykktar eru og hvenær slíkar breytingar öðlast gildi.

13. gr.
Lokaákvæði.

1. þáttur - Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

a) Árita má samning þennan fyrir hönd ríkjanna, sem talin eru upp í skrá I við þennan samning, á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um stofnun sjóðsins og skal hann liggja frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu

with respect thereto. A majority vote of the arbitrators shall be sufficient to reach a decision, which shall be final and binding upon the parties.

Article 12
Amendments

(a) Except in respect of Schedule II:
   (i) Any proposal to amend this Agreement made by a Member or by the Executive Board shall be communicated to the President who shall notify all Members. The President shall refer proposals to amend this Agreement made by a Member to the Executive Board, which shall submit its recommendations thereon to the Governing Council;
   (ii) Amendments shall be adopted by the Governing Council by a four-fifths majority of the total number of votes. Amendments shall enter into force three months after their adoption unless otherwise specified by the Governing Council, except that any amendment modifying:
      (A) the right to withdraw from the Fund;
      (B) the voting majority requirements provided for in this Agreement;
      (C) the limitation on liability provided for in Section 3 of Article 3;
      (D) the procedure for amending this Agreement;

   shall not come into force until written acceptance of such amendment by all Members is received by the President.

(b) In respect of the several parts of Schedule II, amendments shall be proposed and adopted as provided in such parts.
(c) The President shall immediately notify all Members and the Depositary of any amendments that are adopted and of the date of entry into force of any such amendments.

Article 13
Final Clauses

Section 1 - Signature, Ratification, Acceptance, Approval and Accession

(a) This Agreement may be initialled on behalf of the States listed in Schedule I to this Agreement at the United Nations Conference on the Establishment of the Fund and shall be open for signature at the Headquarters of the

þjóðanna í New York fyrir ríkin í þeirri skrá um leið og stofnframlögin, sem tilgreint er í honum að greiðast skuli í auðskiptanlegum gjaldmiðlum, hafa náð að minnsta kosti jafngildi 1000 milljóna bandaríkjadollara (samkvæmt gengi 10. júní 1976). Hafi framangreind krafa ekki verið uppfyllt fyrir 30. september 1976 skal undirbúningsnefndin sem komið var á fót á þeirri ráðstefnu kveðja saman, fyrir 31. janúar 1977, fund þeirra ríkja sem talin eru upp í skrá I sem geta með tveimur þriðju hlutum atkvæða í hverjum flokki lækkað ofangreinda fjárhæð og einnig sett önnur skilyrði um framlagningu þessa samnings til undirritunar.

b) Undirritunarríki geta orðið aðilar með því að afhenda fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal til vörslu; ríki sem undirrituðu ekki og eru talin upp í skrá I geta orðið aðilar með því að afhenda aðildarskjal til vörslu. Í fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjali ríkja í I. eða II. flokki skal tilgreina fjárhæðina sem ríkið skuldbindur sig til að leggja fram sem stofnframlag. Ríki mega undirrita og afhenda fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjöl til vörslu í allt að eitt ár eftir að þessi samningur öðlast gildi.

c) Ríki, sem talin eru upp í skrá I, sem ekki eru orðin aðilar að þessum samningi innan árs frá því hann öðlast gildi og ríki sem ekki eru talin þar upp geta, eftir að aðild þeirra hefur verið samþykkt af ráðinu, orðið aðilar með því að afhenda aðildarskjal til vörslu.

2. þáttur - Vörsluaðili.

a) Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili þessa samnings.

b) Vörsluaðili skal senda tilkynningar sem varða þennan samning:

i) innan eins árs eftir að hann öðlast gildi til þeirra ríkja sem talin eru upp í skrá I við þennan samning og, eftir gildistökudaginn, til allra ríkja sem eru aðilar að þessum samningi auk þeirra ríkja sem ráðið hefur samþykkt aðild fyrir;

ii) til undirbúningsnefndarinnar sem komið var á fót á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um stofnun sjóðsins, svo lengi sem hún verður til, og eftir það til framkvæmdastjóra.

United Nations in New York by the States listed in that Schedule as soon as the initial contributions indicated therein to be made in freely convertible currencies amount to at least the equivalent of 1 000 million United States dollars (valued as of 10 June 1976). If the foregoing requirement has not been fulfilled by 30 September 1976 the Preparatory Commission established by that Conference shall convene by 31 January 1977 a meeting of the States listed in Schedule I, which may by a two-thirds majority of each category reduce the above specified amount and may also establish other conditions for the opening of this Agreement for signature.

(b) Signatory States may become parties by depositing an instrument of ratification, acceptance or approval; non-signatory States listed in Schedule I may become parties by depositing an instrument of accession. Instruments of ratification, acceptance, approval and accession by States in Category I or II shall specify the amount of the initial contribution the State undertakes to make. Signatures may be affixed and instruments of ratification, acceptance, approval or accession deposited by such States until one year after the entry into force of this Agreement.

(c) States listed in Schedule I that have not become parties to this Agreement within one year after its entry into force and States that are not so listed, may, after approval of their membership by the Governing Council, become parties by depositing an instrument of accession.

Section 2 - Depositary

(a) The Secretary-General of the United Nations shall be the Depositary of this Agreement.

(b) The Depositary shall send notifications concerning this Agreement:

(i) until one year after its entry into force, to the States listed in Schedule I to this Agreement, and after such entry into force to all States parties to this Agreement as well as to those approved for membership by the Governing Council;

(ii) to the Preparatory Commission established by the United Nations Conference on the Establishment of the Fund, as long as it remains in existence, and thereafter to the President.

3. þáttur - Gildistaka.

a) Samningur þessi skal öðlast gildi við móttöku vörsluaðila á fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjölum að minnsta kosti 6 ríkja í I. flokki, 6 ríkja í II. flokki og 24 ríkja í III. flokki, að því tilskildu að ríkin í I. og II. flokki hafi afhent slík skjöl til vörslu og samanlögð upphæð stofnframlaga frá þessum ríkjum, sem tilgreind er í slíkum skjölum, sé að minnsta kosti 750 milljónir bandaríkjadollara (samkvæmt gengi 10. júní 1976) og einnig að því tilskildu að áðurgreindar kröfur hafi verið uppfylltar innan 18 mánaða frá þeim degi sem þessi samningur er lagður fram til undirritunar eða frá síðari dagsetningu sem ríkin, sem afhent hafa slík skjöl til vörslu fyrir lok þess tímabils, kunna að ákveða með tveimur þriðju hlutum ákvæða í hverjum flokki og tilkynna vörsluaðila um.

b) Að því er varðar ríki, sem afhenda til vörslu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjöl í kjölfar gildistöku þessa samnings, skal hann öðlast gildi á þeim degi sem þau eru afhent til vörslu.

c) Þær skuldbindingar sem stofnaðilar og aðrir aðilar tókust á hendur með þessum samningi fyrir 26. janúar 1995 skulu haldast óskertar og vera áfram skuldbindingar sérhvers aðila að sjóðnum.

d) Tilvísanir í þessum samningi til flokka eða til I., II. og III. flokks skulu teljast vísa til flokkunar aðila, sem var í gildi fyrir 26. janúar 1995, eins og mælt er fyrir um í skrá III við þennan samning sem er órjúfanlegur hluti samningsins.

4. þáttur - Fyrirvarar.

Einungis má gera fyrirvara við 2. þátt 11. gr. þessa samnings.

5. þáttur - Gildir textar.

Útgáfur þessa samnings á arabísku, ensku, frönsku og spænsku skulu allar teljast jafngildir textar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan í einu eintaki á arabísku, ensku, frönsku og spænsku.

Section 3 - Entry into Force

(a) This Agreement shall enter into force upon receipt by the Depositary of instruments of ratification, acceptance, approval or accession from at least 6 States in Category I, 6 States in Category II and 24 States in Category III, provided that such instruments have been deposited by States in Categories I and II the aggregate of whose initial contributions specified in such instruments amounts to as least the equivalent of 750 million United States dollars (valued as of 10 June 1976), and further provided that the foregoing requirements have been fulfilled within 18 months of the date on which this Agreement is opened for signature or by such later date as the States that have deposited such instruments by the end of that period may decide, by a two-thirds majority of each category, and as they notify to the Depositary.

(b) For States that deposit an instrument of ratification, acceptance, approval or accession subsequent to the entry into force of this Agreement, it shall enter into force on the date of such deposit.

(c) The obligations accepted by original and non-original Members under this Agreement prior to 26 January 1995 shall remain unimpaired and shall be the continuing obligations of each Member to the Fund.

(d) References throughout this Agreement to categories or to Categories I, II and III shall be deemed to refer to the categories of Members prevailing prior to 26 January 1995, as set out in Schedule III hereto, which forms an integral part of this Agreement.

Section 4 - Reservations

Reservations may only be made to Section 2 of Article 11 of this Agreement.

Section 5 - Authoritative Texts

The versions of this Agreement in the Arabic, English, French and Spanish languages shall each be equally authoritative.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned being duly authorized thereto, have signed this Agreement in a single original in the Arabic, English, French and Spanish languages.

SKRÁ I

I. hluti: Ríki sem uppfylla skilyrði um stofnaðild.

I. flokkur	II. flokkur	III. flokkur	
Ástralía	Alsír	Argentína	Mexíkó
Austurríki	Gabon	Bangladess	Marokkó
Belgía	Indónesía	Bólivía	Níkaragva
Kanada	Íran	Botsvana	Pakistan
Danmörk	Írak	Brasilía	Panama
Finnland	Kúveit	Kamerún	Papúa Nýja-Gínea
Frakkland	Líbía	Grænhöfðaeyjar	Perú
Þýskaland	Nígería	Tsjad	Filippseyjar
Írland	Katar	Chile	Portúgal
Ítalía	Sádi-Arabía	Kólumbía	Lýðveldið Kórea
Lúxemborg	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Kongó	Rúmenía
Japan	Venesúela	Kostaríka	Rúanda
Holland		Kúba	Senegal
Nýja-Sjáland		Dóminíska lýðveldið	Síerra Leóne
Noregur		Ekvador	Sómalía
Spánn		Egyptaland	Srí Lanka
Svíþjóð		El Salvador	Súdan
Sviss		Eþíópía	Svasíland
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands		Gana	Sýrland
		Grikkland	Taíland
Bandaríki Norður-Ameríku		Gvatemala	Túnis
		Gínea	Tyrkland
		Haítí	Úganda
		Hondúras	Tansanía
		Indland	Úrúgvæ
		Ísrael[1]	Júgóslavía
		Jamaíka	Saír
		Kenía	Sambía
		Líbería	
		Malí	
		Malta	

1 Með tilvísun til b-liðar 1. þáttar 7. gr. um notkun fjármuna sjóðsins fyrir „þróunarlönd" skal þetta land ekki falla undir þann þátt og það mun ekki sækja um né vera úthlutað fjármagni úr sjóðnum.

SCHEDULE I

Part I States Eligible for Original Membership

Category I	Category II	Category III	
Australia	Algeria	Argentina	Mexico
Austria	Gabon	Bangladesh	Morocco
Belgium	Indonesia	Bolivia	Nicaragua
Canada	Iran	Botswana	Pakistan
Denmark	Iraq	Brazil	Panama
Finland	Kuwait	Cameroon	Papua New Guinea
France	Libyan Arab	Cape Verde	Peru
Germany	Jamahiriya	Chad	Philippines
Ireland	Nigeria	Chile	Portugal
Italy	Qatar	Colombia	Republic of Korea
Luxembourg	Saudi Arabia	Congo	Romania
Japan	United Arab	Costa Rica	Rwanda
Netherlands	Emirates	Cuba	Senegal
New Zealand	Venezuela	Dominican	Sierra Leone
Norway		Republic	Somalia
Spain		Ecuador	Sri Lanka
Sweden		Egypt	Sudan
Switzerland		El Salvador	Swaziland
United Kingdom of		Ethiopia	Syrian Arab Republic
Great Britain		Ghana	Thailand
and Northern Ireland		Greece	Tunisia
United States of		Guatemala	Turkey
America		Guinea	Uganda
		Haiti	United Republic of
		Honduras	Tanzania
		India	Uruguay
		Israel [1]	Yugoslavia
		Jamaica	Zaire
		Kenya	Zambia
		Liberia	
		Mali	
		Malta	

1 With reference to Article 7, Section 1(b), on the use of resources of the Fund for "developing countries", this country will not be included under this Section and will not seek or receive financing from the Fund.

II. hluti: Loforð um stofnframlög.[2]

Ríki	Gjaldmiðill	Upphæð í gjaldmiðli		Jafngildi í sérstökum dráttarréttindum[3]
I. flokkur				
Ástralía	Ástralskur dollari	8 000 000	a	8 609 840
Austurríki	Bandaríkjadollari	4 800 000	a	4 197 864
Belgía	Belgískur franki	500 000 000	a	
	Bandaríkjadollari	1 000 000	a	11 930 855
Kanada	Kanadadollari	33 000 000	a	29 497 446
Danmörk	Bandaríkjadollari	7 500 000	a	6 559 163
Finnland	Finnskt mark	12 000 000	a	2 692 320
Frakkland	Bandaríkjadollari	25 000 000		21 863 875
Þýskaland	Bandaríkjadollari	5 000 000	a/b	48 100 525
Írland	Sterlingspund	570 000	a	883 335
Ítalía	Bandaríkjadollari	25 000 000	a	21 863 875
Japan	Bandaríkjadollari	55 000 000	a	48 100 525
Lúxemborg	Sérstök dráttarréttindi	320 000	a	320 000
Holland	Hollenskt gyllini	100 000 000		
	Bandaríkjadollari	3 000 000		34 594 265
Nýja-Sjáland	Nýsjálenskur dollari	2 000 000	a	1 721 998
Noregur	Norsk króna	75 000 000	a	
	Bandaríkjadollari	9 981 851	a	20 612 228
Spánn	Bandaríkjadollari	2 000 000	c	1 749 110
Svíþjóð	Sænsk króna	100 000 000		
	Bandaríkjadollari	3 000 000		22 325 265
Sviss	Svissneskur franki	22 000 000	a	7 720 790
Breska konungsríkið	Sterlingspund	18 000 000		27 894 780
Bandaríkin	Bandaríkjadollari	200 000 000		174 911 000
		Millisamtala		496 149 059
II. flokkur				
Alsír	Bandaríkjadollari	10 000 000		8 745 550
Gabon	Bandaríkjadollari	500 000		437 278
Indónesía	Bandaríkjadollari	1 250 000		1 093 194
Íran	Bandaríkjadollari	124 750 000		109 100 736
Írak	Bandaríkjadollari	20 000 000		17 491 100
Kúveit	Bandaríkjadollari	36 000 000		31 483 980
Líbía	Bandaríkjadollari	20 000 000		17 491 100
Nígería	Bandaríkjadollari	26 000 000		22 738 430
Katar	Bandaríkjadollari	9 000 000		7 870 995
Sádi-Arabía	Bandaríkjadollari	105 500 000		92 265 553
Sameinuðu arabísku furstadæmin	Bandaríkjadollari	16 500 000		14 430 158
Venesúela	Bandaríkjadollari	66 000 000		57 720 630
		Millisamtala		380 868 704

2 Með fyrirvara um að nauðsynlegt samþykki að lögum fáist, þar sem við á.

3 Sérstök dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samkvæmt gengi 10. júní 1976. Þessi jafngildi eru eingöngu sett fram til upplýsingar í ljósi a-liðar 2. þáttar 5. gr. samningsins, í þeim skilningi að stofnframlög, sem lofað er, þ.e. sú upphæð og í þeim gjaldmiðli sem viðkomandi ríki tilgreinir, komi til greiðslu í samræmi við a-lið 2. þáttar 4. gr. samningsins.

a Greiðist í þremur greiðslum.

b Þessi upphæð felur í sér viðbótarloforð um framlag sem nemur 3 milljónum bandaríkjadollara, sem gefið var með fyrirvara um nauðsynlegar fjárlagaráðstafanir á fjárhagsárinu 1997.

c Greiðist í tveimur greiðslum.

Ríki	Gjaldmiðill	Upphæð í gjaldmiðli		Jafngildi í sérstökum dráttarréttindum[3]	
III. flokkur				Auðskiptanlegur gjaldmiðill	Gjaldmiðill, ekki auðskiptanlegur
Argentína	Argentískur pesó	240 000 000	d		1 499 237
Bangladess	Taka (jafngildi bandaríkjadollars	500 000			437 278
Kamerún	Bandaríkjadollari	10 000		8 746	
Chile	Bandaríkjadollari	50 000		43 728	
Ekvador	Bandaríkjadollari	25 000		21 864	
Egyptaland	Egypskt pund (jafngildi bandaríkjadollars)	300 000			262 367
Gana	Bandaríkjadollari	100 000		87 456	
Gínea	Sily	25 000 000	a		1 012 145
Hondúras	Bandaríkjadollari	25 000		21 864	
Indland	Bandaríkjadollari	2 500 000		2 186 388	
	Indversk rúpía (jafngildi bandaríkjadollars)	2 500 000			2 186 388
Ísrael	Ísraelskt pund (jafngildi bandaríkjadollars)	150 000	a/e		131 183
Kenía	Keníska skildingur (jafngildi bandaríkjadollars)	1 000 000			874 555
Mexíkó	Bandaríkjadollari	5 000 000		4 372 775	
Níkaragva	Cordobas	200 000			24 894
Pakistan	Bandaríkjadollari	500 000		437 278	
	Pakistönsk rúpía (jafngildi bandaríkjadollars)	500 000			437 278
Filippseyjar Lýðveldið	Bandaríkjadollari f	250 000	f	43 728	174 911
Kórea	Bandaríkjadollari	100 000		87 456	
	Won (jafngildi bandaríkjadollars)	100 000			87 456
Rúmenía	Lei (jafngildi bandaríkjadollars)	1 000 000			874 555
Síerra Leóne	Leone	20 000			15 497
Srí Lanka	Bandaríkjadollari	500 000		437 278	
	Srí lönsk rúpía (jafngildi bandaríkjadollars)	500 000			437 278
Sýrland	Sýrlenskt pund	500 000			111 409
Taíland	Bandaríkjadollari	100 000		87 456	
Túnis	Túnverskur dínar	50 000			100 621
Tyrkland	Tyrknesk líra (jafngildi bandaríkjadollars)	100 000			87 456
Úganda	Úganskur skildingur	200 000			20 832
Tansanía	Tansanískur skildingur	300 000			31 056
Júgóslavía	Júgóslavneskur dínar (jafngildi bandaríkjadollars)	300 000			262 367
		Millisamtala		7 836 017	9 068 763
		Alls í auðskiptanlegum gjaldmiðli			884 853 780*
Heildarsamtala (auðskiptanlegur og ekki auðskiptanlegur gjaldm.)					893 922 543

d Notist á yfirráðasvæði Argentínu til kaupa á vörum eða þjónustu fyrir sjóðinn.
e Hægt að nota fyrir sérfræðiþjónustu.
f 200 000 bandaríkjadollurum af þessari upphæð var lofað með fyrirvara um staðfestingu, þar með talið skilmála varðandi greiðslu og tegund gjaldmiðils. Þessi upphæð hefur þar af leiðandi verið færð í dálkinn „gjaldmiðill, ekki auðskiptanlegur".
* Jafngildi 1 011 776 023 bandaríkjadollara samkvæmt gengi 10. júní 1976.

Part II Pledges of Initial Contributions[2]

State	Currency Unit	Amount in Currency		Equivalent in SDRs[3]
Category I				
Australia	Australian dollar	8 000 000	a	8 609 840
Austria	US dollar	4 800 000	a	4 197 864
Belgium	Belgian franc	500 000 000	a	
	US dollar	1 000 000	a	11 930 855
Canada	Canadian dollar	33 000 000	a	29 497 446
Denmark	US dollar	7 500 000	a	6 559 163
Finland	Finnish markka	12 000 000	a	2 692 320
France	US dollar	25 000 000		21 863 875
Germany	US dollar	55 000 000	a/b	48 100 525
Ireland	Pound sterling	570 000	a	883 335
Italy	US dollar	25 000 000	a	21 863 875
Japan	US dollar	55 000 000	a	48 100 525
Luxembourg	Special Drawing Right	320 000	a	320 000
Netherlands	Dutch guilder	100 000 000		
	US dollar	3 000 000		34 594 265
New Zealand	New Zealand dollar	2 000 000	a	1 721 998
Norway	Norwegian kroner	75 000 000	a	
	US dollar	9 981 851	a	20 612 228
Spain	US dollar	2 000 000	c	1 749 110
Sweden	Swedish kroner	100 000 000		
	US dollar	3 000 000		22 325 265
Switzerland	Swiss franc	22 000 000	a	7 720 790
United Kingdom	Pound sterling	18 000 000		27 894 780
United States	US dollar	200 000 000		174 911 000
			subtotal	496 149 059
Category II				
Algeria	US dollar	10 000 000		8 745 550
Gabon	US dollar	500 000		437 278
Indonesia	US dollar	1 250 000		1 093 194
Iran	US dollar	124 750 000		109 100 736
Iraq	US dollar	20 000 000		17 491 100
Kuwait	US dollar	36 000 000		31 483 980
Libyan Arab Jamahiriya	US dollar	20 000 000		17 491 100
Nigeria	US dollar	26 000 000		22 738 430
Qatar	US dollar	9 000 000		7 870 995
Saudi Arabia	US dollar	105 500 000		92 265 553
United Arab Emirates	US dollar	16 500 000		14 430 158
Venezuela	US dollar	66 000 000		57 720 630
			subtotal	380 868 704

2 Subject to obtaining, where required, the necessary legislative approval.

3 Special Drawing Rights (SDRs) of the International Monetary Fund valued as of 10 June 1976. These equivalent values are stated merely for information in the light of Section 2(a) of Article 5 of the Agreement, with the understanding that the initial contributions pledged will be payable in accordance with Section 2(a) of Article 4 of the Agreement in the amount and currency specified by the State concerned.

a Payable in three instalments.

b This amount includes an additional pledge of USD 3 million, which was made subject to the necessary budgetary arrangements in the fiscal year 1977.

c Payable in two instalments.

State Category III	Currency Unit	Amount in Currency	Equivalent in SDRs [3] Freely Convertible	 Not Freely Convertible
Argentina	Argentine peso	240 000 000 d		1 499 237
Bangladesh	Taka (equivalent of US dollar)	500 000		437 278
Cameroon	US dollar	10 000	8 746	
Chile	US dollar	50 000	43 728	
Ecuador	US dollar	25 000	21 864	
Egypt	Egyptian pound (equivalent of US dollar)	300 000		262 367
Ghana	US dollar	100 000	87 456	
Guinea	Sily	25 000 000 a		1 012 145
Honduras	US dollar	25 000	21 864	
India	US dollar	2 500 000	2 186 388	
	Indian rupee (equivalent of US dollar)	2 500 000		2 186 388
Israel	Israel pound (equivalent of US dollar)	150 000 a/e		131 183
Kenya	Kenya shilling (equivalent of US dollar)	1 000 000		874 555
Mexico	US dollar	5 000 000	4 372 775	
Nicaragua	Cordobas	200 000		24 894
Pakistan	US dollar	500 000	437 278	
	Pakistan rupee (equivalent of US dollar)	500 000		437 278
Philippines	US dollar f	250 000 f	43 728	174 911
Republic of Korea	US dollar	100 000	87 456	
	Won (equivalent of US dollar)	100 000		87 456
Romania	Lei (equivalent of US dollar)	1 000 000		874 555
Sierra Leone	Leone	20 000		15 497
Sri Lanka	US dollar	500 000		
	Sri Lanka rupee (equivalent of US dollar)	500 000		437 278
Syrian Arab Republic	Syrian pound	500 000		111 409
Thailand	US dollar	100 000		
Tunisia	Tunisian dinar	50 000		100 621
Turkey	Turkish lira (equivalent of US dollar)	100 000		87 456
Uganda	Uganda shilling	200 000		20 832
United Republic of Tanzania	Tanzania shilling	300 000		31 056
Yugoslavia	Yugoslav dinar (equivalent of US dollar)	300 000		262 367
		subtotal	7 836 017	9 068 763
Total freely convertible				884 853 780*
Grand total (freely and not freely convertible)				893 922 543

d To be spent within the territory of Argentina for goods or services required by the Fund.
e Usable for technical assistance.
f USD 200 000 of this pledge was stated to be subject to confirmation, including the terms of payment and the type of currency. This amount has consequently been entered in the "not freely convertible" column.
* Equivalent of USD 1 011 776 023 valued as of 10 June 1976.

SKRÁ II
Skipting atkvæða og kosning til framkvæmdastjórnar.

1. Ráðið skal ákveða öðru hverju, í samræmi við málsmeðferðina sem tilgreind er í 29. lið þessarar skrár, dreifingu sæta og varasæta meðal aðila að sjóðnum, að teknu tilliti til: i) þarfarinnar á að styrkja og standa vörð um öflun fjármagns til sjóðsins; ii) sanngjarnrar landfræðilegrar skiptingar téðra sæta; og iii) hlutverks þróunarríkja meðal aðildarlanda að sjóðnum í stjórnun hans.

2. Skipting atkvæða innan framkvæmdastjórnar. Sérhver stjórnarmaður í framkvæmdastjórn skal eiga rétt á að greiða atkvæði fyrir alla aðila sem hann er fulltrúi fyrir. Ef stjórnarmaður er í forsvari fyrir fleiri en einn aðila má hann greiða atkvæði sérstaklega fyrir hvern þeirra.

3. a) Listi yfir aðildarlönd. Aðildarlöndunum skal öðru hverju skipt niður á lista A, B og C, að því er varðar þessa skrá. Við inngöngu í sjóðinn skal nýr aðili ákveða á hvaða lista hann óskar að vera settur og, að höfðu samráði við aðila á þeim lista, senda viðeigandi skriflega tilkynningu um það til framkvæmdastjóra sjóðsins. Aðili getur, við hverja kosningu stjórnar- og varamanna, sem eru í forsvari fyrir þann lista aðildarlanda sem hann tilheyrir, ákveðið að draga sig til baka af einum lista yfir aðildarlönd og láta setja sig á annan, með samþykki aðilanna á honum. Í slíku tilviki skal viðkomandi aðili tilkynna framkvæmdastjóra sjóðsins skriflega um slíka breytingu og skal hann, öðru hverju, tilkynna öllum aðilum um samsetningu allra lista yfir aðildarlönd.

b) Skipting sæta í framkvæmdastjórn. Hinir átján (18) stjórnarmenn og allt að átján (18) varamenn í framkvæmdastjórn skulu kosnir eða skipaðir af aðilum sjóðsins og af þeim skulu:

i) átta (8) stjórnarmenn og allt að átta (8) varamenn vera kosnir eða skipaðir meðal aðilanna á lista A yfir aðildarlönd sem útbúinn skal öðru hverju;

SCHEDULE II
Distribution of Votes and Election of Executive Board Members

1. The Governing Council, in accordance with the procedures specified in paragraph 29 of this Schedule, shall decide, from time to time, the distribution of seats and alternate seats among the Members of the Fund, taking into account: (i) the need to strengthen and safeguard the mobilization of resources for the Fund; (ii) the equitable geographic distribution of the said seats; and (iii) the role of developing Member Countries in the governance of the Fund.

2. Distribution of Votes in the Executive Board. Each member of the Executive Board shall be entitled to cast the votes of all of the Members that it represents. Where the member represents more than one Member, it may cast separately the votes of the Members that it represents.

3. (a) Lists of Member Countries. The Member Countries shall be divided, form time to time, into Lists A, B and C for the purposes of this Schedule. Upon joining the Fund, a new Member shall decide on which List it wishes to be placed and, after consultation with the Members of that List, shall provide appropriate notification thereof to the President of the Fund in writing. A Member may, at the time of each election for the members and alternate members representing the List of Member Countries to which it belongs, decide to withdraw from one List of Member Countries and place itself upon another List of Member Countries, with the approval of the Members therein. In such event, the concerned Member shall inform the President of the Fund in writing of such change, who shall, from time to time, inform all Members of the composition of all the Lists of Member Countries.
(b) Distribution of Seats in the Executive Board. The eighteen (18) members and up to eighteen (18) alternate members of the Executive Board shall be elected or appointed from the Members of the Fund and of whom:

(i) eight (8) members and up to eight (8) alternate members shall be elected or appointed from among those Members set forth in the List A of Member Countries, to be established from time to time;

ii) fjórir (4) stjórnarmenn og fjórir (4) varamenn vera kosnir eða skipaðir meðal aðilanna á lista B yfir aðildarlönd sem útbúinn skal öðru hverju; og

iii) sex (6) stjórnarmenn og sex (6) varamenn vera kosnir eða skipaðir meðal aðilanna á lista C yfir aðildarlönd sem útbúinn skal öðru hverju.

4. Málsmeðferð við kosningu til framkvæmdastjórnar. Málsmeðferðin, sem skal gilda um kosningu eða skipun stjórnarmanna og varamanna í laus sæti í framkvæmdastjórn, skal vera sú sem hér fer á eftir að því er varðar hvern aðila um sig á sérhverjum lista yfir aðildarlönd.

A. Kosning stjórnar- og varamanna til framkvæmdastjórnar.

I. hluti - Aðildarlönd á lista A.

5. Allir stjórnar- og varamenn í framkvæmdastjórn af lista A yfir aðildarlönd skulu sitja í þrjú ár.

6. Aðildarlönd á lista A skulu mynda kjördæmi og skipa, á grundvelli málsmeðferðar sem aðildarlönd á lista A og kjördæmi þeirra komast að samkomulagi um, átta stjórnarmenn til framkvæmdastjórnar auk allt að átta varamanna.

7. Breytingar. Fulltrúar í ráðinu, sem eru í forsvari fyrir aðildarlönd á lista A, geta með samhljóða ákvörðun breytt ákvæðum I. hluta þessarar skrár (5. og 6. lið). Breytingin skal taka gildi þegar í stað nema annað sé ákveðið. Framkvæmdastjóra sjóðsins skal tilkynnt um allar breytingar á I. hluta þessarar skrár.

II. hluti - Aðildarlönd á lista B.

8. Allir stjórnar- og varamenn í framkvæmdastjórn af lista B yfir aðildarlönd skulu sitja í þrjú ár.

9. Aðildarlönd á lista B skulu mynda jafnmörg kjördæmi og sætin sem úthlutuð eru listanum, þar sem hvert kjördæmi hefur í forsvari einn stjórnarmann og einn varamann í framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjóra sjóðsins skal tilkynnt um samsetningu hvers kjördæmis og allar breytingar á henni sem aðilar á lista B kunna að gera öðru hverju.

(ii) four (4) members and four (4) alternate members shall be elected or appointed from among those Members set forth in the List B of Member Countries, to be established from time to time; and

(iii) six (6) members and six (6) alternate members shall be elected or appointed from among those Members set forth in the List C of Member Countries, to be established from time to time.

4. Procedures for the Election of Executive Board Members. The procedures that shall apply for the election or appointment of members and alternate members to vacant seats on the Executive Board shall be those set forth below for the respective Members of each List of Member Countries.

A. Election of Members of the Executive Board and their Alternates

Part I - List A Member Countries

5. All of the members and alternate members of the Executive Board from List A of Member Countries shall serve for a term of three years.

6. List A Member Countries shall form constituencies and, on the basis of procedures agreed by the List A Member Countries and its constituencies, shall appoint eight members to the Executive Board and shall also appoint up to eight alternates.

7. Amendments. The Governors representing List A Member Countries may by a unanimous decision amend the provisions of Part I of this Schedule (paragraphs 5 to 6). Unless otherwise decided, the amendment shall have immediate effect. The President of the Fund shall be informed of any amendment to Part I of this Schedule.

Part II - List B Member Countries

8. All of the members and alternate members of the Executive Board from List B of Member Countries shall serve for a term of three years.

9. The Members of List B shall form themselves into a number of constituencies equal to the number of seats allocated to the List, with each constituency represented by one member and one alternate member in the Executive Board. The President of the Fund shall be informed of the composition of each constituency and any changes thereto that may be made by the Members of List B from time to time.

10. Aðilar á lista B skulu ákveða málsmeðferð sem gildir um kosningu eða skipun stjórnarmanna og varamanna í laus sæti í framkvæmdastjórn og láta framkvæmdastjóra sjóðsins í té afrit af henni.

11. Breytingar. Breyta má ákvæðum II. hluta þessarar skrár (8. til 10. lið) með atkvæðum fulltrúa í ráðinu sem eru í forsvari fyrir tvo þriðju hluta af aðildarlöndum á lista B, sem lagt hafa fram framlög (innt af hendi í samræmi við c-lið 5. þáttar 4. gr.) sem nema sjötíu prósentum (70%) af framlögum allra aðildarlandanna á lista B. Framkvæmdastjóra sjóðsins skal tilkynnt um allar breytingar á II. hluta þessarar skrár.

III. hluti - Aðildarlönd á lista C.
Kosningar.

12. Allir stjórnar- og varamenn í framkvæmdastjórn af lista C yfir aðildarlönd skulu sitja í þrjú ár.

13. Nema annað sé ákveðið af aðildarlöndunum á lista C skulu tveir (2) stjórnarmenn og tveir (2) varamenn af stjórnarmönnunum sex (6) og varamönnunum sex (6) í framkvæmdastjórn, sem kosnir eru eða skipaðir á meðal aðildarlanda í skrá C, koma frá hverju af eftirfarandi svæðum, eins og mælt er fyrir um þau í sérhverjum undirlista yfir aðildarlönd á lista C:
Afríku (undirlisti C1);
Evrópu, Asíu og Kyrrahafinu (undirlisti C2); og
Rómönsku Ameríku og Karíbahafinu (undirlisti C3).

14. a) Í samræmi við ákvæði 1. og 27. liðar þessarar skrár skulu aðildarlöndin á lista C kjósa tvo stjórnarmenn og tvo varamenn frá löndunum á undirlista þeirra til að vera í forsvari fyrir hagsmuni allra á téðum undirlista, þar á meðal skal vera að minnsta kosti einn stjórnarmaður eða einn varamaður frá einu af þeim löndum á undirlistanum sem innir af hendi hæstu framlögin til sjóðsins.

b) Aðilarnir á lista C geta endurskoðað hvenær sem er, en þó ekki síðar en við sjöttu endurnýjun á fjármunum sjóðsins, ákvæði a-liðar hér að framan, með tilliti til reynslu hvers undirlista af framkvæmd hans og, ef

10. The Members of List B shall decide on the procedures that shall apply for the election or appointment of members and alternate members to vacant seats on the Executive Board and shall provide a copy thereof to the President of the Fund.

11. Amendments. The provisions of Part II of this Schedule (paragraphs 8 to 10) may be amended by a vote of the Governors representing two-thirds of the List B Member Countries whose contributions (made in accordance with Section 5(c) of Article 4) amount to seventy per cent (70%) of the contributions of all List B Member Countries. The President of the Fund shall be informed of any amendments to Part II of this Schedule.

Part III - List C Member Countries
Elections

12. All the members and alternate members of the Executive Board from List C of Member Countries shall serve for a term of three years.

13. Except as decided otherwise by the Member Countries of List C, of the six (6) members and six (6) alternate members of the Executive Board elected or appointed from among the List C Member Countries, two (2) members and two (2) alternate members shall be from each of the following regions, as these are set forth in each of the sub-Lists of List C Member Countries:
Africa (sub-List C1);
Europe, Asia and the Pacific (sub-List C2); and
Latin America and the Caribbean (sub-List C3).

14. (a) In accordance with the provisions contained in paragraphs 1 and 27 of this Schedule, the Member Countries of List C shall elect from the countries of its sub-List two members and two alternate members to represent the interests of the whole of the said sub-List, including at least one member or one alternate member from among the Member Countries in that sub-List making the highest substantial contributions to the resources of the Fund.
(b) The Members of List C may review at any time but not later than the Sixth Replenishment of the Fund's Resources, the provisions of sub-paragraph (a) above, taking into account the experience of each sub-List

nauðsyn ber til, breytt honum í samræmi við viðeigandi grundvallarreglur, sem er að finna í ályktun ráðsins nr. 86/XVIII.

15. Leynileg atkvæðagreiðsla skal fyrst fara fram fyrir alla aðila sem kjósa á af hverjum undirlista sem sæti losnar fyrir og löndin á hverjum undirlista eiga að tilnefna umsækjendur fyrir. Atkvæðagreiðsla um hvert sæti skal fara fram meðal aðilanna á lista C.
16. Þegar allir stjórnarmenn hafa verið kosnir skal atkvæðagreiðsla fara fram til að kjósa varamenn í sömu röð og tilgreint er í 15. lið hér að ofan.
17. Í kosningu skal krafist einfalds meirihluta gildra, greiddra atkvæða en auðir seðlar eru ekki taldir.
18. Ef enginn umsækjandi hlýtur þann meirihluta sem tilgreindur er í 17. lið hér að ofan í fyrstu leynilegu atkvæðagreiðslunni skal hún endurtekin og í hvert sinn skal sá útilokaður sem hlýtur fæst atkvæði.

19. Ef atkvæði falla jafnt skal endurtaka atkvæðagreiðsluna og ef atkvæði falla enn jafnt í þeirri atkvæðagreiðslu og einni til viðbótar skal ákvörðun tekin með hlutkesti.
20. Ef svo ber undir að aðeins er einn umsækjandi um laust sæti má lýsa yfir kosningu hans án atkvæðagreiðslu ef enginn fulltrúa ráðsins mótmælir.
21. Fundir aðildarlandanna á lista C, sem haldnir eru til að kjósa eða skipa stjórnar- og varamenn í framkvæmdastjórn, skulu vera lokaðir. Aðilar á lista C skulu skipa fundarstjóra fyrir þessa fundi með einróma samþykki.

22. Aðilar á hverjum undirlista skulu skipa fundarstjóra á fundum landa á viðkomandi undirlista með einróma samþykki.
23. Framkvæmdastjóra sjóðsins skulu látin í té nöfn kosinna stjórnar- og varamanna ásamt upplýsingum um skipunartíma hvers stjórnar- og varamanns og skrá yfir aðal- og varamenn.

Atkvæðagreiðsla innan framkvæmdastjórnar.

24. Til að unnt sé að greiða atkvæði innan framkvæmdastjórnar skal heildarfjölda atkvæða landanna á hverjum undirlista skipt jafnt á milli stjórnarmanna fyrir viðkomandi undirlista.

in the implementation of the said sub-paragraph and, if necessary, amended keeping in view the relevant principles contained in Resolution 86/XVIII of the Governing Council.

15. Balloting shall first take place for all members to be elected from each sub-List for which there is a vacancy and for which countries from each sub-List shall nominate candidates. Balloting for each seat shall take place among the Members of the List C.
16. After all members have been elected, balloting shall take place for electing alternate members in the same orders indicated in paragraph 15 above.
17. Election shall require a simple majority of the valid votes cast, not counting abstentions.

18. If no candidate obtains in the first ballot the majority specified in paragraph 17 above, successive ballots shall be held, from each of which that candidate shall be eliminated who receives the lowest number of votes in the previous ballot.
19. In case of a tide vote, the ballot shall, if necessary, be repeated and, if the tide persists in that ballot and on one subsequent one, a decision shall be taken by drawing lots.
20. If at any stage there is only one candidate for a vacancy, he may be declared elected without a ballot, if no Governor objects.

21. Meetings of the List C Member Countries for electing or appointing members and alternate members of the Executive Board shall be held in private. The Members of the List C shall appoint by consensus a Chairman for these meetings.
22. The Members of each sub-List shall appoint by consensus, the Chairman of the respective sub-List meeting.
23. The names of the members and alternate members elected shall be furnished to the President of the Fund along with the term of office of each member and alternate member and the list of principals and alternates.

Casting of Votes in the Executive Board

24. For the purpose of casting votes in the Executive Board, the total number of votes of the countries of each sub-List shall be divided equally between the members of the sub-List concerned.

Breytingar.

25. Breyta má III. hluta þessarar skrár (12. til 24. lið) öðru hverju með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðildarlandanna á lista C. Framkvæmdastjóra sjóðsins skal tilkynnt um sérhverjar breytingar á III. hluta þessarar skrár.

B. Almenn ákvæði sem gilda um lista A, B og C.

26. Framkvæmdastjóra sjóðsins skulu látin í té nöfn kosinna eða skipaðra stjórnar- og varamanna frá aðildarlöndum af listum A, B og C.

27. Með fyrirvara um ákvæði sem kveða á um annað í 5. til 25. lið hér að framan geta aðilar á lista yfir aðildarlönd eða aðilar í kjördæmi innan lista ákveðið, við hverjar kosningar, að skipa tiltekinn fjölda af þeim aðilum sem greiða hæstu framlögin til sjóðsins af þeim lista stjórnar- eða varamenn í framkvæmdastjórn fyrir hönd þess lista aðildarlanda til að hvetja aðila til að leggja fram fé til sjóðsins. Í því tilviki skal niðurstaða slíkrar ákvörðunar tilkynnt framkvæmdastjóra sjóðsins skriflega.

28. Þegar nýtt aðildarland hefur bæst við lista yfir aðildarlönd getur stjórnarfulltrúi hennar tilnefnt stjórnarmann úr framkvæmdastjórn sem fyrir er, fyrir þann lista aðildarlanda til að vera í forsvari og greiða atkvæði fyrir hana fram að næstu kosningum stjórnarmanna í framkvæmdastjórn fyrir þann lista. Á því tímabili skal stjórnarmaður, sem þannig er skipaður, teljast kjörinn eða skipaður af fulltrúanum í ráðinu sem tilnefndi hann og aðildarlandið skal teljast hafa bæst við kjördæmi þess stjórnarmanns.

29. Breytingar á 1.–4. lið, 7., 11. og 25.–29. lið. Málsmeðferðunum, sem mælt er fyrir um í 1.–4., 7., 11. og 25.–29. lið, má breyta öðru hverju með tveimur þriðju hlutum heildarfjölda atkvæða ráðsins. Allar breytingar á 1.–4., 7., 11. og 25.–29. lið skulu öðlast gildi tafarlaust við samþykkt þeirra nema annað sé ákveðið.

Amendments

25. Part III of this Schedule (paragraphs 12 to 24) may be amended from time to time by a two-thirds majority of the List C Member Countries. The President of the Fund shall be informed of any amendments to Part III of this Schedule.

B. General Provisions Applicable to Lists A, B and C

26. The names of the members and alternate members elected or appointed by Lists A, B and C of Member Countries, respectively, shall be furnished to the President of the Fund.

27. Notwithstanding anything to the contrary in paragraphs 5 to 25 above, at the time of each election, the Members of a List of Member Countries or the members of a constituency within a List may decide to appoint a specified number of Members making the highest substantial contribution to the Fund from that List as a member or alternate member of the Executive Board for that List of Member Countries in order to encourage Members to contribute to the resources of the Fund. In such event, the result of that decision shall be notified in writing to the President of the Fund.

28. Once a new Member Country had joined a List of Member Countries, its Governor may designate an existing member of the Executive Board for that List of Member Countries to represent it and cast its votes until the next election of members of the Executive Board for that List. During such period, a member so designated shall be deemed to have been elected or appointed by the Governor which so designated it and the Member Country shall be deemed to have joined that member's constituency.

29. Amendments to Paragraphs 1 to 4, 7, 11 and 25 to 29. The procedures set forth in paragraphs 1 to 4, 7, 11 and 25 to 29 inclusive herein may be amended from time to time by a two-thirds majority of the total votes of the Governing Council. Unless otherwise decided, any amendment of paragraphs 1 to 4, 7, 11 and 25 to 29 inclusive shall take effect immediately upon adoption thereof.

SKRÁ III
Skipting aðildarríkja í flokka, eins og hún var 26. janúar 1995.

I. flokkur

Ástralía
Austurríki
Belgía
Kanada
Danmörk
Finnland
Frakkland
Þýskaland
Grikkland
Írland
Ítalía
Japan
Lúxemborg
Holland
Nýja-Sjáland
Noregur
Portúgal
Spánn
Svíþjóð
Sviss
Breska konungsríkið
Bandaríkin

II. flokkur

Alsír
Gabon
Indónesía
Íran
Írak
Kúveit
Líbía
Nígería
Katar
Sádi-Arabía
Sameinuðu arabísku furstadæmin
Venesúela

III. flokkur

Afganistan
Albanía
Angóla
Antígva og Barbúda
Argentína
Armenía
Aserbaídsjan
Bangladess
Barbados
Belís
Benín
Bútan
Bólivía
Bosnía og Hersegóvína
Botsvana
Brasilía
Búrkína Fasó
Búrúndí
Kambódía
Kamerún
Grænhöfðaeyjar
Mið-Afríkulýðveldið
Tsjad
Chile
Kína
Kólumbía
Kómoreyjar
Kongó
Cookseyjar
Kostaríka
Fílabeinsströndin
Króatía
Kúba
Kýpur
Alþýðulýðv. Kórea
Djíbútí
Dóminíka
Dóminíska lýðveldið
Ekvador
Egyptaland
El Salvador
Miðbaugs-Gínea
Erítrea
Eþíópía
Fídjieyjar
Gambía
Georgía
Gana
Grenada
Gvatemala
Gínea
Gínea-Bissá
Gvæjana
Haítí
Hondúras
Indland
Ísrael
Jamaíka
Jórdanía
Kenía
Kirgisistan
Laos
Líbanon
Lesótó
Líbería
Madagaskar
Malaví
Malasía
Maldíveyjar
Malí
Malta
Máritanía
Máritíus
Mexíkó
Mongólía
Marokkó
Mósambík
Mjanmar
Namibía
Nepal
Níkaragva
Níger
Óman
Pakistan
Panama
Papúa Nýja-Gínea
Paragvæ
Perú
Filippseyjar
Lýðveldið Kórea
Rúmenía
Rúanda
Sankti Kristófer og Nevis
Sankti Lúsía
Sankti Vinsent og Grenandíneyjar
Saó Tóme og Prinsípe
Senegal
Seychelleseyjar
Síerra Leóne
Salómonseyjar
Sómalía
Srí Lanka
Súdan
Súrínam
Svasíland
Sýrland
Tadsjikistan
Tansanía
Taíland
Fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedónía
Tógó
Tonga
Trínidad og Tóbagó
Túnis
Tyrkland
Úganda
Úrúgvæ
Víetnam
Vestur-Samóa
Jemen
Júgóslavía
Saír
Sambía
Simbabve

SCHEDULE III
Distribution of Member States Among Categories as at 26 January 1995

Category I

Australia
Austria
Belgium
Canada
Denmark
Finland
France
Germany
Greece
Ireland
Italy
Japan
Luxembourg
Netherlands
New Zealand
Norway
Portugal
Spain
Sweden
Switzerland
United Kingdom
United States

Category II

Algeria
Gabon
Indonesia
Iran
Iraq
Kuwait
Libyan Arab Jamahiriya
Nigeria
Qatar
Saudi Arabia
United Arab Emirates
Venezuela

Category III

Afghanistan
Albania
Angola
Antigua and Barbuda
Argentina
Armenia
Azerbaijan
Bangladesh
Barbados
Belize
Benin
Bhutan
Bolivia
Bosnia and Herzegovina
Botswana
Brazil
Burkina Faso
Burundi
Cambodia
Cameroon
Cape Verde
Central African Republic
Chad
Chile
China
Colombia
Equatorial Guinea
Eritrea
Ethiopia
Fiji
Gambia, The
Georgia
Ghana
Grenada
Guatemala
Guinea
Guinea-Bissau
Guyana
Haiti
Honduras
India
Israel
Jamaica
Jordan
Kenya
Kyrgyzstan
Laos
Lebanon
Lesotho
Liberia
Madagascar
Malawi
Pakistan
Panama
Papua New Guinea
Paraguay
Peru
Philippines
Republic of Korea
Romania
Rwanda
Saint Christopher and Nevis
Saint Lucia
Saint Vincent and the Grenadines
Sao Tome and Principe
Senegal
Seychelles
Sierra Leone
Solomon Islands
Somalia
Sri Lanka
Sudan
Suriname
Swaziland
Syria
Tajikistan
Tanzania, United Republic of
Thailand

Comoros
Congo
Cook Islands
Costa Rica
Côte d'Ivoire
Croatia
Cuba
Cyprus
D.P.R. Korea
Djibouti
Dominica
Dominican Republic
Ecuador
Egypt
El Salvador
Malaysia
Maldives
Mali
Malta
Mauritania
Mauritius
Mexico
Mongolia
Morocco
Mozambique
Myanmar
Namibia
Nepal
Nicaragua
Niger
Oman
The Former Yugoslav Republic of Macedonia
Togo
Tonga
Trinidad and Tobago
Tunisia
Turkey
Uganda
Uruguay
Viet Nam
Western Samoa
Yemen
Yugoslavia
Zaire
Zambia
Zimbabwe

Nr. 33 19. september 2001

AUGLÝSING

um samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Hinn 6. september 2001 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samkomulags milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð frá 6. febrúar 1931, sem gert var í Stokkhólmi 6. febrúar 2001, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 39, þar sem samningurinn er birtur, og nr. 40, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1969, 26/1973, 3/1974 og 13/2001. Alþingi hafði með lögum nr. 39 frá 19. maí 2001 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samkomulagið fyrir Íslands hönd. Tilkynnt verður um gildistöku samkomulagsins síðar.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 19. september 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð er undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I.

Á samningnum milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð,

sbr. breytingar þær er fram koma í samkomulagi um breytingar á samningnum, sem undirritað var í Ósló 25. febrúar 2000, sem enn hafa ekki öðlast gildi, eru gerðar eftirfarandi breytingar:

7. gr. hljóði svo:

Krafa um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað hjóna sem eru ríkisborgarar í og eiga heimilisfang í samningsríki skal ákvarðast í því ríki þar sem:

1. hjónin eiga heimilisfang,
2. hjónin áttu síðast samtímis heimilisfang og annað þeirra býr ennþá,
3. hjónin eru ríkisborgarar,
4. það hjónanna sem kröfunni er beint gegn á heimilisfang,
5. annað hvort hjónanna á heimilisfang ef um sameiginlega kröfu er að ræða,
6. það hjónanna sem leggur kröfuna fram á heimilisfang og hefur búið a.m.k. síðasta árið áður en krafan er borin fram, eða
7. það hjónanna sem leggur kröfuna fram er ríkisborgari og á heimilisfang ef viðkomandi hefur búið þar a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en krafan er lögð fram.

Einnig má ákvarða kröfu um lögskilnað á grundvelli skilnaðar að borði og sæng í því ríki þar sem skilnaður að borði og sæng var veittur.

8. gr. hljóði svo:

Í sambandi við kröfu um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað getur sama eða annað yfirvald einnig tekið ákvörðun um sambúðarslit um stundarsakir og um búskipti. Það getur enn fremur tekið ákvörðun um forsjá, búsetu barns og umgengni við barn að því tilskildu:

1. að hjónin eigi barnið saman, og
2. að barnið eigi heimilisfang í því ríki þar sem krafan um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað er til meðferðar.

Eigi barnið ekki heimilisfang í því ríki þar sem krafan um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað er til meðferðar má samt sem áður taka þar ákvörðun um forsjá, búsetu barns og umgengni við barn ef:

1. barnið á heimilisfang í samningsríki,
2. hjónin eiga barnið saman og a.m.k. annað þeirra hefur forsjá þess,
3. hjónin hafa samþykkt að úrskurðað verði í málinu í því ríki þar sem fjallað er um kröfuna um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað, og
4. það er barninu fyrir bestu að með málið sé farið í því ríki.

Í málum um forsjá, búsetu barns og umgengni við barn skal beita heimildinni skv. 1. og 2. mgr. í samræmi við Haag-samninginn frá 25. október 1980 um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Sérstaklega skal tekið tillit til 3. og 16. gr. samningsins.

Ný 8. gr. a hljóði svo:

Ef mál sem 7. eða 8. gr. tekur til, milli sömu aðila, er borið undir þar til bært yfirvald í fleiri en einu samningsríkjanna skal það yfirvald sem málið var síðar borið undir vísa málinu frá af sjálfsdáðum og láta hinu yfirvaldinu eftir að taka ákvörðun í málinu.

Við beitingu 1. mgr. telst skilnaður að borði og sæng og lögskilnaður vera sama málið.

9. gr. hljóði svo:

Við meðferð mála sem 7. og 8. gr. taka til skal beita gildandi lögum í viðkomandi samningsríki. Þó skal ávallt taka ákvarðanir í málum sem snerta búskipti samkvæmt þeim lögum sem eiga við um fjármál hjónanna skv. 3. gr.

Skilnaður að borði og sæng sem fengist hefur í einu ríkjanna veitir sama rétt til lögskilnaðar í hinum ríkjunum og skilnaður að borði og sæng er þar hefur fengist.

Í samningsríki þar sem ekki eru í lögum ákvæði um skilnað að borði og sæng en í vissum tilvikum byggt á að umhugsunarfrestur sé undanfari lögskilnaðar eiga hjón, sem veittur hefur verið skilnaður að borði og sæng í öðru samningsríki og hafa síðan búið hvort í sínu lagi svo lengi sem svarar umhugsunarfrestinum og ekki tekið upp sambúð að nýju, rétt á að fá lögskilnað án undanfarandi umhugsunarfrests.

22. gr. hljóði svo:

Ákvörðun stjórnvalds eða aðfararhæfur dómsúrskurður sem gengið hefur í einu samningsríkjanna skv. 5., 7., 8., 11., 13., 14., 15., 19. eða 21. gr. skal gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því hvort ákvörðunin sé rétt eða tekin af þar til bæru yfirvaldi. Þetta á einnig við um aðfararhæfan dómsúrskurð sem gengið hefur í einu ríkjanna og kveður á um ógildi eða ógildingu hjúskapar milli ríkisborgara í samningsríki.

II.

Að því er varðar beitingu samkomulagsins í Færeyjum og á Grænlandi getur danska dómsmálaráðuneytið, að undangengnum samningaviðræðum við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið þau frávik sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður krefjast.

III.

Samningsríkin geta gerst aðilar að samkomulagi þessu með

a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, eða

b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, ásamt eftirfarandi fullgildingu.

Fullgildingarskjölunum skal komið í vörslu hjá sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar er hefst tveimur mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa gerst aðilar að samkomulaginu. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir samningsríkjunum um móttöku fullgildingarskjalanna til vörslu og hvenær samkomulagið öðlast gildi.

IV.

Þar til samkomulag þetta öðlast gildi getur hvert samningsríkjanna, í tengslum við aðild sína að samkomulaginu eða síðar, gefið yfirlýsingu um að samkomulagið skuli gilda milli þess ríkis og annarra samningsríkja sem hafa gefið slíka yfirlýsingu. Yfirlýsingin öðlast gildi fjórtán dögum eftir að hún er móttekin til vörslu í sænska utanríkisráðuneytinu.

V.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu er lætur hverju samningsríki í té staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar, sem hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Stokkhólmi hinn 6. febrúar 2001 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð, og eru allir textarnir jafngildir.

Nr. 34 3. október 2001

AUGLÝSING

um landbúnaðarsamning við Mexíkó.

Landbúnaðarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Sameinuðu mexíkósku ríkjanna, sem gerður var í Mexíkóborg 27. nóvember 2000, öðlaðist gildi 1. október 2001.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. október 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um þátttöku barna í vopnuðum átökum.

Hinn 1. október 2001 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna valfrjálsrar bókunar við samninginn um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 um þátttöku barna í vopnuðum átökum sem gerð var í New York 25. maí 2000, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992, þar sem samningurinn er birtur, 2/2000 og 28/2001. Bókunin öðlast gildi 12. febrúar 2002.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

VALFRJÁLS BÓKUN við samninginn um réttindi barnsins um þátttöku barna í vopnuðum átökum.

Ríkin, sem aðilar eru að bókun þessari,

finna til hvatningar vegna yfirgnæfandi stuðnings við samninginn um réttindi barnsins sem sýnir hve útbreitt fylgið er við að stuðla að og berjast fyrir verndun réttinda barnsins,

lýsa því yfir enn á ný að réttindi barna þarfnast sérstakrar verndar og kalla á að stöðugt sé unnið að umbótum á aðstæðum barna án mismununar og að þau fái að þroskast og mennta sig við aðstæður þar sem friður og öryggi ríkir,

er brugðið vegna skaðlegra og útbreiddra áhrifa sem vopnuð átök hafa á börn og afleiðinganna, þegar til lengri tíma er litið, sem þau hafa í för með sér á varanlegan frið, öryggi og þróun,

fordæma að börn séu notuð sem skotmörk þar sem vopnuð átök eiga sér stað og að beinar árásir séu gerðar á fyrirbæri sem njóta verndar samkvæmt þjóðarétti, þar með talið staði þar sem búast má við að mikið sé af börnum, til dæmis skóla og sjúkrahús,

vekja athygli á að samþykktin um Alþjóðlega sakamáladómstólinn hefur verið samþykkt og sérstaklega að í henni er það talinn stríðsglæpur að kveðja til að gegna herskyldu börn undir 15 ára aldri eða skrá þau í herinn eða láta þau taka virkan þátt í hernaðarátökum, hvort sem um er að ræða vopnuð átök milli ríkja eða innanlands,

OPTIONAL PROTOCOL to the Convention on the Rights of the Child on the involvement of children in armed conflict

The States Parties to the present Protocol,

Encouraged by the overwhelming support for the Convention on the Rights of the Child, demonstrating the widespread commitment that exists to strive for the promotion and protection of the rights of the child,

Reaffirming that the rights of children require special protection, and calling for continuous improvement of the situation of children without distinction, as well as for their development and education in conditions of peace and security,

Disturbed by the harmful and widespread impact of armed conflict on children and the long-term consequences this has for durable peace, security and development,

Condemning the targeting of children in situations of armed conflict and direct attacks on objects protected under international law, including places generally having a significant presence of children, such as schools and hospitals,

Noting the adoption of the Statute of the International Criminal Court and, in particular, its inclusion as a war crime of conscripting or enlisting children under the age of 15 years or using them to participate actively in hostilities in both international and non-international armed conflicts,

telja því að til þess að styrkja enn frekar framkvæmd þeirra réttinda sem viðurkennd eru í samningnum um réttindi barnsins þurfi að vernda börn í auknum mæli gegn því að taka þátt í vopnuðum átökum,

vekja athygli á að í 1. gr. samningsins um réttindi barnsins er tekið fram, að því er varðar þann samning, að barn merki hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri nema hann nái lögræðisaldri fyrr samkvæmt gildandi lögum sem hann lýtur,

eru sannfærð um að valfrjáls bókun við samninginn, þar sem aldursmörk vegna mögulegrar herkvaðningar í vopnaða heri og þátttöku í hernaðarátökum eru hækkuð, muni stuðla að árangri við framkvæmd þeirrar meginreglu að fyrst og fremst skuli tekið tillit til þess, að því er varðar allar ráðstafanir vegna barna, hvernig hagsmunum barnsins sé best borgið,

vekja athygli á að á tuttugustu og sjöttu alþjóðlegu ráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans í desember 1995 var meðal annars mælst til þess að aðilar sem eiga í átökum geri allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að börn yngri en 18 ára taki ekki þátt í hernaðarátökum,

fagna því að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana var samþykkt einróma í júní 1999 sem meðal annars bannar að þvinga eða skylda börn til herþjónustu til þess að nota þau í vopnuðum átökum,

fordæma og lýsa yfir alvarlegum áhyggjum yfir því að börn séu kvödd til, þjálfuð og notuð í átökum vopnaðra hópa, annarra en ríkisherja, innan landamæra og yfir landamæri og viðurkenna ábyrgð þeirra sem kveðja til, þjálfa og nota börn til slíkra verka,

minna á að það er skylda hvers sem á aðild að vopnuðum átökum að hlýða ákvæðum þjóðaréttar um mannúðarmál,

leggja áherslu á að þessi bókun er með fyrirvara um markmið og meginreglur í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar með talin 51. gr., og viðeigandi viðmiðanir laga um mannúðarmál,

hafa í huga að skilyrði um frið og öryggi sem byggjast á fullri virðingu fyrir markmiðum og meginreglum sáttmálans og að löggerningum um mannréttindi sé hlýtt eru lífsnauðsynleg til að veita megi börnum fulla vernd, sérstaklega í vopnuðum átökum og meðan á hernámi stendur,

Considering, therefore, that to strengthen further the implementation of rights recognized in the Convention on the Rights of the Child there is a need to increase the protection of children from involvement in armed conflict,

Noting that article 1 of the Convention on the Rights of the Child specifies that, for the purposes of that Convention, a child means every human being below the age of 18 years unless, under the law applicable to the child, majority is attained earlier,

Convinced that an optional protocol to the Convention raising the age of possible recruitment of persons into armed forces and their participation in hostilities will contribute effectively to the implementation of the principle that the best interests of the child are to be a primary consideration in all actions concerning children,

Noting that the twenty-sixth international Conference of the Red Cross and Red Crescent in December 1995 recommended, inter alia, that parties to conflict take every feasible step to ensure that children under the age of 18 years do not take part in hostilities,

Welcoming the unanimous adoption, in June 1999, of International Labour Organization Convention No. 182 on the Prohibition and Immediate Action for the Elimination of the Worst Forms of Child Labour, which prohibits, inter alia, forced or compulsory recruitment of children for use in armed conflict,

Condemning with the gravest concern the recruitment, training and use within and across national borders of children in hostilities by armed groups distinct from the armed forces of a State, and recognizing the responsibility of those who recruit, train and use children in this regard,

Recalling the obligation of each party to an armed conflict to abide by the provisions of international humanitarian law,

Stressing that this Protocol is without prejudice to the purposes and principles contained in the Charter of the United Nations, including Article 51, and relevant norms of humanitarian law,

Bearing in mind that conditions of peace and security based on full respect of the purposes and principles contained in the Charter and observance of applicable human rights instruments are indispensable for the full protection of children, in particular during armed conflicts and foreign occupation,

viðurkenna sérstakar þarfir þeirra barna sem eru sérstaklega varnarlaus gagnvart herkvaðningu eða þátttöku í hernaðarátökum sem ganga þvert á þessa bókun vegna efnahagslegrar eða félagslegrar stöðu eða kynferðis,

eru minnug þess að nauðsyn krefst þess að hugað sé að efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum orsökum þess að börn taka þátt í vopnuðum átökum,

eru þess fullviss að þörf er á að efla alþjóðasamstarf við framkvæmd þessarar bókunar auk þess að þau börn sem eru fórnarlömb, vopnaðra átaka fái líkamlega og sálræna endurhæfingu og aðlagist samfélaginu á ný,

hvetja til þátttöku samfélagsins, sérstaklega barna og þeirra barna sem eru fórnarlömb, í að dreifa kynningar- og fræðsluáætlunum sem varða framkvæmd bókunarinnar,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Aðildarríki skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja að liðsmenn vopnaðra herja þeirra sem ekki hafa náð 18 ára aldri taki ekki beinan þátt í hernaðarátökum.

2. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að einstaklingar sem hafa ekki náð 18 ára aldri séu ekki skyldaðir til herþjónustu í vopnuðum herjum þeirra.

3. gr.

1. Aðildarríki skulu hækka lágmarksaldur vegna skráningar sjálfboðaliða í heri landsins frá því sem tilgreint er í 3. mgr. 38. gr. samningsins um réttindi barnsins með tilliti til meginreglnanna í greininni og viðurkenna að samkvæmt samningnum eiga einstaklingar yngri en 18 ára rétt á sérstakri vernd.

2. Hvert aðildarríki skal, við fullgildingu bókunarinnar eða aðild að henni, afhenda til vörslu bindandi yfirlýsingu þar sem tilgreindur er sá lágmarksaldur sem það mun miða skráningu sjálfboðaliða í vopnaðar hersveitir landsins við og lýsing á þeim öryggisráðstöfunum sem það hefur samþykkt til að tryggja að slík skráning sé ekki vegna nauðungar eða þvingunar.
3. Aðildarríki sem leyfa skráningu sjálfboðaliða yngri en 18 ára í vopnaðar hersveitir lands síns skulu vinna að öryggisráðstöfunum til að tryggja að lágmarki að:

Recognizing the special needs of those children who are particularly vulnerable to recruitment or use in hostilities contrary to this Protocol owing to their economic or social status or gender,

Mindful of the necessity of taking into consideration the economic, social and political root causes of the involvement of children in armed conflicts,

Convinced of the need to strengthen international cooperation in the implementation of this Protocol, as well as the physical and psychosocial rehabilitation and social reintegration of children who are victims of armed conflict,

Encouraging the participation of the community and, in particular, children and child victims in the dissemination of informational and educational programmes concerning the implementation of the Protocol,

Have agreed as follows:

Article 1

States Parties shall take all feasible measures to ensure that members of their armed forces who have not attained the age of 18 years do not take a direct part in hostilities.

Article 2

States Parties shall ensure that persons who have not attained the age of 18 years are not compulsorily recruited into their armed forces.

Article 3

1. States Parties shall raise the minimum age for the voluntary recruitment of persons into their national armed forces from that set out in article 38, paragraph 3, of the Convention on the Rights of the Child, taking account of the principles contained in that article and recognizing that under the Convention persons under 18 are entitled to special protection.
Member States shall take the necessary measures to oblige carriers which are unable to effect the return of a third-country national whose entry is refused to find means of onward transportation immediately and to bear the cost thereof, or, if immediate onward transportation is not possible, to assume responsibility for the costs of the stay and return of the third-country national in question.

Article 4

1. Member States shall take the necessary measures to ensure that the penalties applicable to carriers under the provisions of Article 26(2) and (3) of the Schengen Convention are dissuasive, effective and proportionate and that:
   (a) either the maximum amount of the applicable financial penalties is not less than EUR 5000 or equivalent national currency at the rate of exchange published in the Official Journal on 10 August 2001, for each person carried, or

(5) OJ L 239, 22.9.2000, p. 1.

b) lágmarksfjárhæð þessara viðurlaga sé ekki lægri en 3000 evrur eða jafngild fjárhæð í innlendum gjaldmiðli samkvæmt gengisskráningu, sem birt verður í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna 10. ágúst 2001, fyrir hvern mann sem fluttur er, eða

c) hámarksfjárhæð viðurlaga fyrir hvert brot sé ekki lægri en 500 000 evrur, greiddar með eingreiðslu, eða jafngild fjárhæð í innlendum gjaldmiðli samkvæmt gengisskráningu, sem birt verður í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna 10. ágúst 2001, óháð þeim fjölda fólks sem fluttur er.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar tilvik þar sem ríkisborgari þriðja lands sækir um alþjóðlega vernd.

5. gr.

Tilskipun þessi skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki samþykki eða grípi til annarra ráðstafana sem fela í sér annars konar viðurlög, svo sem kyrrsetningu, löghald og eignaupptöku flutningatækisins eða tímabundna niðurfellingu eða afturköllun rekstrarleyfis, þegar um er að ræða flutningsaðila sem fullnægja ekki þeim skuldbindingum sem ákvæði 2. og 3. mgr. 26. gr. Schengen-samningsins og 2. gr. þessarar tilskipunar hafa í för með sér,

6. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að í innlendum lögum og stjórnsýslufyrirmælum sé kveðið á um að flutningsaðilar, sem málsmeðferð er hafin gegn í því skyni að beita þá viðurlögum, hafi raunverulega rétt til varnar og áfrýjunar.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 11. febrúar 2003. Þau skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það.
2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(b) the minimum amount of these penalties is not less than EUR 3000 or equivalent national currency at the rate of exchange published in the Official Journal on 10 August 2001, for each person carried, or

(c) the maximum amount of the penalty imposed as a lump sum for each infringement is not less that EUR 500000 or equivalent national currency at the rate of exchange published in the Official Journal on 10 August 2001, irrespective of the number of persons carried.

2. Paragraph 1 is without prejudice to Member States' obligations in cases where a third country national seeks international protection.

Article 5

This Directive shall not prevent Member States from adopting or retaining, for carriers which do not comply with the obligations arising from the provisions of Article 26(2) and (3) of the Schengen Convention and of Article 2 of this Directive, other measures involving penalties of another kind, such as immobilisation, seizure and confiscation of the means of transport, or temporary suspension or withdrawal of the operating licence.

Article 6

Member States shall ensure that their laws, regulations and administrative provisions stipulate that carriers against which proceedings are brought with a view to imposing penalties have effective rights of defence and appeal.

Article 7

1. Member States shall take the necessary measures to comply with this Directive not later than 11 February 2003. They shall forthwith inform the Commission thereof.
2. When Member States adopt these measures, they shall contain a reference to this Directive or shall be accompanied by such reference on the occasion of their official publication. The methods of making such reference shall be laid down by Member States.
3. Member States shall communicate the main provisions of national law which they adopt in the field covered by this Directive to the Commission.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 30 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Lúxemborg 28. júní 2001.

Article 8

This Directive shall enter into force 30 days after its publication in the Official Journal of the European Communities.

Article 9

This Directive is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Luxembourg, 28 June 2001.

AUGLÝSING

um samkomulag milli Norðurlandanna um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna.

Hinn 14. september 2001 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samkomulags milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna sem gert var í Stokkhólmi 1. júní 2001. Samkomulagið öðlast gildi 1. mars 2002.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa, í því skyni að lífeyrismál komi ekki í veg fyrir að menn fari úr starfi, sem veitir rétt til lífeyris ríkisstarfsmanna í einu norrænu landi, í samsvarandi starf í einhverju öðru þessara landa, komið sér saman um eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Samkomulagið tekur til lífeyrisréttinda vegna starfa sem falla undir lífeyrisreglur ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum.

Með lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er átt við þau lög og þær reglur um lífeyri ríkisstarfsmanna sem talin eru upp í fylgiskjali með samkomulagi þessu.

Ef reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, tekur til lífeyrisreglna ríkisstarfsmanna í viðkomandi landi skal ákvæðum þessa samkomulags því aðeins beitt að annað gildi ekki samkvæmt reglugerðinni.

2. gr.

Þegar sá sem gegnt hefur starfi er 1. gr. nær til tekur við samsvarandi starfi í einhverju hinna norrænu landanna skulu þær lífeyrisreglur, sem gilda um annað starfið og varða lengd ráðningartíma eða lágmarksiðgjaldagreiðslutíma til að öðlast lífeyrisrétt eða ámóta tímatakmarkanir, einnig teljast hafa gilt um hitt starfið.

3. gr.

Sé farið beint úr starfi sem 1. gr. nær til í samsvarandi starf í einhverju hinna norrænu landanna skal hugsanlegri takmörkun lífeyrisréttinda af heilsufarsástæðum ekki beitt samkvæmt þeim lífeyrisreglum sem gilda um seinna starfið hafi slík takmörkun ekki gilt fyrir starfsskiptin.

Ef takmarkanir lífeyrisréttinda af heilsufarsástæðum giltu fyrir starfsskiptin skal litið fram hjá hugsanlegu versnandi heilsufari eftir þau. Þau gögn, sem lögð voru til grundvallar við heilsufarsmat fyrir starfsskiptin, skulu einnig lögð til grundvallar við heilsufarsmat samkvæmt þeim lífeyrisreglum sem gilda um seinna starfið.

4. gr.

Taki sá, er gegnt hefur starfi sem 1. gr. nær til í að minnsta kosti þann lágmarkstíma sem þarf til að öðlast lífeyrisrétt, við samsvarandi starfi í einhverju hinna norrænu landanna heldur hann þeim lífeyrisréttindum sem áunnust í fyrra starfinu.

Fyrir þann sem fær elli-, maka- eða barnalífeyri vegna starfs sem 1. gr. nær til skulu lífeyrisréttindi sem áunnin eru í einhverju hinna landanna reiknuð út samkvæmt reglum þess lands. Þá skal beita reglum þess lands um útreikning og verðtryggingu lífeyris. Lífeyrisrétthafinn skal, ef hann óskar þess, geta notið allra áunninna lífeyrisréttinda sinna samkvæmt samkomulagi þessu frá sama tíma og hann öðlast rétt til elli-, maka- eða barnalífeyris í því landi þar sem lífeyrisgreiðslur hans hefjast. Þetta á eingöngu við þegar greiðsla elli-, maka- eða barnalífeyris hefst í beinu framhaldi af starfslokum eða fráfalli starfsmanns. Taka ellilífeyris er þó fyrst möguleg frá og með 60 ára aldri. Lífeyrir greiðist af því landi þar sem hann var áunninn.

5. gr.

Þessari grein verður einvörðungu beitt ef reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, á ekki við.

Ef sá sem gegnir starfi sem 1. gr. nær til fær örorkulífeyri vegna skertrar starfsgetu samkvæmt lífeyrisreglum starfslandsins má samræma örorkulífeyrinn og lífeyri sem áunninn er samkvæmt samkomulagi þessu í einhverju hinna norrænu landanna. Við slíka samræmingu skal hafa til hliðsjónar ákvæði greinar 46b í reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja.

Sé einhver með ráðningu samtímis í fleiri en einu Norðurlanda í starf sem 1. gr. nær til skal örorkulífeyrir hans reiknast samkvæmt lífeyrisreglum starfslandsins eða í því landi þar sem lífeyrisrétthafi hefur aðalstarf sitt. Lífeyrir samkvæmt öðrum lífeyrisreglum sem koma til álita reiknast samkvæmt reglum þess lands og almennt í hlutfalli við ávinnslutíma þar.

6. gr.

Til þess bær yfirvöld og stofnanir í aðildarlöndum samkomulagsins skulu aðstoða hvert annað eins og þörf krefur við beitingu samkomulags þessa og semja sín á milli vegna deilna sem rísa kunna við túlkun eða beitingu þess.

Lífeyrisrétthafi skal sækja um lífeyri hjá lífeyrisyfirvöldum í hverju landanna fyrir sig þar sem hann ávann sér lífeyrisréttindi. Í þeim tilvikum að lífeyrisrétthafi sækir aðeins um lífeyri í því landi þar sem hann byrjar lífeyristöku skal viðkomandi lífeyrisyfirvald senda umsókn hans áfram til lífeyrisyfirvalda í þeim löndum sem málið varðar.

7. gr.

Umsókn, umsögn eða kæra, sem á að berast yfirvaldi í einu landanna innan ákveðins tímafrests, telst hafa borist tímanlega hafi hún borist samsvarandi yfirvaldi í einhverju hinna landanna áður en fresturinn rann út. Þá skal síðarnefnda yfirvaldið umsvifalaust senda umrædda umsókn, umsögn eða kæru áfram til bærs yfirvalds í hinu landinu.

8. gr.

Viðkomandi yfirvöld á Norðurlöndum skulu eins fljótt og auðið er tilkynna hvert öðru um allar breytingar á og viðbætur við lífeyrisreglur sem gilda varðandi þær greiðslur sem getið er um í 1. gr.

9. gr.

Samkomulag þetta gildir um þá sem enn hafa ekki hafið töku lífeyris eða, þar sem það á við, hefur enn ekki verið veitt heimild til töku lífeyris við gildistöku þess.

Hver einstaklingur, sem fyrir gilditöku samkomulags þessa hafði gegnt starfi sem 1. gr. nær til í fleiri en einu landanna og féll þá undir samkomulag Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands og Noregs frá 18. desember 1973 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna og fundargerð frá 28. júní 1990 um breytingu á því samkomulagi, á rétt á að velja um að fá lífeyri sinn reiknaðan eftir eldra samkomulaginu svo fremi að annað leiði ekki af reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Þetta gildir í 5 ár frá gildistöku þessa samkomulags og að því tilskildu að lífeyristakan hefjist innan þeirra tímamarka og að látið sé af starfi sem 1. gr. nær til.

10. gr.

Þegar nauðsynlegum formsatriðum vegna gildistöku er lokið skal viðkomandi land þegar tilkynna það öðrum aðilum samkomulagsins. Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánuðar eftir að síðasta tilkynningin þar að lútandi hefur borist sænska utanríkisráðuneytinu.

Þegar samkomulag þetta tekur gildi fellur úr gildi samkomulag Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands og Noregs frá 18. desember 1973 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna og fundargerð frá 28. júní 1990 um breytingu á því samkomulagi.

11. gr.

Aðildarland getur sagt samkomulaginu upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til sænsku ríkisstjórnarinnar sem tilkynnir þá hinum aðilunum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

Uppsögnin tekur aðeins til þess aðila sem að uppsögninni stendur og hún tekur gildi frá og með næstu áramótum eftir að minnsta kosti 6 mánuðir eru liðnir frá því að sænsku ríkisstjórninni barst uppsagnartilkynningin.

12. gr.

Frumeintak samkomulags þessa er varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðilunum staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar aðildarlandanna undirritað samkomulagið að framlögðum viðeigandi umboðum.

Gjört í Stokkhólmi hinn 1. júní 2001 í einu eintaki á danskri, finnskri, íslenskri, norskri og sænskri tungu og eru allir textarnir jafngildir.

Fylgiskjal
með samkomulagi Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um lífeyrismál.

Með dönskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er átt við lög nr. 724 frá 9. september 1993, um lífeyri opinberra starfsmanna, sem taka til starfsmanna ríkisins, grunnskólans og þjóðkirkjunnar, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 316 frá 14. maí 1997 og lögum nr. 346 frá 2. júní 1999, lög nr. 82 frá 12. mars 1970, um eftirlaun borgaralegra starfsmanna o.fl. í hernum, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 821 frá 25. nóvember 1998, sem og lífeyrisreglur sem ríkið fjármagnar eða ábyrgist sem eru í aðalatriðum efnislega samhljóða lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna o.fl.

Með finnskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er átt við lög nr. 280 frá 20. maí 1966, um ríkislífeyri, lög nr. 281 sama dag, um gildistöku laga um ríkislífeyri, lög nr. 774 frá 31. desember 1968, um fjölskyldulífeyri ríkisins, lög nr. 775 sama dag, um gildistöku laga um fjölskyldulífeyri ríkisins, lög nr. 1152 frá 11. desember 1997, um reglur um lífeyrisvernd við styttri ráðningartíma hjá ríkinu en einn mánuð, reglugerðir samkvæmt heimildum í ofangreindum lögum svo og lög og reglugerðir sem lífeyrisgreiðslur frá ríkinu grundvallast á eða hafa grundvallast á að teknu tilliti til viðeigandi hluta ofannefndra laga og reglugerða.

Við ráðningar samkvæmt öllum framantöldum finnskum lögum og reglugerðum er farið eftir

reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja.

Með íslenskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er átt við lög nr. 1 frá 10. janúar 1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lög nr. 2 frá 10. janúar 1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

Með norskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er átt við lög nr. 26 frá 28. júlí 1949, um Lífeyrissjóð ríkisins, með síðari viðbótum.

Með sænskum lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er átt við þau ákvæði um lífeyri ríkisstarfsmanna o.fl. sem sett hafa verið að tilhlutan ríkisstjórnarinnar eða af yfirvaldi eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar eða, hvað varðar þjóðþingið og stofnanir þess, að tilhlutan þjóðþingsins. Með lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna er þó ekki átt við ákvæði um viðbótarhlutalífeyri né heldur ákvæði um varalífeyri eða samsvarandi eingreiðslu.

Nr. 39 31. desember 2001

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Samningur um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982, sem samþykktur var í New York 28. júlí 1994, öðlaðist gildi 28. júlí 1996, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1985, 40/1993 og 43/1995 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Nr. 40 31. desember 2001

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

Samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, sem gerður var í New York 4. ágúst 1995, öðlaðist gildi 11. desember 2001, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1997 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Eistlands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Eistlands tók á árinu 2001 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Eistlands frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1996, 21/1996, 20/1997, 40/1998, 25/1999 og 35/2000, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2001	27.11.2001	Breytingar á bókun B	Beitt til bráðabirgða frá 01.01.2001
2/2001	27.11.2001	Breytingar á bókun D	Beitt til bráðabirgða frá 01.01.2001
3/2001	27.11.2001	Breytingar á 17. og 24. gr., II. viðauka og afnám V. viðauka og VI. viðauka sem varða ríkisaðstoð	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

31. desember 2001 Nr. 42

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lettlands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Lettlands tók á árinu 2001 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Lettlands frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1996, 23/1996, 27/1997, 27/1999 og 36/2000, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2001	29.11.2001	Breyting á bókun B	Beitt til bráðabirgða frá 01.01.2001
2/2001	29.11.2001	Breyting á bókun D	29.11.2001
3/2001	29.11.2001	Breytingar á 17. og 24. gr., II. viðauka og afnám V. viðauka og VII. viðauka sem varða ríkisaðstoð	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Litháens.

Sameiginleg nefnd EFTA og Litháens tók á árinu 2001 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Litháens frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1996, 28/1997, 28/1999 og 37/2000, og öðlast þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2001	30.11.2001	Breyting á bókun B	01.01.2002
2/2001	30.11.2001	Breyting á bókun D	30.11.2001
3/2001	30.11.2001	Breytingar á 18. og 25. gr., II. viðauka og afnám VI. viðauka og VII. viðauka sem varða ríkisaðstoð	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Nr. 44 31. desember 2001

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Rúmeníu tók á árinu 2001 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu frá 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1995, 55/1995, 25/1996, 30/1997, 35/1998, 30/1999 og 40/2000:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2001	21.12.2001	Breyting á bókun B	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóveníu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Slóveníu tók á árinu 2001 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Slóveníu frá 13. júní 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1996, 27/1996, 21/1998, 41/1998, 32/1999 og 42/2000, og öðlast þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2001	24.04.2001	Breyting á II. viðauka	01.07.2001
2/2001	24.04.2001	Endurskoðuð bókun D	01.07.2001
3/2001	24.04.2001	Breyting á 18. gr. um ríkisstyrki	Hefur ekki öðlast gildi
4/2001	21.12.2001	Breyting á bókun B	01.01.2002

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

31. desember 2001 Nr. 46

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tékklands tók á árinu 2001 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, 1/1993, 6/1993, 57/1995, 28/1996, 31/1997, 37/1998, 33/1999 og 43/2000, og öðlast hún gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2001	21.12.2001	Breyting á bókun B	01.01.2002

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tyrklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tyrklands tók á árinu 2001 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Tyrklands frá 10. desember 1991, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1992, 58/1995, 38/1998, 34/1999 og 44/2000, og öðlaðist hún gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2001	14.06.2001	Breyting á bókun A	01.07.2001

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Nr. 48 31. desember 2001

AUGLÝSING

um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árinu 2000.

Sameiginlega EES-nefndin tók 114 ákvarðanir á árinu 2000 um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, þar sem samningurinn er birtur, 29/1996, 37/1997, 42/1998, 36/1999, 37/1999, 46/2000 og 47/2000. Ákvarðanirnar og þær EB-gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
1/2000	04.02.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/23/EB frá 9. apríl 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 93/33/EBE varðandi varnarbúnað til að hindra óleyfilega notkun vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/24/EB frá 9. apríl 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 93/32/EBE um handföng fyrir farþega á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur hjólum. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/25/EB frá 9. apríl 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 93/34/EBE varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/26/EB frá 20. apríl 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 93/94/EBE um flöt fyrir aftara skráningarmerki á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum.)	20. hefti, 2001 bls. 1	05.02.2000	05.02.2000
2/2000	04.02.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/40/EB frá 6. maí 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/622/EBE varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum (kyrrstöðuprófun). Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/55/EB frá 1. júní 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/536/EBE varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/56/EB frá 3. júní 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/933/EBE varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/57/EB frá 7. júní 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/764/EBE varðandi ökumannssæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/58/EB frá 7. júní 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/533/EBE varðandi tengibúnað og bakkskiptingu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum.)	20. hefti, 2001, bls. 16	05.02.2000	05.02.2000

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíð-indi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
3/2000	04.02.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. (Tilskipun ráðsins 1999/36/EB frá 29. apríl 1999 um færanlegan þrýstibúnað.)	20. hefti, 2001 bls. 30	05.02.2000	05.02.2000
4/2000	28.01.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 292/97/EB frá 19. desember 1996 um að viðhalda innlendum lögum um bann við notkun vissra aukefna við framleiðslu tiltekinna matvæla.)	20. hefti, 2001, bls. 68	29.01.2000	29.01.2000
5/2000	04.02.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/43/EB frá 25. maí 1999 um sautjándu breytingu á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/51/EB frá 26. maí 1999 um fimmtu aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (tin, PCB og kadmíum).)	20. hefti, 2001, bls. 73	05.02.2000	05.02.2000
6/2000	04.02.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/303/EB frá 12. apríl 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir tengingu endabúnaðar, sem er gerður fyrir talsímaþjónustu byggða á rökstuddum tilvikum, við hliðræna almenna sjálfvirka talsímakerfið (PSTN), þar sem númeraval innan kerfisins, ef boðið er upp á það, er með tónvali (DTMF-merkjasendingu). Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnnar 1999/304/EB frá 12. apríl 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN-samnetið) að því er varðar 3,1 kHz-talsímaþjónustu, tengikröfur fyrir talfæraendabúnað (2. útgáfa). Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/310/EB frá 23. apríl 1999 um sameiginlega tækniforskrift vegna búnaðar fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) sem tengist stafræna samþætta þjónustunetinu (ISDN-samnetinu).)	20. hefti, 2001, bls. 82	05.02.2000	05.02.2000

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
7/2000	28.01.2000	Breyting á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. (Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 frá 29. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn.)	20. hefti, 2001, bls. 95	29.01.2000	29.01.2000
8/2000	04.02.2000	Breyting á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. (Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna.)	20. hefti, 2001, bls. 112	05.02.2000	05.02.2000
9/2000	28.01.2000	Breyting á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. (Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 frá 29. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.)	20. hefti, 2001, bls. 119	29.01.2000	29.01.2000
10/2000	28.01.2000	Breyting á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. (Ákvörðun nr. 171 frá 9. desember 1998 um breytingu á ákvörðun nr. 135 frá 1. júlí 1987 varðandi veitingu aðstoðar sem kveðið er á um í 7. mgr. 17. gr. og 6. mgr. 60. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 og hugtakið bráðatilvik í skilningi 20. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og í skilningi 7. mgr. 17. gr. og 6. mgr. 60. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.)	20. hefti, 2001, bls. 130	29.01.2000	29.01.2000
11/2000	28.01.2000	Breyting á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. (Ákvörðun nr. 172 frá 9. desember 1998 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 101).)	20. hefti, 2001, bls. 133	29.01.2000	29.01.2000
12/2000	28.01.2000	Breyting á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.)	20. hefti, 2001, bls. 140	29.01.2000	01.09.2000
13/2000	28.01.2000	Breyting á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.	20. hefti, 2001, bls. 146	29.01.2000	29.01.2000

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
		(Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB frá 30. mars 1998 um þær meginreglur sem gilda um aðila sem annast lausn deilumála á sviði neytendamála utan dómstóla.)			
14/2000	28.01.2000	Breyting á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/568/EB frá 27. júlí 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir ljósaperur. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/554/EB frá 19. júlí 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir afritunarpappír.)	20. hefti, 2001, bls. 151	29.01.2000	29.01.2000
15/2000	28.01.2000	Breyting á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/391/EB frá 31. maí 1999 um spurningalista varðandi tilskipun ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE).)	20. hefti, 2001, bls. 163	29.01.2000	29.01.2000
16/2000	28.01.2000	Breyting á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. (Reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í bandalaginu.)	20. hefti, 2001, bls. 169	29.01.2000	29.01.2000
17/2000	28.01.2000	Breyting á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. (Ákvörðun ráðsins 1999/22/EB frá 14. desember 1998 um samþykkt áætlunar til margra ára um rannsóknir, greiningar, spár og skylda starfsemi á sviði orkumála (1998-2002).)	20. hefti, 2001, bls. 175	29.01.2000	01.08.2000
18/2000	28.01.2000	Breyting á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn. (Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða.)	20. hefti, 2001, bls. 179	29.01.2000	29.01.2000
19/2000	25.02.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/11/EB frá 8. mars 1999 um aðlögun að tækniframförum á meginreglunum varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir eins og um getur í tilskipun ráðsins 87/18/EBE um samhæfingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á efnum. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/12/EB frá 8. mars 1999 um aðra aðlögun að tækniframförum á viðaukanum við tilskipun ráðsins 88/320/EBE um skoðun og sannprófun á góðum starfsvenjum við rannsóknir.	20. hefti, 2001, bls. 186	26.02.2000	26.02.2000

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
		Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/33/EB frá 10. maí 1999 um breytingu á tilskipun ráðsins 67/548/EBE að því er varðar merkingu tiltekinna hættulegra efna í Austurríki og Svíþjóð. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/73/EB frá 19. júlí 1999 um að bæta virku efni (spíroxamíni) við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/80/EB frá 28. júlí 1999 um að bæta virku efni (asímsúlfúron) við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna.)			
20/2000	25.02.2000	Breyting á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn.	20. hefti, 2001, bls. 222	26.02.2000	01.07.2000
21/2000	25.02.2000	Breyting á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB frá 13. október 1998 um lögverndun hönnunar.)	20. hefti, 2001, bls. 225	26.02.2000	01.10.2000
22/2000	25.02.2000	Breyting á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. (Tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum.)	20. hefti, 2001, bls. 234	26.02.2000	01.09.2000
23/2000	25.02.2000	Breyting á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. (Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98 frá 17. desember 1998 um skilgreiningar á breytum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98 frá 17. desember 1998 um raðir gagna sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2702/98 frá 17. desember 1998 um tæknilegt snið til nota við afhendingu á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2645/98 frá 9. desember 1998 um flokkun landa og yfirráðasvæða í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2646/98 frá 9. desember 1998 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um meðferð gjaldskráa í samræmdri vísitölu neysluverðs.)	20. hefti, 2001, bls. 257	26.02.2000	26.02.2000
24/2000	25.02.2000	Breyting á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.	20. hefti, 2001, bls. 339	26.02.2000	26.02.2000

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíð-indi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
		(Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2179/98/EB frá 24. september 1998 um endurskoðun á stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun, „Fram til sjálfbærni".)			
25/2000	31.03.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/65/EB frá 24. júní 1999 um breytingu á tilskipunum ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnaefnarleifa í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og kornvörum. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/71/EB frá 14. júlí 1999 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnaefnarleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum.)	27. hefti, 2000 bls. 1	01.04.2000	01.04.2000
26/2000	31.03.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 864/1999 frá 26. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1566/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum.)	27. hefti, 2000, bls. 3	01.04.2000	01.04.2000
27/2000	31.03.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 804/1999 frá 16. apríl 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/1999 frá 5. maí 1999 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 954/1999 frá 5. maí 1999 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 997/1999 frá 11. maí 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr.	27. hefti, 2000, bls. 4	01.04.2000	01.04.2000

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíð-indi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
		2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 998/1999 frá 11. maí 1999 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.)			
28/2000	31.03.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1308/1999 frá 15. júní 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1942/1999 frá 10. september 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1943/1999 frá 10. september 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.)	27. hefti, 2000, bls. 6	01.04.2000	01.04.2000
29/2000	31.03.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/535/EB frá 3. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir landstöðvakerfið fyrir flugfjarskipti (TFS-kerfið). Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/497/EB frá 7. júlí 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) - DECT/GSM samsettan endabúnað. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/498/EB frá 7. júlí 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir búnað fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) sem tengist stafræna samþætta þjónustunetinu (ISDN-samnetinu) (2. útgáfa).)	27. hefti, 2000, bls. 7	01.04.2000	01.04.2000
30/2000	31.03.2000	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/453/EB frá 18. júní 1999 um breytingu á ákvörðunum 96/579/EB og 97/808/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi	27. hefti, 2000, bls. 8	01.04.2000	01.04.2000

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
		byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar vegbúnað annars vegar og gólfefni og slitlag hins vegar. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/454/EB frá 22. júní 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar brunaheftandi, brunaþéttandi og brunaverjandi byggingarvörur. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/455/EB frá 22. júní 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar samsafn hluta fyrir einingahús úr timbri eða bjálkahús. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/469/EB frá 25. júní 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar byggingarvörur sem tengjast steinsteypu, steinlími og fúgufyllingarefni. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/470/EB frá 29. júní 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar lím til nota í húsbyggingar. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/471/EB frá 29. júní 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar upphitunartæki. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/472/EB frá 1. júlí 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar pípur, tanka og fylgihluti sem ekki komast í snertingu við drykkjarvatn.)			
31/2000	31.03.2000	Breyting á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn. (Ákvörðun ráðsins 1999/280/EB frá 22. apríl 1999 um málsmeðferð við upplýsingar og samráð um kostnað við hráolíubirgðir og um neysluverð á jarðolíuafurðum í bandalaginu. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/566/EB frá 26. júlí 1999 um framkvæmd ákvörðunar ráðsins 1999/280/EB um málsmeðferð við upplýsingar og samráð um kostnað við hráolíubirgðir og um neysluverð á jarðolíuafurðum í bandalaginu.)	27. hefti, 2000, bls. 10	01.04.2000	01.04.2000
32/2000	31.03.2000	Breyting á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) við EES-samninginn.	27. hefti, 2000, bls. 11	01.04.2000	01.04.2000
33/2000	18.04.2000	Breyting á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.	27. hefti, 2000, bls. 12	19.04.2000	19.04.2000

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
		(Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/698/EB frá 13. október 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir fartölvur.)			
34/2000	31.03.2000	Breyting á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB frá 24. nóvember 1994 varðandi staðlaða fylgibréfið sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu.)	27. hefti, 2000, bls. 13	01.04.2000	01.04.2000
35/2000	31.03.2000	Breyting á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín. (Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 761/1999 frá 12. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngreiningu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 806/1999 frá 16. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 881/98 um nákvæmar reglur um verndun annarra hefðbundinna heita sem eru notuð á tilteknar tegundir gæðavíns sem eru framleidd í tilgreindum héruðum (gæðavín fth). Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1477/1999 frá 6. júlí 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3220/90 um skilyrði fyrir notkun tiltekinna aðferða í vínfræðum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1592/1999 frá 20. júlí 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2238/93 um fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og aðrar skrár sem þarf að halda.)	27. hefti, 2000, bls. 20	01.04.2000	01.04.2000
36/2000	31.03.2000	Breyting á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsins. (Ákvörðun ráðsins 1999/51/EB frá 21. desember 1998 um að stuðla að dvöl í öðru Evrópulandi sem lið í starfstengdri þjálfun, að meðtöldum námssamningi.)	27. hefti, 2000, bls. 22	01.04.2000	01.08.2000
37/2000	31.03.2000	Breyting á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsins. (Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 1295/1999/EB frá 29. apríl 1999 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins varðandi sjaldgæfa sjúkdóma innan aðgerðaramma á sviði almannaheilbrigðis (1999-2003).)	27. hefti, 2000, bls. 23	01.04.2000	01.08.2000
38/2000	31.03.2000	Breyting á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsins.	27. hefti, 2000, bls. 24	07.06.2000	07.06.2000

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
		(Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 253/2000/EB frá 24. janúar 2000 um framkvæmd annars þreps aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði menntamála - Sókrates.)			
39/2000	11.04.2000	Breyting á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsins. (Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 293/2000/EB frá 24. janúar 2000 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins (Daphne-áætlunarinnar) (2000-2003) um fyrirbyggjandi ráðstafanir til að verjast ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum.)	27. hefti, 2000, bls. 25	28.06.2000	28.06.2000
40/2000	11.04.2000	Breyting á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsins. (Ákvörðun ráðsins 1999/847/EB frá 9. desember 1999 um að innleiða aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna.)	27. hefti, 2000, bls. 26	01.07.2000	01.07.2000
